Ræddu erlendar fréttir ársins:
ÓTTINN VIÐ STÚLKUR ▶60

PRINS PÓLÓ Á BESTU PLÖTU ÁRSINS ▶108

JÓLATRÉ *í Iceland, Engihjalla*

4980 Kr. stk.

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HELGARBLAÐ
20. desember 2014
299. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup, apríl-júní 2014

ÓSKIR RÆTAST Á JÓLANÓTT

Julie, Michelle og Amelia segja frá jólasiðum sem þær ólust upp við, svo sem jólamat sem gengur um húsið, fótboltaleik á aðfangadagskvöld og töfrandi óskastundum sem koma í stað gjafa. ▶36

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BORGAR TVÖFALT Í HJARTA
Gísli Rafn Ólafsson mætir fyrstur á hörmungarsvæði og berst nú gegn útbreiðslu ebólu. ▶48

Margrét Frímannsdóttir
GJÖFULT AÐ STARFA Á LITLA-HRAUNI
▶40

SMÁRALIND

GLEÐIFRÉTTIN

Björguðu 98 af 100

Læknum á Landspítalanum tókst að bjarga lífi 98 af eitt hundrað sjúklingum sem komu á spítalann á fimmtán ára tímabili með alvarlega stunguáverka. Þetta sýna frumniðurstöður nýrrar rannsóknar þar sem allir alvarlegir stunguáverkar á Landspítalanum sem kröfðust innlagnar á sjúkrahús á árunum 2000 til 2014 voru skoðaðir.

Tómas Guðbjartsson, hjarta- og æðaskurðlæknir, segir þennan góða árangur skýrast af þrennu. Í fyrsta lagi af skömmum viðbragðstíma neyðarbílsins, í öðru lagi af góðum aðgangi að blóði og í þriðja lagi keðjum á spítalanum sem virki vel.

FIMM Í FRÉTTUM BRCA-GEN OG HÖNNUNARHÚSGÖGN

Alþingi fór í jólafrí í vikunni. **Einar K. Guðfinnsson**, forseti Alþingis, stýrði þingfundum sköruglega síðustu fundardagana.

Þrjú hundruð Íslendingar hafa fengið úr því skorið að þeir beri stökkbreytingu í BRCA-geni. Frá þessu greinir **Vigdís Stefánsdóttir** hjá erfðaráðgjöf Landspítalans. Genið eykur líkur á krabbameini.

José Garcia, veitingamaður á Caruso, var læstur úti af staðnum af húseigandanum vegna deilna um leigusamning.



Efnahagssvið Samtaka atvinnulífsins gagnrýnir skort á aðhaldi í fjárlögum næsta árs. **Ásdís Kristjánsdóttir** er forstöðumaður efnahagssviðsins.

➜ Reykjavíkurborg hefur ákveðið að farga húsgögnum í Ráðhúsinu og koma sér þannig undan málshöfðun húsgagnaframleiðandans Cassina. **Kristbjörg Stephensen** er borgarlögmaður.

AFHENDING Mikael Andrason og Andri Lúthersson, sonur og eiginmaður eiganda, taka á móti gjöfunum úr hendi Eyrúnar Fríðu Árnadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Stúlka fann poka með gjöfum og auglýsti eftir eigandanum:

Krókaleið gjafa í réttar hendur

FÓLK Sigríður Laufey Gunnarsdóttir endurheimti í gær poka með afmælis- og jólagjöfum sem hún vissi ekki að hún hefði týnt.

Forsaga málsins er að Eyrún Fríða Árnadóttir fann poka með gjöfum á förnum vegi og auglýsti eftir eiganda pokans á Facebook.

Eigandinn á ekki aðgang að vefnum en starfsmenn verslunarinnar, þar sem gjafirnar voru keyptar, könnuðust við þær og höfðu upp á eigandanum með hjálp greiðslukortafyrirtækisins. Gjafirnar eru nú komnar í réttar hendur og fara undir rétt tré á jólunum. - jóe

Verðlækkun hafi skilað sér:

Olís ósammála FÍB um olíuverð

VERSLUN Jón Ólafur Halldórsson, forstjóri Olís, segir það mat fyrirtækisins að verðlækkun á eldsneyti á erlendum mörkuðum hafi skilað sér til neytenda hér á landi.

Þetta kemur fram í tilkynningu þar sem gagnrýni úr frétt af vefsíðu Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB) um að verðlækkanir undanfarna mánuði hafi ekki skilað sér til neytenda er svarað. „Þegar borið er saman eldsneytisverð á Íslandi og í nálægum löndum, svo sem Danmörku, kemur í ljós að það er ekki mikill munur á verðinu," segir í tilkynningunni. - hg

Ólíklegt að hann finnist á lífi:

Hætta leit að Íslendingi

DANMÖRK Leit að tvítugum Íslendingi í Danmörku, Þorleifi Kristínarsyni, hefur verið hætt en hans hefur verið saknað síðan á laugardagsmorgun. Þetta staðfesti lögreglan á Norður-Jótlandi í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Á öryggismyndbandi frá höfninni í Fredrikshavn sést maður, sem talinn er vera Þorleifur, klifra yfir grindverk og inn á hafnarsvæðið. Talið er að hann hafi farið í höfnina og engar líkur á að hann finnist á lífi. Þorleifur býr í bænum Nykobing en var í heimsókn hjá félaga sínum þegar hann hvarf. - jóe

Íslensk kona í haldi í Hollandi fyrir smygl

Íslensk kona handtekin fyrir að smygla 300 grömmum af MDMA á Schiphol-flugvelli í Amsterdam síðustu helgi. Tvö börn konunnar eru á Íslandi. Konan var úrskurðuð í gæsluvarðhald á miðvikudaginn og kemur ekki heim fyrir jól.

LÖGREGLUMÁL Íslensk kona á fertugsaldri var handtekin á Schiphol-flugvelli í Amsterdam, höfuðborg Hollands á sunnudaginn síðastliðinn. Konan var með 300 grömm af MDMA falin á sér.

Ekki hefur verið upplýst hvort konan var með efnin innvortis eða falin í farangri sínum.

MDMA er best þekkt undir öðrum nöfnum eins og Ecstasy, e-pillur eða Molly.

Upplýsingafulltrúi lögreglunnar í Amsterdam staðfestir handtöku konunnar við Fréttablaðið og að hún hafi verið leidd fyrir dómara miðvikudaginn 17. desember þar sem hún var úrskurðuð í gæsluvarðhald. Konunni hefur verið úthlutaður lögmaður þar í landi. Lögreglan vildi ekki tjá sig um hversu langan dóm konan gæti séð fram á.

Borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins er að aðstoða konuna og ættingja hennar við málið. Utanríkisráðuneytið vildi ekki veita Fréttablaðinu frekari upplýsingar um málið að svo stöddu.

Lögfræðingar sérfróðir í refsirétti sem fréttastofa ráðfærði sig við segja að refsing hér á landi fyrir innflutning á þessu magni MDMA yrði um eins til tveggja ára fangelsisdómur, eftir sakaferli og sögu sakbornings, hreinleika efnis og svo framvegis. Hafa skal í huga að íslensk fíkniefnalöggjöf er þó ekki sú sama og í Hollandi.

Konan á tvö börn sem urðu eftir hér á landi. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun konan ekki koma til landsins fyrir hátíðarnar. fanney@frettabladid.is

GÆSLUVARÐHALD Í AMSTERDAM Íslensk kona var handtekin á Schiphol-flugvelli í Hollandi fyrir að smygla 300 grömmum af fíkniefninu MDMA. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY

Hvað er MDMA eða methylendioxymetamfetamín?

MDMA, eða methylendioxymetamfetamín, er samheiti yfir hóp ofskynjunarlyfja. MDMA er oftast í töfluformi og framleitt í ólöglegum efnaverksmiðjum. Ekkert eftirlit er því með framleiðslunni, hvorki með magni MDMA né heldur hvort öðrum efnum er blandað saman við. Dæmi eru um að rottueitri hafi verið blandað í töflurnar.

Dæmigerð áhrif eru víma af völdum örvunar miðtaugakerfisins með geðhæð, auknu sjálfsmati og sjálfstrausti og blaðri, ásamt tilfinningu um samkennd og ást til annarra. Taki neytandi stærri skammt geta komið fram skyntruflanir og ofskynjanir. Stundum er slík víma hlaðin svo miklum ofskynjunum og rugli að hún kemur fram sem bráð sturlun. Auknir skammtar auka hættuna á slysum og ofbeldi í vímu. Vímueinkennin, einnig sturlunareinkennin, hverfa venjulega þegar efnið fer úr líkamanum. Eftirverkunin er þreyta, dofi, ógleði og misjafnlega mikið þunglyndi, sem getur staðið í einn dag eða lengur. Stöku sinnum koma fram alvarlegir læknisfræðilegir fylgikvillar vímu. Einkennin eru ofhitnun, alvarleg blóðþrýstingshækkun með hættu á blæðingu í heila, aukinn hjartsláttur með aukinni hættu á hjartsláttartruflunum, nýrnabilun, blóðstorknun í æðum og hugsanlega lifrarskemmd. Þá eru dæmi þess að fólk hafi látist eftir að hafa neytt aðeins eins skammts af efninu.

Kauphöllin segir lög hafa verið brotin við ákvörðun um hækkun skulda:

Kópavogur til viðurlagsnefndar

FJÁRMÁL Nasdaq-kauphöllin hefur ákveðið að vísa Kópavogsbæ til svokallaðrar viðurlaganefndar vegna samþykktar í bæjarstjórninni 14. janúar á þessu ári um kaup á íbúðum og byggingu fjölbýlishúsa.

Kauphöllin lætur til sín taka í málinu þar sem Kópavogsbær er útgefandi skuldabréfa. Fyrrnefnd samþykkt í bæjarstjórninni hafi verið talin geta leitt til sjö til níu prósenta aukningar á skuldum bæjarins umfram áætlanir. Um slíkar upplýsingar hafi verið að ræða sem allir aðilar á markaði ættu að fá aðgang að á sama tíma. Með því að birta ekki tilkynningu um málið fyrr en daginn eftir hafi Kópavogsbær gerst brotlegur við reglur Kauphallarinnar. Eftir athugun sína hafi Kauphöllin nú óskað eftir að viðurlaganefnd taki málið fyrir. - gar

KÓPAVOGUR Samþykkt um íbúðauppbyggingu og -kaup var ekki rétt kynnt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

20. og 21. desember

GÓÐUR JÓLATÍMI

OPIÐ TIL 22

Gefðu þér góðan tíma til að klára jólainnkaupin í notalegu og jólalegu umhverfi. Þú færð allt sem þig vantar fyrir jólin hjá okkur. Sjáumst í jólaskapi!

STEMNING

Um helgina getur öll fjölskyldan upplifað skemmtilega jólastemningu í Smáralind og hitt jólasveina kl. 13 og 16. Skoðaðu dagskrána á smaralind.is

GÓÐ GJÖF

Gjafakort Smáralindar er tilvalin gjöf handa þeim sem þér þykir vænt um. Þú færð gjafakortið í fallegum umbúðum á þjónustuborðinu 2. hæð.

SMÁRALIND
Gleðileg jól

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA ÞORLÁKSMESSA 11–23 AÐFANGADAGUR 10–13 WWW.SMARALIND.IS FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

14.12.2014 → 20.12.2014

100 MILLJÓNIR
þarf Reykjavíkurborg að borga ef skipta þarf út eftirlíkingum af Le Corbusier-húsgögnum fyrir frumgerðina.

3 MILLJARÐAR
er virði lýsisbirgða Lýsis hf., samkvæmt ársreikningi.

98 AF 100
einstaklingum sem komu til aðhlynningar á Landspítalann með stungusár frá árinu 2000 tókst læknum að bjarga.

300
einstaklingar á Íslandi hafa verið greindir með krabbameinsgenið BRCA.



16 MILLJARÐA
markaður í Rússlandi fyrir sjávarafurðir er í uppnámi.



680 MILLJÓNIR
til RÚV duga ekki til lögbundinna verkefna, segir útvarpsstjóri.

400 MILLJÓNIR
á ári getur nýr Herjólfur sparað þegar hann hefur siglingar 2017.

250 MILLJARÐAR
á ári er velta matartæknifyrirtækja á Íslandi.

125 LAGAFRUMVÖRP
voru lögð fram á haustþingi.



Lagabreyting í Danmörku:

Danir leyfa tvöfalt ríkisfang

DANMÖRK Danir búsettir utan Danmerkur geta nú sótt um ríkisborgararétt í því landi þar sem þeir búa og haldið um leið fyrri ríkisborgararétti sínum samkvæmt nýjum lögum. Jafnframt geta þeir Danir sem hafa afsalað sér ríkisborgarrétti sínum endurheimt hann.

Innflytjendur í Danmörku geta einnig fengið að halda fyrra ríkisfangi sínu.

Tveir þingflokkar voru andvígir lagabreytingunni, það er Danski þjóðarflokkurinn og Íhaldssami þjóðarflokkurinn.

- ibs

ÓLÖF NORDAL Hornafjörður tilheyrir nú umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ákvörðun innanríkisráðherra:

Hornafjörður fer aftur suður

STJÓRNSÝSLA Hornafjörður mun tilheyra umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi samkvæmt ákvörðun Ólafar Nordal innanríkisráðherra. Ólöf hefur því snúið við ákvörðun Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra og fyrrverandi dómsmálaráðherra, en hann hafði ákveðið að Hornafjörður skyldi tilheyra umdæmi lögreglustjórans á Austurlandi.

Innanríkisráðherra hefur skrifað undir reglugerð um umdæmamörk sýslumannsembætta sem taka á gildi um næstu áramót. - af

Neitaði að yfirgefa Caruso og því vísað út af lögreglu

Starfsmenn Caruso fengu loks í gær að sækja eigur sínar. Veitingamaðurinn endurheimti þó ekki nema hluta af eigum sínum þar sem lögregla skilgreindi nákvæmlega hvaða eigur mætti fjarlægja. Lögmaðurinn forviða.

LÖGREGLUMÁL José Garcia, eigandi veitingastaðarins Caruso, og starfsfólk hans fengu með aðstoð lögreglu að sækja eigur sínar inn á veitingastaðinn, en eigendur hússins yfirtóku það fyrr í vikunni með því að skipta um lása og byggja varnarvegg við bakinngang.

Fréttablaðið hefur greint frá því í vikunni að eigendur hússins hafa átt í deilum við José vegna leigu á húsnæðinu sem meðal annars hafa ratað fyrir dómstóla. Nú á þriðjudag réðust eigendurnir svo inn í húsið og tóku það yfir. José hefur með aðstoð lögmanns síns leitað réttar síns hjá lögreglu sem loksins í gær skarst í leikinn.

Lögreglan mætti á staðinn um klukkan ellefu og ræddu lögreglumenn við José sem og húseigandann, Jón Ragnarsson, inni á staðnum.

Nokkur fjöldi safnaðist saman fyrir utan staðinn á horni Bankastrætis og Þingholtsstrætis en starfsfólk annarra veitingastaða í Reykjavík mætti til að sýna samstöðu.

Starfsmönnum var síðan hleypt inn einum í einu til að sækja persónulegar eigur sínar.

José fékk hins vegar ekki að taka með sér neitt annað en matvæli og vínbirgðir, þrátt fyrir að eiga meirihlutann af því sem þar er inni, svo sem borðbúnað, glös, skrautmuni og húsgögn þar sem lögreglan mætti með nákvæma útlistun á því hvað mætti fjarlægja og hvað ekki.

Þá mættu á staðinn fulltrúar fyrirtækja sem þjónustað hafa Caruso undanfarin ár sem vildu freista þess að sækja tæki og aðrar eigur sem voru á staðnum. Sem dæmi má nefna fulltrúa frá Ölgerðinni, Vodafone, K. Karlssyni, Tandri og Securitas. Lögreglan meinaði þessum aðilum að sækja eigur sínar.

Ómar Örn Bjarnþórsson, lögmaður Josés, segist forviða á þessum aðgerðum lögreglunnar. Hann segir lögregluna engar skýringar hafa gefið á því hvers vegna hún tók upp á því að skilgreina það nákvæmlega hvaða muni í sinni eigu José mætti fjarlægja af staðnum.

„José fékk með aðstoð lögreglu að bjarga miklu af þeim verðmætum sem lágu undir skemmdum. Hann fékk þó ekki að taka allt og ég skil bara ekki af hverju. Hann á allt þarna inni," segir Ómar sem segist munu óska eftir útskýringum frá lögreglu á því.

José sagðist mjög ósáttur við að fá ekki að taka annað út af staðnum en matvælin og vín. Hann er þó ánægður með að hafa fengið tölvu staðarins í hendurnar, pöntunarbókina sem og starfsmannabókina.

Þegar ljóst var að José fengi ekki að fjarlægja allar eigur sínar af Caruso neitaði hann að yfirgefa staðinn. Lögreglan þurfti því að vísa honum formlega af staðnum, en allt fór það þó friðsamlega fram. fanney@frettabladid.is

ENDURHEIMTU EIGUR SÍNAR Starfsmenn Caruso fengu loksins í gær að sækja persónulegar eigur sínar á Caruso eftir að húseigendur yfirtóku staðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JOSÉ GARCIA

ÓMAR ÖRN BJARNÞÓRSSON

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	18°	Friedrichshafen	9°	New York	3°
Aþena	15°	Gautaborg	6°	Orlando	25°
Basel	10°	Kaupmannahöfn	6°	Ósló	0°
Berlín	6°	Las Palmas	22°	París	9°
Billund	6°	London	9°	San Francisco	15°
Frankfurt	7°	Mallorca	18°	Stokkhólmur	2°



LEIÐINDAVEÐUR gengur inn á land í dag með suðaustan hvassviðri og úrkomu um sunnan- og vestanvert landið í fyrstu. Það hlýnar með lægðinni og verður víða slydda eða rigning seinni partinn. Suðvestlæg átt á morgun með éljum og kólnandi veðri.

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Við elskum jólin

JÓLAVÖRUR
20-50% afslátturr
ALLT JÓLASKRAUT OG SERÍUR

JÓLAGJAFIR Á GÓÐU VERÐI

Jólatúlípanar
1.490 kr
10 stk.

Rafhlöðuborvél
12.995 kr
~~16.995~~
Black&Decker EPC14CAB
2 rafhlöður 14.4 V
5246006

KENWOOD
Matvinnsluvél
9.990 kr
~~12.995~~
Kenwood
1840473

Mínútugrill
10.900 kr
~~15.900~~
Mínútugrill
1840708

BEKA
Panna Chef
7.999 kr
~~11.599~~
30% afsláttur AF PÖNNUM
Non-stick, á allar hellur, 28 cm
2006503

TRUENORTH
Gæsadúnúlpur
10.990 kr
verð frá
30% afsláttur

Glasasett
30 stk
2201165
aida daily design
Glasasett
4.999 kr
~~8.999~~

Leiðisgreinar
1.990 kr

FALLEGRI JÓLATRÉ Á LÆGRA VERÐI

Eigum til úrvals normannsþin sérvalinn af sérfræðingum Blómavals ásamt stafafuru og rauðgreni.

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

OPIÐ TIL KL.22:00 Í SKÚTUVOGI TIL JÓLA

Sjá afgreiðslutíma um land allt á www.husa.is

Hríðskotabyssurnar á Íslandi:

Byssunum ekki enn skilað aftur

UTANRÍKISMÁL Hríðskotabyssurnar sem Landhelgisgæslan fékk frá Norðmönnum eru enn á landinu.

Nýlega var tilkynnt að byssunum yrði skilað til fyrri eiganda við fyrsta hentugleika.

Í svarinu segir að til að komast hjá umtalsverðum flutningskostnaði sé þess beðið að norskar herflugvélar eigi leið hér um eða að þær verði gripnar með ef tæki Landhelgisgæslunnar eigi erindi til Noregs. - jóe

Talið að erlendar leyniþjónustur kunni að vera á bak við hleranir við stjórnarbyggingar í Skandinavíu:

Umfangsmiklar hleranir á farsímum

LÖGREGLUMÁL Umfangsmiklar hleranir á farsímum hafa verið afhjúpaðar í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi að undanförnu. Sérfræðingar í Noregi telja að fölsku móðurstöðvarnar sem flytja símtöl úr farsímum við stjórnarráðið og þinghúsið í Ósló, sem dagblaðið Aftenposten hefur afhjúpað, séu á vegum erlendra leyniþjónusta. Norska leyniþjónustan hefur ekki viljað nefna nein lönd en norskur sérfræðingur hefur áður sagt að mögulega sé um að ræða leyniþjónustur Kína og Rússlands. Mælingar á vegum Dagens Nyheter í Svíþjóð gefa til kynna að falskar móðurstöðvar séu fyrir utan stjórnarráðið í Stokkhólmi. Tímaritið Ny Teknik greinir frá því að sænska lögreglan noti sjálf falskar móðurstöðvar. Lögregluyfirvöld í Svíþjóð vilja ekki tjá sig um hvort slíkar séu við stjórnarráðið.

Samkvæmt frásögn Ny Teknik hefur lögreglan í Svíþjóð notað falskar móðurstöðvar um árabil í baráttunni gegn glæpum.

Upplýsingastjóri finnsku öryggislögreglunnar, Jyri Rantala, segir í viðtali við finnska ríkisútvarpið að erlend ríki kunni að hafa hlerað farsíma í Finnlandi með fölskum móðurstöðvum. Haft er eftir Rantala að njósnir séu daglegt brauð í Finnlandi og að notast sé við ýmiss konar tækni. Hann vill ekki ræða hverjir kunna að vera að verki því að þá afhjúpi hann í leiðinni aðferðir finnsku öryggislögreglunnar.

Rantala hvetur Finna til að vera varkára og tala ekki um viðkvæm eða leynileg mál í farsíma. - ibs

GUÐBJÖRG MATTHÍASDÓTTIR Aðaleigandi Ísfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hætti að brenna olíu:

Úrbóta krafist hjá Ísfélaginu

UMHVERFISMÁL Umhverfisstofnun hefur áminnt Ísfélag Vestmannaeyja hf. fyrir starfsstöð sína í Vestmannaeyjum og krafist úrbóta vegna fráviks sem kom í ljós við eftirlit. Frávikið er vegna brennslu úrgangsolíu hjá rekstraraðila án þess að fyrir því séu heimildir í starfsleyfi og hefur stofnuninni hvorki borist úrbótaáætlun né staðfesting á að hætt hafi verið að brenna úrgangsolíu hjá rekstraraðila.

Stofnunin hefur áður áminnt rekstraraðila fyrir brennslu úrgangsolíu fyrir starfsstöð sína á Þórshöfn og hefur sú ákvörðun verið kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. - shá

Siðaráð lögreglunnar:

DNA-leit stríðir gegn lögum

SVÍÞJÓÐ Sænska lögreglan vill nota DNA-greiningu til þess að fá fram hugsanlegt útlit grunaðra afbrotamanna sem ekki er hægt að finna í erfðaefnaskrá lögreglunnar. Vonast lögreglan til að með því verði hægt að komast að augnlit hins grunaða, hárlit, hæð eða frá hvaða heimshluta hann kemur. Jafnframt væri möguleiki að tengja hinn grunaða ákveðinni fjölskyldu.

Siðaráð lögreglunnar segir að leit að tengingu við ákveðnar fjölskyldur stríði mögulega gegn lögum. - ibs

Andleg heilsa barna getur liðið fyrir tímaskort og fátækt

Andleg vanlíðan er tíðari hjá börnum foreldra sem oft eru í tímahraki. Áhrif fátæktar á andlega líðan eru minni hér en annars staðar á Norðurlöndum. Þetta kemur fram í doktorsritgerð Hrafnhildar Rósar Gunnarsdóttur.

HEILBRIGÐISMÁL Fjárhagsáhyggjur foreldra barna og ungmenna eru hvergi meiri á Norðurlöndum en hér á landi. Um leið eru neikvæð áhrif bágs fjárhags hvergi minni á andlega líðan barna.

Þetta er meðal þess sem lesa má út úr nýrri rannsókn Hrafnhildar Rósar Gunnarsdóttur hjúkrunarfræðings, en hún varði doktorsritgerð sína við heilbrigðisvísindadeild Gautaborgarháskóla í gær, 19. desember.

HRAFNHILDUR RÓS GUNNARSDÓTTIR

Í samantekt ritgerðar sinnar segir Hrafnhildur andlega vanlíðan mikilvægt lýðheilsuvandamál sem áhrif hafi á verulegan hluta norrænna barna og unglinga. „Lífsskilyrði og lifnaðarhættir foreldra eru mikilvægir áhrifaþættir heilsu og vellíðanar barna og unglinga en fáar rannsóknir hafa verið gerðar á sambandi daglegra áskorana foreldra og andlegrar heilsu barna. Tilgangur rannsóknarinnar var þess vegna að kanna upplifun foreldra af áskorunum hversdagslífsins og rannsaka nánar tengsl andlegrar vanlíðanar barna og unglinga við tímaskort og fjárhagserfiðleika foreldra.“

Tekin voru viðtöl við 25 foreldra þriggja til fimm ára barna, auk þess sem spurningalisti var árið 2011 sendur til handahófsúrtaks foreldra 3.000 tveggja til sautján ára barna frá hverju Norðurlandanna fimm, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Svör bárust frá 7.805 foreldrum.

Hrafnhildur segir að í viðtölunum hafi foreldrar lýst hversdagslífi sem einkenndist af miklum kröfum og væntingum ásamt því að lýsa tímaskorti sem þýðingarmikilli áskorun. „Niðurstöður spurningalistakönnunarinnar sýndu að 14,2 prósent mæðra og 11,6 prósent feðra upplifðu tímaskort í miklum mæli. Marktækt samband fannst á milli andlegrar vanlíðanar bæði drengja og stúlkna og tímaskorts foreldra.“ Þá hafi hátt í helmingur íslenskra foreldra greint frá fjárhagserfiðleikum sem sé talsvert hærra hlutfall en á meðal foreldra á hinum Norðurlöndunum. „Marktækt samband á milli fjárhagserfiðleika foreldra og andlegrar vanlíðanar barna og unglinga fannst meðal þátttakenda í öllum löndunum, nema á Íslandi en þar var sambandið bæði marktækt veikara og ekki tölfræðilega marktækt.“

Í kynningu Gautaborgarháskóla á rannsókn Hrafnhildar kemur fram í máli hennar varðandi skort á marktæku sambandi við fátækt hér að ástæðunnar kunni að vera að leita í fjölda þeirra barna sem deili svipuðum aðstæðum. Vegna þess hve margir líða einhvern skort þá fylgi því ekki sömu neikvæðu tengingar eða vanlíðan. „Á hinum Norðurlöndunum býr allur fjöldinn við góðar efnahagsaðstæður þannig að aðstæður þeirra sem líða skort verða augljósari. Svo er mikilvægt að halda því til haga að íslensk börn glíma í minni mæli við andleg veikindi en börn í öðrum löndum og ekki hægt að tengja þau með jafnsterkum hætti við fjárhagsörðugleika foreldranna.“ olikr@frettabladid.is

KRAKKAR Í SKOÐUNARFERÐ Á PJÓÐMINJASAFNINU Í rannsókn sem gerð er í tengslum við doktorsritgerð við Gautaborgarháskóla kemur fram að hér er fátækt foreldra ólíklegri til að hafa áhrif á andlega líðan barna en annars staðar á Norðurlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

→ Auknar líkur á andlegri vanlíðan fátækra barna*

Land	Hlutfall
Ísland	1,3 sinnum meiri líkur
Finnland	2,1 sinni meiri líkur
Svíþjóð	2,5 sinnum meiri líkur
Noregur	2,2 sinnum meiri líkur
Danmörk	2,6 sinnum meiri líkur

**Miðað við börn sem ekki líða skort.*
Heimild: Doktorsritgerð Hrafnhildar Rósar Gunnarsdóttur

→ Hlutfall foreldra með fjárhagsáhyggjur

Land	Hlutfall
Ísland	48%
Finnland	34%
Svíþjóð	20%
Noregur	19%
Danmörk	18%

Heimild: Háskólinn í Gautaborg, doktorsritgerð Hrafnhildar Rósar Gunnarsdóttur

Í JÓLAPAKKANN
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Einnig fáanleg á Blu-ray Disc

Einnig fáanleg á Blu-ray Disc

Einnig fáanleg á Blu-ray Disc

SAMFILM

Stoltur dreifingaraðili Disney í yfir 30 ár

Allt vöruúrvalið fæst í Smáralind, Garðabæ, Kringlunni og hagkaup.is

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Kvennaathvarfið semur við félags- og húsnæðismálamálaráðherra um skjól fyrir konur sem seldar hafa verið mansali hingað:

Þrjár konur leitað til Kvennaathvarfs vegna mansals

SAMFÉLAGSMÁL Þrjár konur hafa í ár leitað í Kvennaathvarfið á þeirri forsendu að þær hafi verið seldar mansali hingað til lands. Þetta segir Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins.

Sigþrúður og Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, undirrituðu í gær samning sem tryggir örugga neyðarvistun í Kvennaathvarfinu fyrir konur sem sætt hafa mansali eða grunur leikur á að séu fórnarlömb mansals. Samningurinn er gerður á grundvelli áætlunar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir gegn mansali fyrir árin 2013–2016.

Samningurinn við Kvennaathvarfið gerir lögreglu, félagsþjónustu sveitarfélaga og öðrum viðurkenndum samstarfsaðilum kleift að bjóða meintum fórnarlömbum mansals skjól á meðan unnið er að rannsókn máls og sérfræðingar í velferðarþjónustu geta veitt ráðgjöf og stuðning. Meðan á neyðarvistun stendur mun sérfræðiteymi fjalla um mál þeirrar konu sem í hlut á og tryggja að henni verði veitt viðeigandi aðstoð, öryggi og vernd eftir að dvöl í Kvennaathvarfinu lýkur.

Sigþrúður segir að fjöldi kvenna sem leiti í Kvennaathvarfið vegna mansals sé breytilegur á milli ára. „Ég held að það geti verið mjög mikill munur á milli ára. Í ár held ég að þetta séu þrjár konur sem hafa komið á þessum forsendum. Ef til vill hafa einhverjar konur komið á forsendum heimilisofbeldis, nauðgunar eða einhvers álíka. Og svo mögulega vaknað seinna grunur um að um væri að ræða fórnarlamb mansals,“ segir Sigþrúður.

Sigþrúður segir að konurnar ættu að vera fleiri. Líklegast séu konur sem eru í þessari stöðu en Kvennaathvarfið nær ekki til.

- jhh

SKRIFAÐ UNDIR Þrjár konur hafa komið í kvennaathvarfið í ár vegna mansals.

Á KJARVALSTÖÐUM Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins segir að sjálfstæður Seðlabanki stuðli að stöðugleika og vexti.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Varðveita beri traust og sjálfstæði bankans

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að breytingar á lögum um Seðlabankann eigi að taka mið af þeim umbótum sem voru gerðar á lagaumhverfi hans árið 2009. Sjóðurinn segir einnig að staða efnahagsmála hafi ekki verið betri frá hruni.

EFNAHAGSMÁL Það er mikilvægt að varðveita sjálfstæði og traust á Seðlabanka Íslands, segir í yfirlýsingu sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem kynnt var í gær.

Þar segir að breytingar á lögum um bankann eigi að taka mið af þeim umbótum sem voru gerðar á lagaumhverfi bankans árið 2009, með Peningastefnunefnd og áreiðanleika í ákvarðanatöku.

Sendinefndin, undir forystu Peters Dohlmans, lauk í gær tveggja vikna heimsókn sinni til Íslands, en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gerir reglulega úttekt á efnahagslífi aðildarlanda sinna.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að sjálfstæður og áreiðanlegur Seðlabanki geri ákvarðanatöku betri, sem stuðli svo aftur að efnahagslegum stöðugleika og vexti. Það sé síðan forsendan fyrir því að auka efnahagslegt frelsi.

Eins og fram hefur komið vinnur nefnd á vegum Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, að endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands. Nefndin hefur ekki lokið störfum en reiknað hefur verið með að skipað verði að nýju í stöðu seðlabankastjóra þegar nýju lögin taka gildi.

Í yfirlýsingu sendinefndarinnar segir að dregið hafi úr hagvexti á árinu, en Dohlman segir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn geri ráð fyrir 2 prósenta hagvexti á þessu ári og þriggja prósenta hagvexti á þeim næsta. Samkvæmt tölum Hagstofunnar var hagvöxtur á fyrstu níu mánuðum ársins engu að síður einungis 0,5 prósent.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir að horfur í efnahagsmálum séu jákvæðar og það ætti að styðja við áætlun um losun fjármagnshafta. „Ísland hefur aldrei verið í betri stöðu frá hruni,“ sagði Dohlman á blaðamannafundinum í gær. Það væru þó nokkrir áhættuþættir, eins og miklar skuldir hins opinbera.

Eftirmál fjármálaáfallsins séu enn nokkur og hefur það áhrif á hagvöxt og dregur úr ytri stöðugleika. Stærsta verkefnið sé að auka frelsi í flæði fjármagns og að gera samskipti fjármálamarkaða á Íslandi við alheiminn eðlileg á ný. „Við erum ánægð með skref stjórnvalda í þessu skyni á undanförnum mánuðum,“ segir Dohlman. Þau hafi sýnt að skilningur sé á hvert verkefnið er og hvaða leikir eru í stöðunni.

„Við vonum að LBI-samninguriinn geti orðið hvati fyrir frekari skref. Og muni hafa langvarandi jákvæð áhrif á hagkerfið,“ sagði Dohlman. Þar vísar hann í samning á milli slitabús gamla Landsbankans og nýja Landsbankans sem leiddi til þess að slitabúið fékk heimild til að greiða 400 milljarða króna til forgangskröfuhafa.

jonhakon@frettabladid.is

> **Ísland hefur aldrei verið í betri stöðu frá hruni.**
>
> *Peter Dohlman, yfirmaður sendinefndar AGS.*

Fyrirframgreiðslan sparar 1,5 milljarða

Seðlabanki Íslands hefur ákveðið að greiða fyrirfram hluta lána frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem fengin voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda en sú áætlun var studd af AGS. Að greiðslunni lokinni hafa stjórnvöld endurgreitt 83% af láninu frá AGS. Um er að ræða endurgreiðslur að jafnvirði um 50 milljarða króna sem voru upphaflega á gjalddaga á næsta ári.

Þegar tekið hefur verið tillit til þeirra vaxtatekna sem hefðu fengist af þeim 50 milljörðum króna sem notaðir voru í fyrirframgreiðslu upp í skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn er ljóst að ávinningur bankans er mikill. Sparnaðurinn er, eins og segir í svari bankans við fyrirspurn Fréttablaðsins, 1,5 milljarðar króna. Tekið er fram í svarinu að vaxtatekjur hefðu reyndar verið mjög litlar í því vaxtaumhverfi sem er í dag. Fyrirframgreiðsla bankans dekkar margar afborganir sem standa hefði þurft skil á árið 2015.

FRÁBÆR TILBOÐ!

OPIÐ TIL KL. 22:00 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HANDKLÆÐUM

Downafresh
Hygiene according to DIN EN 12935

NOMITE
hentar vel fyrir astma- og ofnæmissjuklinga

DÖNSK GÆÐA FRAMLEIÐSLA

SPARIÐ 10.000 AF SÆNGUM

Koddi
50 x 70 sm.
12.950

MOSKUSDÚNSÆNG

GOLD EINSTÖK GÆÐI

RINGSTED IMPERIAL MOSKUSDÚNSÆNG
Lúxussæng fyllt með 600 gr. af 90% hvítum evrópskum moskusdúni/10% moskusfjöðrum. Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Burðargeta 11. Sængurtaska fylgir. 135 x 200 sm. **34.950** nú **24.950** 135 x 220 sm. **39.950** nú **29.950** Vnr. 4031450, 4031451, 4231404

RINGSTED DUN

SÆNG NÚ FRÁ: 24.950

50% AFSLÁTTUR

TILVALIN JÓLAGJÖF

FULLT VERÐ: 2.995

1.495

HEILSUINNISKÓR
Heilsuinniskór með MEMORY FOAM svampi sem lagar sig að fætinum. Svartir og gráir: 43-47. Bleikir: S-L.
Vnr. 607-136-1024, 607-136-1017, 607-146-1003

VINTAGE SÆNGURVERASETT
Efni: 100% bómullarsatín.
Stærðir:
140 x 200 sm. **6.995** nú **4.895**
140 x 220 sm. **7.995** nú **5.595**
200 x 220 sm. **9.995** nú **6.995**
Stakt koddaver 50 x 70 sm. **1.495**
Lokað að neðan með tölum.
Vnr. 131-14-1039

30% AFSLÁTTUR

BÓMULLARSATÍN

NÚ VERÐ FRÁ: 4.895

ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BARNASÆNGUR-VERASETTUM

FROZEN VÆNTANLEGT Á AKUREYRI OG SELFOSS EFTIR HELGI

20-65% AFSLÁTTUR AF ALLRI JÓLAVÖRU

FRÁBÆRT VERÐ!

VERÐ AÐEINS: **9.995**

BLAKE STÓLL
Með PU áklæði á setu og svörtum fótum. Fæst í 5 litum.
Vnr 8880000784

RÚMFATALAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA TIL 21.12.14

Brenna óeðlilega hratt:

Hættuleg Gieskerti innkölluð

NEYTENDUR Gies-kubbakerti hafa verið innkölluð vegna slysahættu. Neytendastofa segir að þrjár tilkynningar hafi borist um að kertin brenni óeðlilega hratt niður og geti því valdið hættu. Brunahætta er sérstaklega mikil ef um er að ræða kerti í skreytingu. Vitað er um eitt tilvik þar sem einstaklingur brenndi sig.

Hægt er að skila kertunum til Ölgerðarinnar gegn fullri endurgreiðslu eða úttekt á nýrri vöru.

- ibs

Þjóðarpúls Gallup var tekinn í nóvember. Flestir ráðherrar eru óvinsælli nú en í síðasta Þjóðarpúlsi:

Bjarni Benediktsson vinsælastur ráðherra

STJÓRNMÁL Mest ánægja er með störf Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, en þriðji hver kjósandi er ánægður með störf hans. Þetta má lesa úr niðurstöðum Þjóðarpúls Gallup.

Ánægja með störf Bjarna eykst um tvö prósent en hann og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra eru einu ráðherrarnir sem hækka í áliti milli þjóðarpúlsa. Síðast var púls þjóðarinnar tekinn í apríl.

Næst á eftir Bjarna fylgja Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra með fjórðungs stuðning. Ánægja með Kristján Þór Júlíusson minnkar mest eða um ellefu prósent.

Mest óánægja er með störf Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, fyrrverandi innanríkisráðherra, en tveir þriðju þeirra sem tóku afstöðu voru óánægðir með hennar störf. Fast á hæla hennar fylgir Sigurður Ingi Jóhannsson sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra en töluverð óánægja er einnig með störf hans sem umhverfis- og auðlindaráðherra.

Minnst óánægja, en hefur þó aukist um sex prósent, er með störf Eyglóar Harðardóttur. Umtalsvert færri eru óánægðir með störf Gunnars Braga Sveinssonar nú en í apríl. Óánægja í hans garð minnkar um tæplega tíu prósent.

- jóe

VINSÆLASTUR Mest ánægja er með störf Bjarna Benediktssonar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Villa Bergshyddan

Stockholms stad

Menningarmálasvið Stokkhólmsborgar býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan í Stokkhólmi.
Við dvölina gefst tækifæri til að kynnast Stokkhólmi og mynda tengsl með mögulega samvinnu í huga.

Fólk sem starfar að listum og menningu og býr í einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni í eina eða tvær vikur á árinu 2015. Dvalargjald fyrir eina viku eru 1100 sænskar krónur.
Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld.

Opnað verður fyrir umsóknir þann 15. desember 2014 og er umsóknarfrestur til **15. febrúar 2015.**
Umsóknareyðublöð má finna hér: www.stockholm.se/nordisktsamarbete
Í umsókn skal tilgreina tilgang dvalar og óskir um dvalartíma ásamt kynningu á umsækjanda.

Nánari upplýsingar veitir Auður Halldórsdóttir verkefnastjóri skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, s. 590-1520, netf. audur.halldorsdottir@reykjavik.is og Anne-Marie Andersson hjá Stokkhólmsborg netf. anne-marie.a.andersson@stockholm.se

FRAMRÆSLA Rannsaka þarf hvar er hægt að bera niður áður en hafist er handa við endurheimt votlendis. MYND/JÓNGUÐMUNDSSON

Rannsaka þarf hvaða land má endurheimta

Formaður Bændasamtaka Íslands telur endurheimt votlendis eitt af stærri viðfangsefnum bænda og stjórnvalda á næstu árum. Hann telur fullyrðingar um að sauðfjárbeit sé helsti sökudólgur landeyðingar ósanngjarnar og ekki eiga við í dag.

UMHVERFISMÁL „Við bændur þurfum að sjálfsögðu að taka þessi mál alvarlega og þetta er sannarlega ekki léttvægt mál," segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, um umfang framræsts lands á Íslandi og möguleika til að endurheimta hluta þess.

Sindri segir að bændur séu og hafi verið reiðubúnir til að skoða endurheimt lands, og málið hafi verið á dagskrá um skeið.

„Það er vaxandi umræða um umhverfismál innan okkar samtaka og þau eru í deiglunni hjá okkur þessa dagana eins og víða er í heiminum. Þetta er sífellt meira inni í myndinni þegar bændur eru að taka ákvarðanir í sínum búskap til skamms og langs tíma," segir Sindri.

Eins og Fréttablaðið hefur fjallað um hefur um helmingur votlendis verið ræstur fram hér á landi, eða um 4.000 ferkílómetrar lands. Fjórðungur þess landsvæðis er talinn lítt eða ekki nýttur og gefi færi á að hefja endurheimt án þess að það gangi á nytjar bænda eða annarra.

Spurður um hvort samtökin hafi tekið það sérstaklega fyrir hvernig endurheimt lands í eigu bænda væri best háttað, og hvort greiðslur ættu að koma fyrir frá hinu opinbera, segir Sindri að það hafi ekki verið rætt sérstaklega hvernig staðið yrði að endurheimt lands. „Hins vegar eru klárlega færi á því víðfeðma landi sem ekki er nýtt," segir Sindri.

Í leiðara nýjasta Bændablaðsins gerir Sindri landgræðslu og endurheimt votlendis að umtalsefni. Þar minnir hann á að flokka þarf land með tilliti til nýtingar með samstilltu átaki bænda, stjórnvalda og sérfræðinga. Hann segir þetta eitt af stærri verkefnum næstu ára.

Hvað varðar landgræðslu almennt séð segir Sindri það oft gleymast að einn af virkustu landbótahópum hérlendis er bændur. Ekki síst komi það fram í verkefninu Bændur græða landið sem Landgræðslan hefur rekið frá árinu 1990 með góðum árangri. Um 600 bændur hafa þar komið að málum. Í skrifum sínum telur hann nóg komið af lífseigum fullyrðingum um að sauðfjárbeit sé helsti sökudólgur landeyðingar á Íslandi.

svavar@frettabladid.is

Parf samstillt átak allra hlutaðeigandi

Þar þarf að koma til samstillt átak margra aðila, bænda, stjórnvalda og sérfræðinga á þessu sviði. Flokka þarf framræst land með tilliti til núverandi nýtingar og vega svo saman áhrif óbreyttrar stöðu annars vegar og hins vegar endurheimt votlendis, sem ætti þá að skila minni losun gróðurhúsalofttegunda og hugsanlega frekari ávinningi, svo sem bættum vatnsbúskap. Taka verður tillit til áhrifa aukinnar skógræktar, sem felur í sér verulega kolefnisbindingu, og annarra mögulegra aðgerða sem geta haft áhrif. Þetta verður eitt af stærri viðfangsefnum næstu ára.

Án tillits til hvað hverjum er um að kenna þá er það staðreynd að beitarálag hefur minnkað stórlega á síðustu áratugum. Ástæða þess er bæði nærri helmings fækkun sauðfjár og sú staðreynd að langt fram eftir 20. öldinni var sauðfé beitt úti á vetrum meðan auða jörð var að fá. Slíkt er nú aflagt og rannsóknir hafa sýnt að landið er á heildina litið í framför, það grær hraðar en það eyðist.

***Sindri Sigurgeirsson**, formaður BÍ.*

Gleðileg jól

frá Garðheimafjölskyldunni

20% - 40%
AFSLÁTTUR
KERTI OG JÓLASKRAUT

30% - 50%
AFSLÁTTUR
JÓLASERÍUR OG JÓLALJÓS

FALLEGU JÓLATRÉN FÁST Í GARÐHEIMUM

VERÐ FRÁ 2.792KR

TILBOÐIN GILDA TIL JÓLA

OPIÐ TIL KL. 22 LAUGARDAG OG SUNNUDAG
ÞORLÁKSMESSA OPIÐ TIL KL. 23
AÐFANGADAG OPIÐ TIL KL. 14
LOKAÐ JÓLADAG OG ANNAN Í JÓLUM

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

TALIBÖNUM MÓTMÆLT Á INDLANDI Drengir í Srinagar í Kasmírhéraði mótmæla talibönum íklæddir táknrænum, gervi-blóði drifnum líkklæðum. Talibanar frömdu fjöldamorð á meira en 130 börnum í skóla í Pakistan í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

RÓMAFÓLK Í PARÍS Maður stendur fyrir utan búðir rómafólks, sem komið hefur verið upp í Ivry-sur-Seine. NORDICPHOTOS/AFP

Á SKÍÐUM Í KANADA Maður fer á skíðum yfir göngubrú í Fredericton í New Brunswick. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

MÓTMÆLI Í MEXÍKÓ Móðir eins hinna 43 námsmanna sem saknað hefur verið síðan í september situr hjá hermönnum framan við herstöð í Iguala í Mexíkó. Lögreglumenn tóku námsmennina þann 26. september og afhentu fíkniefnaklíku sem talið er að hafi myrt þá alla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Full verslun af nýjum og spennandi vörum á jólatilboði!

Tvennu-tilboð

Dúnsæng og dúnkoddi
~~23.800 kr.~~
18.900 kr.

BREYTT OG STÓRGLÆSILEG
DORMA

Rúmföt verð frá 6.990

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík og Dalsbraut 1 á Akureyri

Hlýjar gjafir í JÓLAPAKKANN

Jólagjöfin fæst í Ellingsen

Velkomin í Ellingsen! Við bjóðum fatnað sem dugar til útivistar í snjó, hríð, slyddu, slabbi, frosti og byl. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum sem veita faglega og vandaða ráðgjöf og finna réttu vörurnar fyrir þig. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

COLUMBIA POWDER LITE BARNA
Svart og blátt. Stærðir XXS–XL
12.990 KR.

COLUMBIA POWDER LITE BARNA
Svart og blátt. Stærðir XXS–XL
12.990 KR.

COLUMBIA SNUGGLY BUNNY UNGBARNAGALLAR
Stærðir 3–24 mán.
12.990 KR.

COLUMBIA BUGABOO BARNASNJÓBUXUR
Stærðir XXS–XL
13.990 KR.

DIDRIKSONS KAREN ÚLPA
Rauð, svört og græn. Stærðir 34–48
25.990 KR.

COLUMBIA MADRUNE ÚLPA
Stærðir S–XL
59.990 KR.

COLUMBIA PORTAGE ÚLPA
Grá, brún og svört. Stærðir M–2XL
54.990 KR.

DIDRIKSONS SEGIN SNJÓBUXUR
KK stærðir S–3XL. Svart og blátt.
KVK stærðir 34–46. Svart og rautt.
14.990 KR.

DIDRIKSONS BOARDMAN PRINTED
Blátt og rautt. Stærðir 70–140
14.990 KR.

COLUMBIA GO TO JACKET
Blá, dökkblá og svört. Stærðir M–XXL
24.990 KR.

COLUMBIA GO TO HOODED JACKET
Hvít, svört, fjólublá og bleik.
Stærðir XS–XL
29.990 KR.

MOUNTAIN HARDWEAR NITOUS DOWN ÚLPA
Stærðir S–XL
28.990 KR.

Afgreiðslutímar í desember

Laugardagur 20. des.	10–22	Þorláksmessa 23. des.	10–23
Sunnudagur 21. des.	12–22	Aðfangadagur 24. des.	10–12
Mánudagur 22. des.	10–22	Jóladagur 25. des.	Lokað

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **ellingsen.is**

PIPAR\TBWA • SÍA • 141441159

AF ÖLLU HJARTA

Gjafakort Kringlunnar er gjöf af öllu hjarta.
Þú færð kortið á þjónustuborði á 1. hæð
við Hagkaup eða á kringlan.is

PIPAR\TBWA • SÍA

KRINGLAN.IS

JÓLATÓNLEIKAR
Í DAG KL 18
Velkomin á stórglæsilega jólatónleika Kringlunnar
þar sem margt af okkar hæfileikaríkasta tónlistarfólki
kemur fram. Erpur syngur með barnakór
Bústaðakirkju og Örn Árna, Gissur Páll,
Raggi Bjarna, Sigga Beinteins, Egill Ólafs
og Diddú syngja inn jólin.
OPIÐ TIL 22
ÖLL KVÖLD TIL JÓLA
Kringlan
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

MIKILL FJÖLDI Sjálfboðaliðar sjá um að raða í pokana og aðstoða fólkið sem mætir í úthlutunina.

LEIKFÖNG Í fjölskylduúthlutuninni geta foreldrar fengið jólagjafir fyrir börnin sín.

Fleira launafólk sækir sér aðstoð

Jólaúthlutun Mæðrastyrksnefndar í 86. sinn. Um 2.000 umsóknir vegna úthlutunar hafa borist í ár en að baki hverri umsókn eru mismargir. Formaður nefndarinnar segir fleira fólk í fullri vinnu leita sér aðstoðar þar sem það nái ekki endum saman vegna lágra launa.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Mæðrastyrksnefnd er með tvær úthlutanir fyrir jólin. Önnur þeirra fór fram í gær á Korputorgi og er ætluð einstaklingum en sú seinni fer fram á mánudag en þá fær fjölskyldufólk úthlutað.

Talsverður erill var á Korputorgi þegar Fréttblaðið mætti á staðinn rétt eftir hádegi á föstudag. Öryggisverðir taka á móti fólki við innganginn þar sem það fær miða og fer síðan í biðröð og bíður þess að fá úthlutað jólamat.

Um 60-70 sjálfboðaliðar klæddir í rauða boli eru á staðnum og vinna hörðum höndum að því að raða í poka og flokka það sem hver og einn fær. „Ég held það séu hátt í 800 sem hafa komið í dag," segir Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður nefndarinnar, meðan hún leiðir okkur um húsnæðið.

Staflar af hinum ýmsa hátíðarmat blasa við og sjálfboðaliðar eru á fullu við að tína saman í körfur og poka til þess að tryggja að allir fái jafnt. Í pokanum eru allar helstu nauðsynjar til hátíðarhalds. Kjöt, kartöflur, meðlæti, mjólkurvörur, ís, sælgæti og gos. Í dag fær hver einstaklingur þrjá poka fulla af mat. „Við fáum margt gefins og það sem við kaupum fáum við á miklum afslætti," segir Ragnhildur. „Það eru alveg ótrúlega margir sem leggja okkur lið," segir hún en bæði fyrirtæki og einstaklingar gefa nefndinni.

Síminn hringir hjá Ragnhildi og á línunni er einstaklingur sem kemst ekki í úthlutunina í dag. „Komdu bara á mánudag, það er ekkert mál," segir Ragnhildur í símann áður en hún leggur á. „Það eru ekki allir sem komast á tilsettum degi en það fá allir hjálp."

Hún segir fleiri hafa sótt um úthlutun í ár en í fyrra og að hópurinn sé líka að breytast. Um 2.000 umsóknir um úthlutanir hafa borist í ár en að baki hverri umsókn eru mismargir. „Við höfum tekið eftir því að í ár er meira um að fólk í fullri vinnu sé að leita til okkar. Mikið af ungu láglaunafólki sem vinnur fulla vinnu en nær ekki endum saman. Það hefur allt hækkað og launin sem þetta fólk er á eru svo lág að það sjá það allir að þetta gengur ekki upp," segir hún og í sama mund hringir síminn aftur. Á línunni er félagsráðgjafi frá borginni sem biður um hjálp fyrir fjölskyldu sem hefur ekki efni á mat. „Segðu þeim bara að koma á mánudag, við aðstoðum þau," segir hún.

Það geta verið þung spor að þurfa að leita sér aðstoðar fyrir jólin og Ragnhildur segir það reynast mörgum erfitt. Henni finnst þó eins og skömmin yfir því að þurfa þiggja aðstoð sé að verða minni en áður. „Ástandið er bara þannig að fólk getur ekkert annað gert," segir hún og heldur áfram að leiða okkur um húsnæðið.

Í hillum er að finna ýmsa smávöru, meðal annars lítil leikföng og annað smálegt sem fólk getur fengið til þess að gefa í gjafir. Þar að auki er hægt að fá hinar ýmsu snyrtivörur, meðal annars krem, hárbursta, sjampó og ilmvötn svo eitthvað sé nefnt. Hver og einn fær að velja sér 3-4 smávörur. Í fjölskylduúthlutuninni sem fram fer á mánudag geta foreldrar svo fengið leikföng fyrir börn sín sem fyrirtæki og einstaklingar hafa fært nefndinni.

Það eru enn rúmir tveir tímar eftir af úthlutuninni þegar við erum að fara og enn er stöðugur straumur af fólki. Við útidyrahurðina stendur par með poka og bíður eftir að vera sótt. Þau segja það bjarga jólunum hjá þeim að fá úthlutað. Hún er öryrki sem vinnur í hlutastarfi og þetta er í þriðja sinn sem hún kemur og fær aðstoð fyrir jólin. Hann hefur verið án atvinnu í nokkur ár en er að búa sig undir að komast aftur á vinnumarkaðinn. Þau segja bæði að það hafi verið erfitt að koma í fyrsta sinn til þess að þiggja aðstoð en það þýði lítið að hugsa um það ætli þau sér að halda jól.

„Ég hugsa þetta þannig að þegar mér fer að ganga betur þá mun ég gefa til baka og hjálpa þeim sem þurfa á því að halda," segir hann og í því kemur vinur þeirra á bíl að sækja þau. Inni halda sjálfboðaliðar áfram að raða í poka og passa að enginn fari svangur inn í jólin.

Næsta úthlutun nefndarinnar fer fram á mánudag og enn er hægt að sækja um aðstoð.

FORMAÐURINN Ragnhildur segir hópinn sem sækir aðstoðina vera að breytast.

MATARPOKINN Hér má sjá innihald matarpokanna sem úthlutað var fyrir einstaklinga. Auk þess sem er á myndinni fær fólk ís og brauð.

100% hreinar
Eggjahvítur
Gerilsneyddu eggjahvíturnar
eru frábær valkostur í jólabaksturinn.
Hugsaðu um hollustuna, veldu eggjahvítur frá Nesbúeggjum.

Án allra aukaefna!
Íslensk framleiðsla
Nesbú
Fjölvítamín frá náttúrunnar hendi

Jólin nálgast

Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.

Bosch, expressó-kaffivél

TCA5309

Einstök bruggtækni. Þrýstingur: 15 bör.

Jólaverð: 69.900 kr.

Fullt verð: 89.900 kr.

Leonardo

Wave

Glös í mörgum litum.

Jólaverð: 1.180 kr.

Fullt verð: 1.390 kr.

Bosch, ryksuga

BGL8330T

Sú hljóðlátasta á markaðnum og hrikalega öflug líka. Aðeins 59 dB.

Jólaverð: 64.900 kr.

Fullt verð: 79.900 kr.

Bosch

MSM66020

Kraftmikill töfrasproti.

Jólaverð: 8.900 kr.

Fullt verð: 11.900 kr.

Magisso, flöskukælir

Heldur köldu í marga klukkutíma. Sniðug gjöf.

Jólaverð: 10.960 kr.

Fullt verð: 12.900 kr.

15% jólaafsláttur af öllum vörum frá Sveinbjörgu.

Sveinbjörg

Thermo-bollar

Jólaverð: 2.465 kr.

Fullt verð: 2.900 kr.

Takmarkað magn.

Kahla

Matar- og kaffistell fyrir sex.
Matardiskar, súpudiskar, morgunverðardiskar, kaffibollar, undirskálar, kaffikrúsir og skálar.

Jólaverð: 29.900 kr.

Fullt verð: 69.900 kr.

Muurla

Nostalgíu-glervara.

15% jólaafsláttur.

Magisso, karafla

Jólaverð: 8.420 kr.

Fullt verð: 9.900 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

Auk þess gilda þessir afgreiðslutímar í desember:
Sunnud. 21. des. kl. 11 - 16.
Miðvikud. 24. des. kl. 10 - 12.

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Aðstoðar innanríkisráðherra:

Ólöf fær annan aðstoðarmann

STJÓRNMÁL Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gísladóttir hefur verið ráðin aðstoðarmaður Ólafar Nordal innanríkisráðherra og hóf hún störf í gær.

Þórdís starfaði áður sem framkvæmdastjóri þingflokks Sjálfstæðismanna og kosningastjóri flokksins í Norðvesturkjördæmi fyrir síðustu alþingiskosningar. Hún mun starfa við hlið Kristínar Haraldsdóttur sem var ráðin lögfræðilegur aðstoðarmaður Ólafar þann 9. desember síðastliðinn. - hg

Samkeppniseftirlitið leggur 80 milljóna sekt á fyrirtækið fyrir misnotkun á markaðsráðandi stöðu:

Securitas sektað fyrir samkeppnisbrot

SAMKEPPNISMÁL Samkeppniseftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að Securitas hf. hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaði fyrir öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki. Securitas beri því að greiða 80 milljóna króna stjórnvaldssekt í ríkissjóð.

Samkvæmt tilkynningu Samkeppniseftirlitsins fólust brot Securitas í því að fyrirtækið gerði einkakaupasamninga við viðskiptavini sína um svokallaða Heimavörn og Firmavörn. Samningarnir voru með binditíma til þriggja ára auk ákvæða sem áttu að skapa „aukna tryggð viðskiptavina við fyrirtækið“.

„Samningarnir fólu í sér að viðskiptavinunum var óheimilt að eiga viðskipti við aðra þjónustuaðila um nokkurra ára skeið. Einnig voru í samningunum ákvæði sem voru til þess fallin að skapa aukna tryggð viðskiptavina við Securitas,“ segir í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins.

Þar segir einnig að fyrirtækið hafi haft mikla yfirburði á sviði öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki á árunum 2006-2011, um 65-70 prósenta hlutdeild, þegar málið var til skoðunar. Einkakaupasamningar þess hafi því haft talsverð útilokunaráhrif og takmarkað möguleika minni keppinauta á að ná til sín auknum viðskiptum eða nýrra að komast inn á markaðinn. - hg

SECURITAS Samningarnir Heimavörn og Firmavörn takmörkuðu að mati Samkeppniseftirlitsins möguleika minni keppinauta Securitas á að ná til sín auknum viðskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SVÆÐIÐ AFGIRT Lögreglan lokaði svæðið af og hafði mikinn viðbúnað.

Hópur barna var myrtur

Aðkoman á heimili í Ástralíu er ein sú hrikalegasta sem lögreglan þar hefur kynnst. Tvítugur piltur kom að systkinum sínum og einu öðru barni látnu.

ÁSTRALÍA, AP Átta látin börn og illa særð móðir sjö þeirra fundust á heimili í borginni Cairns í Queensland-ríki Ástralíu. Yngsta barnið var 18 mánaða gamalt en hið elsta fimmtán ára.

Áttunda barnið var skyldmenni þeirra.

Það var tvítugur bróðir systkinanna sjö sem kom að þeim. Móðirin var sögð þungt haldin af stungusárum en lögreglan lét ekkert uppi um það hvernig dauða barnanna hefði borið að höndum.

Móðirin var flutt á sjúkrahús og var ástand hennar sagt stöðugt. Síðdegis í gær var hún orðin nógu hress til að geta aðstoðað lögregluna við að varpa ljósi á málið.

Lögreglan vildi heldur ekkert gefa upp um það hver væri grunaður um voðaverkið. Samt tók lögreglan skýrt fram að nágrannar eða aðrir í Ástralíu þyrftu ekki að hafa neinar áhyggjur af því að morðinginn léki lausum hala. Enginn væri í hættu staddur.

„Sem stendur er engin ástæða fyrir almenning til að hafa áhyggjur af þessu, fyrir utan þá staðreynd að þetta er afar sorglegur atburður,“ hafði AP-fréttastofan eftir Bruno Asnicar rannsóknarlögreglumanni.

Það var Lisa Thaydai, skyldmenni fjölskyldunnar, sem skýrði fjölmiðlum frá því að það hefði verið tvítugi bróðirinn sem kom að börnunum látnum og móður sinni með veiku lífsmarki.

„Ég ætla að fara að tala við hann núna, hann þarf á hughreystingu að halda,“ sagði hún. „Við erum stór fjölskylda. Ég trúi þessu bara ekki.“

BLÓMVENDIR Nálægt húsinu var fólk byrjað að skilja eftir blómvendi til minningar um börnin. NORDICPHOTOS/FP

Tugir lögreglumanna unnu að rannsókn málsins á heimili fjölskyldunnar fram eftir degi í gær. Fjöldi nágranna stóð við lokunarborða lögreglunnar, sem strengdir voru yfir götuna, og fylgdist með því sem fram fór. Margir voru með tárin í augunum.

„Þessir atburðir hafa vitaskuld skelfileg áhrif á alla og lögreglumenn eru þar ekkert undanskildir – við erum mannlegir líka,“ sagði Ascinar.

Þessi harmleikur verður örfáum dögum eftir að vopnaður maður tók átján kaffihúsagesti í gíslingu í Sydney og hélt þeim þar flestum í sextán klukkustundir. Tveir gíslanna létu lífið og gíslatökumaðurinn sömuleiðis.

„Fréttirnar frá Cairns eru átakanlegar,“ sagði Tony Abbott forsætisráðherra í yfirlýsingu. „Þetta er ólýsanlegur glæpur. Þetta eru erfiðir dagar fyrir landið okkar.“

gudsteinn@frettabladid.is

Síminn

Opnaðu fyrsta pakkann í Sjónvarpi Símans

Kíktu í pakkann og hafðu það gott um hátíðarnar
Sjónvarp Símans er þægileg leið til að njóta alls þess besta í sjónvarpinu þínu um jólin. Þú stjórnar dagskránni heima í stofu og með appinu geturðu nýtt þér Frelsi, Tímaflakk og ABC Studios hvar og hvenær sem er. Þeir sem eru með Sjónvarp Símans geta opnað fyrsta jólapakkann 22. desember. Pakkinn er sneisafullur af skemmtilegu innlendu sjónvarpsefni í hæsta gæðaflokki svo þið getið haft það notalegt!

Þú getur meira með Símanum.

ENNEMM / NM66473

Á UPPLEIÐ „Færið er frábært og veðrið er meiriháttar. Það mætti vera aðeins meiri snjór og örlítið fleira fólk en það er gott að það sé komið líf á svæðið," sagði Einar Bjarnason, rekstarstjóri Bláfjalla, er Fréttablaðið heyrði í honum hljóðið á sjötta tímanum í gær. Einar taldi að um þúsund manns hefðu mætt í brekkurnar. „Þetta er fín generalprufa fyrir lyftuna, það er setið í öllum sætum en engin röð," sagðir Einar.

Öll hulstur á 1.990.- fram að jólum

iSíminn
Skipholti 21

Farsímar Tölvuvörur Aukahlutir Viðgerðir

Skíðað í Bláfjöllum

Skíðasvæðið í Bláfjöllum opnaði í gær í fyrsta skipti í vetur. Starfsmenn unnu hörðum höndum undanfarna daga við að undirbúa brekkurnar fyrir skíðafólk. Þrátt fyrir að veðrið hafi sýnt sínar bestu hliðar mættu færri en gert hafði verið ráð fyrir. **Vilhelm Gunnarsson,** ljósmyndari Fréttablaðsins, var á staðnum.

SKÍÐAFÓLK „Það mætti vera talsvert meiri snjór, heill metri í viðbót," segir Einar. Á Akureyri eru til byssur til að framleiða snjó en þeim er ekki til að dreifa fyrir sunnan. „Við vonum að við fáum þær í skóinn von bráðar," bætti Einar við.

STARFMENN Allar skíðaleiðir Bláfjalla eru opnar að Kóngsgilinu undanskildu. Ystu leiðirnar eru þó snjólitlar.

JÓLABÆKUR VEIÐIMANNSINS



Stangaveiðivertíðin 2014 var um margt athyglisverð og eru helstu atriði rakin í bókinni, auk þess sem helstu fréttir eru rifjaðar upp og veiðisögur sagðar. Þá er að venju greint frá heimsóknum ritstjóra á ný og skemmtileg veiðisvæði og meðal svæða sem heimsótt voru má nefna Litlu Þverá í Borgarfirði og Eldvatnsbotna. Ritstjóri er Guðmundur Guðjónsson.

*Í þessari bók, sem er sjálfstætt framhald af **Skotveiði í máli og myndum** sem kom út árið 2009, er komið víða við og stemmning skotveiðinnar svífur yfir vötnum. Nokkrir af snjöllustu skotveiðimönnum landsins segja sögur, rifja upp skemmtileg atvik og miðla af reynslu sinni. Einnig eru í bókinni eldri frásagnir og greinar sem sýna breytta tíma. Bókin er ríkulega myndskreytt.*



Veiddu betur – lax

Hér er um að ræða góða handbók þar sem nokkrir af helstu sérfræðingum landsins í laxveiðum segja frá aðferðafræðinni og sérviskunum þegar tekist er á við hin margvíslegustu skilyrði sem mæta mönnum á árbakkanum. Sérfræðingarnir sem um ræðir eru Ásgeir Heiðar, Haraldur Eiríksson og Stefán Sigurðsson, áður kenndur við Lax-á.

Strandstangaveiði á Íslandi

Strandstangaveiði hefur átt vaxandi vinsældum að fagna hér á landi, enda óhemju fjölbreyttir möguleikar til ástundunar um land allt. Hér eru tegundirnar kynntar, fjöldi góðra veiðistaða nefndir, hinar ýmsu útfærslur kynntar og margt annað er varðar þennan skemmtilega veiðiskap. Þessi handbók hjálpar þeim sem vilja prófa þennan veiðiskap að koma sér af stað.

Veiddu betur – silung

Hér er um að ræða góða handbók þar sem nokkrir af helstu sérfræðingum landsins í silungsveiðum segja frá aðferðafræðinni og sérviskunum þegar tekist er á við hin margvíslegustu skilyrði sem mæta mönnum á ár- eða vatnsbakkanum. Sérfræðingarnir sem um ræðir eru Jón Eyfjörð, Bjarki Már Jóhannsson og Ríkarður Hjálmarsson.

OPIÐ TIL 2

RALPH LAUREN
HOME

RALPH LAUREN holiday ilmkönglar og -greinar **5.990 KR.**

RALPH LAUREN holiday ilmstrá **7.990 KR.**

RALPH LAUREN holiday ilmkerti **7.990 KR.**

NÝTT!

IITTALA Festivo kertastjaki
180 mm **9.490 KR.**
280 mm **14.490 KR.**

AU Maison

3.490 KR.

6.990 KR.

10.990 KR.

13.990 KR.

AU MAISON bronsbox

broste COPENHAGEN

BROSTE jólakúlur **990 KR.**

MORRISON borðstofuborð, sem stækkar og stækkar
JÓLATILBOÐ 349.990 KR.
~~399.990 KR.~~

skovby

BROSTE lukt **9.990 KR.**

IVV Special kökudiskur á fæti, með gylllingu 26 cm. **9.990 KR.**

S&P STAK Baguette Tray **9.990 KR.**

VIDIVI Concerto sett; ísfata & sex glös
JÓLATILBOÐ 5.990 KR.

Poul Pava

POUL PAVA jólakanna **2.995 kr. stk.**

POUL PAVA vasi **4.990 kr.**

ALEXA borðstofustóll, svartur eða brúnn, ekta leður.
JÓLATILBOÐ 27.990 KR.
~~34.990 KR.~~

IVV Distillati líkjöraglös, 6 stk.
24,990 KR.

HUBSCH lukt
5.990 KR.

VIDIVI Concerto sett, kanna + 6 glös 41cl.
JÓLATILBOÐ 5.990 KR.

HUBSCH fiðrildi
9.990 KR. stk.

Jólaveisla fyrir bragðlaukana!
Sælkerasmakk frá Campo Viejo og MS milli klukkan 13 og 17 í dag.

MS Campo Viejo

2 TIL JÓLA

GEFÐU FALLEGA GJÖF SEM ENDIST OG ENDIST

VIDIVI GALASSIA skálasett
5.990 KR.

IITTALA
Ulthima Thule
glös í úrvali

IVV skál, 4 hólf
5.490 KR.

VIDIVI sett, 6+1
JÓLATILBOÐ **5.990 KR.**

iittala

IITTALA Maribowl skál, 120 mm
á fæti, rauð **6.990 KR.**

SYLVESTER
stóll m. svörtum
fótum (einnig til
króm) margir litir
JÓLATILBOÐ 11.990 KR.

NIELSEN kopar-
ljós, 18 cm (fleiri
stærðir fáanlegar)
15.990 KR.

VIDIVI
Vetri delle Venezie
MADE IN ITALY

VIDIVI Mimosa sett, 6+1
JÓLATILBOÐ **5.490 KR.**

VIDIVI Stella stjörnuskálar,
sett 1+1 **JÓLATILBOÐ 4.990 KR.**

IITTALA Ulthima Thule kanna
17.990 KR.

VIDIVI Euforia glasa-
sett, 6 stk. **10.990 KR.**

IVV

IVV kertastjaki 30 cm.
JÓLATILBOÐ 9.990 KR.



ESTER&ERIK
kerti í miklu úrvali

VIDIVI skálasett 2 hjörtu
JÓLATILBOÐ 4.490 KR.

VIDIVI Doge sett, skál og vasi
JÓLATILBOÐ 6.990 KR.

VIDIVI Rojo
rauðvínsglas JÓLA-
TILBOÐ 1.490 **KR**

IITTALA aalto vasi, 160 mm
rauður **39.990 KR.**

VIDIVI Speedy skálsett,
6 stk. **15.990 KR.**

HÚSGAGNAHÖLLIN
REYKJAVÍK | AKUREYRI

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík **OG** Dalsbraut 1 • Akureyri • **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

Kvíði, örvænting og óöryggi á jólunum:

Jól og fátæk börn

Alltof mörg börn kvíða jólunum. Sum vegna fátæktar, önnur vegna áfengisneyslu þeirra fullorðnu og mörg vegna hvors tveggja. Líðan barna mótast iðulega af líðan foreldranna. Í aðdraganda jóla er gott að hafa þetta í huga og gefa gaum að líðan barnanna. Jólin eru mörgum börnum erfið. Og ekki bara fátækum börnum. Með samstilltu átaki var áfengi útrýmt úr fermingarveislum. Sama má, og jafnvel þarf að gera, varðandi jólahátíðina. Drykkja fullorðinna skaðar og meiðir börn. Áfengi skerðir dómgreind, gerir fólk vanhæfara og oftast ljótara og leiðinlegra en annars er.

Annað sem er vont við jólin er mismununin. Þau sem lifa við ofgnótt og þau sem búa við skort eru oft hlið við hlið í lífinu. Í skólum, á leikvöllum, í tómstundastarfi og víðar. Í rannsókn Hrafnhildar Rósu Gunnarsdóttur hjúkrunarfræðings, sem sagt er frá í Fréttablaðinu í dag, segir meðal annars að vegna þess hve margir líða einhvern skort hér á landi, þá fylgi því ekki sömu neikvæðu tengingar eða vanlíðanin. „Á hinum Norðurlöndunum býr allur fjöldinn við góðar efnahagsaðstæður þannig að aðstæður þeirra sem líða skort verða augljósari. Svo er mikilvægt að halda því til haga að íslensk börn glíma í minni mæli við andleg veikindi en börn í öðrum löndum og ekki sé hægt að tengja þau með jafnsterkum hætti við fjárhagsörðugleika foreldranna.“

Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Þetta er eflaust rétt en eigi að síður er ljóst að barn sem fær minna, er klætt í síðri föt, getur ekki tekið þátt í ýmsu sem það langar til, því barni líður illa. Jafnt á Íslandi sem í öðrum löndum.

Í fréttinni, sem vitnað var til hér að ofan, segir líka: „Lífsskilyrði og lifnaðarhættir foreldra eru mikilvægir áhrifaþættir heilsu og vellíðanar barna og unglinga en fáar rannsóknir hafa verið gerðar á sambandi daglegra áskorana foreldra og andlegrar heilsu barna. Tilgangur rannsóknarinnar var þess vegna að kanna upplifun foreldra af áskorunum hversdagslífsins og rannsaka nánar tengsl andlegrar vanlíðanar barna og unglinga við tímaskort og fjárhagserfiðleika foreldra.“

Eflaust var þetta tímabær rannsókn. Það er ágætt að vita að marktækt samband er á milli andlegrar vanlíðanar bæði drengja og stúlkna og tímaskorts foreldra. Og þetta er verra hér en á hinum Norðurlöndunum. Hátt í helmingur íslenskra foreldra hefur greint frá fjárhagserfiðleikum sem er talsvert hærra hlutfall en á meðal foreldra á hinum Norðurlöndunum. Sem sagt, staða okkar er verri en nágrannaþjóðanna. Hér er meiri og almennari fátækt en hjá nágrönnum okkar. Það gerir að fátæk börn skera sig ekki eins úr fjöldanum hér hjá okkur. Það bætir ekki stöðu okkar, fátækt er meiri hér.

Hér er enn eitt dæmið um hversu erfitt er að mæla hagsæld, en Hrafnhildur Rósa Gunnarsdóttir hefur gert tilraun til að mæla hluta hennar og niðurstaðan er ljós. Hagsæld margra barna á Íslandi er áfátt. Það er okkar að laga það.

Öruggasta leiðin til að búa börnum gleðileg jól er að þau finni til öryggis. Losni undan kvíða og angist. Vísasta leiðin til að spilla jólunum, hátíð barnanna, er að skapa ótta, ekki síst með áfengisdrykkju. Verum allsgáð um jólin.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MÍN SKOÐUN: PAWEL BARTOSZEK

Ofbeldi í hálfa öld

Í gegnum tíðina hafa margir verið sannfærðir um að tilvera Ríkisútvarpsins væri forsenda fyrir því að íslensk menning fengi að blómstra. Lengi vel höfðu margir í raun enn róttækari skoðun: Ekki aðeins væri tilvist RÚV góð fyrir menninguna heldur væri tilvist annarra stöðva vond fyrir hana. Þannig var staðan á íslenska fjölmiðlamarkaðnum frá stofnun RÚV 1930 þangað til að Bylgjan og Stöð 2 hófu útsendingar árið 1986. Sem sagt: í meira en hálfa öld.

Um tíma hafði stór hluti Íslendinga raunar valkost. Það var Kanasjónvarpið. Það gramdist vitanlega mörgum að sá eini sem gat veitt íslensku ríkisvaldi samkeppni þegar kom að rekstri ljósvakamiðla væri erlent ríkisvald.

Margir voru sannfærðir um að íslenskri menningu stafaði hætta af þessum útsendingum. Tugir þjóðþekktra manna birtu árið 1964 yfirlýsingu þar sem þeir sögðu að þessar útsendingar væru „vansæmandi fyrir Íslendinga sem sjálfstæða menningarþjóð“ og skoruðu á Alþingi að þær yrðu stöðvaðar.

Svo fór að ríkið hóf sjónvarpsrekstur. Áhugamönnum um þjóðarsæmd varð að ósk sinni því útsendingar Kanasjónvarpsins urðu takmarkaðar við herstöðina sjálfa og nánasta umhverfi hennar. Kannski kann einhverjum að þykja það hlægilegt að ég skyldi nú gráta Kanasjónvarpið, gráta þetta „ofbeldi“ íslenska ríkisins á hendur Bandaríkjastjórn. En ofbeldið á hendur þeim Íslendingum sem kærðu sig um að horfa á afþreyingarefni frá þessari erlendu ómenningarþjóð var auðvitað raunverulegt. Þeirra líf varð fátæklegra.

Aðeins eitt smáblóm

Eitt hefði nú verið ef menn hefðu skrúfað fyrir útsendingar Kanans í því skyni að leyfa öðrum, þá íslenskum einkaaðilum, að nýta þær tíðnir sem við það losnuðu. En, nei, menningin varð að fá að blómstra á einni ríkisrekinni útvarpsstöð og einni ríkisrekinni sjónvarpsstöð. Útvarpsstöðin eina spilaði tónlist fyrir ungt fólk að minnsta kosti einu sinni í viku. Sjónvarpsstöðin tók sér frí einu sinni í viku og yfir sumartímann. Því þótt almenningsútvarpið væri menningunni lífsnauðsynlegt mátti ekki vera of mikið af því svo menn yrðu ekki heimskir.

Smám saman urðu kröfur um meiri fjölbreytni háværari. Til að bregðast við þessu ákalli ákvað ríkisvaldið loksins … að stofna aðra ríkisútvarpsstöð! Menn halda reglulega upp á stofnun þeirrar stöðvar eins og einhvers merks áfanga í sögu útvarpsreksturs. Frá sjónarhóli frjálsræðis er þetta eins og ef menn myndu bregðast við ákalli um áfengi í matvöruverslanir með því að ríkið hæfi rekstur matvöruverslana og seldi þar áfengi.

Þegar einkaaðilar fóru af stað með útvarpsrekstur í verkfalli starfsmanna RÚV var þeim útvarpsstöðvum lokað með lögregluvaldi. Sumum þótti þögnin vera skárri en tilhugsunin um að einhver annar en RÚV gæti séð landsmönnum fyrir hljóði og hreyfimyndum. Sem betur fer var lögunum breytt ári síðar. En það má hugsa um allt það efni sem ekki fékk að verða til fyrir 1986 vegna þess að engum sem stjórnaði dagskránni á RÚV leist á það. Við vitum ekki hverju við misstum af.

RÚV á marga vini

Menn deila ekki um smekk. Ef einhverjum þætti alveg ótrúlega vænt um bláu nýmjólkina frá MS þá væri lítið gagn að því að reyna að sannfæra hann um að hann hefði í raun lágar kröfur og fátæklegt bragðskyn. En ef hann reyndi að sannfæra mig um að þetta væri besta mjólk í heiminum þá myndi ég krefjast rökstuðnings. Ef hann myndi svo reyna að sannfæra mig um að Íslendingar ættu allan beinastyrk sinn Mjólkursamsölunni að þakka þá myndi ég æpa. Ef einhver myndi svo, vegna hættu á beinþynningu þjóðarinnar, vilja að Mjólkursamsalan ætti að fá einkaleyfi á mjólkurframleiðslu þá myndi ég æpa hærra.

Ég hef ekki sérstaklega miklar taugar til RÚV, en ég get þannig séð skilið þau rök að fjölbreytninnar vegna ætti það að fá að halda sér. En ég efast hins vegar um að ég myndi leggja til að það myndi fjölga stöðvum til að höfða til fleira fólks í samkeppni við einkaaðila. Minnkandi umsvif RÚV skapa svigrúm fyrir aðra. Þegar skorið var niður í svæðisútvarpinu var það harmað mjög, en viti menn, þetta skóp rekstrargrundvöll fyrir einkarekna héraðssjónvarpsstöð fyrir Norðurland.

Menn mega, ef þeir vilja, eigna mér þær skoðanir að ég vilji rústa menningunni og þagga niður í þjóðarröddinni. En ég held að ekkert hræðilegt muni gerast þótt næsta lausa króna úr ríkissjóði fari í annað en til RÚV. En margir vilja að hún fari einmitt þangað. Og því er ég ósammála.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
MENNING: Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Herra lagerinn
outlet

Troðfull verslun af merkjavöru!

Jólagleði!

40-70%

afsláttur af öllum vörum

Opið frá kl.11 til 20 alla daga til jóla

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET hummel

Brunar í desember

ELDVARNIR

Sigrún A. Þorsteinsdóttir
sérfræðingur í forvörnum hjá VÍS

→ Njótum aðventunnar og jólahátíðarinnar.

Hátt í fimmtungur eldsvoða á heimilum sem tilkynntir eru til VÍS verður í desember. Flestir þeirra yfir hátíðisdagana sjálfa þegar annir á heimilinu eru mestar. Oftast kviknar í út frá eldamennsku eða kertum og sýnir könnun Eldvarnabandalagsins að eldvarnarteppi er notað í 33% tilfella til að slökkva litla elda á heimilum.

Mikilvægt er að huga að öryggi, staðsetningu og undirstöðu kerta og útbúa skreytingar þannig að sem minnst hætta sé á að kvikni í þeim þó að gleymist að slökkva. Alltof algengt er að sjá kubbakertum raðað þétt saman sem eykur eldhættu til muna. Bil á milli kerta á ekki að vera minna en 10 sm. Gæta þarf þess að kerti séu ekki í trekk og ekkert eldfimt sé nærri þeim. Kerti sem búið er að setja eitthvað utan um, svo sem skraut, servéttur, pappír eða húð eins og gyllingu, geta verið sérstaklega varhugaverð.

Þegar kviknar í á eldavél stafar það oftast af því að eldamennskan gleymist. Eitthvað er skilið eftir á eldavélinni eða þá að olían hitnar of mikið og kviknar í henni. Öruggast er að yfirgefa ekki eldhúsið meðan verið er að elda, geyma aldrei neitt ofan á hellunum og nota öryggislæsingar þegar eldavélin er ekki í notkun.

Seríur eru á flestum heimilum yfir hátíðina, bæði úti og inni. Varasamt er að nota lélegar seríur. Ef slokknar á perum í seríum eykst straumur til annarra og þær geta hitnað. Ef hægt er að skipta um perur þarf að gera það strax og gæta þess að nýju perurnar séu af réttum styrkleika. Gott er að slökkva á seríum utandyra ef óveður er í kortum. Það eykur líftíma þeirra og kemur í veg fyrir að þær slái út rafmagni hússins ef þær bila í veðrinu.

Grunnstoðir í lagi

Þegar stinga þarf mörgu í samband í einu freistast margir til að hlaða of miklu í fjöltengi. Hvorki er ráðlegt að tengja þau saman né fylla þau af mjög orkufrekum tækjum. Kviknað hefur í af þeim sökum.

Nauðsynlegt er að vera viðbúin því að eldur geti kviknað á heimilinu með því að hafa grunnstoðirnar þrjár í eldvarnabúnaði til staðar og í lagi:

- Einn reykskynjari á hverri hæð og í herbergjum þar sem raftæki eru. Skipta þarf einu sinni á ári um rafhlöðu í reykskynjurum sem hafa 9 vatta rafhlöðu. Einnig þarf að gæta að því að líftími reykskynjarans sjálfs er 10 ár. Þá þarf að skipta honum út.
- Eldvarnarteppi á sýnilegum og aðgengilegum stað í eldhúsi en þó ekki of nærri eldavél.
- Yfirfarið slökkvitæki á aðgengilegum stað við útgöngu.

Njótum aðventunnar og jólahátíðarinnar. Höfum öryggið að leiðarljósi og kynnum okkur eldvarnir heimilisins nánar á vis.is eða í Handbók heimilisins um eldvarnir frá Eldvarnarbandalaginu.

Afruglaðar staðreyndir um RÚV

RÚV

Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

→ Aðalatriðið í umræðunni um RÚV er að skattfé sem lagt er til rekstursins er að aukast á milli ára. Þrátt fyrir það virðist sem rekstraraðilum félagsins sé um megn að reka það innan þeirra fjárheimilda sem til staðar eru.

Umræða um fjárhagsstöðu Ríkisútvarpsins (RÚV) fer hátt þessa dagana. Þannig mætti ætla, miðað við endurteknar yfirlýsingar stjórnar og stjórnenda stofnunarinnar, að nýsamþykkt fjárlög marki vatnaskil í starfsemi RÚV. Nýverið birti síðan vef- og nýmiðlastjóri RÚV samantektina „11 staðreyndir um RÚV“ sem ætlað er að renna stoðum undir þá afstöðu.

Útvarpsgjald

Í stuttu máli gefur samantektin til kynna að RÚV sé hlunnfarið í fjárlögum næsta árs, að ekki sé svigrúm til frekari hagræðingar, að tekjustoðir félagsins séu rýrar samanborið við ríkisfjölmiðla í nágrannaríkjum Íslands, að lækkun útvarpsgjalds muni skaða rekstur RÚV og sé á skjön við vilja almennings, og að núverandi stjórnendur ættu ekki að leysa úr meintum skuldavanda óstuddir þar sem hann megi rekja til fortíðarákvarðana. Þegar raunverulegar staðreyndir málsins eru skoðaðar blasir þó við að slíkar ályktanir væru á röngum rökum reistar:

- Greiðslur úr ríkissjóði til RÚV hækka um 3,5% milli fjárlaga áranna 2014 og 2015. Til samanburðar hækka greiðslur úr ríkissjóði til Landspítalans um 4,5% – sem ætla mætti að væri mun framar á forgangslista almennings.
- Launakostnaður á hvert stöðugildi hjá RÚV hækkaði um 13,3% á milli rekstraráranna 2013 og 2014. Til samanburðar var samið um 2,8% launahækkun á almennum vinnumarkaði í síðustu kjarasamningum.
- Heildarrekstrarkostnaður á hvert stöðugildi hjá RÚV hefur hækkað um 15% að raunvirði á síðustu þremur árum. Þessi hækkun hefur meira en vegið upp meinta hagræðingu vegna fækkunar stöðugilda á sama tímabili.
- Útvarpsgjald á hvert heimili á Íslandi er sambærilegt við það sem gerist í nágrannaríkjunum. Þannig er það hærra hérlendis en í Bretlandi, sambærilegt við Svíþjóð og litlu lægra en í Danmörku og Noregi. Hins vegar er Ísland eina landið í þessum hópi þar sem útvarpsgjald er innheimt óháð því hvort heimili eigi viðtæki sem geta móttekið útsendingar.
- Enginn af ríkisfjölmiðlum ofangreindra landa starfar á auglýsingamarkaði í samkeppni við einkaaðila. Árið 2014 hafði RÚV um þriðjung tekna sinna af auglýsingum, alls rúmlega 1,8 milljarða króna.
- Fyrirhuguð lækkun útvarpsgjalds kemur ekki niður á framlögum ríkissjóðs til RÚV, enda er gert ráð fyrir að samhliða lækkuninni renni gjaldið að fullu til stofnunarinnar, ólíkt því sem verið hefur allra síðustu ár.
- Lækkun útvarpsgjalds er skattalækkun sem hefur sömu áhrif og hækkun persónuafsláttar. Ef almenningur væri spurður hvort hann kjósi hærra útvarpsgjald eða auknar ráðstöfunartekjur verður að teljast líklegra að seinni kosturinn yrði fyrir valinu.
- Á móti skuldum RÚV er meðal annars stórt húsnæði og lóð. Efstaleiti 1 er 16.300 m², sem gerir 60 m² á hvert stöðugildi. Til samanburðar starfa 365 miðlar í 5.300 m² húsnæði en eru með fleiri starfsmenn en RÚV. Með sölu á hluta af lóðum og húsnæði er hægt að greiða megnið af skuldum félagsins án frekari ríkisaðstoðar.

Aðalatriðið í umræðunni um RÚV er að skattfé sem lagt er til rekstursins er að aukast á milli ára. Þrátt fyrir það virðist sem rekstraraðilum félagsins sé um megn að reka það innan þeirra fjárheimilda sem til staðar eru. Stjórn og stjórnendur RÚV ættu að líta í eigin barm og einbeita sér að því að gera rekstur fjölmiðilsins sjálfbæran í stað þess að eyða orku sinni í að reyna að hafa áhrif á úthlutun opinberra fjármuna. Treysti þau sér ekki til þess ætti að eftirláta öðrum verkið.

markhönnun ehf

nettó bæklur
Kræsingar & kostakjör
Gildistími 20 - 21. des. 2014
www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

RAFVÖRU MARKAÐURINN

LÁGVÖRUVERÐSVERSLUN VIÐ FELLSMÚLA

MIKIÐ ÚRVAL AF HANGANDI LJÓSUM

9.995KR

11.995KR

13.995KR

7.995KR

9.995KR

BETRA VERÐ

STÓRIR
19.995KR
LITLIR
12.995KR

9.995KR

19.995KR

14.995KR

12.995KR

STÓR
6.995KR
LÍTILL
3.995KR

14.995KR

8.995KR

STÓR
7.495KR
LÍTILL
5.995KR

12.995KR

RAFVÖRU MARKAÐURINN
Fellsmúli •108 Reykjavík •S:585-2888

OPNUNARTÍMI UM JÓLIN

Föstudagur	:	10-18	Mánudagur	:	9-20
Laugardagur	:	10-18	Þorláksmessa	:	9-21
Sunnudagur	:	11-18	Aðfangadagur	:	9-12

Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir

GEÐHEILBRIGÐI

GEÐORÐIN 10
Grein 3

Greinin er þriðja greinin af tíu í greinaröð jafn margra úrræða og/eða félaga á geðheilbrigðissviðinu á höfuðborgarsvæðinu um Geðorðin 10.

Sveinn Þorsteinsson
og Sigrún Vigdís Viggósdóttir
f. h. Hugarafls

➜ Enginn hefur náð einhverju endamarki þar sem ekki er þörf á frekari vexti og breytingum.

Lífið er skóli allt okkar líf. Hvers virði eru lífsgildin í lífi okkar ef við lærum aldrei neitt af okkar lífsins gönguför? Lífsgæði okkar og kostir hvers og eins eru ekki meðfæddir eða sjálfgefnir heldur lærðir og sjálfskapaðir með visku okkar að læra af lífi okkar sjálfra. Vöxtur og breytingar sem taka aldrei enda og eru sjálfsprottnar. Í þessum punkti viljum við leggja áherslu á að valdefling, sem er endurhæfing, er ekki áfangastaður heldur ferðalag og langtímanám. Enginn hefur náð einhverju endamarki þar sem ekki er þörf á frekari vexti og breytingum.

Nám er menntun; menntun og fræðsla eru alltaf af hinu góða fyrir hvern og einn. Menntun sem gefur af sér visku og þekkingu eyðir fordómum, fordómar þrífast best hjá þeim sem ekki lærir. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir og hafðu ávallt hugfast að líf þitt er skóli þinn og kennir þér það sem mikilvægast er, að læra á sjálfan þig.

Þetta styrkir þig í því að takast á við lífið og leysa þín dagsdaglegu verkefni, sem hverjum og einum er fólgið, hvern einasta dag. Okkur eru fengin misstór verkefni ásamt því að þau eru misþung verkefnin sem við tökumst á við og það kennir okkur einnig að forgangsraða verkefnunum í rétta röð sem skilar góðum árangri. Okkur ber ávallt að muna og hafa að leiðarljósi það sem við lærum fyrst, sem er að passa alltaf vel upp á okkur sjálf og það nauðsynlega heilbrigði sem er hin heilaga þrenning: góður samfelldur svefn, gott og hollt mataræði í hverri máltíð á hverjum degi og ástunda góða hreyfingu á hverjum degi. Mikilvægt er drekka mikið af vatni og sneiða eins og kostur er hjá sykri, kaffi og vímugjöfum.

Að vera jákvæður með létta lund í núinu á líðandi stund gerir öllum gott ásamt því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, einnig er gott að temja sér að hafa aðgát í nærveru sálar. Ég, þú og við öll við lærum svo lengi sem við lifum, við lærum það að við stöndum aldrei ein og um leið og við berum okkur eftir hjálpinni er okkur rétt hjálparhönd, kæri vinur.

Hreppaflutningar og hagsmunir fyrirtækja

ATVINNULÍF

Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

➜ Fyrir fyrirtækin í landinu er sérstakt áhyggjuefni þegar rætt er um að færa á milli landshluta eftirlits- og þjónustustofnanir sem sinna atvinnulífinu, án þess að nokkurt mat á kostnaðinum liggi fyrir.

Stefna ríkisstjórnarinnar um að flytja opinber störf út á land virðist framkvæmd af meira kappi en forsjá. Ákveðið var að flytja Fiskistofu til Akureyrar án þess að nokkuð lægi fyrir um hagkvæmni þeirrar ráðstöfunar. Flest bendir til að flutningur stofnunarinnar muni bæði kosta mikið og rekstur hennar verða dýrari fyrir norðan, til dæmis af því að starfsfólkið ætlar ekki með og það kostar mikið að ráða og þjálfa nýtt fólk. Þá hefur engin úttekt verið gerð á faglegum ávinningi flutningsins; hvort Fiskistofa muni geta rækt eftirlits- og þjónustuhlutverk sitt gagnvart atvinnulífinu jafn vel, betur eða verr en áður. Enginn hefur heldur spurt hvort það verði hugsanlega flóknara og dýrara fyrir sjávarútveginn að vera í samskiptum við stofnunina eftir flutning.

Þvert á hagræðingarmarkmiðin

Nú skjóta upp kollinum nýjar tillögur um flutning opinberra stofnana frá höfuðborgarsvæðinu, sem eru sama marki brenndar. Ekkert mat á kostnaði, rekstrarhagræði eða faglegum ávinningi liggur að baki óskalista um hreppaflutninga stofnana í þágu meintrar byggðastefnu.

Þetta er þvert á ákvæði stjórnarsáttmálans um aukinn aga og sparnað í ríkisfjármálunum, lækkun skatta og niðurgreiðslu skulda. Ríkisstjórnin stofnaði sérstakan hagræðingarhóp, sem á að „velta við hverjum steini“ í leit að möguleikum til að „hagræða og forgangsraða og auka skilvirkni stofnana ríkisins“. Á sama tíma starfa nefndir á vegum stjórnvalda við að gera tillögur um dýra og vanhugsaða flutninga stofnana landshorna á milli.

Það eru sanngirnisrök fyrir því að landsbyggðin eigi sinn hlut í opinberum rekstri. En þá er hugsanlega nær að setja nýjar stofnanir niður utan höfuðborgarsvæðisins en að flytja rótgróna starfsemi á milli byggðarlaga með tilheyrandi kostnaði og raski.

Áhyggjuefni fyrir fyrirtækin

Fyrir fyrirtækin í landinu er sérstakt áhyggjuefni þegar rætt er um að færa á milli landshluta eftirlits- og þjónustustofnanir sem sinna atvinnulífinu, án þess að nokkurt mat á kostnaðinum liggi fyrir. Verði afleiðingin sú að rekstur þeirra verði óhagkvæmari og dýrari eftir flutning, getur það þýtt þrennt fyrir fyrirtækin sem þurfa að leita til þessara stofnana.

Í fyrsta lagi getur orðið dýrara að vera í samskiptum við þær, einfaldlega vegna fjarlægða. Það er ástæða fyrir því að mikill meirihluti fyrirtækja landsins er staðsettur á suðvesturhorninu þar sem flestir búa og sama ástæða fyrir því að þar eru opinberar þjónustustofnanir settar niður.

Í öðru lagi er afar líklegt að með hærri rekstrarkostnaði verði tilhneigingin sú að hækka þjónustu- og eftirlitsgjöld á fyrirtæki. Þau eru nógu há og íþyngjandi eins og staðan er núna og engan veginn á þau bætandi.

Í þriðja lagi hefur þróunin verið sú hjá hinu opinbera undanfarin ár að hætta að rukka fyrirtæki um gjöld fyrir það eftirlit eða þjónustu sem raunverulega er látið í té og færa gjaldtökuna fremur yfir í skattheimtu, þar sem stofnunum eru markaðir tekjustofnar með því að gera fyrirtækjunum til dæmis að greiða ákveðið hlutfall af veltu í skatt. Dýrari rekstur opinberra eftirlitsstofnana hefði mjög líklega í för með sér hækkun á þessum sköttum.

Atvinnulífið á því heimtingu á að ekki séu teknar vanhugsaðar ákvarðanir um að flytja eftirlits- og þjónustustofnanir á milli landshluta án þess að fyrir liggi vönduð greining á hagkvæmni flutningsins, áhrifum á faglegt starf viðkomandi stofnunar og á hagsmuni þeirra sem þurfa eitthvað til hennar að sækja. Annað eru einfaldlega ekki boðleg vinnubrögð við framkvæmd opinberrar stefnu.

ROSENDAHL
COPENHAGEN

um morguninn

í vinnunni

eftir vinnu

um kvöldið

allan daginn

www.kunigund.is

KÚNÍGÚND
Laugavegi | Kringlunni

Gleðileg

MacBook Pro Retina 13" 256GB

Jólatilboð 248.990.- (Vörunúmer Z0RA)
Fullt verð **279.990.-**

MacBook Pro Retina 15" 256GB

Jólatilboð 328.990.- (Vörunúmer Z0RC)
Fullt verð **369.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar

PUNK - þráðlaus hátalari

Flottur þráðlaus hátalari frá SOL Republic. PUNK er smár, sterkur og urrandi hávaðasamur.
Verð **12.990.-**

Loop - hátalari

Glæsileg hönnun, tær og hreinn hljómur. AirPlay og PlayDirect tækni til að spila þráðlaust.
Verð **74.990.-**

Apple TV

Varpaðu myndefni og tónlist þráðlaust í sjónvarpið.
Verð **16.990.-**

Tigglys Shapes

Hjálpum þeim yngstu að þróa skilningarvitin, hreyfifærnina og rökhugsun. Fyrir iPad.
Verð **5.990.-**

Disney Creative Studio

Lærðu að teikna með aðstoð uppáhalds Disney persónum þínum. Fyrir iPad.
Verð **6.990.-**

Jax

In-ear heyrnartól

Festast vel í eyru, og eru því tilvalin fyrir íþróttafólk og fólk á hreyfingu.
Verð **6.990.-**

Hesh 2 - þráðlaus

Þráðlaus heyrnartól
Verð **16.990.-**

Jawbone UP move

Komdu þér í form og hafðu gaman að því. Þráðlaus hreyfinga skynjari.
Verð **11.990.-**

iPhone 6 / Plus

Hulstur og hlífar.
Frábært úrval.
Verð frá **4.990.-**

Wi-Fi ketill

Nú getur þú stillt í símanum hvenær þú vilt sjóða vatn á Smarter Wi-Fi katlinum. Fyrir iPhone.
Verð **19.990.-**

ZIPP

Hátalari

Léttur og einfaldur hátalari með innbyggðri rafhlöðu.
Verð frá **59.990.-**

Polar Loop - armband

Lifðu virku lífi með Polar Loop! Hann heldur utan um alla hreyfingu þína 24 klukkustundir á sólarhring alla daga vikunnar. Hann telur einnig skrefin þín, kaloríur og heldur utan um svefninn þinn.
Verð **16.990.-**

BEATS heyrnartól

Beats heyrnartólin eru án efa þau vinsælustu á markaðnum í dag.
Urbeats se, verð **18.990.-**
Solo^{2}, verð **37.990.-**
Studio, verð frá **59.990.-**

GoPro - myndavélar

Innbyggður snertiskjár
1080p60, 720p120fps
12Mpix ljósmyndun
Vatnsheld allt að 40m
Verð frá **74.990.-**

GoPro Aukahlutir

Ýmsir aukahlutir fyrir hina vinsælu GoPro myndavél.
30% afsláttur

epla jól

iPad Air 2

Verð frá **89.990.-**

Silfur - Gull - Dökkgrár

iPad mini

Verð frá **46.990.-**

Silfur - Dökkgrár

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

EPLI

Hvert viljum við stefna?

HEILBRIGÐISMÁL

Ingimar Einarsson
félags- og stjórnmálafræðingur ReykjavíkurAkademíunni

Árið 2012 samþykktu íslensk stjórnvöld ásamt öðrum aðildarríkjum WHO í Evrópu evrópska heilbrigðisstefnu til ársins 2020 (Health 2020). Stefnan felur í sér að ríki Evrópu vinna saman að því að bæta heilsu íbúanna, draga úr ójöfnuði, styrkja lýðheilsu og tryggja notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi, sem er um leið almennt, sanngjarnt og sjálfbært og uppfyllir ýtrustu gæðakröfur.

Á grunni þessarar stefnumörkunar og framtíðarsýnar hafa mörg ríki Evrópu þegar ráðist í gerð áætlana til að ná mikilvægum markmiðum í heilbrigðismálum. Evrópustefnan byggir á grunni fyrri stefnumótunar, svo sem „Heilbrigði allra árið 2000“ og Heilsa21 (Health21). Á Íslandi hefur ný heilbrigðisáætlun til ársins 2020 lengi verið í burðarliðnum en enn er óljóst hvenær eða hvort hún kemst í framkvæmd.

Hefðbundin uppbygging

Þegar litið er til sögu heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi er einkennandi hversu undirbúningur framkvæmda hefur tekið langan tíma. Hins vegar hafa mál yfirleitt gengið hratt fyrir sig loks þegar ákveðið hefur verið að hefjast handa. Gamli Landspítalinn, fjórðungssjúkrahúsin, Borgarspítalinn, heilsugæslustöðvarnar og síðar sameining heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni eru allt dæmi um framkvæmdir sem lokið var á skömmum tíma eftir að ákvarðanir voru teknar.

Í kjölfar sameiningar Landspítalans og Sjúkrahúss Reykjavíkur í Landspítala – háskólasjúkrahús um síðustu aldamót hefur staðið til að ráðast í byggingu nýs Landspítala. Um miðjan síðasta áratug ákvað þáverandi ríkisstjórn að 18 milljörðum af símapeningunum skyldi verja til verkefnisins og var allur undirbúningur kominn vel af stað þegar efnahagshrunið varð árið 2008. Frá þeim tíma hefur verið leitað logandi ljósi að öðrum möguleikum til að fjármagna bygginguna. Verkfræðistofur innan lands sem utan hafa metið byggingarkostnaðinn á bilinu 40-85 milljarða. Samt hefur trúverðug áætlun um uppbyggingu ekki enn séð dagsins ljós og í reynd hefur spurningunni um hvað varð af símapeningunum aldrei verið svarað.

Stöðumat

Alþjóðlegur samanburður sýnir að íslenska heilbrigðiskerfið hefur um áratugaskeið hvílt á traustum grunni, náð góðum árangri og starfsfólk þess verið vel menntað. Hin síðari ár hafa komið fram sterkar vísbendingar um að heilbrigðisþjónustan hafi dregist aftur úr því sem best gerist annars staðar. Ástæðurnar hafa einkum verið raktar til ónógra fjárveitinga, lélegra húsakynna, úrelts tækjabúnaðar, slæms vinnuumhverfis og lágra launa. Aðgangur að háþróuðum lækningatækjum, líftæknilyfjum og meðferðarúrræðum er nú meiri takmörkunum háður en áður var.

Forsvarsmenn Landspítalans hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að skapa starfsliði spítalans viðunandi vinnuaðstæður og tryggja öryggi og vellíðan sjúklinga. Einbýli sem áætluð eru á nýjum spítala munu til dæmis draga úr spítalasýkingum. Á óskalista spítalans eru sömuleiðis margvísleg lækningatæki, svo sem jáeindaskanni (PET/CT), sneiðmyndatæki, segulómtæki, aðgerðaþjarkar o.fl. Ný húsakynni og kaup og rekstur þessara háþróuðu lækningatækja krefst a.m.k. tímabundið aukinna fjárveitinga til spítalans. Til lengri tíma litið má hins vegar gera ráð fyrir fjárhagslegum sem faglegum ávinningi af nútímavæðingu þjóðarspítalans.

Áætlun til lengri tíma

Yfirstandandi launadeila lækna hefur varpað ljósi á að greinilega þurfi að endurskoða starfsemi heilbrigðisþjónustunnar og jafnvel hugsa einhverja þætti hennar upp á nýtt. Í löndunum í kringum okkur hefur undanfarin ár átt sér stað skipuleg uppbygging sjúkrahúsþjónustu og heilsugæsla hefur víða tekið stakkaskiptum. Í Danmörku nær til dæmis uppbygging nútímasjúkrahúsakerfis til 10-15 ára framkvæmdatímabils. Alls staðar eru þessar framkvæmdir tengdar víðtækri stefnumótun og langtímaáætlunum. Ef Ísland ætlar að eiga möguleika á að standa jafnfætis þessum löndum er mikilvægt að mótuð verði raunhæf framtíðarsýn og samhæfð framkvæmdaáætlun til a.m.k. eins til tveggja áratuga.

➜ Efling heilbrigðisþjónustunnar er einfaldlega spurning um forgangsröðun og gera þarf heilbrigðismálum jafnt undir höfði og öðrum helstu viðfangsefnum samfélagsins.

Við það verkefni þarf að leggja áherslu á eftirtalin atriði:

- Langtímastefnumótun heilbrigðisyfirvalda.
- Skilvirkt skipulag heilbrigðisþjónustu.
- Ýtrustu gæða- og öryggiskröfur.
- Virka þátttöku lækna og annars heilbrigðisstarfsfólks.
- Notendamiðaða heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Efling heilbrigðisþjónustunnar er einfaldlega spurning um forgangsröðun og gera þarf heilbrigðismálum jafnt undir höfði og öðrum helstu viðfangsefnum samfélagsins. Hafa ber í huga að gott heilsufar er ekki aðeins mikilvægt fyrir íbúana sjálfa heldur fyrir sérhvert þjóðfélag í heild sinni og efnahagsstarfsemi þess. Það eru því ekki góð tíðindi þegar Ísland hrapar niður listann hjá OECD þegar borin eru saman fjárframlög til heilbrigðismála. Ísland er nú í 22. sæti af 34 ríkum OECD. Er það mikil breyting frá því að vera áður á meðal þeirra efstu á listanum.

Fangelsismálayfirvöld ekki í takti við efnahag þjóðarinnar

EFNAHAGSMÁL

Vilhelm Jónsson
fjárfestir sem borgar skuldir sínar

Fangelsisbygging sem er að rísa á Hólmsheiði hefur að geyma 56 klefa þar sem flottræfilsháttur er hafður að leiðarljósi og ekki í neinum takti við efnahagslega getu, heldur skal látið stjórnast af óraunhæfum kröfum og sýndarmennsku þegar ríkissjóður á í hlut með skeytingarleysi hver raunveruleg fjárhagsleg geta er. Fyrri ríkisstjórn tókst í andarslitrum sínum ásamt hagsmunaöflum að þrýsta nýbyggingu af stað í krafti ábyrgðarleysis til að búa sér minnisvarða. Sé fjárhagsleg geta er ekkert að því að eiga flott rammgirt fangelsi jafnvel í amerískum stíl með turnum ásamt lúðrum til að þeyta ef einhver vill útskrifa sig sjálfur.

Það er umhugsunarefni að fangelsismálayfirvöld skuli réttlæta þessa framkvæmd upp á þrjá til fjóra milljarða sem leysir takmarkaðan vanda í ljósi þess að það eigi að loka öðrum plássum sem nemur helming af því sem þessi bygging veitir. Það mætti alveg álykta svo hvort ekki væri rétt að embættismenn sem fara með fjármuni með slíkum hætti yrðu ekki betur geymdir innan slíkra veggja í ljósi þess að samfélagið á í miklum fjárhagserfiðleikum hvert sem litið er.

Á biðlista eftir fangelsisvist eru nú um 500 manns. Aðeins lítill hluti af þeim hefur fengið dóm vegna ofbeldis- eða kynferðisbrota. Stærsti hópurinn er með dóm vegna umferðarlagabrota eða nytjatöku. Meirihluti biðlistans uppfyllir líklega skilyrði til að afplána dóm sinn með vægari hætti, eða samfélagsþjónustu. Það myndu flestir af þessum einstaklingum sem bíða eftir að sitja af sér viðkomandi dóm líklega ekki vilja afplána sína refsingu í rammgirtu fangelsi jafnvel þó svo að það sé í anda fimm stjörnu hótels. Ítrekað er búið að benda á ýmsar leiðir til að uppræta biðlista á einfaldan og ódýran hátt sem fangelsismálayfirvöld hafa hunsað með tómu yfirlæti.

Óskiljanlegt

Það er óskiljanlegt að fangelsisyfirvöld séu búin að lýsa yfir lokun kvennafangelsisins í Kópavogi ásamt fangelsinu á Skólavörðustíg sem nemur helmingi nýbyggingar á Hólmsheiði. Eðlilegast væri að opna fangelsi með sem ódýrustum hætti t.d. í anda Kvíabryggju sem myndi kosta innan við 10 prósent af núverandi nýbyggingu ásamt minni rekstrarkostnaði.

Yfirvöld geta náð milljörðum í ríkissjóð með sektargreiðslum við innköllun hundraða manna sem hafa fengið dóm til afplánunar sem oft og tíðum mætti leysa á einfaldan hátt, væri látið af þessu verklagi sem hefur viðgengist árum saman. Það getur engan veginn talist eðlilegt að afbrotamaður sé með refsingu hangandi yfir sér árum saman vegna úrræðaleysis fangelsismálayfirvalda. Til lítils er að dæma afbrotamenn til refsingar sem er síðan ekki fylgt eftir þar sem það er ekki hægt að sitja af sér dóma vegna plássleysis og síðan fyrnast dómar í skjóli dráttar. Þessi háttur er aðeins til þess að fleiri sjá sér leik á borði að fara á skjön við lög og reglur og hunsa sektargreiðslur. Ef fangelsismálayfirvöldum er svona annt um skjólstæðinga sína sem sumir hverjir eru ógæfu- og síbrotamenn þá hefði verið eðlilegra að veita fjármagni til eftirmeðferðar til að viðkomandi einstaklingar næðu festu til að fóta sig áfram í lífinu.

Íslenskt réttarkerfi vegna útrásarinnar virðist vera lítið annað en sjónarspil þegar um hvítflibba er að eiga og til lítils að Sérstakur rannsaki og rannsaki með máttleysismálsóknum sem síðan eru felldar niður vegna formgalla eða fyrninga, þar sem lög eru afbökuð með öllum tiltækum ráðum og sýndarmennskudómum í anda Simbabve. Því virðist öfugt farið þegar fella þarf dóm yfir hinum almenna borgara.

➜ Eðlilegast væri að opna fangelsi með sem ódýrustum hætti t.d. í anda Kvíabryggju sem myndi kosta innan við 10 prósent af núverandi nýbyggingu ásamt minni rekstrarkostnaði.

Stjórnvöld undangenginna ára hafa alltof oft látið stjórnast af óábyrgum hætti og væru eflaust betur geymd innan lokaðra veggja í rammgirtu fangelsi frekar en smákrimmar miðað við ábyrgðarleysi sem er viðhaft gagnvart ríkissjóði með glórulausum ákvörðunum og skuldsetningum. Því væri kannski best farið að breyta Alþingi á Austurvelli í hegningarhús í ljósi slíkra vinnubragða.

Eðlilegast væri að taka upp endurmenntun embættismanna stjórnsýslunnar í sið- og stærðfræði sem treysta sér ekki að vera í takt við efnahagsgetu ríkissjóðs. Í ljósi þess er lágmarkskrafa að stjórnvöld geri sér grein fyrir að fársjúkt fólk og ástvinir líða stórlega fyrir brenglaða forgangsröðun. Vinnusöm þjóð á meira og betra skilið en að þurfa nánast í hverjum fréttatíma að þurfa hlusta á spillingu sem viðgengst og grasserar hvert sem litið er.

visir.is

Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

DEBENHAMS

Gjafavörur

50%

AFSLÁTTUR AF:

- ÖLLUM DÖMUTÖSKUM FRÁ JASPER CONRAN
- ÖLLUM BARNAÚLPUM FRÁ JOHN ROCHA
- ÚRVALI AF NÁTTFÖTUM FYRIR DÖMUR
- AF ÖLLUM GJAFAPAPPÍR OG KNÖLLUM

30%

AFSLÁTTUR AF:

- ÖLLUM INNISKÓM FYRIR HERRA OG DÖMUR
- ÖLLUM NÁTTSLOPPUM FYRIR HERRA OG DÖMUR FRÁ JASPER CONRAN
- ÖLLUM LEÐURHÖNSKUM FYRIR HERRA OG DÖMUR
- ÖLLUM SEÐLAVESKUM FYRIR HERRA OG DÖMUR
- ÖLLUM HERRASKÓM

25%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BRJÓSTAHÖLDURUM, 2 Í PAKKA,TIL JÓLA!

MÖRG ÖNNUR TILBOÐ Í ÖLLUM DEILDUM!

GILDIR TIL JÓLA

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

Opið til 22 öll kvöld til jóla

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

HELGIN

Níels Thibaud Girerd, fjölmiðlamaður og gleðigjafi

Kaupir jólagjafir og selur gallabuxur

Ég er að fara að byrja á jólainnkaupum aldrei þessu vant, enda eru jólin núna á næsta leiti ef svo mætti að orði komast. Einnig fer ég í stúdentsveislu í dag, alltaf skemmtilegt að sjá vini sína klára þennan mikla áfanga. Ég er einnig að fara að taka aukavakt í fatabúðinni Levis þar sem ég vann aðra hvora helgi síðastliðinn vetur, enda tel ég að það sé einstaklega hollt og gott fyrir alla unga menn á uppleið að hafa selt gallabuxur í gegnum tíðina.

Ari Eldjárn uppistandari

Slekkur einhverja elda

Ég ætla nú að gera mest lítið, en ætli ég þurfi ekki að slökkva einhverja elda. Ég ætla að reyna að klára öll jólainnkaupin og reyna að slappa af, sem er eiginlega ómögulegt.

Sólveig Kristjánsdóttir, trommari Kælunnar miklu

Jólabingó og lestur

Ég er að vinna um helgina en ég fer líka í árlegt jólabingó stórfjölskyldunnar. Svo er ég boðin í tvær útskriftarveislur. Í frítímanum er ég að lesa 101 Reykjavík eftir Hallgrím Helgason.

Ragnheiður Gröndal tónlistarkona

Syngur á tónleikum

Ég ætla að syngja á tónleikum með Pálma Gunnarssyni í Eldborg á kvöld. Á morgun á ég frí og þá ætla ég á tónleika með Eivöru Pálsdóttur í Langholtskirkju.



MUNDU eftir að snúa virku hlið sængurinnar að líkamanum. Virka hliðin er með rauðum saumi og miða sem á stendur „Certified Space Technologi"

JAFN HITI gefur betri svefn. Temprakon var þróað til að halda jöfnum 37°C hita á á milli líkama og sængur alla nóttina. Það gefur þér rólegri og dýpri svefn.

BETRI RAKASTÝRING. Temprakon Advance tæknin og FRESH áklæðið viðhalda jöfnu hitastigi og um leið stýra rakajafnvægi milli líkama og sængur. Dregur úr nætursvita.

Í JÓLASKAPI Bjartur Beatur og þrjár raddir, þær Inga Þyrí Þórðardóttir, Kenya Kristín Emilíudóttir og Sandra Þórðardóttir ásamt Hurðaskelli skemmta gestum í miðborginni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rölt um í ljósadýrð

Síðasta helgi fyrir jól er runnin upp og fjöldi fólks á faraldsfæti í höfuðborginni. Verslanir verða opnar fram til klukkan tíu og veitingastaðirnir lokka. Tónlistarfólkið lífgar upp á stemninguna og rauðklæddir sveinar.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Búast má við að margir verði á ferli í dag og noti þessa síðustu helgi fyrir stórhátíðina í að rölta milli verslana og velja gjafir til sinna nánustu.

Höfuðborgin er í jólaskrúða, ljósin blakta yfir Laugavegi og öðrum strætum miðborgarinnar og skemmtikraftar dúkka upp á hinum ýmsu stöðum og gleðja hjörtu vegfarenda. Jólasveinar reka inn nefið hér og þar og jafnvel gæti geitin Jónas orðið á vegi vegfarenda.

Í Kringlunni verða jólatónleikar klukkan 18 og í Smáralind er boðið upp á barnapössun í Smáratívolíi til klukkan 20. Veðurstofan spáir breytilegri átt á höfuðborgarsvæðinu í fyrstu en vindur eykst þegar líður fram á daginn, aðeins bætist við snjóinn í byrjun en svo hlýnar og úrkoman verður að vætu.

→ Búðirnar í miðborginni verða opnar til klukkan 22 í kvöld og sömuleiðis í Kringlunni og Smáralind.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...

ÚT Í SNJÓINN og leiktu þér. Búðu til snjóhús, snjókarl eða byggðu virki og farðu í snjóstríð með fjölskyldunni. Njóttu þess að leika þér fjarri stressi og látum.

Á NÝJA PLÖTU SINDRA ELDON, Bitter & resentful, sem hefur fengið góða dóma og verið kölluð „teenage angst" eins og það gerist best.

HVAR ER MÓMÓ? sem er í anda Hvar er Valli? bókanna. Í bókinni eru raunverulegar ljósmyndir af hundinum sem felur sig í fjölbreytilegu umhverfi.

Á VANDRÆÐALEGA STÓRA JÓLAPÁTTINN hjá Loga Bergmann í kvöld, þar sem hann fær til sín vel valda og skemmtilega viðmælendur og býður upp á tónlistaratriði.

J. Frank Michelsen úrsmíðameistari, stofnandi Michelsen úrsmiða, á kontór sínum á Sauðárkróki, ca. árið 1920.

Úrsmiðir síðan 1909

Í fjórar kynslóðir hafa Michelsen úrsmiðir þjónustað Íslendinga af þeirri sérþekkingu og hæfni sem reynslan hefur kennt þeim og gengið hefur áfram innan fjölskyldunnar, mann fram af manni, kynslóð eftir kynslóð. Í tilefni 100 ára afmælis Michelsen úrsmiða árið 2009 voru Michelsen úr endurvakin eftir 70 ára hlé.

Reykjavík 64°N/22°W.

Vandað mekanískt sjálfvinduúrverk, 316L stálkassi með rispufríu safírgleri.
Svört, steingrá eða silfurlit skífa og 15 mismunandi handgerðar leðurólar í boði.
Úrin eru sérframleidd í númeruðu og takmörkuðu upplagi.

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegi 15 - 101 Reykjavík - sími 511 1900 - www.michelsen.is

JÓLASKREYTINGAR Julie, Michelle og Amelia eru hrifnar af íslenskum jólaskreytingum og þá sérstaklega jólaljósum. Þær halda þó í sína siði og föndra jólaskreytingar frá heimalandinu. Hér eru þær með survachka, vöndinn sem börnin í Búlgaríu búa til og flengja fullorðna fólkið með, ásamt jólastjörnunni sem föndruð er á Filippseyjum og hver fjölskylda skreytir heimili sitt með. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslensk jól eru undarlega þögul

Julie Okechi Anuforo, Michelle Jónsson og **Amelia Mateeva** segja frá fallegum hefðum og jólasiðum þjóða sinna þar sem samvera, kirkjuferðir og óskastundir skipa stóran sess. Íslensk jól færðu þeim jólaljós, hangikjöt, skötu, Grýlu og stress.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Michelle byrjar á því að segja okkur frá þeim jólasiðum sem hún ólst upp við á Filippseyjum en jólahaldið þar einkennist af mikilli samveru fjölskyldunnar og tíðum kirkjuferðum.

„Jólin eru mjög lengi í undirbúningi. Í raun byrja jólin í september. Þá er byrjað að syngja jólasöngva og huga að hátíðarhöldunum," segir Michelle og bætir við að svo fari allt í fullan gang níu dögum fyrir jól. „Frá 16.-24. desember er vaknað klukkan fjögur á nóttunni og farið í messu. Ef maður klárar þessa níu daga samviskusamlega þá getur maður óskað sér og óskin rætist."

Gjafir eru aukaatriði

Fjölskyldan kemur saman eftir messu og borðar morgunmat saman. Algengast er að hrísgrjón séu soðin í bambus og borðuð með eggjum og osti. Á aðfangadag er farið í messu seint að kvöldi og svo er jólamaturinn borðaður á miðnætti. Á veisluborðinu er að finna alls kyns góðgæti; grillað svínakjöt, nammi og ávexti. Michelle segir ekki alla gefa gjafir á Filippseyjum, eingöngu þá sem hafa ráð á því. „Gjafir eru ekkert aðalatriði heldur samveran. Á jóladag hittist öll fjölskyldan, börnin eru spariklædd og heimsækja alla ættingja, guðmæður og –feður. Stundum fá þau gjafir og þá helst pening. Það vekur upp spennu hjá þeim, að pening sé laumað í lófann þeirra af eldra fólkinu."

Engir jólafrídagar

Amelia er frá Búlgaríu en þegar hún var lítil var landið undir stjórn kommúnista sem hafði mikil áhrif á jólahaldið í landinu. „Kommúnistar voru ekki trúaðir og því voru jólin bara venjulegir dagar þegar ég var að alast upp. Allir krakkar fóru í skóla og fullorðnir í vinnu. Áramótin voru aftur á móti mun hátíðlegri en þá er hefð að börnin búi til vönd úr trjágreinum sem skreyttur er með helstu afurðum akuryrkju og ávaxtaræktar. Svo fara börnin með vöndinn og flengja fullorðna fólkið og syngja fyrir það lög og fá nammi eða pening," segir Amelia.

Töfrastund á jólanótt

Það hafa þó margir kristnar rætur í landinu og fjölskylda Ameliu hélt alltaf upp á jólin þrátt fyrir að frídagarnir væru fáir og hefðir fyrir jól voru í hávegum hafðar.

„Í 45 daga fyrir jól er fastað. Þá er ekki borðað kjöt heldur eingöngu grænmetisréttir. Réttina á að borða klukkan sjö, níu eða tólf. Því vikan er sjö dagar, meðganga er níu mánuðir og árið er tólf mánuðir. Hefðbundnir réttir eru súrkál fyllt með steiktum hrísgrjónum, paprikur fylltar með baunum, þurrkaðir ávextir, valhnetur og nóg af rauðvíni með," segir Amelia og sleikir út um þegar hún rifjar upp matinn á aðventunni. „Svo er bakað brauð eingöngu úr hveiti og matarsóda. Peningur er settur í brauðdeigið og það er talið boða mikla lukku að fá peninginn í sinn hlut."

Amelia segir gjafir ekki spila stórt hlutverk á jólunum. Töfrastundir barnanna felast í öðru. „Það ríkir hefð í Búlgaríu og sérstaklega úti á landi að ungir menn safnist saman og gangi um þorpið og syngi fyrir framan hús þorpsbúa. Sá söngur er talinn boða heilbrigði, hamingju og góða uppskeru. Aðalmálið er svo á miðnætti á aðfangadag en þá er því trúað að skýin opnist og þá eiga allar óskir að rætast."

Allir verða að fá ný jólaföt

Julie er frá Nígeríu. Eins og í hinum löndunum er snemma byrjað að undirbúa jólin. „Þetta byrjar í september þegar fólk fer að kaupa jólaföt. Það er nefnilega mjög mikilvægt að börnin fái ný jólaföt þannig að foreldrar fara snemma að líta í kringum sig."

Á jólunum snúa brottfluttir þorpsbúar heim og því er mikið um fagnaðarfundi. „Það er mikil stemning á aðfangadagskvöld. Þá eru allir úti að heilsa hver upp á annan, faðmast og spyrja frétta. Það er haldin glímukeppni og allir spila fótbolta. Svo lýkur kvöldinu á að allir fara í kirkju saman. Á aðfangadag koma allar fjölskyldur sér upp pálmatré við inngangin á húsum sínum, sem eru okkar jólatré. Pálmatréð táknar að allir séu velkomnir og að friður ríki á heimilinu."

Jólamaturinn gengur um húsið

Jóladagur er aðalhátíðisdagurinn. Þá er vaknað snemma og byrjað að matbúa. „Það fer eftir fjárhag fjölskyldunnar hvað er í matinn, hvort það er geit, hæna eða kýr. Nokkrum dögum fyrir jól er dýrið keypt og svo slátrað á jóladag. Það þýðir að margar fjölskyldur eru með lifandi kýr eða geit á heimilinu dagana fyrir jól."

Farið er í kirkju um ellefuleytið og svo er jólamaturinn borðaður í hádeginu. Um kvöldið er aftur farið á stjá úti við og keppt í fótbolta sem allir í þorpinu fylgjast með. „Jólin snúast mikið um að hitta sem flesta og fagna saman. Það var því mikið áfall fyrir mig að koma til Íslands og þurfa bara að hanga inni allan jóladag enda allar búðir lokaðar og enginn á ferli. Mér finnst ríkja undarlega mikil þögn á jólunum á Íslandi," segir Julie en jólaskreytingarnar á Íslandi lýsa upp jólin hennar. „Jólaljósin eru æðisleg. Svo finnst okkur hangikjötið gott en við notum það meira sem snakk með rauðvíninu heldur en með kartöflum og uppstúf."

> **„Það er mikil stemning á aðfangadagskvöld. Þá eru allir úti að heilsa hver upp á annan, faðmast og spyrja frétta. Það er haldin glímukeppni og allir spila fótbolta.**
>
> *Julie Okechi Anuforo um jólahefðir í Nígeríu.*

> **„Aðalmálið er svo á miðnætti á aðfangadag en þá er því trúað að skýin opnist og þá eiga allar óskir að rætast.**
>
> *Amelia Mateeva um jólahefðir í Búlgaríu.*

> **„Í níu daga fyrir jól er vaknað klukkan fjögur á nóttunni og farið í messu. Ef maður klárar þessa níu daga samviskusamlega þá getur maður óskað sér og óskin rætist.**
>
> *Michelle Jónsson um jólahefðir á Filippseyjum.*

Stórskrítin þessi Grýla

Það sem Michelle fannst skrítnast við íslensku jólin eru aftur á móti þrettán jólasveinar. „Svo fékk ég algjört sjokk þegar ég heyrði söguna um Grýlu sem étur börnin. Ég fékk bara áfall. Þar að auki finnst mér maturinn sem borðaður er á Þorláksmessu stórundarlegur. Úldin skata og ammóníakleginn hákarl. Mér finnst samt íslenskt vodka sem maður fær til að skola þessum ósköpum niður alveg æðislegt. Þegar ég kom fyrst til Íslands fékk ég heimþrá á jólunum því mér fannst hátíðin vera svolítið einmanaleg og allir í sínu horni. Á Filippseyjum er töluvert meiri hávaði og allt opið á jóladag svo fjölskyldur geti gert eitthvað skemmtilegt saman. Hér á Íslandi er bara 10/11 opið og því höfum við opið hús hjá okkur og bjóðum öllum sem vilja í mat og drykk."

Engin jól án skötu

Amelia segist aftur á móti njóta þess að vera heima í rólegheitunum hér á Íslandi en hún hefur örlitlar áhyggjur af stressinu í jólaundirbúningnum. „Mér finnst stressið í Íslendingum bara versna ár frá ári, enda gefur fólk allt of mikið af gjöfum." Amelia á búlgarskan mann og hefur búið á Íslandi í 23 ár. Á þeim tíma hefur fjölskyldan tekið upp fjölmarga íslenska siði. „Það eru ekki jól án skötu á Þorláksmessu. Mér finnst skatan æðisleg. Svo borðum við hamborgarhrygg, hangikjöt, laufabrauð og allt þetta hefðbundna. Svo finnst mér íslensku jólasveinarnir alveg frábærir og þegar börnin voru yngri var ég alltaf jafn spennt að setja skóinn þeirra út í glugga."

Jólin koma
með Kjörís

Brandenburg

Bestir í kjöti
Úr kjötborði

Nóatúns hamborgarhryggur

1698 kr./kg

Einnig til léttsaltaður, tilbúinn í ofninn

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

17% afsláttur

Hátíðarlambalæri Nóatúns 2014

2799 kr./kg

~~3398 kr./kg~~

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

15% afsláttur

Grísahryggur m/pöru

1099 kr./kg

~~1298 kr./kg~~

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

15% afsláttur

Andabringur, berberi

3398 kr./kg

~~3998 kr./kg~~

15% afsláttur

Grísalæri

988 kr./kg

~~1098 kr./kg~~

Aðeins íslenskt kjöt í kjötborði

Driscolls jarðarber, 250 g

699 kr./pk.

NÝTT

Sérlagað ávaxtahlaup sem dregur fram það besta úr hverjum osti.

Folies ávaxtahlaup, 85 g

Eplahlaup með chili tón fyrir Brie
Apríkósu- og kúmenhlaup fyrir Camembert
Bláberjahlaup með timjan fyrir aðra kúaosta
Peruhlaup með valhnetum og hunangi fyrir blámygluosta

499 kr./stk.

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

22. desember	Mánudagur	Opið 8-24
23. desember	Þorláksmessa	Opið 8- 24
24. desember	Aðfangadagur	Opið 8-15
31. desember	Gamlársd.	Opið 8-16
1. janúar	Nýársdagur	Lokað

Rauð og græn vínber

979 kr./kg

Gott ostakex

Farmhouse ostakex, Cheese & Chive, 100 g

429 kr./pk.

Hangikjötsborðið okkar er opið alla daga til jóla

Húsavíkur úrbeinað hangilæri

3998 kr./kg

Lambahryggur

2298 kr./kg

Ferskur kalkúnn

1998 kr./kg

Ísfugl, fersk kalkúnabringa

2899 kr./kg

~~3498 kr./kg~~

25. desember Jóladagur Lokað | 26. desember Annar í jólum Opið 11-24

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Þroskaðist á Litla-Hrauni

Í sjö ár hefur **Margrét Frímannsdóttir** gegnt embætti forstöðumanns Fangelsisins Litla-Hrauni. Hún segir starfið gjöfult og þroskandi og er í stöðugri baráttu fyrir vistmenn sína. Skólastarfið á Litla-Hrauni segir hún öllu máli skipta í betrun og endurhæfingu fanga og stundum vinnast þar ótrúlegir sigrar. Í ár lærði ólæs drengur að lesa á Litla-Hrauni og fékk 9,2 á íslenskuprófi.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is

Það er verið að skreyta fyrir jólin á Litla-Hrauni. Stórar málaðar viðarskreytingar prýði veggi og hlið og risavaxið jólatré verður reist á miðju torginu. Margrét er stolt af vistmönnum sem leggja mikið upp úr því að gera umhverfið vistlegt um jólin. Hún hefur leitt blaðamann um fangelsið og frætt hann um mikilvægt skólastarf sem þar fer fram. Nýafstaðin eru próf og margir fanganna hafa fengið einkunnir sínar. Flestir hafa staðist þau með ágætum.

Á skrifstofu Margrétar eru ljósmyndir og bréf frá þakklátum föngum í hillum og á veggjum. Á einni ljósmynd má líta einn þeirra sem ber stúdentshúfu og stendur stoltur með fjölskyldu sinni, konu og ungu barni. „Ég fæ mikið af bréfum og myndum sendum til mín. Þeir eru svo margir sem hafa staðið sig vel."

Í desembermánuði hefur Fréttablaðið fjallað um menntamál fanga sem líða fyrir fjárskort. Búið er að skera niður stöðu náms- og starfsráðgjafa í fangelsinu, þá er mikill munur á aðstöðu fanga til náms eftir því hvar þeir afplána og íslensk stjórnvöld standast ekki þær alþjóðlegu skuldbindingar sem þau hafa gengist undir.

Brosið fer ekki af þeim

Margrét segir það mundu hafa mikil og víðtæk áhrif væri betur stutt við menntamál fanga. „Það myndi hafa mjög góðar víðtækar afleiðingar, ekki bara fyrir þá heldur okkur öll. Það hefur sýnt sig að margir sem stunda nám hér halda áfram þegar þeir koma út. Þegar þeir eru einu sinni búnir að átta sig á því að þeir geta lært þá vilja þeir halda áfram og verða betri þegnar í samfélaginu." Hún segir gjöfult að fylgjast með því þegar þeir uppgötva fyrst að þeir geti lært. „Stór hluti fanga hefur flosnað upp úr námi í grunnskóla. Þegar þeir hafa áttað sig á því að þeir geta lært, sem er oft þegar þeir hafa náð fyrsta prófinu sínu, þá fer brosið ekki af þeim."

Skilningur hefur aukist á mikilvægi skólastarfs í fangelsum og námi sem betrun að mati Margrétar. Þó vantar upp á að sá skilningur skili sér í fjárstuðningi. „Nú er ég að berjast fyrir því að fá náms- og starfsráðgjafa aftur í fulla stöðu. Það breytti svo miklu að fá slíkan ráðgjafa árið 2007. Þetta er allt spurning um forgangsröðun, við erum kannski ekki komin ofarlega á listann en skilningur hefur aukist mikið fyrir námi sem betrun. Það er alveg ljóst að nám dregur úr endurkomutíðni."

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Stór hluti fanga hefur flosnað upp úr námi í grunnskóla. Þegar þeir hafa áttað sig á því að þeir geta lært, sem er oft þegar þeir hafa náð fyrsta prófinu sínu, þá fer brosið ekki af þeim.**

> **Við erum smátt og smátt að uppgötva að það er stór hópur sem kemur í fangelsi sem er ólæs eða með engan lesskilning. Þeir geta ekki lesið sér til gagns. Það hefur heldur ekki verið horft á það í fjárveitingum.**

> **Nú, sjö árum eftir að ég kom hingað, þá finnst mér starfið enn þá jafn gefandi. Jafnvel enn meira, maður öðlast alltaf meiri skilning og þroska. Ég hef þroskast mikið á Litla-Hrauni.**

Fá metnað fyrir börn sín

Áhrif náms fanga eru víðtækari. Þau ná til fjölskyldu hans. „Við erum kannski með vistmann hér sem sér að hann getur lært og hann á kannski sjálfur ungling sem á erfitt með nám. Um leið og vistmenn hér fá metnað fyrir sjálfa sig, þá fá þeir líka metnað fyrir börnin sín. Að þau leggi rækt við námið og fái þá þjónustu sem þeim ber í grunnskólum. Þjónustu sem þeir fengu ef til vill ekki þegar þeir voru sjálfir börn. Þetta skiptir mjög miklu máli."

Ríkið verslar ekki nægjanlega mikið við Litla-Hraun

Meginmarkmið Margrétar er að sjá til þess að vistmenn fái rúm til betrunar. Það gerir hún með því að veita vistmönnum atvinnu og tækifæri til náms. „Það sem við þurfum að hafa til staðar í hverju fangelsi er framboð af vinnu og framboð af námi. Hlutverk stjórnvalda er að skapa aðstæðurnar, að sjá til þess að tækifærin séu til staðar. Við erum alltaf að leita að verkefnum fyrir vistmenn hér. Við erum í góðu samstarfi við Íslenska gámafélagið, þar sem er verið að hirða úr gömlum tækjum endurnýtanlega málma, við höfum líka fengið verkefni frá Landvörslu ríkisins þar sem við erum að skanna inn myndasafnið þeirra. Við höfum líka hreinsað vegastikur, hreinsað þær og endurmerkt. Við erum alltaf að ná okkur í lítil verkefni. Það er ekki nóg af þessum verkefnum. Við misstum í hruninu frá okkur verkefni og það er ekki nægjanlega ríkur vilji hjá ríkisstofnunum eða hálfopinberum stofnunum að versla við okkur húsgögn sem við smíðum. Við megum ekki auglýsa, sem er algjörlega fáránlegt. Þetta er endurhæfing og ekki samkeppni, það ætti að líta á það á þann hátt." Námi á Litla-Hrauni hefur líka verið breytt töluvert til að skapa fleiri tækifæri. Nú geta fangar skráð sig í nám hvenær sem þeir koma til afplánunar. Námsráðgjafinn fyrrverandi kom þessu til leiðar.

Lærði að lesa í fangelsinu

Bakgrunnur þeirra sem koma til afplánunar er oft sá að þeir hafa flosnað upp úr grunnskóla á barnsaldri. Því er að mörgu að huga þegar hugað er að námi. Margrét segir stóran hóp sem kemur í fangelsi til afplánunar ólæsan eða með engan lesskilning. Hún segir sögu ólæss drengs sem lærði að lesa í fangelsinu og tók íslenskupróf í haust. Hann fékk 9,2 í öðru þeirra.

„Við erum smátt og smátt að uppgötva að það er stór hópur sem kemur í fangelsi sem er ólæs eða með engan lesskilning. Þeir geta ekki lesið sér til gagns. Það hefur heldur ekki verið horft á það í fjárveitingum. Ég fékk hins vegar styrk úr sjóði sem ég sótti um og í framhaldi af því höfum við verið með lestrarnámskeið í gangi allt þetta ár sem hafa verið að skila ótrúlegum árangri. Einn drengur sem var stautandi og hafði engan lesskilning fór á lestrarnámskeið í janúar á þessu ári. Í maí gat hann lesið upp úr AA-bókinni á fundum. Í haust tók hann svo sitt fyrsta próf í íslensku, þá átti hann að lesa fjóra kafla og taka krossapróf. Hann tók tvö próf. Í öðru fékk hann 8,6 og hinu 9,2."

Hún segir sögu þessa drengs dæmigerða. Margir ungir drengir flosni upp úr námi og fari með brotið sjálfstraust út í samfélagið. „Þessi drengur átti mjög erfiða æsku, á einhverjum tímapunkti lætur samfélagið sig ekki varða um það að hann á erfiða æsku. Þótt öllum hafi verið það ljóst. Hann hefur fengið nokkra dóma og hefur aldrei getað lesið þau gögn sem hann skrifaði undir. Þetta er óskapleg hefting fyrir einstakling að geta ekki lesið sér til gagns. Mér finnst þetta svo mikill sigur, honum finnst það líka. Þetta eykur sjálfstraustið og von um að það sé hægt að gera eitthvað annað. Það að það sé hægt að læra og stunda vinnu og afla sér einhverra réttinda. Í því samhengi þurfum við miklu meira verknám og við þurfum aðstöðu fyrir það." ▶

Gefðu fallega hönnun úr Módern

KÄHLER
DANISH DESIGN SINCE 1839

Urbania kertahús frá Kähler / Verð frá **6.490 kr.**

NÝ SENDING
AF OMAGGIO
VÖSUM KOMIN

Lovesong vasar / Verð frá 5.490 kr.

Omaggio vasar / Verð frá 3.990 kr.

Urbania kertahús / Verð frá 6.490 kr.

Avvento kertastjakar / Verð frá 2.990 kr.

Omaggio kertastjakar / Verð frá 3.890 kr.

Cono kertastjakar / Verð frá 3.290 kr.

OPIÐ:
Laugardag 20. des. 11–18
Sunnudag 21. des. 11–18

MÓDERN

MÓDERN ▪ HLÍÐASMÁRA 1 ▪ 201 KÓPAVOGUR ▪ 534 7777 ▪ modern.is

PIPAR\TBWA - SÍA

MENNTAMÁL FANGA

1 2 3 4

ÓLÆSI, BROTTFALL ÚR FRAMHALDSSKÓLA OG STARFSNÁM

3 ár Lagt er til í hvítbók um umbætur í menntun að nám til stúdentsprófs miðist við þriggja ára námstíma og að starfsnám verði stytt. Styttra starfsnám mun gagnast föngum vel því þeir geta þá unnið að tækifærum sínum á meðan þeir afplána.

21% íslenskra nemenda nær ekki lágmarksviðmiðum í lestri.

Árangur íslenskra nemenda í lesskilningi hefur versnað síðastliðinn áratug og mælist nú undir meðaltali OECD-ríkja.

44% nemenda tekst að ljúka námi úr framhaldsskóla á tilsettum tíma. Stefnt er að því að ná þessu hlutfalli í 60%. Stór hópur fanga nær ekki að komast í framhaldsskóla og flosnar upp úr námi í grunnskóla.

30% Á Íslandi er hlutfall fullorðinna án framhaldsskólaprófs hið fimmta hæsta meðal OECD-ríkja, eða um 30%. Bent hefur verið á að þetta háa hlutfall fólks án framhaldsskólamenntunar geti haft alvarlegar efnahagslegar og félagslegar afleiðingar.

27% nemenda innritast á almennar brautir í íslenska framhaldsskóla. Um 60% nemenda innritast beint á stúdentsnámsbrautir en einungis 14% á starfsnámsbrautir. Innan Evrópusambandsins innritast um 50% nemenda á starfsnámsbrautir.

▶ Sérgreiningar og engin þjónusta

Hún segir vandann vinda upp á sig í skólakerfinu og gagnrýnir skort á þjónustu til þeirra drengja sem hafa fengið greiningar en lítið sé brugðist við.

„Margir flosna upp úr skóla 12-14 ára gamlir, eru þá jafnvel komnir í einhverja neyslu. Ég hef fengið foreldra drengs sem var í námi hér til mín. Þau sýndu mér möppu sem var full af alls kyns greiningum á barninu. En ekki á neinum tímapunkti hafði hann fengið neina sérþjónustu, þrátt fyrir allar greiningarnar. Ég held að hver kennari sé ofhlaðinn, með svo mörg börn í bekk og oft erfiða bekki þar sem eru margir sem þurfa á séraðstoð að halda. Þessar sérgreiningar skila sér ekki í þjónustu. Margir hér hafa upplifað skólann sem neikvæðan þátt í sínu lífi. Skólagangan hefur einkennst af höfnun. Hér finna þeir fyrir umhyggju og hlýju, fá hvatningu frá kennurunum. Við höfum verið heppin með kennara frá Fjölbrautaskólanum. Þeim er hjálpað að finna eitthvað sem þeir ráða við til að yfirstíga þennan þröskuld að byrja í skóla."

Friðhelgur staður

Fangarnir bera mikla virðingu fyrir skólastarfinu og gæta þess að friður sé um það. „Það eru undantekningartilvik að það gerist eitthvað slæmt í skólanum hér. Það er eins og þeir beri virðingu fyrir honum. Þetta er friðhelgur staður. Þetta skiptir þá gríðarlega miklu máli og auðvitað er varla hægt að lýsa því hvað þetta skiptir miklu máli í betrunar- og endurhæfingarstarfi. Við leggjum mesta áherslu á skólann, bæði hér og á Sogni."

Hún segir þá fanga sem ákveða að læra hafa fyrir því. „Það er ekkert gefins í þessu samfélagi. Við erum upptekin af því að allir hlutir eigi að koma upp í hendurnar á okkur, margir vistmanna hugsa þannig líka hér. En það er ekki þannig með námsmenn á Litla-Hrauni. Það er einstaklingurinn sem ræður því hvað hann gerir hér. Hvað hann ætlar að gera við tímann. Ætlar hann að láta hann líða og koma aftur inn, takast ekki á við líðandi stund? Þeir sem virkilega leggja á sig í námi og eru í því af heilum hug, það sýnir sig að þeir eru að eygja aðra möguleika."

Mikið eftirlit

Mikið eftirlit er með föngum í námi. Öll tölvunotkun og samskipti eru skimuð. Enginn vistmaður kemst upp með að vera í námi án þess að leggja sitt af mörkum. Margrét segir enda mikið í húfi. „Það er rangt að menn hafi skráð sig í skóla bara til þess að fá meiri útivist eða fá greitt. Ég fæ í hverri einustu viku yfirlit frá kennurum um ástundun, þá fæ ég afrit af öllum tölvupóstum, tölvunotkun og verkefnum sem er skilað. Menn fá svo bara greitt í takt við mætingu og ástundun. Það verður að vera mikið eftirlit, þetta skiptir svo miklu máli að það má ekkert út af bregða."

Hún segir marga taka stórt stökk í þroska í námi. „Þetta eykur sjálfstraust þeirra og þroska. Þú getur kannski fengið fanga inn sem er þrítugur í árum talið en að tala við viðkomandi er eins og að tala við fjórtán, fimmtán ára gamlan ungling. Þetta breytist oft mikið í námi. Á meðan fangar stundar nám þá breytast viðhorf gagnvart fjölskyldu, samfélagi og gagnvart sjálfum þeim. Ég finn að margir eiga þá líka auðveldara með að horfast í augu við það sem þeir hafa gert og taka ábyrgð á því."

Gefandi starf

Starfið segir hún bæði gefandi og erfitt. Þegar hún var á vígvelli stjórnmálanna hlakkaði hún ekki mikið til að fara í vinnuna. Nú hlakkar hún til að morgni hvers dags. „Þetta er ótrúlega gefandi starf. Það tekur heilmikinn toll af manni líka, en það eru ákveðin forréttindi að vakna á hverjum morgni og hlakka til að fara í vinnuna. Ég þekki vel annan vinnustað þar sem ég var hætt að hlakka til," segir hún og brosir. „Það er mikil breyting fyrir mig. Nú, sjö árum eftir að ég kom hingað, þá finnst mér starfið enn þá jafn gefandi. Jafnvel enn meira, maður ödlast alltaf meiri skilning og þroska. Ég hef þroskast mikið á Litla-Hrauni," segir Margrét og skellir upp úr.

VANTAR VERKEFNI Fangar smíða húsgögn og fleira til þess að skapa sér atvinnu. Margrét stendur hér við jólaskraut sem fangar smíðuðu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Allir hafa hæfileika

Margrét eygir alltaf eitthvað gott í hverjum þeim sem kemur til afplánunar. „Þetta eru manneskjur. Ég er bara sannfærð um það að langstærstur hluti þeirra sem koma hingað inn á eitthvað gott í sér. Það er okkar að vinna úr því, draga það fram og að það verði ríkjandi og ráðandi í þeirra fari. Það hafa allir hæfileika, það er líka okkar að finna þá og rækta. En ég lít ekki á það sem mitt hlutverk endilega að það sé allt rétt upp í hendurnar á þeim. Þeir þurfa að hafa fyrir hlutunum og læra að á hverjum einasta degi þá þurfum við að hafa fyrir einhverju og takast á við eitthvað."

Kíktu til okkar í kaffi – við tökum vel á móti þér í verslunum okkar

Guðrúnartúni 10, Reykjavík
Mánudaga til föstudaga frá 8 til 17

Tryggvabraut 10, Akureyri
Mánudaga til föstudaga frá 8 til 17

advania.is/jol

advania
Welcome to IT

Draumagjöfin
sem mýkist ár eftir ár

Birki rúmföt
Jólatilboð 9.990 kr

Krummi rúmföt
Verð 12.890 kr

Áttablaðarós rúmföt
Verð 12.890 kr

Ástartré rúmföt
Verð 13.490 kr

Biðukolla rúmföt
Jólatilboð 10.980 kr

Hrafnaþing rúmföt
Verð 13.490 kr

Fífan rúmföt
Jólatilboð 9.990 kr

Hreindýr rúmföt
Verð 13.490 kr

Stráin rúmföt
Verð 14.990 kr

Opnunartími

Reykjavík opið til kl 20 alla daga til jóla
Akureyri opið til kl 22 alla daga til jóla

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Glerártorgi Akureyri Sími 533 2220 www.lindesign.is

SLEÐAFERÐ Prír sleðahundar draga Barböru og Adam, sem sitja á Stiga-sleða, um Sogaveginn.

JÓLAEFTIRVÆNTING Börn í Hlíðaskóla leika sér í snjónum og eru farin að telja niður í jólin.

SNJÓGLEÐI Konur frá Manchester sem dvelja í Reykjavík yfir jólin urðu ekki fyrir vonbrigðum með veðrið.

JÓLAKLIPPINGIN Á hárgreiðslustofunni Gresiku var margt um manninn enda góður siður að gera sig fínan um hárið fyrir jólin.

LÍÐA FER AÐ JÓLUM

Jólasnjórinn eykur svo sannarlega á eftirvæntinguna fyrir jólunum. Draumar erlendra ferðamanna um hvít jól rætast, börnin fá útrás fyrir tilhlökkun með leik í snjónum og borgin skartar sínu fegursta í jólaljósunum. **Gunnar V. Andrésson,** ljósmyndari Fréttablaðsins, fór á stjá og festi stemninguna á filmu.

SJÁLFSMYND Tveir hressir ferðamenn nældu sér í sjálfsmynd með íslenskum jólasveinum.

Vinsælasta unglingabók landsins

2. PRENTUN KOMIN

1 BÓKSÖLU LISTINN UNGMENNA-BÆKUR 08.12–14.12.2014

„... Hann kann þá list að tala til ungra lesenda á máli sem þeir skilja og þá um hluti sem skipta þá máli, ... sannfærandi saga af unglingum sem lenda í ævintýralegum erfiðleikum ... [persónurnar] eru forvitnilegar hver fyrir sig og sannfærandi.“

Árni Matthíasson / Morgunblaðið

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

ALLT TIL JÓLANNA Í HAGKAUP

Franskur Brie, 1 kg

Chili sulta, sultaður rauðlaukur og berjasulta
Smellpassar með ostunum.

The fine cheese co.
Sælkerakex fyrir allar tegundir osta!

FERSKT með FLUGI

Geitaostar í úrvali!

FERSKT með FLUGI

Franskir truffluostar
Mikið úrval!

998kr/stk

Häagen-Dazs ís

NÝTT Á ÍSLANDI!

1.999kr/stk

Tonitto Il Panettone
Ísfyllt Panettone beint frá Ítalíu. 1 kg.

NÝTT Í HAGKAUP!

1.299kr/pk

Sörur
Þessar einu sönnu. 450 gr.

Duni jólaservíettur

Jólastafir

Hátíðakaffi frá Kaffitár

LÍFRÆN ÍTÖLSK HRÁSKINKA OG SALAMI

frá Ítalíu!

Gildir til 27. desember á meðan birgðir endast.

24 Hagkaup

OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUPS HAMBORGARHRYGGUR

SALTMINNI HRYGGUR!

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!

1.999kr/kg

449kr/stk

Hagkaups Hamborgarhryggur
Sérvalinn af fagmönnum úr nýju hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðamaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.

Gljái fyrir hamborgarhrygg

Hagkaups hangikjötið
Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

2.899kr/kg

Hátíðalambalæri
Léttreykt með bláberjum og einiberjum.

Stór humar í úrvali
Stærð 7-9, stærð 9-12 og blandaður súpuhumar.

899kr/stk

Skosk rjúpa
Rjúpan er bragðmikil villibráð, kjötið dökkt, fínlegt og mjúkt. Mikilvægasti þátturinn við matreiðslu á rjúpu er sósan. Galdurinn við gerð góðrar rjúpusósu er að sjóða kraft af beinum rjúpunnar og afskurði.

file 11.999kr/kg

lundir 13.999kr/kg

Hreindýralundir og file
Hreindýrakjöt er dökkt með sterku villibráðabragði. Það má segja að kjötið sé sjálfmarinerað því hreindýrið lifir á sterkum jurtum. Þýðingarmesti þátturinn við matreiðslu á hreindýrakjöti er að ofelda það ekki.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Harðjaxlinn með stóra hjartað

Starf **Gísla Rafns Ólafssonar** sem yfirmaður neyðarmála hjá NetHope felst í að mæta fyrstur á svæðið þar sem hörmungar geisa. Frá því í haust hefur hann barist við útbreiðslu ebólu og er útnefndur maður ársins hjá Time fyrir framlag sitt.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

FIMM BARNA FAÐIR OG AFI Gísli hefur verið á flakki um heiminn meirihlutann af árinu. Hann segir fjölskylduna hafa vanist þessu fyrir löngu og er hann þakklátur fyrir stuðninginn sem þau hafa veitt honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gísli er í stuttu stoppi á Íslandi. Hann hélt að hann væri kominn í jólafrí en fékk svo boð um að fara út til Gana aftur en þaðan er hjálparstarfinu í Líberíu, Síerra Leóne og Gíneu stýrt. Hann kemur aftur heim seinnipartinn á Þorláksmessu en segist ekkert velta sér upp úr því enda vanur útköllum allt árið um kring og virðist taka því með miklu æðruleysi. Síðustu fjögur árin hefur Gísli starfað fyrir samtök sem heita NetHope. Þau einbeita sér að tækni- og upplýsingamálum í neyðaraðstoð og þjónusta 42 hjálparsamtök með 200 þúsund starfsmenn víðs vegar um heiminn.

„Þegar það verða hörmungar í heiminum þar sem þörf er á að bæta upplýsingaflæði og samskipti þá komum við og styðjum við bakið á okkar meðlimum. Ég fer oftast á sjálft svæðið og stjórna öllum aðgerðum sem tengjast þessum málum," útskýrir Gísli, sem hefur síðastliðna mánuði starfað meira og minna í Vestur-Afríku. „Ebólan hefur grasserað á mjög dreifðum svæðum og því er mikilvægt að bæta upplýsingaflæðið þaðan."

Gísli segir útnefningu Time vera mikla viðurkenningu fyrir starfið sem er unnið en fjórir aðrir Íslendingar eru einnig útnefndir ásamt hjálparstarfsmönnum víða að úr heiminum. „Hin fjögur starfa mun meira í eldlínunni en ég. Ég er meira í baklandinu að hjálpa til með að samhæfa aðgerðir en þau hafa verið með sjúklinga í höndunum og leggja líf sitt í hættu. Okkur í baklandinu finnst svakalegur heiður að geta stutt við fólkið í framlínunni."

Bannað að takast í hendur

Gísli var fyrst beðinn um að fara til Líberíu á vegum Bandaríkjastjórnar til að gera úttekt á fjarskiptamálum þar. Hann dvaldi í höfuðborginni þar sem ebólan hefur verið að gjósa upp í fátækrahverfunum og útbreiðslan því afar hröð.

„Líkurnar á að smitast eru samt ekki sérlega miklar. En vandamálið úti er að fyrst eftir að fólk veikist þá er fjölskyldan að hjúkra því. Fólki fer að blæða, er með uppköst eða niðurgang og smitleiðin er í gegnum líkamsvessa. En helsta smitleiðin er þegar aðstandendur þrífa lík ástvina sinna, en það tíðkast að gera áður en þau eru grafin. Þá eru líkamsvessar að koma út og smithætta mikil."

Gísli hefur aldrei óttast að smitast enda passar hann sig vel. Hjálparstarfsmönnum er bannað að takast í hendur og allir eru duglegir að nota handsprittið. „Í rauninni er þessi vírus auðdrepanlegur fyrir utan líkamann, til dæmis dugar klórvatn til að drepa hann. En eins og í Líberíu var 51 læknir fyrir fjórar milljónir manna og það voru fjórir sjúkrabílar. Heilbrigðiskerfið er bara á núlli og þar af leiðandi þarf svo lítið til að hlutirnir nái að fara út um allt. En reynt er að takmarka ferðalög fólks og í sumum þorpum er fólk orðið mjög meðvitað og segir ferðalöngum sem ekki eiga heima á svæðinu að fara burt. Fólkið sjálft er besta vörnin og þar sem samfélagið tekur að sér að setja aðstandendur sjúklinga í sóttkví, hugsa um að gefa þeim að borða og halda þeim frá öðrum í 21 dag, þar hefur gengið best að útrýma ebólunni."

> **Ég uppgötvaði fljótt að ég væri ekki fljótastur að hlaupa upp fjöllin en góður í að segja öðrum hvar þeir ættu að hlaupa upp á fjöll.**

> **Það skiptir engu hversu töff eða mikill harðjaxl þú ert, það hefur allt áhrif á þig. Um leið og það hættir að hafa áhrif á þig þá þarf maður að byrja að hafa áhyggjur.**

> **Reiknað er með tveimur stórum hamförum á sama tíma á ári og í mesta lagi þremur stórum hamförum á ári. Í dag eru fimm hamfarir í gangi í einu.**

> **Litlir hlutir geta gert svo mikið og breytt skelfingu í bros. Það er vítamínsprautan sem maður fær beint í hjartastað.**

Forritarinn sem hleypur á fjöll

Störf Gísla snúast um tæknimál og hjálparstarf en það eru hans tvær helstu ástríður í lífinu. „Ég byrjaði að forrita tólf ára gamall, seldi mitt fyrsta forrit 14 ára og hef starfað í tæknigeiranum síðan. Svo fyrir rúmum tuttugu árum byrjaði ég sem sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum. Þaðan fór ég í björgunarsveit í Hafnarfirði og fann mig mjög vel í því. Þessi störf voru ólík forrituninni og ég fékk útrás fyrir að hjálpa öðrum. Ég fann að það var mér mjög mikilvægt að gefa af mér."

Gísli tók þátt í fjölmörgum leitum og var mikið í því að hlaupa upp á fjöll. „En ég uppgötvaði fljótt að ég væri ekki fljótastur að hlaupa upp fjöllin en góður í að segja öðrum hvar þeir ættu að hlaupa upp á fjöll," segir Gísli hlæjandi og bætir við að þá hafi hæfileikar hans til að skipuleggja og samhæfa komið fram. Næsta skref var að fara í svæðisstjórn á höfuðborgarsvæðinu og svo landsstjórn björgunarsveitanna. Þannig að hann vann við tölvuna allan daginn en hoppaði svo út hvenær sem kallið kom. „Fjölskyldan vandist því að maður sváfi með símann á náttborðinu."

Gísla var svo boðið að vera þátttakandi í sérstöku neyðarteymi sem Sameinuðu þjóðirnar eru með en það er samansett af neyðarstjórnendum hvaðanæva úr heiminum sem geta farið með mjög stuttum fyrirvara út í heim. Í kjölfarið varð hann einn af stjórnendum Íslensku alþjóðasveitarinnar. Það skal tekið fram að öll þessi vinna var unnin í sjálfboðaliðastarfi.

„Árið 2007 ákvað Microsoft að setja upp hóp hjá sér í tengslum ▶

Úrvalið er í miðborginni!

LENGRI AFGREIÐSLUTÍMI YFIR JÓLIN

Opið til kl. 22:00 alla daga til jóla og til kl. 23:00 á Þorláksmessu.

Jólabærinn Ingólfstorgi með fjölbreyttan jólavarning, matvöru, jólatré o.fl. Opinn alla daga til kl. 22:00.

Matarmarkaðurinn **KRÁS** opinn í Fógetagarðinum laugardag og sunnudag frá kl. 14:00 - 19:00.

Rás 2 með beinar útsendingar úr Jólabænum föstudag frá kl. 16:00 - 18:00 og laugardag frá kl. 12:45 - 17:00.

Sigurvegarar í **ratleik Jólavættanna** kynntir í beinni útsendingu kl. 14:00.

3 raddir og Beatur á faraldsfæti frá Laugavegi 93 og niður eftir frá kl. 15:00 - 18:00 á laugardag.

Breiðfirðingakórinn syngur í Jólabænum kl. 14:00 og er á austurleið um miðborgina til kl. 16:00.

Næg bílastæði og þægileg bílastæðahús.

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM JÓLAHJARTAÐ SLÆR!
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN — JOLABORGIN.IS

MIÐBORGIN OKKAR

Í STUTTU STOPPI Gísli hélt hann væri kominn í jólafrí en fékk boð um að fara út aftur fram að Þorláksmessu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

▶ við náttúruhamfarir og búa til stöðu sem gekk út á að vera ráðgjafi gagnvart alþjóðasamtökum og ríkisstjórnum um hvernig hægt væri að nýta tæknina betur í tengslum við náttúruhamfarir. Þetta var mitt draumastarf þannig að síðastliðin ár hef ég fengið borgað fyrir að sameina þessar tvær ástríður mínar í starfi. Mér finnst ég ekki vera að vinna. Ég vinn við að gefa af mér.“

Harðjaxlar með tárin í augunum

Gísli hélt samt áfram í sjálfboðavinnunni og árið 2010 stjórnaði Gísli Íslensku alþjóðasveitinni á Haíti. „Það var mikil lífsreynsla. Við vorum fyrst á vettvang og sáum hluti sem munu aldrei gleymast. Ég er stoltastur af því að við komum öll 35 til baka, heil á líkama og sál,“ segir Gísli og útskýrir að allir björgunarsveitarmenn séu í stífu ferli á meðan á björgunarstörfum stendur og eftir þann tíma til að huga að andlegu heilsunni.

„Þessi andlegi þáttur skiptir rosalegu máli. Það skiptir engu hversu töff eða mikill harðjaxl þú ert, það hefur allt áhrif á þig. Um leið og það hættir að hafa áhrif á þig þá þarf maður að byrja að hafa áhyggjur. Fyrsta daginn okkar á Haíti björguðum við ungri konu úr rústunum og það tók okkur átta daga. CNN tók það allt saman upp. Síðan ári seinna höfðu þeir uppi á þessari konu og báðu okkur um að vera í beinu Skype-sambandi við hana. Þarna vorum við 35 harðjaxlar samankomnir og það grét hver einasti maður. Það eru mjög miklar tilfinningar þarna og mikilvægt að viðurkenna það.“

Staða Gísla var lögð niður hjá Microsoft í skipulagsbreytingum. Þá var honum boðið að fara til Seattle að starfa við vöruþróun og hugbúnaðarhönnun. Á sama tíma leitaði NetHope til hans og bað hann um að hefja störf hjá sér. „Mig langaði að tengja áfram þessar tvær ástríður saman þannig að það var auðveld ákvörðun að velja hvort starfið ég tæki. Því þótt launin væru helmingi lægri hjá NetHope þá borgar það tvöfalt í hjartanu. Starf mitt þar gefur mér möguleika á að hafa áhrif á heimsvísu hvernig tæknin er nýtt við neyðaraðstoð. Maður eyðir aukapeningum hvort eð er bara í vitleysu.“

Hamfarasvæðum fjölgar

Síðustu fjögur ár hefur Gísli farið á öll helstu hamfarasvæðin í heiminum og þau eru aldeilis ekki fá. „Það er nóg af hamförum og þær eru ekkert að minnka. Menn geta rifist um hvort það sé hlýnun jarðar sem veldur en það er ekki spurning að það er meira um veðurtengdar hamfarir. Allt verður stærra, öflugra og kröftugra. Einnig hafa miklir fólksflutningar haft sín áhrif. Nú eru borgir stærri og ef fellibylur eða jarðskjálfti dynur yfir þá verða svo miklu fleiri fyrir því. Fólk býr einnig við mjög slæmar aðstæður, í fátækrahverfum í óöruggum húsakosti.“

Gísli tekur dæmi um Katmandú í Nepal. Þar verða jarðskjálftar á sjötíu ára fresti en nú eru liðin áttatíu ár þannig að von er á skjálfta á hverri stundu. Misgengið liggur í gegnum borgina þar sem nú búa tvær milljónir manna. Síðast þegar skjálfti reið yfir bjuggu hundrað þúsund manns í borginni og um tvö þúsund manns létu lífið.

„Þegar hamfaraviðbragðskerfið var búið til var reiknað með tvennum stórum hamförum á sama tíma á ári og í mesta lagi þrennum stórum hamförum á ári. Í dag eru fimm hamfarir í gangi í einu. Ebólan, sem er í raun þrjú verkefni því hún er í þremur löndum, Sýrland, Malí, Mið-Afríkulýðveldið og Írak. Kollegar mínir hafa einmitt haft orð á því að þeir hafi aldrei verið jafn mikið frá fjölskyldunni og undanfarið ár.“

Hvenær kemur pabbi í heimsókn?

Gísli á fimm börn og eitt barnabarn. Hvernig gengur fjölskyldulífið með alla þessa fjarveru? „Ég er mjög vel giftur, það skiptir öllu máli að eiga góða að. Það að hoppa svona á milli landa og þurfa að vera tilbúinn að fara hvenær sem er, er náttúrulega mjög erfitt fyrir hinn aðilann.“ Undir lok viðtalsins hittir blaðamaður einmitt eiginkonu Gísla, Sonju Pétursdóttur, og spyr hana glettinn hvort það sé ekki svolítið þreytandi að hafa eiginmanninn alltaf á flakkinu. Hún gefur lítið fyrir það enda löngu búin að venjast ferðalögum Gísla. Hún bætir þó við í lokin að hún hafi fengið svolitlar áhyggjur þegar börnin spurðu hvenær pabbi kæmi næst í heimsókn.

Breytir skelfingu í bros

Starfið hefur breytt lífssýn Gísla mikið og segir hann að brosið á fólkinu sem hann hjálpar fái hann til að sinna starfinu. „Litlir hlutir geta gert svo mikið og breytt skelfingu í bros. Það er vítamínsprautan sem maður fær beint í hjartastað. Að sjá fólk við þessar aðstæður fékk mig líka til að fá aðra sýn á hrunið sem við gengum í gegnum hérna. Ég kallaði það núllstillinguna mína að fara til þróunarlandanna. Auðvitað eru erfiðleikar hér heima en á allt öðrum skala. Mér finnst við þurfa að vera svolítið þakklátari fyrir það sem við höfum og gefa meira af okkur. Þegar hrunið varð var ég á erlendum launum þannig að mín laun hækkuðu á meðan laun annarra lækkuðu. Þá ákváðum við að taka að okkur fleiri stuðningsbörn hjá ABC Barnahjálp því það voru svo margir að hætta sem stuðningsforeldrar. Við reyndum að bæta það upp og vorum með níu börn á tímabili. Ef launin hækkuðu meira þá bættum við barni við.“

Að bjarga heimi einnar manneskju

Það fer ekki fram hjá nokkrum manni að það er Gísla hugleikið að hjálpa öðrum. Næst talar hann lengi um allar leiðirnar sem fólk getur farið til að veita aðstoð. „Íslendingar eru reyndar duglegir að standa við bakið á fólki þegar það þarf á því að halda en það þarf oft að ýta við okkur. En þetta dregur fram það besta við okkur – krísur gera það. Það er bara svo ótrúlega auðvelt að hjálpa öðrum, það er eitthvað sem ég hef lært. Það er leiðin að því að vera ríkur. Maður verður alveg rosalega ríkur í hjartanu.“

En hvað með alla sem þið getið ekki hjálpað? Situr það ekki eftir?

„Jú. En ég segi söguna um krossfiskana þegar ég er spurður að þessu. Það var maður sem sá í fjarska konu vera að dansa á ströndinni. Svo þegar hann gengur nær sér hann að hún er ekki að dansa heldur er ströndin uppfull af krossfiskum og hún beygir sig niður og hendir einum og einum krossfiski út í hafið aftur. Hann gefur sig á tal við konuna. „Mín kæra, af hverju ertu að þessu? Þetta er vonlaust verkefni. Það er endalaust af krossfiskum hérna. Þú munt aldrei ná að bjarga þeim öllum. Þetta hefur engin áhrif,“ segir hann við konuna. Konan beygir sig niður, nær í krossfisk, hendir honum út í sjó og segir: „Jú, fyrir þennan.“ Þetta er saga sem ég þurfti að tileinka mér. Maður getur ekki bjargað öllum en hver einasti sem þú hjálpar skiptir máli. Þetta mega Íslendingar hugsa um. Finndu einhvern í lífi þínu sem þú veist að á erfitt. Hjálpaðu honum fyrir jólin. Þú bjargar ekki heiminum en þú bjargar heimi þessarar manneskju fyrir jólin.“

YFIRMAÐUR NEYÐARHJÁLPAR HJÁ NETHOPE VERKEFNI GÍSLA SÍÐUSTU FJÖGUR ÁR

- **FLÓÐ Í PAKISTAN**
  Gísli fór og gerði úttekt á því hvernig tölvutækni og fjarskipti voru notuð. Ferðin var mikil upplifun því fyrir utan mikil flóð var óöryggið mikið og Gísli ferðaðist undir lögregluvernd vegna hættu á að vera tekinn sem gísl.
- **JARÐSKJÁLFTI OG FLÓÐBYLGJA Í JAPAN**
  Stórt verkefni en sérstakt á sinn hátt þar sem Sameinuðu þjóðirnar voru ekki virkar á svæðinu heldur var Gísli eingöngu í samstarfi við japönsk stjórnvöld og hjálparsamtök í landinu.
- **PURRKAR OG HUNGURSNEYÐ Í AUSTUR-AFRÍKU**
  Stærsta verkefnið var að bæta fjarskipti í stærstu flóttamannabúðum heims sem eru í Dadab í Norður-Kenýa. Þar búa fimm hundruð þúsund manns í tjaldbúðum í miðri eyðimörkinni og hafa verið þar frá 1991. Við þurrkana bættust við 300.000 manns á tveimur mánuðum.
- **FELLIBYLURINN PABLO Á FILIPPSEYJUM**
- **ÁRI SEINNA GEKK HAYAN YFIR FILIPPSEYJAR**
  Gísli eyddi góðum tíma í Filippseyjum eftir fellibylinn við að setja upp fjarskipti og samhæfa aðgerðir með Sameinuðu þjóðunum og öðrum viðbragðsaðilum.
- **EBÓLAN Í VESTUR-AFRÍKU**
  Gísli hefur verið meira og minna í Afríku frá því í október.
- Inn á milli hafa samtökin stutt við hjálparsamtök í smærri hamförum.

AÐ STÖRFUM Á HAÍTÍ Árið 2010 stjórnaði Gísli Íslensku alþjóðasveitinni á Haíti en hún var fyrst á vettvang.

TSUNAMI Gísli á vettvangi í Japan árið 2011 en hann er vanur að vera með þeim fyrstu á hörmungasvæði.

ÞJÁLFUN Við úttekt á Íslensku alþjóðasveitinni sem framkvæmd er af Sameinuðu þjóðunum.

Jólagjafir
- fyrir heimilin í landinu

SAMSUNG

UE48H6675
LED SJÓNVARP · 600 Hz. ·
Full HD 1920x1080p
3D · SMART TV · Gervihnatta móttakari · Micro Dimming · Gervihnatta móttakari

48"
229.920 Verð áður 287.400

55"
295.900 Verð áður 369.000

MÍNUS 20%

0% VEXTIR Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði

SAMSUNG

UE32/40/55/65H6475
LED sjónvarp · 400 CMR (rið)
3D · smart TV með þráðlausu neti.

32" 119.920 áður 149.900
48" 189.900 Jólatilboð
55" 279.920 áður 349.900
65" 499.000 áður 649.900

Pioneer HLJÓMTÆKI

X-SMC01BT-K
Hljómtækjastæða vegghengjanleg
2x10W, Bluetooth, FM útvarp, geislaspilari CD-R/CD-RW, USB, MP3, WMA

3 litir

Verð: 44.900,-
Nú án vörugjalda **33.900,-**

Pioneer HLJÓMTÆKI

PIX-CM32BT-K
Hljómtækjastæða með Bluetooth
30W (15W + 15W RMS) (8Ω) - 2-Way Bass-Reflex Hátalarar - MP3, WMA - AM/FM Útvarp m.45 st.minni - Innbyggt Blueooth - Pioneer Wireless Streaming App - iPod, iPhone, iPad í gegnum USB

3 litir

Verð: 49.900,-
Nú án vörugjalda **39.920,-**

Pioneer HLJÓMTÆKI

PL-990
Plötuspilari
Alsjálfvirkur, 33/45 snúninga, reimdrifinn, innbyggður formagnari

Verð: 39.900,-
Nú án vörugjalda
31.920,-

Pioneer HLJÓMTÆKI

X-EM12
Hljómtækjastæða
2x15W magnari, FM útvarp m. 30stöðva minni, geislaspilari, USB afspilun

Verð: 27.900,-
Nú án vörugjalda **22.320,-**

Pioneer HLJÓMTÆKI

Blu-ray 3D

BDP-170-K **Blu Ray spilari 3D**
Spilar DVD-video, VCD, CD, AVCHD, SACD, BD-ROM, BD-R/RE, CD-RW, DTS-CD, DVD-RW, DL/-RW, DVD+R/+RW, DL/+RW,
Tengi: HDMI, USB, WiFi

Verð: 44.900,- Nú án vörugjalda **33.500,-**

Pioneer HLJÓMTÆKI

SBX-N550 Verð: 64.900,-
Soundbar Nú án vörugjalda **51.920,-**

140W, innbyggður bassi, Class D magnari, Bluetooth, WiFi, Vegghengjanlegt, HDMI ARC, 2xoptical, mini jack, 1xcoaxial digital, USB

CELESTRON

25% afsláttur

Góðir sjónaukar í miklu úrvali

veho. Sportmyndavélar

NPNG útgáfa - 1080@60fps og 720p@120fps - Innbyggð WiFi tenging - Snjallforrit fyrir Android og Apple iOS - 16MP ljósmyndir - LCD Skjár og losanleg 1500mAh rafhlaða - Vatnshelt hylki á 100m fylgir - Festingar og 8GB kort fylgja - Kemur í með flottri tösku. (Lýsing á við K-2)

Verð: 54.900,- kr.

Veho Sportmyndavél K-1
án tösku, skjás og hylkis ***kr. 36.900,-***

muvi™ K-SERIES

Fyrir bretta- og hjólastráka og –stelpur:
Snjóbretti að verðmæti 80.000 kr. í vinning þ.e. allir, sem kaupa VEHO vélar 19. til 30. Desember fara í pott og verður dreginn úr einn vinningshafi hinn 31.12. og það tilkynnt á Facebook ORMSSON

Leikum okkur
Leikjatölvur frá Nintendo *í regnbogans litum*

Mikið úrval leikja í allar gerðir Nintendo leikjatölva

Pioneer heyrnartól

30% afsláttur

Jamo

Jamo C97
Til hvítir og svartir. Þrískiptir Bass Reflex hátalarar 180W/360W, 6 Ohm, 32 - 24.000Hz

Verð kr. 179.800,-m.vsk
Án vörugjalda kr. 143.840,-m.vsk

Leikum okkur

Nintendo Wii U

SUPER SMASHBROS
og allar ***AMIIBO*** *fígúrurnar*

Velkomin í Lágmúlann

OPIÐ TIL KL. 21 TIL JÓLA

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON	ORMSSON	KS	SR - BYGG	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	GEISLI
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK-EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333

Mikaela Shiffrin Pessi nítján ára bandaríska skíðakona festi sig í sessi sem svigdrottning heimsins í ár. Hún hlaut gull á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í greininni og fylgdi þar með eftir heimsmeistaratitlinum sem hún vann árið 2013. Hún hefur nú unnið heimsbikartitilinn í svigi síðustu tvö árin en hún hafði mikla yfirburði í stigakeppninni á síðasta tímabili. Hún hóf svo tímabilið í haust með því að vinna keppni í stórsvigi.

Rory McIlroy Norðurírski kylfingurinn átti lygilegt sumar sem hófst með sigri hans á Opna breska meistaramótinu. Þremur vikum síðar vann hann PGA-meistaramótið og varð hann þar með þriðji yngsti kylfingurinn sem vinnur tvö risamót í röð – hinir eru Tiger Woods og Jack Nicklaus. McIlroy kórónaði svo frábært tímabil er hann var í sigurliði Evrópu í Ryder-keppninni.

Valerie Adams Adams hefur borið höfuð og herðar yfir aðra kúluvarpara á heimsvísu undanfarin ár og heims- og Ólympíumeistarinn undirstrikaði yfirburði sína á árinu sem er að líða. Adams varð heimsmeistari innanhúss með næstbesta kasti í sögu keppninnar, vann öll sjö Demantamót tímabilsins og varð Samveldismeistari í júlí. Besta kast hennar í ár var 20,59 metrar sem var lengsta kast ársins.

Katinka Hosszú 25 ára sundkona frá Ungverjalandi sem átti besta ár ferils síns. Hún hlaut heimsbikarinn í sundi þar sem hún fékk alls 68 verðlaun á tímabilinu og blómstraði svo á stórmótunum. Hún vann sex verðlaun (þrenn gullverðlaun) á EM í 50 m laug í Berlín í sumar og svo átta verðlaun á HM í 25 m laug (fjögur gull) auk þess sem Hosszú bætti fimm heimsmet – öll í fjórsundi.

Marit Bjørgen Ein sigursælasta skíðagöngukona allra tíma. Hún vann þrenn gullverðlaun á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí og hefur nú unnið tíu verðlaun á Ólympíuleikum á ferlinum öllum. Engin kona hefur unnið fleiri verðlaun á Vetrarólympíuleikum auk þess sem Bjørgen hefur unnið flesta sigra allra í sögu heimsbikarkeppninnar í skíðagöngu. Bjørgen er 34 ára og er enn að.

Manuel Neuer Lykilmaður í heimsmeistaraliði Þýskalands sem vann bikarinn eftirsótta í Brasilíu í sumar, þar sem Neuer hélt hreinu í 1-0 sigri á Argentínu í úrslitaleiknum. Hélt hreinu í fjórum leikjum á mótinu og var útnefndur besti markvörður keppninnar. Leikstíll hans vakti sérstaklega athygli en Neuer var óhræddur við að koma út úr vítateignum til að taka þátt í uppspili liðsins eða brjóta niður skyndisóknir andstæðinga sinna. Tilnefndur sem knattspyrnumaður ársins hjá FIFA ásamt Cristiano Ronaldo og Lionel Messi.

Lewis Hamilton Tryggði sér sinn annan heimsmeistaratitil í Formúlu 1 á árinu eftir harða baráttu við Nico Rosberg, liðsfélaga sinn hjá Mercedes. Titilbaráttan réðst ekki fyrr en í lokamótinu, í Abú Dabí, þar sem Hamilton leiddi frá upphafi til enda. Hamilton hefur nú unnið 33 mót í Formúlunni, oftast allra Breta í sögunni. Hann var einnig valinn íþróttamaður ársins í Bretlandi.

12 erlendir íþróttamenn sem sköruðu fram úr árið 2014

Magnað íþróttaár er að baki. Frægðarsól sumra reis enn hærra á árinu og nýjar stjörnur stigu fram í sviðsljósið. HM í Brasilíu og Vetrarólympíuleikarnir í Sotsjí voru hápunktarnir en þar fyrir utan var árið afar viðburðaríkt í fjöldamörgum greinum. *Eiríkur Stefán Ásgeirsson* tók saman.

Cristiano Ronaldo Hefur átt ótrúlegt ár með Real Madrid. Hlaut Gullbolta FIFA í ársbyrjun, varð Evrópumeistari í vor er hann bætti markamet Meistaradeildar Evrópu með sautján mörkum á einu tímabili og hefur verið magnaður á fyrstu mánuðum nýja tímabilsins á Spáni í haust. Ronaldo er kominn með 25 mörk í þeim 14 deildarleikjum sem hann hefur spilað en hann skoraði í öllum leikjunum nema einum. Ronaldo er kominn með 58 mörk á árinu með bæði félagsliði og landsliði sem er sárabót fyrir vonbrigði Portúgals á HM í Brasilíu, þar sem Ronaldo og félagar sátu óvænt eftir í riðlakeppninni.

Renaud Lavillenie Loks kom stangarstökkvari fram á sjónarsviðið sem gat ógnað heimsmetum Sergei Bubka. Þessi öflugi Frakki bætti 21 árs gamalt heimsmet Bubka í stangarstökki innanhúss er hann stökk yfir 6,16 m á móti sem Bubka sjálfur stendur árlega fyrir í Dónetsk í Úkraínu. Varð Evrópumeistari í Zürich í sumar er hann stökk 5,90 m og vann svo sinn fimmta Demantsmótsmeistaratitil á ferlinum og er sá eini í sögunni sem hefur afrekað það. Vann svo gull í álfukeppninni í Marrakesh í Marokkó þar sem hann var fyrirliði Evrópuliðsins.

Serena Williams Sigursælasta tenniskona allra tíma með 33 sigra á risamótum í öllum flokkum. Hélt efsta sæti heimslistans allt árið þrátt fyrir erfið meiðsli á fyrri hluta ársins og slæmt gengi á bæði Opna franska meistaramótinu og Wimbledon. Serena sneri þó gengi sínu við á síðari hluta ársins, vann fjögur af sjö síðustu mótum ársins – þar af Opna bandaríska meistaramótið í New York. Það var hennar átjándi risamótstitill í einliðaleik kvenna en aðeins Steffi Graf hefur unnið fleiri, eða 22 talsins.

Tim Duncan Vann sinn fimmta NBA-meistaratitil með San Antonio Spurs í vor en hann hefur spilað allan sinn feril með félaginu. Hann er nú á sínu átjánda tímabili í NBA-deildinni og er eini maðurinn, ásamt John Salley, sem hefur orðið NBA-meistari á þremur mismunandi áratugum. Duncan, Manu Ginobili og Tony Parker skipa sigursælasta þríeyki í sögu úrslitakeppni NBA-deildarinnar en hinn 38 ára Duncan á einnig flestar mínútur í úrslitakeppninni og flestar tvöfaldar tvennur.

Darja Domratsjeva Drottning Vetrarólympíuleikanna í Sotsjí þar sem hún vann þrenn gullverðlaun í alls fjórum einstaklingskeppnisgreinum í skíðaskotfimi. Gríðarlega vinsæl í heimalandinu þar sem hún hlaut sæmdarheitið „Hetja Hvíta-Rússlands“ eftir sigurförina til Sotsjí, en það er æðsta orða sem veitt er í Hvíta-Rússlandi. Hún er eini íþróttamaðurinn sem hlotið hefur þessa útnefningu og eina konan þar að auki.

NORDICPHOTOS/AFP OG GETTY

NÓI KONFEKT Í LAUSU 1 KG
verð áður 3.690 kr.

NÓA KONFEKT NR 5 135G
verð áður 1.117 kr.

NÓA KONFEKT 440G
verð áður 3.147 kr.

NÓA KONFEKT 260G
verð áður 1.974 kr.

NÓI KONFEKT NR 20 800G
verð áður 6.798 kr.

NÓA FYLLTIR MOLAR 525G
verð áður 2.148 kr.

NÓA KONFEKT 520G
verð áður 3.538 kr.

NÓA KONFEKT 800G
verð áður 4.462 kr.

NÓA KONFEKT NR.12 940G
verð áður 4.968 kr.

NÓA FYLLTIR MOLAR 210G
verð áður 1.685 kr.

Snertilausar greiðslur VALITOR

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT

20. des.	Lau.10:00 - 19:00	23. des.	Þri. 9:00 - 22:00
21. des.	Sun.10:00 - 19:00	24. des.	Mið. 9:00 - 12:30
22. des.	Mán.9:00 - 22:00		

FYLGSTU MEÐ OKKUR Á FACEBOOK

FK
FJARÐARKAUP

markhönnun ehf

nettó
Í JÓLASKAPI

Sænsk Skinka

STJÖRNU GRÍS

Framleitt úr 1. flokks íslensku grísakjöti

Ofnsteikt skinka:
Látið skinkuna í kalt vatn. Reiknið með að hún liggi í vatni í ca. 1 klst.pr.kg.
Látið síðan skinkuna á risti í ofninum með ofnskúffu undir (2-3 dl af vatni í skúffu). 177°C í 45 mín.pr.kg, kjarnhiti skal verða 65°C.
Pensluð jólaskinka
(Glassering)
1 stk. köld, soðin eða ofnsteikt, léttsöltuð skinka, 1 dl. dökkur púðursykur, 3 msk. hunang, safi úr 1-2 appelsínum.
Snyrtið skinkuna og leggið í ofnskúffu eða eldfast fat, og skerið ysta fitulagið í tígla, ca. ½ cm djúpt.
Setjið negulnagla í hvern kross.
Sjóðið hunang, púðursykur og appelsínusafa í nokkrar mínútur og hellið 1/3 af því yfir skinkuna.
Setjið steikina í heitan (200-225°C) ofninn og eftir ca. 10 mínútur hellið þá aftur 1/3 af leginum yfir kjötið.
Eftir 5-10 mínútur til viðbótar hellist restin af leginum yfir.
Skinkan er tilbúin þegar hún er orðin gulbrún og glansandi.

www.svinvirkar.is

Kalkúnn franskur
1.298 kr| 23%
999 kr/kg

HÁTÍÐA FUGLINN

TÖFRAR JÓLANNA BYRJA Í NETTÓ

Vertu viss um að það standi YOUNG á rjúpunni þinni. Það tryggir þér yngri fugl!

Rjúpa skosk
350-400g
1.398
kr/stk

KONFEKTIÐ



ÖND heil
1.738 kr| 23%
1.391
kr/kg

GÆSABRINGUR
2.998
kr/kg

VILLIBRÁÐIN

35% afsláttur

Kjötsel
Urbeinað hangilæri
3.995 kr| 35%
2.597 kr/kg

2 ANNAÐ SÆTI | Bragðkönnun DV

Kjötsel
Hamborgarhryggur
m/beini
1.998 kr| 40%
1.199 kr/kg

40% afsláttur

HANGIKJÖT & HAMBORGARHRYGGUR

Andaleggur
m/læri
1.989 kr | 25%
1.492
kr/kg

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

JÓLAOPNUN

	18.-22. desember	23. Þorláksmessa	24. Aðfangadag	25. jóladag	26. annan	30. desember	31. gamlárs	1. janúar
Akureyri Borgarnes Egilsstaðir Grindavík Hverafold Höfn Kópavogur Reykjanesbær Selfoss	10-22	10-23	10-13	lokað	lokað	10-22	10-15	lokað
Grandi Mjódd	opið 24t	opið 24t	opið til 13	lokað	opið frá 10	opið 24t	opið til 15	lokað

aðra daga gildir venjuleg opnun | nánar á netto.is

40% afsláttur

Sænsk skinka
1.898 kr| 40%
1.139
kr/kg

Roses/
Heroes dós
1.998
kr/pk

Bob's Sweet
jólabrjóstsykur
1.999
kr/askjan

Purely the Purple One
áður 1.399 kr
999
kr/stk

Mackintosh 1,3 kg
2.498
kr/stk

BÓKAKYNNINGAR

Laugardagur 20.des | Nettó - Akureyri kl 15-17
Guðrún Veiga – Nenni ekki að elda

Sunnudagur 21. des | Nettó - Mjódd kl 14-16
Ulfar – Stóra alifuglabókin

Mánudagur 22. des | Nettó - Egilsstaðir kl 16-18
Guðrún Veiga – Nenni ekki að elda

30% afsláttur

Dádýralundir
6.989 kr| 30%
4.892
kr/kg

Latabæjarspilið
4.998
kr/stk

FYRIR JÓLASVEINA

BÆKUR

Tilboðin gilda 18. - 21. des 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

GUÐBERGUR BERGSSON

GUÐRÚN EVA MÍNERVUDÓTTIR

JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR

YRSA SIGURÐARDÓTTIR

HVER ER HÖFUNDURINN?

Fjölmargar skáldsögur koma út þessi jólin. Fréttablaðið tók saman upphaf tíu þeirra svo lesendur geti spreytt sig á fimi sinni við það að þekkja stílbragð íslenskra rithöfunda.

1 „Á þessum einangraða stað var oftast skýjað og dumbungur í lofti og það gerðist aldrei neitt, enda leiddist stúlkunum sem voru komnar að fermingu.“

2 „Ég og Jesú erum eins og tvær akfeitar manneskjur á pínulitlum báti rekumst hvort á annað hlæjandi kinn við kinn vömb við vömb klessast saman hlæjandi keppirnir dúa undirhökurnar hristast bátsskelin tekur aðra dýfu ég dett á Jesú sem puðrar með vörunum og blikkar mig: Here’s looking at you, kid ég dey úr hlátri!“

3 „Hvass vindur blés yfir Miðnesheiðina. Hann kom norðan af hálendinu og yfir úfið hafið á Faxaflóanum og klifraði upp á heiðina, napur og kaldur.“

4 „Kristófer lítur á úrið, svo dregur hann andann djúpt og reynir að slaka á. Hann situr við fjögurra manna borð á kaffihúsinu á fjórðu hæð Perlunnar í Öskjuhlíð með ósnertan kaffibolla fyrir framan sig.“

5 „Fyrir mitt minni, í sveitinni á Brunasandi, byrjaði ég daginn á því að klifra upp á eldhúsborð, klessa nefi á rúðu og gá til jökuls.
„Æ, æ, bless, hann fór í kvöld ... æ, æ, þá ...!“ þuldi ég fram og aftur, ef það sást ekki til hans.“

6 „Þau mynduðu eins konar tröppur á bekknum. Telpan sem var minnst sat við annan endann og eldri bræðurnir tveir við hlið hennar. Eins, þriggja og fjögurra ára. Grannir leggirnir héngu fram af harðri setunni. Ólíkt venjulegum börnum iðuðu systkinin ekki í sætinu og ekkert þeirra sveiflaði fótunum.“

7 „Lestarstöðin í Cambridge var nánast mannlaus. Á brautarpalli 6 stóð maður og beið eftir hraðlestinni frá London. Þetta var meðalmaður á hæð, klæddur gráum jakkafötum, yfirhafnarlaus; dagurinn hafði verið sólríkur og loftið var enn heitt og rakt.“

8 „Ég hafði losað um hálstauið í langþráðu hléi milli skjólstæðinga, farið úr skónum og lagst sjálfur á meðferðarbekkinn þegar ég sá nafn Önnu O blikka á farsímaskjánum. Hún hafði aldrei hringt í mig öll þau ár síðan við skiptumst á númerum.“

9 „Annað hvort ykkar þarf að koma strax heim. Engar afsakanir! Afmælisboð aldarinnar endaði í algjöru rugli áðan ... en byrjaði samt eiginlega aldrei.“

10 „Sara veit hvorki í þennan heim né annan. Við hlið hennar sefur næturgestur eins og ungbarn, vafinn inn í mjúka dúnsæng. Það hvílir ró yfir hlýlegri íbúðinni. Á gömlum tekkskenk hringsnýst vínylplata á eikarklæddum „vintage“ Pioneer plötuspilara frá árinu 1975. Nálin í spilaranum hjakkar í djúpri rispu í ágætu lagi hljómsveitarinnar Smokie, Living next door to Alice.“

ARNALDUR INDRIÐASON

SVÖR **1. Guðbergur Bergsson** *Þrír sneru aftur* **2. Guðrún Eva Mínervudóttir** *Englaryk* **3. Arnaldur Indriðason** *Kamp Knox* **4. Stefán Máni** *Litlu dauðarnir* **5. Steinunn Sigurðardóttir** *Gæðakonur* **6. Yrsa Sigurðardóttir** *DNA* **7. Jón Óttar Ólafsson** *Ókyrrð* **8. Bjarni Bjarnason** *Hálfsnert stúlka* **9. Jónína Leósdóttir** *Bara ef ...* **10. Ingibjörg Reynisdóttir** *Rogastanz*

JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR

STEFÁN MÁNI

INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR

BJARNI BJARNASON

Spútnikhöfundur ársins!

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2014 bókaverslana

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN *Tilnefning*

1. PRENTUN UPPSELD
2. PRENTUN UPPSELD
3. PRENTUN Á ÞROTUM
4. PRENTUN VÆNTANLEG

★★★★★

„... nálgast fullkomnun."

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN

„... markar honum ótvírætt sess sem einum eftirtektarverðasta og frumlegasta höfundi sinnar kynslóðar."

FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ

„Skyldulesning ... telst til tíðinda og er örugglega ein af bestu skáldsögum ársins."

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Þetta er besta bók sem ég hef lesið í mörg, mörg, mörg ár."

AUÐUR HARALDS / VIRKIR MORGNAR

„... ein af stórtíðindum bókavertíðarinnar ..."

EGILL HELGASON / KILJAN

„Mjög skemmtileg, roknasprettir ..."

SIGURÐUR G. VALGEIRSSON / KILJAN

★★★★½

„... marglaga og óvænt. Og fyndin, alveg ógeðslega fyndin."

KRISTJÁN GUÐJÓNSSON / DV

„Bráðskemmtileg bók."

EGILL HELGASON / KILJAN

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu

FYRSTA ÚTSENDING Hér sést Jón Óttar í fyrstu útsendingu Stöðvar 2.

Á BRÚÐKAUPSDAGINN Jón Óttar og Margrét gengu í það heilaga 28. desember í fyrra eftir að hafa verið saman í um 25 ár.

DULDA ÍSLAND Í þættinum ferðast Jón Óttar um landið með þekktum ferðafélögum og kannar dulda ævintýrastaði.

Snýr aftur í sjónvarpið eftir 25 ár

Jón Óttar Ragnarsson snýr aftur á Stöð 2, sjónvarpsstöðina sem hann stofnaði, með þáttaröðina Dulda Ísland. Hann er að verða sjötugur á næsta ári en hefur ekki áhyggjur af því að eldast enda hugsar hann vel um sig og honum líður eins og hann sé þrítugur. Hann hefur haft það að markmiði að elta drauma sína og ætlar sér að gera það svo lengi sem hann lifir.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Jón Óttar kemur inn á Hilton Nordica-hótelið veðurbarinn eftir að hafa fest í blindbyl uppi á heiði á leið sinni í viðtalið. Eftir að hafa pantað sér grænt te þá fær hann sér sæti og segir frá því hvernig hann komst loks á áfangastað eftir að hafa keyrt á fimm kílómetra hraða nánast blindandi. Hann lætur það ekki á sig fá enda ýmsu vanur.

Talið berst að endurkomu Jóns Óttars í sjónvarpið, á sjónvarpsstöðina sem hann stofnaði fyrir 28 árum. Sjálfur hvarf hann á braut frá stöðinni árið 1990 en árin þrjú sem hann átti á Stöð 2 voru fjörug og annasöm.

Draumur verður að veruleika

„Það var alltaf draumur minn að gera svona ævintýraþætti um þetta ótrúlega land okkar þegar ég var á Stöð 2. Í stað þess að gera Stöð 2 að vídeóstöð fyrir Reykvíkinga – eins og bankinn okkar krafðist – vorum við staðráðin í að gera hana að sjónvarpi allra landsmanna. Við fengum því snemma þá hugmynd að fara með stöðina út á land með útsendingu frá ótal stöðum allt í kringum landið. Þátturinn hét einfaldlega Stöðin á staðnum og breytti lífi mínu. Ég heillaðist af landsbyggðinni á þessu ferðalagi. Náttúruperlurnar og fegurðin í landslaginu voru auðvitað stórbrotnar en það var fyrst og fremst fólkið, líf þess og sögur sem heilluðu mig," segir hann og fær sér tesopa áður en hann heldur áfram.

„Síðan, kannski af því að við búum erlendis, þá sér maður Ísland í svolítið öðru vísi og ef til vill rómantískara ljósi. Það sem mér finnst merkilegast er hvernig ferðamannastraumurinn hefur gerbreytt Íslandi og sérstaklega landsbyggðinni. Í byrjun fóru flestir þessir útlendingar á sömu staðina á suðvesturhorninu en síðan fór fólkið úti á landi að taka í taumana og í dag sjá ferðamenn – erlendir sem innlendir – meira og meira af þessu dulda Íslandi sem beið þeirra á bak við tjöldin. Ekki aðeins hefur verið byggður urmull af frábærum gisti- og veitingastöðum heldur er magnað að sjá öll þessi nýju söfn og setur sem hafa verið reist utan um galdra, skrímsli, drauga, Íslendingasögur og svo framvegis. Svo að ekki sé talað um allar ævintýraferðirnar – á bátum, jeppum og snjósleðum sem ferðafólki til ómældrar gleði leiðir það ofan í hella, niður í gíga og upp á jökla. Heimurinn er með öðrum orðum loks að byrja að kynnast því undralandi sem Ísland er og verður alltaf. Það má því segja að þetta sé hálfgerður óður til landsbyggðarinnar og alls þess ótrúlega starfs sem þar er verið að vinna," segir Jón Óttar um þættina Dulda Ísland.

ÓTTAST EKKI ALDURINN Jón Óttar verður sjötugur á næsta ári en segist ekki óttast það að eldast vegna þess að hann hugsi vel um sig og líður eins og hann sér þrítugur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Brennandi áhugi

Jón Óttar stofnaði Stöð 2 árið 1986 ásamt Hans Kristjáni Árnasyni. Þeir félagar ráku stöðina þessi viðburðaríku fyrstu þrjú ár. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sjónvarpi. Þegar ég fór út í þetta á sínum tíma þá var það ekki síður vegna brennandi áhuga á þáttagerð en sjónvarps-„bisness". Á þeim tíma fóru yfir 90 prósent af peningum til dagskrárgerðar í fréttir og fréttamagasín. Í dag er sjónvarp að gerbreytast. Fréttir er eitthvað sem allir gera lesið á netinu, meira að segja nýrri fréttir. Í staðinn verður þáttagerð, þar á meðal leiknir þættir, æ mikilvægari.

Mér finnst stórkostlegt hvernig Stöð 2 og RÚV hafa tekið á þessum breytingum og hvernig samkeppnin á milli þeirra hefur bætt báðar stöðvarnar. Það var auðvitað ómetanlegt að endurnýja kynnin við Stöð 2. Það var alltaf gaman á Stöð 2 og það hefur ekkert breyst. Töku- og hljóðmennirnir sem unnu þetta með okkur voru ekki aðeins framúrskarandi allir sem einn heldur og frábærir ferðafélagar og ekki er klipparinn okkar og hitt tæknifólkið síðra," segir Jón Óttar um þættina Dulda Ísland.

Hefur aldrei litið til baka

Áhuginn á sjónvarpi var það mikill að hann hætti í góðu starfi sem dósent í efnafræði og yfirmaður námsbrautar í matvæla- og næringarfræði við Háskóla Íslands til þess að sinna því sem brann á honum. „Ég var í draumastöðu þarna, en ég gekk bara út og hef aldrei litið til baka. Hluti af ástæðunni var að mér fannst ekki gaman að vinna fyrir ríkið en það er of löng saga," segir hann kankvís.

Eftir að Stöðvar 2-ævintýrið tók enda flutti hann ásamt eiginkonu sinni, Margréti Hrafnsdóttur, á vit annarra ævintýra í kvikmyndaborginni Los Angeles. Þau settust bæði á skólabekk. Fyrst lærði hann handritaskrif og þar næst kvikmyndagerð. Síðan kynntust þau Herbalife og hafa starfað við það á annan áratug og eru í dag hluthafar í fyrirtækinu. „Það passaði auðvitað vel fyrir mig því ég var með þessa menntun í næringarfræði," segir hann. Hjónin eru enn búsett erlendis en bjuggu hér að hluta á árunum 2007-2012 á meðan Ragnar, sonur þeirra, gekk hér í menntaskóla.

Ferðuðust á ævintýrastaði

Jón Óttar og Margrét hafa undanfarin ár verið að sinna hinum ýmsu verkefnum, meðal annars framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsþátta. Þau komu heim síðasta sumar til þess að taka upp Dulda Ísland og ferðuðust þá um landið þvert og endilangt á hina ýmsu ævintýrastaði. Í hverjum þætti fær Jón Óttar þekkta Íslendinga sem ferðafélaga. Meðal ferðafélaga eru Magnús Scheving, Yoko Ono, Eiður Smári Guðjohnsen, Þorvaldur Davíð, Björn Hlynur, Eivör Pálsdóttir og Vilborg Arna Gissurardóttir. „Þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert. Við vildum lenda í ævintýrum, fá söguna á bak við staðina og hitta frábært fólk," segir hann.

Eins gamall og hann vill vera

Það eru ekki allir sem snúa aftur í sjónvarp komnir á sjötugsaldurinn. „Ég hugsa lítið um aldurinn, segir Jón Óttar. Mér líður eiginlega alltaf eins og ég sé þrítugur. Þú ert í rauninni eins gamall og þér líður. Það eru alltaf að koma fleiri og fleiri rannsóknir sem sýna það. Ef þér finnst þú vera gamall þá ertu gamall. Ef þér finnst þú vera ungur þá ertu ungur," segir hann hugsi.

Hann segir það líka leika stórt hlutverk hvernig lífsstíl við veljum okkur. „Við erum í þessu kolvitlausa mataræði og lífsstíl. Ég hef alltaf reynt að hugsa vel um þetta. Það er komið frá mömmu sem var mikið náttúrubarn og kenndi okkur systkinunum að nýta náttúruna. Ef ég hefði ekki lifað eftir þessu þá væri ég steindauður því ég er með frekar léleg gen. Það er mikið af hjartasjúkdómum, krabbameini og sykursýki í báðum ættum hjá mér. Í dag eru allir að gera sig veika með því að vera of þungir og borða vitlaust. Það sem gerist hjá eldra fólki er að líkaminn fyllist af bólgum og það hrannast upp sjúkdómar. Við þurfum að huga betur að þessu. Vð þurfum öll að komast á þennan stað, gerbreyta hugsun okkar og taka ábyrgð á lífi okkar. Átta okkur á því að við erum bara eins gömul og við viljum vera."

Fylgja draumum sínum

Aðspurður hvað taki við eftir Dulda Ísland segir hann margt vera í farvatninu. Bæði sjónvarpsþætti og kvikmyndaverkefni víða um heim. „Það eru fullt af hlutum í gangi sem eru á mismunandi þróunarstigum. Það kemur bara í ljós. Það sakar heldur ekki að við lifum á ótrúlega spennandi og hættulegum tímum," bætir hann við hugsi. „Við Margrét vinnum í því sem okkur langar að gera og fylgjum okkar draumum." Inntur eftir því hvort þau hjónin séu svona samrýnd þar sem þau vinni flest allt saman segir hann: „Það fyndna er að við Margrét erum um það bil eins ólík og hægt er að vera, eiginlega algjörar andstæður. Það sem hefur alltaf sameinað okkur eru draumarnir og sú sameiginlega ákvörðun að elta þá hvað sem tautar og raular. Annars hefði þetta sjálfsagt aldrei gengið," bætir hann við brosandi.

Saga borganna

Glæsilegt yfirlitsrit um þróun borga á Vesturlöndum í 5000 ár.

Ítarleg umfjöllun um höfuðborgir Íslands, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Fyrsta yfirlitsritið á íslensku um þróun borga og borgarskipulag almennt.

Aðgengileg öllum þeim sem áhuga hafa á skipulagi borga og menningarsögu.

Um 500 myndir, kort og skýringarmyndir prýða bókina.

Ævintýri H.C. Andersen

Sígild ævintýri H.C. Andersen eiga erindi við öll börn. Í þessari fallegu útgáfu birtast mörg af vinsælustu ævintýrum hans með einstökum myndskreytingum Val Biros.

Áður hafa komið út í sama flokki:
Dæmisögur Esóps
og *Grimmsævintýri.*

Fyrir tónlistarfólkið

Nótnabók með níu aríum úr óperunni Ragnheiði eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson, útsettum fyrir píanó og orgel.

Gömlu húsin á Ísafirði



SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

SILJA BÁRA OG INGA DÓRA Úkraínustríðið, árásin á skóla í Pakistan, réttindi kvenna í Afganistan, ebóluhæpið og Kúbufrumkvæði Bandaríkjaforseta er meðal þess sem skaut upp kollinum í spjalli þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Virðist hafa verið ógnarlangt ár

Silja Bára Ómarsdóttir, stjórnmálafræðikennari við Háskóla Íslands, og **Inga Dóra Pétursdóttir,** framkvæmdastýra UN Women, settust niður með blaðamanni til að fara yfir það sem helst bar til tíðinda á árinu í útlöndum. Einungis var hægt að stikla á stóru en þeim kom saman um að árið hefði verið miklu tíðindaríkara, eftir á að hyggja, en þær annars minnti.

Á RÖKSTÓLUM

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is

Þær Silja Bára og Inga Dóra könnuðust vel hvor við aðra þegar þær hittust í vikunni til að spjalla við blaðamann um atburði ársins á erlendum vettvangi.

Silja Bára: „Já, við tengjumst í gegnum UN Women. Ég var þar í stjórn aðeins áður en þú kemur inn."

Inga Dóra: „Já, við höfum rekist hvor á aðra. Svo hef ég reyndar komið í partí til þín."

Silja Bára: „Eins og margir."

Þær eru sammála um að þegar þær fóru að líta yfir atburði ársins, þá hafi þær komist að því að miklu meira hafi gerst en þær minnti: „Var þetta óvenjulangt ár, kannski?" spurði Inga Dóra þegar við vorum að ljúka spjallinu.

En byrjað var á að spyrja hvað helst sitji eftir af því sem gerðist erlendis á árinu sem er að líða, að þeirra mati.

Silja Bára: „Ég held að merkilegustu alþjóðapólitísku tíðindi ársins hafi kannski verið það sem er að gerast núna með viðurkenningu Palestínu. Þar finnst mér standa upp úr að þeir eru loks farnir að sjá einhverja hreyfingu á þessum málum frá Vesturlöndum. Og það kemur held ég beint í kjölfarið á þessum hræðilegu árásum í sumar og umsátrinu um Gasa. Það var ekki hægt að líta undan lengur."

Inga Dóra: „Já, það er svo margt búið að gerast á þessu ári. Núna síðast þessi árás á skólann í Pakistan, og að það skuli gerast rétt eftir að Malala er búin að fá friðarverðlaun Nóbels. En um leið verður manni hugsað til þess að þótt svona árásir gerist ekki oft í Pakistan þá er þetta daglegt brauð í Afganistan, árásir á skóla. Ekki svona stórar samt, en þetta er að aukast. Þetta er líka svo undarleg tímasetning rétt eftir að Malala flytur sinn friðarboðskap og talar fyrir menntun kvenna."

Ógnin sem stafar af stúlkum

Inga Dóra: „Í Afganistan, þar sem ég þekki aðeins til, þar hefur réttur kvenna verið að aukast og þær hafa verið að sýna að þær sætta sig ekkert við minni réttindi. Þrjátíu prósent þeirra fóru að kjósa og sýna þar með að þær vilja nota réttindi sín, jafnvel þótt allir frambjóðendur séu karlar sem sýna engan áhuga á réttindum kvenna. Auðvitað vantar enn gríðarlega mikið upp á, en ég fann það mjög sterkt þarna að konur í áhrifastöðum í Afganistan hafa mjög miklar áhyggjur af því núna að fjölþjóðaliðið er að draga sig til baka. Það er að gerast núna um áramótin."

Silja Bára: „Það sem gerist er að stríðið í Afganistan, sem átti að vera að enda, það er ekkert alveg að hverfa. Það er þvert á móti verið að gefa í aftur, en markmiðin um leið orðin eitthvað óljósari."

Inga Dóra: „Ég dáist samt óendanlega að konunum sem eru þarna í áhrifastöðum og að þær skuli hafa sýnt enn meiri kraft í þessum aðstæðum."

Silja Bára: „Þetta var að vísu blandaður skóli í Pakistan. En þetta er alveg stórmerkilegt hvað menntun stúlkna er ógnandi, eins og þessi tilvitnun í Malölu að það sem talibanarnir virðast óttast mest er stúlka með bók."

Inga Dóra: „Það er eins í Nígeríu, þar sem Boko Haram er enn þá með tvö hundruð stúlkur í haldi."

Silja Bára: „Já, eftir meira en hálft ár. Og enn eru stúlkur að hverfa reglulega."

Huggun harmi gegn

Silja Bára: „Ég las reyndar fyrir tuttugu og eitthvað árum grein eftir bandarískan fræðimann af arabískum uppruna, Fouad Ajami. Þetta var svar við grein Samuels Huntingtons, The Clash of Civilizations. Huntington fékk náttúrlega mikinn meðbyr strax eftir 11. september, en Ajami sagði strax eftir útkomuna að málið með hefðir væri að þær eru sterkastar þegar þær eru við það að bresta. Og alltaf þegar maður er bara að grafa sig í sandinn einhvers staðar í þunglyndi út af svona hlutum þá heldur þetta manni einhvern veginn gangandi. Við sjáum þetta alls staðar að þessir karlar reka sig á að afturhaldssemin og völdin, sem þeir halda í, er ekki það sem nýja kynslóðin vill. Æskan vill aðra pólitík en það sem þeir eru að bjóða, og þá reyna þeir bara að halda völdunum með ofbeldi."

Inga Dóra: „Og oft eru þeir að heimta eitthvað til baka. Því konur í Afganistan höfðu til dæmis miklu meiri réttindi fyrir 20 til 30 árum. Þannig að það er ekki eins og þetta hafi alltaf verið svona."

Meira en nóg af frostpunktum

En hvað segið þið um Vladimír Pútín og Úkraínustríðið? Hvað er eiginlega í gangi þar?

Silja Bára: „Einhvern tímann lærði ég að Rússland hefði aldrei unnið árásarstríð. Kosturinn við að þeir séu með frumkvæðið er sá að þá segir maður bara: Já, þetta vinnst aldrei hjá þeim. En inn í þetta kemur líka að stöðu Rússlands er ógnað. Þetta er ríki sem í 300 ár hefur í mismunandi útgáfum verið mjög valdamikið og hefur alltaf haft algert úrslitavald yfir nágrannaríkjunum, og nú eru þau að reyna að komast inn í NATO. Ástandið í Úkraínu er svo alveg skelfilegt og eiginlega alla þessa öld hafa verið að koma upp einhver spillingarmál, það hafa verið vafasamar kosningar og hallarbyltingar fram og til baka. Svo kemur einhver billjóner og sigrar í forsetakosningunum, en kann hann að tala við fólk og leiða saman þessa klofnu þjóð? Maður hefur efasemdir um það, en vonar bara að þarna verði ekki enn einn frostpunkturinn eins og nóg er af, eins og í Georgíu, Moldóvu og víðar þarna. Í Tansnistríu, austurhluta Moldóvu, varð ein deild sovéska hersins hreinlega eftir við fall Sovétríkjanna og hún situr þarna enn og er að vakta eitthvað."

Inga Dóra: „Finnst þér að Vesturlönd eigi að grípa inn í?"

Silja Bára: „Ég veit það ekki, mér finnst bara að það sé Rússland sem þurfi að fara að koma sér inn í 21. öldina."

Tíu forsetar hafa ekkert gert

Svo er Obama nú allt í einu farinn að semja við Kúbu, og hann er nýbúinn að veita ólöglegum innflytjendum dvalarleyfi í stórum stíl. Er hann kannski að koma sterkur inn núna eftir kosningarnar í staðinn fyrir að sitja sem lamaður?

Silja Bára: „Já, hann er að nota framkvæmdavaldið. Þetta hefur líka fengið svo góð viðbrögð, þetta fjölskyldusameiningarverkefni sem hann fór í strax eftir kosningarnar, að leyfa ólöglegum innflytjendum sem eiga börn sem eru ríkisborgarar að fá dvalarleyfi, að þeir hafa talað um að hann hefði átt að gera þetta fyrir kosningarnar. En þeir voru svo hræddir við þetta að það var setið á þessu fram yfir kosningar. Svo náttúrlega er skondið við þetta að Jeb Bush, sem er að byrja að þreifa fyrir sér, hann hefur latínófylgið því hann talar spænsku og á konu af rómansk-amerískum ættum. Og þá mögulega mun þetta styrkja hann, þannig að repúblikani geti kannski flotið inn á þessari löggjöf og verði forseti næst. En þetta er virkilega merkilegt. Það eru tíu forsetar sem hafa ekkert gert í þessu máli, og einu ríkin sem Bandaríkin hafa ekki verið í stjórnmálasambandi við eru Íran, Norður-Kórea og Kúba."

Læknar í geimfarabúningum

Hvað með ebólufaraldurinn? Það er merkilegt að að allt í einu séu menn farnir að búa til lyf í stórum stíl.

Inga Dóra: „Já, en sú tilviljun! Mér finnst samt ofsalega skrýtið að ebólan skuli vera orðin eitt af þessum stóru málum."

Silja Bára: „Já, það eru fjögur til fimm þúsund manns dánir, en það deyr hálf milljón manna árlega af flensunni. Þetta er sérlega ógeðslegur dauðdagi að vísu."

Inga Dóra: „Auðvitað er frábært að heimurinn sé loksins farinn að rumska, farinn að safna og senda eitthvað, en þetta er svo skýrt dæmi um að þegar eitthvað fer að snerta okkur beint á Vesturlöndum þá fyrst er brugðist við, í staðinn fyrir að bregðast við kerfisbundnum vanda á miklu stærra sviði. Hversu margir eru að látast úr ebólu og hversu margir eru að látast vegna þess að þeir hafa ekki aðgang að lyfjum? Þetta minnir svo mikið á HIV. Ég sá það sérstaklega í Malaví þegar ég kom á sjúkrahús að þá var þar ekki neitt, en svo var HIV-deildin hin glæsilegasta, allt splunkunýtt með búnaði og húsgögnum, En það var ekki hægt að fá lyf við algengustu kvillum. Mér finnst þetta óttalega mikið hæp, þótt ebólan sé hræðileg auðvitað. Svo er líka brugðist við alltof seint. Og þá eru sendir þessir menn í geimfarabúningum. Hún er líka búin að viðurkenna, konan sem er yfir WHO, að það hefði verið hægt að ráða niðurlögum þessa sjúkdóms mjög auðveldlega þegar þeir fengu fyrstu fréttirnar. Þegar þetta var bara í einu litlu þorpi. Ef þeir hefðu gripið inn í, en þá brugðust þeir ekki við."

Silja Bára: „Ég fékk reyndar mikinn áhuga á þessu núna í haust. Þetta er svona eftirlenduhugsun: Aumingja fólkið þarna sem kann ekki að þvo sér um hendurnar."

Inga Dóra: „Og alltaf er talað um jarðarfararsiðina þeirra, sem eru nákvæmlega eins og okkar: Þeir kveðja manneskjuna þegar hún er látin og grafa hana."

Silja Bára: „Það eina sem er öðruvísi, hef ég heyrt, er að þeir láta manneskjuna standa uppi heima, sem er ekkert langt síðan var gert hér. Og það er fjölskyldan sjálf sem þvær látna líkamann. En þetta er bara öðruvísi vegna þess að við erum búin að stofnanavæða dauðann, sem er ekkert sérstaklega jákvætt heldur."

Inga Dóra: „Það er svo mikil framandvæðing í þessu: Þeir skilja ekki hvernig þetta smitast, greyin, og við þurfum að senda fleira fólk í búningum."

Silja Bára: „Og talandi um hvað er ógnandi. Er það þriggja ára barn með ebólu sem er ógnandi eða er það vestræni læknirinn sem kemur þarna inn í geimfarabúningnum?"

HÁTÍÐ Í BÆ

Þú færð jólasteikina í Iceland

2898 KR. KG.

ICELAND ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
FRÁ ESJU GÆÐAFÆÐI

1598 KR. KG.

ICELAND HAMBORGARHRYGGUR
FRÁ ESJU GÆÐAFÆÐI

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OG ALLT HITT FYRIR GÓÐA MÁLTÍÐ

158 168

Egils malt og appelsín, 33 cl

298

Súkkulaði frá Baileys, 80 g

598

Lakkrís frá Bassetts, 460 g

698

Grycan is og sorbet, 12 teg. 500 ml

1298

Chocolate Pavlova Mountain, 404 g

1998

Ömmubakstur laufabrauð, 15 stk.

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

PIPAR\TBWA • SÍA • 144810

tl.is

TÖLVU LISTINN

TÖLVUGJAFIR Í JÓLAPAKKANN !

TOSHIBA

15,6" FARTÖLVA Á ÓTRÚLEGU VERÐI !

Frábært jólaverð fyrir 15,6" fartölvu frá Toshiba fyrir hefðbundna tölvuvinnslu heimilisins.

49.990

TOS-C50DA147

nextbook

8" SPJALDTÖLVA Á 14.990 !

Spjaldtölva sem rýkur út fyrir jólin á frábæru verði. Mjög hentug stærð fyrir börn. Aðgangur að þúsundum ókeypis leikja í gegnum Google Play.

14.990

NEX-NX008HD8G

HTC DESIRE MEÐ 4G OG FJÓRUM KJÖRNUM

htc
HTC-DESIRE510
29.990

ÞRÁÐLAUS HEIMILISPRENTARI

EPSON
EPS-XP322
14.990

13,3" Á ÓTRÚLEGU JÓLAVERÐI !

acer
ACE-NXMRTED009
54.990

GOOGLE CHROMECAST ÞRÁÐLAUST HDMI

chrome
GOO-CHROMECAST
7.990

HVÍT MEÐ 8GB MINNI OG 1TB DISK

TOSHIBA
TOS-L50B1UG
89.990

LEIKJATÖLVA FYRIR KRÖFUHARÐA

CORSAIR
CM G4.11 GRAPHITE
179.990

A6 TEIKNIBORÐ FYRIR BÖRNIN

MANHATTAN
MAN-177412
9.990

ÖRÞUNNUR 1TB VASAFLAKKARI

INTENSO
INT-MEMORYHOME1TBBK
11.990

Netgíró

14 daga vaxtalaus greiðslufrestur eða raðgreiðslur.

8 VERSLANIR UM ALLT LAND

OPIÐ TIL 22:00
Á SUÐURLANDSBRAUT, AKUREYRI, REYKJANESBÆ, EGILSSTÖÐUM OG SELFOSSI !

Parrot

MYNDAVÉLADRÓNI SEM KEYRIR OG HOPPAR !

32.990

Draumagjöf fyrir börn og unglinga. Getur hoppað upp í allt að 80cm hæð og keyrir 2 metra á sekúndu. Fjarstýrt með snjallsíma og streymir mynböndum og ljósmyndum í símann.

TOSHIBA

INTEL ÖRGJÖRVI OG SSD

Var að lenda. Langlægsta verð sem við höfum náð á 15,6" fartölvu með SSD diski með allt að 7 tíma rafhlöðuendingu.

89.990

TOS-L50B24F

23" SKJÁTÖLVA MEÐ FJÓRUM KJÖRNUM

acer
ACE-DQSWFEQ002
129.990

FLUGDRÓNI FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

Parrot
PAR-ROLLINGSPIDERBLU
22.990

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ MEÐ MÚS

Logitech
LOG-K400
6.490

RAUÐ EÐA SILFRUÐ MEÐ INTEL i5

TOSHIBA
TOS-L50B1Z0
99.990

10" TRANSFORMER MEÐ INTEL QUAD CORE

ASUS
ASU-TF103C1B020A
39.990

VINSÆLASTA RAZER LYKLABORÐIÐ

RAZER
RAZ-DEATHSTALKER
14.990

40.000 KRÓNA AFSLÁTTUR !

htc
HTC-ONEM8SILVER
89.990

27" HÁSKERPU IPS TÖLVUSKJÁR

PHILIPS
PHS-274E5QHSB
49.990

PROMENNT
ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

AÐEINS BROT AF JÓLATILBOÐUNUM !

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	EGILSSTAÐIR	KEFLAVÍK	SELFOSS	AKRANES	HAFNARFJÖRÐUR
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 30	GARÐARSBRAUT 18A	KAUPVANGI 6	HAFNARGÖTU 90	AUSTURVEGI 34	ÞJÓÐBRAUT 1	REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1700	Sími 414 1730	Sími 464 1600	Sími 414 1735	Sími 414 1740	Sími 414 1745	SÍMI 431 3333	Sími 414 1750

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FALLEGASTA BYGGINGIN

1. sæti
Harpa

Ég á erfitt með að segja frá fallegustu byggingunni að mínu mati án þess að fá smá samviskubit. Mikið hefur verið rætt um byggingu þessa og þá oftar en ekki í neikvæðum tón, þá sérstaklega þegar litið er til kostnaðar og þess ástands sem ríkti í þjóðfélaginu þegar hún var byggð. Þessi bygging er að sjálfsögðu Harpan í Reykjavík. Stórglæsileg bygging sem kemur til með að þjóna listum og menningu um ókomna tíð. Ef þér finnst hún ljót þá ertu bara ekki að horfa á hana rétt.

Það kom bara ein bygging upp í hugann strax og það er Harpa. Stórkostlegt listaverk sem að auki hýsir fordómalaust allar tegundir tónlistar. Er búinn að fara á alls konar tónleika allt frá argasta pönki og niður í klassík. Svo er líka gott að borða þar.

Fallegasta bygging á Íslandi er án nokkurs vafa Harpa. Mér er alveg sama hvað fólki finnst um hvernig að byggingunni var staðið og kostnaðarhliðina. Þetta er fallegasta bygging Íslandssögunnar og við eigum að vera stolt af henni Hörpu okkar.

2. sæti
Hallgrímskirkja

3. sæti
Sundhöll Reykjavíkur

BESTI MACKINTOSH-MOLINN

1. sæti
Bleiki molinn

Ég get ekki lýst þeirri örvæntingu sem fyllir mitt hjarta þegar ég gramsa í Mackintosh-skálunum í jólaboðunum og bleiku molarnir eru búnir! Þeir klárast alltaf fyrst! Það sannar að þeir eru bestir!

2. sæti
Fjólublái molinn

3. sæti
Græni þríhyrningurinn

BESTA NAMMIÐ

1. sæti
Þristur

Það er eitthvað við þessa blöndu (lakkrís, karamella og súkkulaði) sem gleður bragðlaukana mína út í hið óendanlega. Þetta er líka eina nammið sem gerir kaffi virkilega gott. Það segir manni bara hversu rosalega gott þetta nammi er.

2.-3. sæti
Síríus-súkkulaði með hnetum og rúsínum

2.-3. sæti
Fylltar lakkrísreimar

LAUGARDAGSDJAMM, LAKKRÍS OG LATI HUGSJÓNAMAÐURINN

Lífið á Vísi hefur undanfarnar vikur tekið saman sumt af því sem Íslendingum finnst best með hjálp valinkunnra álitsgjafa. Ýmislegt hefur verið kannað, allt frá því hvaða nammi er best undir tönn til þess hvaða sundlaug er notalegast að baða sig í. Íslendingar elska sinn lakkrís og nóg af honum, þeir fíla að leyfa lötum Helga Björns koma sér í jólaskapið og finnst fátt betra en að gúffa í sig núðlum. Fréttablaðið tók saman það sem Íslendingar elska.

BESTA ÍSLENSKA ÁSTARLAGIÐ

1. sæti
Tvær stjörnur Megas

Tvær stjörnur er einfaldlega einn fallegasti íslenski texti sem hefur verið saminn. Hver einasta setning er svo rík og mögnuð að ég fæ gæsahúð af að lesa hann. Þetta er líka ekki bara ástarlag, það tekur á ást, lífinu, söknuði, sorg, minningum og einhvers konar uppgjöri og sátt við liðinn tíma ... og allt í örfáum erindum. Alveg stórkostlegt!

2. sæti
Skólaball

3. sæti
Þú átt mig ein

BESTA ÍSLENSKA JÓLALAGIÐ

1. sæti
Ef ég nenni Helgi Björnsson

Fólk elskar það eða hatar. Angurvær flutningur Helga kveikir í mér og ég er sjúklega meðvirk með þessum lata og fátæka manni sem textinn er um. Textinn er annars algjört rugl en þetta kemur mér alltaf í jólaskap. Mitt uppáhalds íslenska jólalag, Klárt mál!

2. sæti
Þú komst með jólin til mín

3. sæti
Jólahjól

BESTI DAGURINN TIL AÐ DJAMMA

1. sæti
Laugardagur

Laugardagur er skíturinn! Fleira fólk, fleiri vinir lausir því þeir eiga frí á sunnudögum þannig að þá er meira stuð.

Þá er maður vel útsofinn og hefur tíma til að undirbúa kvöldið. Fínt að skella sér í miðbæinn og græja föt fyrir djammið. Svo er ekkert betra en að starta kvöldinu með einum eða tveimur kokteilum, dinnerpartíi í góðra vina hópi og enda svo á Irish Coffee áður en haldið er út í nóttina. Svo hefur maður allan sunnudaginn til að liggja fyrir framan sjónvarpið og ná upp fyrri styrk.

Á föstudögum vil ég frekar taka því rólega og slaka á eftir vinnuvikuna, laugardagur er því skemmtilegri til skemmtunar. Hvað virka daga varðar þá læt ég þá vera.

2. sæti
Mánudagur, þriðjudagur og miðvikudagur

3. sæti
Fimmtudagur

4. sæti
Föstudagur

5. sæti
Sunnudagur

BESTA ÍSBÚÐIN

1. sæti
Brynjuís

Ég borða aldrei ís, enda er hann dísætur, fitandi og meinóhollur, nema þegar ég er á Akureyri og þá kemur Brynja drottning vitaskuld ein til greina. Ísinn þar er ferskur og svalandi, uppskriftin er æðisleg. Og svo er nostalgían kringum Brynju-ísinn vitaskuld óviðjafnanleg og til háborinnar fyrirmyndar ... fyrir okkur Akureyringa.

2. sæti
Valdís

3. sæti
Ísbúð Vesturbæjar

BESTI SKYNDIBITASTAÐURINN

1.sæti
Noodle Station

Þótt mér finnist þeir vera búnir að hækka verðið sitt aðeins of mikið breytir það því ekki að þetta er eitt af því allra besta sem ég fæ. Enginn biðtími, fæ mér kjúklingasúpu og „extra spicy“ og það er einhver „x factor“ í bragðinu sem lætur mann langa í meira og meira. Ég er orðinn sjúklega svangur núna.

Afgreiðslan er svo hröð að það tekur því ekki að drepa á bílnum, þjónustan er frábær – brosin ósvikin, verðið gott og súpurnar sjóðandi heitar og sjúklega góðar.

2. sæti
Hamborgarabúllan

3. sæti
KFC

4.-6.sæti
Bæjarins bestu

4.-6. sæti
Eldofninn

4.-6. sæti
Roadhouse

BESTA SUNDLAUGIN

1. sæti
Vesturbæjarlaug

Vesturbær Reykjavíkur er eitthvert notalegasta bæjarstæði landsins og þar er líka að finna bestu sundlaugina. Vesturbæjarlaugin er ótrúlega sjarmerandi, mátulega lítil og þægileg. Gufan heimsfræg, ekki síst hjá samkynhneigðum, og heitu pottarnir eru þeir bestu sem völ er á þegar maður þarf að láta amstur dagsins líða úr sér. Samt þyrfti helst að bæta við einum þagnarpotti þar sem samræður eru bannaðar vegna þess að bullið sem vellur upp úr sumum fastagestum er klikkaðra en það sem heyrist í símatíma Útvarps Sögu.

2. sæti
Sundlaugin á Hofsósi

3. sæti
Sundlaug Seltjarnarness

Jólagjöf golfarans

NÍNA - AKRANESI
SKÓBÚÐ - SELFOSS
AXEL Ó - VESTMANNEYJUM
EAGLE - AKUREYRI
ÖRNINN GOLFVERSLUN - REYKJAVÍK
SKÓR.IS - NETVERSLUN
HOLE IN ONE - REYKJAVÍK

ECCO - KRINGLAN
STEINAR WAAGE - SMÁRALIND
SKÓBÚÐIN HÚSAVÍK
GOLFBÚÐIN - HAFNARFIRÐI
GOLFSKÁLINN - REYKJAVÍK
SKÓBÚÐIN - KEFLAVÍK

ecco®

KENNIR BÖRNUM Sigursveinn leiðbeinir börnum í Reykjadal árið 1966.



LAMAÐIST VIÐ ÞRETTÁN ÁRA ALDUR Sigursveinn situr ungur í kafgresi í sveitinni.

RUDDI NÝJAR BRAUTIR Í TÓNMENNTAMÁLUM Sigursveinn stjórnar stórum blokkflautukór á Siglufirði þann 17. júní árið 1960.

Að stælast á sál og líkama

Árni Björnsson hefur skráð sögu **Sigursveins D. Kristinssonar** sem lamaðist við þrettán ára aldur og var bundinn við hjólastól alla tíð síðan. Hann bjó yfir miklum viljastyrk og tókst að ryðja úr vegi flestum hindrunum sem á vegi hans urðu, ruddi nýjar brautir í tónmenntamálum, stofnaði alþýðlegu tónskólana á Íslandi og kom að stofnun Sjálfsbjargar. Hér er gripið niður í ævisögunni þar sem Sigursveinn dvelur ungur við nám og störf hjá á Krakavöllum í Flókadal í Vestur-Fljótum.

Sigursveinn – Baráttuglaður brautryðjandi
Höfundur **Árni Björnsson**
Útgáfa **Hið íslenska bókmenntafélag**
Fjöldi síðna **376**

Ári seinna eða 1927 komu þær í heimsókn til Ólafsfjarðar mæðgurnar Guðrún Valný Þorláksdóttir og Magna Sæmundsdóttir, og Sigursveini var boðið að dveljast sumarlangt á Krakavöllum. Fjölskyldan hafði um 1920 flust úr gamla bænum sem stóð uppundir fjalli í nýjan bæ á mel niður undir ánni. Þetta átti að vera bráðabirgðahúsnæði en annað var aldrei byggt. Úr því varð að Sigursveinn dvaldist nokkur sumur og eitt heilt ár hjá þeim Sæmundi. Seinast virðist hann dveljast þar mestallan veturinn og fram á mitt sumar 1937 þegar hann er orðinn hálfþrítugur. Hann hélt áfram að læra ensku og dönsku hjá Sæmundi en bætti nú ýmsu við, einkum þýsku og mannkynssögu.

Hjá Sæmundi komst hann líka í ágætt bókasafn, en hann getur þess einmitt í samtali að slíka stofnun hafi skort í Ólafsfirði á þessum árum. Einnig rifjar hann það upp sem honum hafði verið sagt af þeim bræðrum þegar Gísli var á fimmta ári en hann sjálfur á þriðja ári og þeir höfðu verið að lýsa óskum sínum um framtíðina. Gísla hafði dreymt um að byggja svo stóran bæ að hann næði alla leið frá Minni-Þverá að Stóru-Þverá. Sigursveinn hafði á hinn bóginn óskað sér að eiga svo margar bækur að þær fylltu baðstofuna. Hvað sem sannleiksgildi þeirrar sögu líður varð fólki snemma ljós bókhneigð Sigursveins. Eitt sinn færði Magnús bróðir hans honum tvær bækur sem hann hafði keypt á Akureyri. Önnur var Afmælisdagabók sem Guðmundur Finnbogason hafði valið vísur í, og hin var Svartar fjaðrir eftir Davíð Stefánsson. Báðar las hann spjaldanna á milli en auk þess hélt hann mikið upp á Sæmundar-Eddu og segist hafa lært Hávamál næstum utanbókar. Hann nefnir í því samhengi að þessar bækur hafi átt betur við sig en Biblían.

Sæmundur Dúason virðist hafa verið allt að því alæta á bókmenntir. Fyrir utan skáldsögur og ljóð sem Sigursveinn las jafnan af mikilli áfergju, hafði hann þarna á Krakavöllum meðal annars tiltæka fjölmarga árganga af Skírni, Íslendingasögurnar og ýmis rit um þjóðfélagsmál. Þeir frændur tóku nú í félagi að panta bækur frá Noregi þar sem Akureyringurinn Geir Jónasson var við nám í sagnfræði og hafði milligöngu um útvegun bóka. Meðal annars fékk Sigursveinn hið upplýsandi rit Arbeidernes Leksikon í nokkrum bindum sem varð honum mikil uppspretta þekkingar um alþýðleg verkalýðsmál og hvað eina í því samhengi. Einnig nefnir hann tvær miklar bækur sem hann las eftir H. G. Wells, The Outline of History og The Work, Wealth and Happiness of Mankind. Þá segist hann í fyrsta skipti hafa gert sér grein fyrir baktjaldamakki auðhringa á sviði vopnaframleiðslu við að undirbúa nýtt stríð.

Auk hinnar bóklegu fræðslu taldi hann sig hafa hlotið mikið líkamlegt gagn af að böðlast með öðru fólki í heyskap og taka þátt í öðrum sveitastörfum á Krakavöllum, klifra yfir garða og fleira slíkt sem hann átti síður kost á heima í þorpinu. Þessi mikla hreyfing verkaði sem eins konar endurhæfing. Það voru sniðnar á hann sérstakar olíubuxur svo hann blotnaði síður í öllu brasinu. Hann átti það líka til að stjórna dráttarhesti við heyskapinn og sat þá með aktaumana uppi í kerru. Frænka hans og jafnaldra, Magna Sæmundsdóttir, segir þannig frá þessu:

Þá er mér ekki síður minnisstætt, með hvílíkri atorku hann þjálfaði þann hluta líkamans sem heilbrigður var. Einkum útivið á sumrin. Hann vildi fylgjast með og taka þátt í sem flestum störfum utanhúss. T.d. smíðaði hann sér hrífu með stuttu skafti og rakaði hey uppi á túni. Færði sig til með höndunum á milli hrífufara. Af öllu þessu varð hann mjög sterkur í höndunum og handleggjunum.

Þá er ógetið mesta afreks hans á þessu sviði, sem má kallast ofurmannlegt. Hann fór upp háa og bratta fjallshlíð alveg upp á Brún og niður aftur. Þetta dró hann sig á höndunum. Með honum fór Sæmundur Baldvinsson, fósturbróðir minn þá unglingur, en hann mátti ekkert hjálpa honum, bara fylgjast með. Sigursveinn var oft búinn að tala um að sig langaði til að fara upp á Brún. Faðir minn var ekki hrifinn af þessari ferðaáætlun, en þá fór Sigursveinn bara þegar faðir minn var ekki heima og fékk Sæmund með sér eins og fyrr segir. Sigursveinn lét ógjarnan af því sem hann ætlaði sér.

Það var stundum glatt á hjalla á mannmörgu heimili og Sigursveinn var oftar en ekki lífið og sálin í gleðskapnum með fiðluna sína sem fyrr var nefnd og þau kölluðu stundum ‚gaulu‘. Gangnamenn komu líka við á haustin á þessum fremsta bæ í dalnum og hann var stundum settur í að syngja og spila fyrir þá, enda var þá enn ekki komið útvarp! Eftir tilkomu þess segir hann ýmislegt hafa breyst í heimaskemmtunum.

LEIGA& EIGNAUMSJÓN

LAUGARDAGUR **20. DESEMBER 2014**

Langtímaleiga komin til að vera

Almenna leigufélagið býður upp á langtímaleigu, hátt þjónustustig öryggi og sveigjanleika. Félagið annast útleigu um 400 íbúða.

Síða 2

Leigufélögum fjölgar

Eignaumsjón sérhæfir sig í umsjón leigufélaga. Fyrirtækið sér meðal annars um viðhald og rekstur eigna. Gott viðhald skilar arði.

Síða 3



NORDICPHOTOS/GETTY

Öruggt heimili til lengri tíma

Almenna leigufélagið býður upp á langtímaleigu íbúðarhúsnæðis, hátt þjónustustig, öryggi og sveigjanleika. Félagið annast útleigu um 400 íbúða sem staðsettar eru vítt og breitt um höfuðborgarsvæðið. María Björk Einarsdóttir framkvæmdastjóri segir langtímaleigu á íbúðarhúsnæði löngu tímabært fyrirkomulag og sé komið til að vera á Íslandi.

Almenna leigufélagið er nýtt félag sem sett var á fót í nóvember. „Viðtökurnar hafa verið vonum framar og augljóst að Íslendingar hafa beðið eftir leigufélagi sem býður upp á langtímaleigu og fagleg vinnubrögð," segir María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins.

Almenna leigufélagið er stærsta einkarekna leigufélagið á markaðinum í dag, með tæplega fjögur hundruð íbúðir til langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu. Félagið sér um leiguumsýslu fyrir stærri fjárfesta sem fjárfesta í íbúðarhúsnæði til langs tíma. Margar íbúðir félagsins eru staðsettar miðsvæðis en einnig leigir félagið út íbúðir í flestum úthverfum Reykjavíkur, þar á meðal í Breiðholti, Norðlingaholti og í Úlfarsárdal. Þá leigir félagið út íbúðir í nágrannasveitarfélögunum, Kópavogi, Hafnarfirði og víðar.

María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins, segir langtímaleigu komna til að vera á Íslandi. MYND/VILHELM

Öruggt húsnæði

María segir öryggi og stöðugleika vera það sem viðskiptavinir Almenna leigufélagsins leiti eftir.

„Við vitum að það getur alltaf eitthvað komið upp á hjá einstaklingi sem leigir út íbúðina sína. Hann getur þurft að fá íbúðina til baka með stuttum fyrirvara og við þekkjum dæmi þess að fjölskyldur á leigumarkaði hafi jafnvel þurft að flytja oft á ári vegna þessa. Þetta er áhætta sem okkar leigjendur standa ekki frammi fyrir," segir María en Almenna leigufélagið gerir leigusamninga til allt að þriggja ára í senn, með möguleika á framlengingu.

„Ef hagir leigjenda breytast skyndilega eiga þeir kost á því að segja upp samningum. Við bjóðum líka upp á sveigjanleika fyrir þá sem þurfa að stækka eða minnka við sig á leigutímanum, til dæmis vegna breyttra fjölskylduhaga eða annarra ástæðna. Þá reynum við eftir fremsta megni að finna húsnæði sem hentar fjölskyldunni innan sama hverfis. Nú þegar er komin góð reynsla á þessa þjónustu."

Öflug í miðbænum. Fjórtán nýlegar og fallegar íbúðir á Njálsgötu, í hjarta miðbæjarins, eru í langtímaleigu á vegum Almenna leigufélagsins.

Hverfi í uppbyggingu. Almenna leigufélagið hefur sótt í sig veðrið í úthverfunum og leigir m.a. út 51 íbúð í þremur fjölbýlishúsum við Skyggnisbraut í Úlfarsárdal.

Hagstætt leiguverð

Meðalleiguverð hjá Almenna leigufélaginu er í kringum og undir meðalleiguverði samkvæmt Þjóðskrá Íslands: „Leiguverðið endurspeglar húsnæðiskostnað og er mismunandi eftir svæðum en við erum með íbúðir af öllum stærðum og gerðum. Við leggjum upp með að leiga hjá okkur sé sambærilegur kostur við íbúðarkaup, sé litið til þess kostnaðar sem fylgir því að kaupa og reka fasteign," segir María. Þá segir hún stóran hóp, sérstaklega af yngri kynslóðinni, ekki hafa áhuga á að fjárfesta í steinsteypu og skuldbinda sig til fjölda ára með lánum: „Margir hafa heldur engan áhuga á að sitja húsfundi og standa í viðhaldi með tilheyrandi kostnaði og umstangi, heldur vilja bara öruggt heimili og ekkert vesen. Við vildum gera langtímaleigu að raunhæfum kosti og byggjum félagið á skandinavískri fyrirmynd. Við teljum þetta fyrirkomulag komið til að vera á Íslandi," segir María.

Tangabryggja 14-16. Almenna leigufélagið leigir út 15 íbúðir í þessu glæsilega fjölbýlishúsi í Bryggjuhverfinu, en lokið var við byggingu þess vorið 2014.

Nýbygging í Úlfarsárdal. Almenna leigufélagið hyggst bæta við sig rúmlega 50 íbúðum í Úlfarsárdal á árinu 2015. Skyggnisbraut 8-12 og Friggjarbrunnur 55-57 eru nú í byggingu og lýkur 1. áfanga í febrúar.

Þjónusta allan sólahringinn

Almenna leigufélagið tryggir leigjendum sínum sólarhringsþjónustu en félagið er í samstarfi við Securitas. Þannig er hægt að bregðast við neyðartilvikum hvenær sem er.

„Við leggjum okkur einnig fram við að bregðast hratt við öllum ábendingum okkar leigjenda. Það er okkar hagur og þeirra að eignirnar séu í góðu ástandi. Við erum stöðugt að taka inn nýjar eignir og yfirleitt getur fólk fengið húsnæði við sitt hæfi þegar það leitar til okkar. En eftirspurnin er mikil og íbúðirnar stoppa ekki lengi," segir María.

Nánari upplýsingar er að finna á **www.almennaleigufelagid.is**

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, s. 512-5446, jonatan@365.is **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

SÖGUSTUND

Katrín Ósk Jóhannsdóttir les úr bókum sínum Karólína og eggið og Karólína og týndu skórnir á Borgarbókasafninu í Tryggvagötu í dag klukkan 14. Tilvalin skemmtun fyrir yngstu börnin og fjölskyldur þeirra. Boðið verður upp á heitt kakó og smákökur en ekkert kostar inn.

Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR VEL

ICECARE KYNNIR *Melissa Dream-töflurnar fá þig til að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð/ur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið föl og einnig getur það valdið þyngdaraukningu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

EKKERT HEFUR REYNST EINS VEL

„Ég hafði verið í vandræðum með svefn og slökun í töluverðan tíma," segir Elsa Ásgeirsdóttir. „Ég starfa sem klæðskeri og hönnuður og starfinu fylgir oft mikið álag. Stundum er ég nánast ofvirk og hausinn oft fullur af hugmyndum sem ég þarf að framkvæma," segir hún og brosir.

„Ég náði alltaf að sofna en náði ekki að sofa alla nóttina, var oft vöknuð um klukkan fjögur á næturnar og átti erfitt með að sofna aftur. Það sem er líka gott við Melissu er að nú heyrir fótapirringur sögunni til, en ég átti það til að vera slæm af fótapirringi þegar ég var komin í háttinn."

Elsa las sér til um Melissa Dream-töflurnar eftir að hún sá þær auglýstar og ákvað að prófa. „Mér leist líka vel á þær þar sem þetta er náttúruleg lausn, mér líkar það betur. Ég hef prófað mjög margt til að ná að hvílast og sofna en ekkert annað hefur reynst mér svona vel. Þetta er það eina sem hefur hjálpað mér hingað til!

Mér líður svo miklu betur eftir að ég næ fullum svefni, er í betra jafnvægi allan daginn og þá verður allt annað líka í betra jafnvægi.

SKAÐLEGT FYRIR LÍKAMANN

Svefnleysi veldur því að líkaminn endurnýjar sig hægar, sem getur veikt ónæmiskerfið. Í raun getur svefnleysi verið mjög skaðlegt fyrir líkamann. Það er ekki óalgengt að vinir og samstarfsmenn hafi áhyggjur af þér. Svefnleysi er svo skaðlegt fyrir fólk að það er viðurkennt sem áhrifarík pyntingaraðferð. Til þess að hjálpa þér við að losna við hvíldar- og svefnlausar nætur ættir þú að prófa Melissa Dream-töflurnar.

SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

Í gegnum aldirnar hefur sítrónumelis (lemon balm), melissa officinalis, verið vinsæl meðal grasalækna. Þaðan dregur varan nafn sitt, Melissa Dream. Þessar vísindalegu samsettu náttúruvörur eru hannaðar til að aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur og innihalda ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif. Sítrónumelis-taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B-vítamína, sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi. Auk þess inniheldur taflan mikið af magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum og bætir svefn.

EINA SEM HJÁLPAR

Elsa hefur prófað margt til að ná að hvílast og sofna en Melissa Dream-töflurnar eru það eina sem hefur virkað hingað til. MYND/GVA

IceCare
Þín heilsa

SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

Melissa Dream-töflurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

Iða skálda í Zimsen
Upplestrarkvöld kl. 20 laugardaginn 20. desember
Oddný Eir Ævarsdóttir - Ástarmeistarinn
Ófeigur Sigurðsson - Öræfi
Þórdís Gísladóttir - Velúr
Guðmundur Brynjólfsson - Gosbrunnurinn
Guðrún Hannesdóttir - Slitur úr orðabók fugla
Guðrún Vilmundardóttir les úr
Hinn litlausi Tskukuru Tazaki og pílagrímsár hans
IÐA bókakaffi Vesturgata 2a 101 Reykjavík. Opið alla daga til 22

HÁTÍÐ Í BÆ Daníel Auðunsson segir að helgin fari í æfingar fyrir Þorláksmessutónleika Árstíða í Fríkirkjunni.

LIFUM Á ÁSTINNI Á TÓNLISTINNI

HÁTÍÐ *Hljómsveitin Árstíðir verður með tvenna hátíðartónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík á Þorláksmessu. Skemmtileg hefð hefur skapast fyrir þessum tónleikum og kirkjan jafnan verið þéttsetin. Þarna gefst tækifæri fyrir fólk að kynnast frábærri hljómsveit sem hefur verið að gera garðinn frægan víða í Evrópu.*

Daníel Auðunsson, einn meðlima hljómsveitarinnar, segir að flutt verði hátíðleg jólalög í bland við frumsamda eigin tónlist á tónleikunum. Fljótlega á næsta ári kemur út ný plata með Árstíðum sem nefnst Hvel og er stefnt á útgáfutónleika af því tilefni. Árstíðir hafa vakið mikla athygli fyrir vandaðan tónlistarflutning og raddaðan söng. „Við erum oft spurðir hvernig tónlist við flytjum,“ segir Daníel. „Það er kannski ekki auðvelt að skilgreina hana. Það sem við höfum komist næst því er kannski „Chamber Pop“ eða popp með klassísku ívafi,“ segir hann. Árstíðir vöktu mikla athygli í fyrra þegar strákarnir fluttu lagið Heyr himna smiður á lestarstöð í Þýskalandi. Upptakan hefur fengið nærstum fjórar milljónir áhorfenda á YouTube.

SELDIST UPP

Daníel og félagar hafa verið með Þorláksmessutónleika frá árinu 2008. „Hljómsveitin var stofnuð á því ári. Við vorum metnaðarfullir og vildum kynna tónlistina sem við flytjum. Þá var ákveðið að halda tónleika í Fríkirkjunni 30. desember. Okkur leist vel á kirkjuna sem tónleikasal. Árið eftir ákváðum við að halda tónleikana frekar á Þorláksmessu og þar sem mikill fjöldi mætti til að hlýða á okkur hafa þeir verið árlega. Áheyrendahópurinn er alltaf að stækka og í fyrra var uppselt. Þess vegna ákváðum við að hafa aukatónleika kl. 16 en með því gefum við fólki færi á að fara í skötuveislu eftir tónleikana. Vala Yates söngkona verður með okkur að þessu sinni ásamt þremur aukastrengjaleikurum og við munum kappkosta að ná fram hátíðleika,“ segir Daníel.

ÞÝSK HEIMILDARMYND

Þýskir kvikmyndagerðarmenn gerðu heimildarmynd um Árstíðir sem sýnd var á RÚV og vakti mikla athygli. Daníel segir að það hafi komið sér á óvart hversu mikil viðbrögð hann fékk eftir sýningu myndarinnar. „Við fengum gríðarlega mikil viðbrögð við myndinni hér heima sem sýnir hversu mikið áhorf er á RÚV,“ segir hann. Þegar Árstíðir voru stofnaðar árið 2008 voru meðlimir þrír en fljótlega fjölgaði þeim í sex. Nú hafa tveir þeirra snúið sér að öðrum verkefnum og eftir eru fjórir, það eru Daníel, Ragnar Ólafsson, Karl James Pestka og Gunnar Már Jakobsson.

ÍSLENDINGAR FÁ GÆÐASTIMPIL

„Það getur verið erfitt að vera á sífelldum ferðalögum. Maður gefur og gefur og vonar að einn daginn fái maður eitthvað til baka. Við lifum að mestu á ástinni á tónlist því þetta gefur ekki mikið í vasann,“ segir Daníel. „Við höfum ekki mikið spilað hér á landi undanfarið en farið víða í Evrópu og Rússlandi og erum bókaðir fram í september á næsta ári. Við erum með rússneskan umboðsmann sem býr í Moskvu og hefur unnið mjög gott starf með okkur. Á næsta ári er meðal annars fyrirhuguð sex vikna tónleikaferð til Bandaríkjanna um sumarið og síðan til Japans í september. Okkur gefst tækifæri til að spila á fjölmennari tónleikum ytra en hér heima,“ segir Daníel og bætir við að það sé gott að vera frá Íslandi á ferðum erlendis. „Það er svo mikil gróska í íslenskri tónlist og útlendingar líta á það sem ákveðinn gæðastimpil ef hljómsveit kemur frá Íslandi. Þess vegna fáum við oft gesti sem hafa aldrei heyrt tónlistina okkar.“

TIL SVALBARÐA

Þegar Daníel er spurður hvort hann fái ekki að sjá og kynnast mörgum löndum á þessum ferðalögum, svarar hann því neitandi. „Stundum sér maður ekkert annað en tónlistarhúsið og vegina þangað. Þó kemur fyrir að okkur er boðið í partí eða grillveislu hjá tónleikahaldara. Þannig óvæntar uppákomur eru mjög skemmtilegar. Þá fær maður tækifæri til að kynnast fólki. Á þessu ári höfum við verið mest í Rússlandi, Þýskalandi, Tékklandi og víðar í Mið-Evrópu. Á næsta ári erum við bókaðir eitthvað í hverjum mánuði. Byrjum á Eurosonic í Hollandi í janúar en þar verður sérstök Íslandskynning og nítján hljómsveitir héðan spila þar. Í febrúar förum við síðan í spennandi ferð til Svalbarða og Álandseyja. Það verður líklega nyrsta ferðin okkar.“

EKKERT STRESS

Daníel segir að þrátt fyrir miklar annir í tónleikahaldi sé mjög erfitt að lifa alfarið á því. „Við þurfum að vera í annarri vinnu meðfram en þó þarf maður að hafa mikið frelsi. Þetta er mikið ævintýri sem mun skilja eftir sig góðar minningar. Það hjálpar að við erum ekki fjölskyldumenn því þá væri meiri pressa á okkur að þéna peninga,“ segir hann. Kærasta Daníels, Karin Björg Torbjörnsdóttir, er hálfsænsk og starfar sem óperusöngkona í Þýskalandi og þangað ætlar hann að fara á annan í jólum. „Hún er að vinna öll jólin og fær því ekkert frí,“ segir hann. Þau kynntust fyrir nokkrum árum en þá söng Karin með Svavari Knúti en það gerðu strákarnir í Árstíðum líka. Karin söng á Þorláksmessutónleikum Árstíða í fyrra og en einnig árið 2009. „Við verðum að æfa alla helgina fyrir Þorláksmessutónleikana og svo er þess krafist að við séum búnir að kaupa allar jólagjafir fyrir þann dag.“

Daníel segist vera jólabarn og það hafi aukist eftir því sem hann eldist. „Mér fannst á tímabili jólin snúast of mikið um stress og peninga. Þegar maður nær að yfirstíga það þá er þetta notalegur tími. Ég ætla að eyða aðfangadegi og jóladegi með foreldrum mínum áður en ég legg land undir fót.“ ■ elin@365.is

iittala®

2015 liturinn - Desert // Kominn í verslanir

TÓTU BÓK

Listakonan og fagurkerinn
Þórunn Elísabet Sveinsdóttir
kynnir nýja bók um list sína
- og hugleiðingar um hamingjuna, lífið og listina.

Bókin er risavaxinn og marglaga konfektkassi fyrir augun og andann.
Njótið vel!

Jólagjöf fyrir alla listunnendur og fagurkera.

IÐA

TÓTA býður upp á hjónabandssælu og eitthvað til að skola henni niður með – og auðvitað huggulegt spjall í **IÐU Zimsen Bókakaffi Vesturgötu 2a** frá kl. 15-17 í dag.

Í tilefni dagsins býður IÐA bókina á sérstöku KYNNINGARVERÐI.

ÓVENJULEGT JÓLABALL Tréð er skreytt útiljósaperum. Því er svo sökkt í vatnið. MYNDIR/HÉÐINN ÞORKELSSON

JÓLABALL Í SILFRU

NEÐANSJÁVARBALL *Árlegt jólaball Sportkafarafélags Íslands verður haldið í Silfru í dag. Ljósum prýddu jólatré verður sökkt í vatnið ásamt neðansjávarhljóðkerfi og synda þátttakendur með jólasveini í kringum tréð.*

„Við fáum alltaf jólatré frá Flugbjörgunarsveitinni, sem er nágranni okkar hér í Öskjuhlíðinni," segir Anna María Einarsdóttir, gjaldkeri Sportkafarafélags Íslands sem stendur fyrir ballinu. „Við setjum á það útiljósaseríu og skraut og keyrum svo með það á Þingvelli þar sem trénu er sökkt í Silfru. Þá höfum við fengið lánað neðansjávarhátalarakerfi frá ÍTR og getum þannig spilað hin ýmsu jólalög í kafi. Svo er alltaf einn kafari sem klæðir sig upp í jólasveinabúning. Við stingum okkur svo niður og syndum í kringum tréð," útskýrir Anna María.Sjálf tekur hún alltaf þátt í ballinu. „Það er orðinn órjúfanlegur hluti jólanna hjá mér. Eitthvað sem ég get ekki sleppt."
Anna María segir þátttakendur yfirleitt í kringum þrjátíu og fer þeim fjölgandi með hverju ári. Við erum að meðaltali í kringum tuttugu sem köfum með félaginu að einhverju ráði en auk þess kjarna hefur björgunarsveitarfólk tekið þátt í ballinu sem og ferðamenn."

Ballið hefst klukkan 13 og stendur yfir í um hálftíma, fjörutíu mínútur. Aðgangur er ókeypis og segir Anna María alla sem eru með köfunarskírteini velkomna. „Ef veðrið verður mjög slæmt getur verið að við verðum að fresta ballinu um viku. Ef svo fer setjum við inn tilkynningu á Facebook-síðu félagsins."

JÓLASVEINN Í KAFI Einn kafaranna klæðir sig í jólasveinabúning og svo er synt í kringum jólatréð. Tónlist úr neðansjávarhátalarakerfi ómar á meðan.

tvö líf
Holtasmári 1
✆ 517 8500

Sendum frítt um allt land

Opið virka daga 11-18
laugardag 12-17
sunnudag 12-17
www.tvolif.is
/barnshafandi

HJÁLPARSTARFIÐ GEFUR JÓLIN HANS HALLGRÍMS

Hjálparstarf kirkjunnar hefur tekið við 100 eintökum af Jólunum hans Hallgríms. Bókin verður gefin þeim barnafjölskyldum sem þiggja aðstoð um jól.

Steinunn Jóhannesdóttir er höfundur bókarinnar sem segir frá aðventunni í Gröf á Höfðaströnd árið 1621. Þá var Hallgrímur Pétursson sjö ára gamall. Margt hefur breyst á fjórum öldum en þó er jólahald heimilisfólksins í Gröf kunnuglegt. Ljós kviknar í hjörtum mannanna þótt myrkrið grúfi yfir.

Steinunn hefur skrifað sögulegar skáldsögur um Hallgrím Pétursson og Guðríði konu hans. En í Jólunum hans Hallgríms segir hún frá skáldjöfrinum ungum. Myndirnar gerði Anna Cynthia Leplar.

Hallgrímssöfnuður styður Hjálparstarf kirkjunnar. Í messum kirkjunnar er ávallt safnað til hjálparstarfs, kristniboðs og líknarstarfs. Við inngang Hallgrímskirkju er ljósberi og mörg sem koma í kirkjuna kveikja á kertum og stinga pening í bauk þar nærri. Þeir fjármunir fara til líknarstarfs. Árið 2014 verður framlag Hallgrímskirkju til Hjálparstarfs kirkjunnar um 2,4 milljónir króna.

LÝSIR JÓLUNUM Á ÖLDUM ÁÐUR Jóhannes Pálmason (til hægri), formaður sóknarnefndar Hallgrímskirkju, afhenti Bjarna Gíslasyni, framkvæmdastjóra hjálparstarfsins, gjöfina. MYND/SIGURÐUR ÁRNI ÞÓRÐARSON

Fallegir bolir úr ull/silki og ull/bómull með eða án blúndu.
Mikið úrval af bómullarbolum og nærfötum fyrir dömur, herra og börn.

Mirella ehf – heildverslun
Háholt 23, 270 Mosfellsbær
Sími: 586 8050
Netfang: mirella@simnet.is

Opið: laugardaginn 20. des. kl. 11:00-16:00 og mánudaginn 22. des. kl. 11:00-18:00.
Lokað á Þorláksmessu.

Íslensk
kalkúnabringa
fullkomnar veisluna
ÍSFUGL
ATARNA
Notum eingöngu íslenskt úrvalshráefni
unnið af kjötmeistara Ísfugls
isfugl.is

BORÐSPIL ER LISTFORM MEÐ AFMÖRKUN

SÍGILD AFÞREYING *Borðspilin eru ekki að deyja út þrátt fyrir örar tæknibreytingar síðustu árin enda allt öðruvísi stemning að sitja einn heima í tölvuleik en að hitta vini sína yfir skemmtilegu borðspili. Ungir Íslendingar mennta sig nú í þróun og gerð borðspila.*

Ætla mætti að hefðbundin borðspil væru á undanhaldi með tilkomu fullkomnari tölvuleikja, netleikja, spjaldtölva og snjallsíma en það er öðru nær. Mikil gróska er í greininni erlendis og hafa nokkrir ungir Íslendingar meðal annars sótt menntun erlendis í hönnun og gerð borðspila. Einn þeirra er Embla Vigfúsdóttir sem lauk nýlega námi í leikjahönnun borð- og tölvuspila í Danmarks Design Skole í Kaupmannahöfn. Hún segir borðspilin alltaf standa fyrir sínu þrátt fyrir tækniframfarir undanfarinna ára, enda sé allt öðru vísi að sitja einn heima í tölvuleik en að hitta vini sína yfir borðspili. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á borðspilum. Þegar ég var lítil var fjölskyldan með fast spilakvöld einu sinni í viku sem var mikið tilhlökkunarefni. Seinna meir spiluðum við vinirnir mikið í menntaskóla, sérstaklega Catan og Morðingja."

Embla lærði vöruhönnun í Listaháskóla Íslands og ákvað eftir að hafa unnið í ár að bæta við sig mastersgráðu í Kaupmannahöfn. „Þegar ég var búin að vera í ár í skólanum tók ég eftir því að ég var nánast eingöngu búin að taka kúrsa í spilahönnun svo ég útskrifaðist þaðan. Þar lærði ég meðal annars að útbúa borðspil, semja og þróa leikreglur, gera grafík fyrir borðspil og tölvuleiki, lærði leikjaheimspeki og listræna leikstjórnun." Námið býður upp á margs konar möguleika að hennar sögn. „Sumir kjósa að demba sér eingöngu í tölvuleikjabransann, aðrir vinna í leikhúsum eða búa til sviðsmyndir í kvikmyndir. Einnig væri hægt að vinna við að gera smáforrit í síma eða verða listrænn leikstjóri í tölvuleikjum eða kvikmyndum. Sjálf hef ég mest gaman af því að búa til borðspil. Mér finnst gaman að nálgast þennan miðil sem listform, eitthvað snertanlegt sem hópur fólks getur haft gaman af saman."

TIL Í SLAGINN Í námi sínu í Kaupmannahöfn lærði spilahönnuðurinn Embla Vigfúsdóttir meðal annars að útbúa borðspil, semja og þróa leikreglur, gera grafík fyrir borðspil og tölvuleiki auk þess að læra leikjaheimspeki og listræna leikstjórnun.

MYND/GVA

SAMA BÍTLAPLATAN

Íslendingar hafa löngum verið duglegir að spila borðspil, til dæmis í jóla- og páskafríum og uppi í sumarbústað. „Mér finnst þó svolítið leiðinlegt hvað þessi klassísku spil eins og Monopoly, Lúdó og Party og Co eru enn algeng meðal landsmanna. Fyrir mig er það dálítið eins og að vera enn að hlusta á sömu plötuna með Bítlunum og þekkja ekkert annað. Spurningaspil, partíspil og slönguspil eru ágæt til síns brúks en spil hafa upp á svo margt annað að bjóða."

Sjálf hefur hún komið að ýmsum spennandi verkefnum undanfarið. Fyrir jólin gefur hún út sitt fyrsta spil sem heitir Hver stal kökunni úr krúsinni? sem er smáspil þar sem hver umferð tekur aðeins nokkrar mínútur en hægt er að spila eins margar umferðir og óskað er. „Spilið er eingöngu hannað fyrir Íslendinga þar sem allur texti er á íslensku og myndirnar á spilunum eru af íslenskum jólakökum og gúmmulaði."

Í náminu bjó hún líka til frumgerðir af þremur spilum sem verða ekki gefin út að hennar sögn en voru engu að síður mjög lærdómsrík. „Það opnaði fyrir mér tækifæri að vinna með UNESCO við að búa til grafík á spil um verndun menningararfs okkar. Mér finnst ótrúlega gaman að pæla í því hvernig borðspil líta út því grafíkin getur lyft spili upp á hærri stall með vel útfærðri uppsetningu og útliti og getur um leið einfaldað flóknar regluskýringar. Fyrir mér eru borðspil listform með afmörkun; spilið þarf að vera skýrt og augljóst strax og þú berð það augum en einnig finnst mér mikilvægt að það sé gaman að horfa á spilið, sjá smáatriði í hönnun þess og fallegar lausnir sem koma skilaboðunum samt sem áður til skila." ■ **Starri**

FLOTT FYRIR JÓLIN

Kjólar
áður 24.990
nú 19.990

Kjólar
áður 12.990
nú 9.990

20% AFSL.
AF KJÓLUM OG KÁPUM

Kjólar
áður 14.990
nú 11.990

Peysukápur
áður 15.990
nú 12.990

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Sjá fleiri myndir á

TENÓRAR Á ÞORLÁKSMESSU

Á Þorláksmessu er orðin föst hefð hjá mörgum að hlýða á tenórana þrjá þenja raddböndin en það hafa þeir gert frá því fyrir síðustu aldamót.

Í ár stíga þeir á svið við Jólabæinn á Ingólfstorgi. Tónleikarnir hefjast klukkan 21 á Þorláksmessukvöldi.

Í ár eru tenórarnir þrír þeir Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Elmar Gilbertsson og Kolbeinn Ketilsson. Sérstakur gestur á tónleikunum verður Stefán Hilmarsson og einnig mun ungsöngtríóið Mr. Norrington mæta á svið.

MANNFJÖLDI Ingólfstorg og Austurstræti munu iða af fólki á Þorláksmessu sem vill hlýða á fagran söng tenóranna.

Hollur hátíðarmatur

Íslenskur kalkúnn

KALKÚNN ÁN ALLRA AUKEFNA
100% KJÖT

Heslihnetu- og sveppafylling að hætti Reykjabúsins

- 150 g smjör
- 350 g nýir sveppir, niðursneiddir
- 200 g laukur, smátt saxaður
- 1 stilkur sellerí, smátt saxaður
- 1/2 búnt steinselja, smátt söxuð eða 2 msk þurrkuð
- 3-4 msk þurrkuð salvía
- 300 g skinka, smátt söxuð
- 100 g heslihnetur, ristaðar og sneiddar
- 150 g (u.þ.b. 3 bollar) brauðteningar
- 2 stór egg
- 2 dl rjómi
- 1/2 tsk salt
- 1 tsk ferskmalaður pipar

Bræðið smjör í stórum potti og látið sveppi og grænmeti ásamt steinselju, salvíu og skinku krauma í því í 10 mínútur eða þar til grænmetið er orðið mjúkt. Bætið þá heslihnetum og brauðteningum í pottinn og látið fyllinguna kólna lítillega. Hrærið þá eggjum og rjóma saman við og kryddið með salti og pipar. Má laga daginn áður og geyma í ísskáp þar til fylla á fuglinn.

Verði ykkur að góðu

Nonni og Selma

Reykjabúinu, Mosfellsbæ.

Holda kalkúnn frá Reykjabúinu fæst í flestum verslunum

Fleiri uppskriftir og eldunarleiðbeiningar á

kalkunn.is

Holda
KALKÚNN
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

ATARNA

FRÁBÆRIR EFTIRRÉTTIR Í VEISLUNA

GIRNILEGT *Það er ýmislegt hægt að gera þegar kemur að eftirréttinum. Það eru margir góðir réttir til. Hægt er að gera súkkulaðiköku eða marengstertu eða einhverja af réttunum hér fyrir neðan. Fjórir frábærir eftirréttir sem sóma sér vel á öllum veisluborðum.*

ÍS MEÐ HEITRI SÚKKULAÐISÓSU

Heimagerður ís er alltaf bestur. Það er hægt að bragðbæta hann á ýmsan hátt með súkkulaði eða berjum. Heit súkkulaðisósa setur svo punktinn yfir i-ið.

4 eggjarauður
100 g sykur
2 tsk. vanillusykur
4 dl rjómi
Heit súkkulaðisósa
1 plata suðusúkkulaði eða annað súkkulaði eftir smekk
3 dl rjómi

HEIMAGERÐUR ÍS Ísinn er alltaf bestur þegar maður gerir hann sjálfur, ekki er verra að hafa heita súkkulaðisósu með.

Hrærið eggjarauður og sykur vel þar til úr verður fín blanda.
Stífþeytið rjóma með vanillusykri og blandið síðan varlega saman við eggjablönduna. Hellið blöndunni í frystiform og setjið í frysti.
Þegar ísinn er borinn á borð er súkkulaðisósan gerð. Hitið upp rjóma og súkkulaði þar til blandan þykknar örlítið.
Gott er að hafa jarðarber og bláber með ísnum.

SÚKKULAÐI-MOUSSE

Frábær eftirréttur sem er bragðgóður og léttur í sér. Súkkulaðimúsin er eins og flauel sem bráðnar í munni.

2 dl rjómi
225 g gott súkkulaði
4 eggjarauður
2 eggjahvítur
100 g sykur

Eggin mega ekki vera köld. Látið þau standa á borði smástund áður en hafist er handa. Þeytið rjóma. Bræðið súkkulaði í vatnsbaði við lágan hita og hrærið annað slagið í því. Stífþeytið eggjahvítur. Hrærið saman eggjarauður og sykur. Blandið súkkulaðinu saman við eggjarauðurnar, síðan er rjómanum bætt varlega saman við og loks eggjahvítunum. Setjið blönduna í fallega skál og geymið í ísskáp í að minnsta kosti tvær klukkustundir. Berið fram með þeyttum rjóma. Hægt er að gera súkkulaðimúsina tveimur dögum fyrir notkun.

KAMPAVÍNS-MOUSSE

Þetta er mjög ljúffengur eftirréttur sem hentar vel á eftir veislumat.

SÚKKULAÐI-MOUSSE Ljúffengur eftirréttur sem bráðnar í munni.

5 matarlímsplötur
4 egg
200 g sykur
3 msk. safi úr límónu
1½ dl kampavín
1½ dl rjómi
2 límónur, börkurinn er fínrifinn
2 msk. sykur

Leggið matarlím í kalt vatn í fimm mínútur. Takið úr vatninu og leysið upp í ½ dl af sjóðandi heitu vatni. Kælið síðan. Takið eggjarauðurnar frá og hrærið þær með helmingnum af sykrinum. Stífþeytið eggjahvíturnar með hinum helmingnum af sykrinum. Stífþeytið rjómann.
Blandið límónusafa og kampavíni í eggjablönduna. Hrærið eggjahvíturnar varlega saman við og sömuleiðis rjómann. Loks er matarlímið hært saman við. Kælið blönduna í 15 mínútur í ísskáp. Hrærið þá aftur varlega í blöndunni.
Setjið í fallega skál eða í desert-skálar og geymið í ísskáp þar til borið verður fram. Puntið með límónuberkinum.

SÍTRÓNUFRÓMAS

Margir kannast við þennan eftirrétt, enda var hann algengur á jólum hér áður fyrr. Þetta er frísklegur og góður eftirréttur.

5 matarlímsblöð
6 egg
150 g sykur
3 dl rjómi
smátt saxaður börkur og safi úr tveimur sítrónum

Leggið matarlímið í bleyti í köldu vatni í 5-6 mínútur.
Saxið sítrónubörk smátt og setjið safann í skál.
Hrærið fyrst eggjarauður með helmingnum af sykrinum þar til blandan verður létt og ljós.
Stífþeytið eggjahvíturnar með afganginum af sykrinum. Stífþeytið rjómann.
Setjið sítrónubörk og –safa út í eggjablönduna. Hrærið rjómann saman við.
Hellið vatninu af matarlíminu og setjið blöðin í ½ dl af sjóðandi vatni og leysið þau upp eitt í einu. Hrærið varlega saman við eggjablönduna. Loks er eggjahvítunum bætt saman við.
Hellið blöndunni í fallega skál og geymið í ísskáp þar til hún hefur stífnað. Skreytið með sítrónuberki.

KAMPAVÍNS-MOUSSE Þessi réttur er fyrir alla sælkera.

SÍTRÓNUFRÓMAS Hver man ekki eftir svona eftirrétti hjá ömmu á jólunum?

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskipti og samstarf á árinu.

Ráðgjafar Intellecta

intellecta
▪ráðgjöf ▪ráðningar ▪rannsóknir

Síðumúla 5 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 511 1225 ▪ www.intellecta.is

ÍSLANDSSTOFA
PROMOTE ICELAND

INSPIRED BY ICELAND

Hlutverk Íslandsstofu er að efla ímynd og orðspor Íslands, styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum og laða erlenda ferðamenn og fjárfestingu til landsins. Jafnframt veitir Íslandsstofa fyrirtækjum faglega aðstoð við sölu á vörum, þjónustu og þekkingu erlendis og styður við kynningu á íslenskri menningu ytra.

Kraumar í þér kraftur?

Íslandsstofa leitar að verkefnisstjóra á svið iðnaðar og þjónustu/ráðgjafar og fræðslu.

Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri tekur þátt í að efla útflutnings- og kynningarstarfsemi sviðsins.

Ábyrgð og helstu verkefni
- Ber ábyrgð á skrifuðum texta sviðsins á vef Íslandsstofu
- Ber ábyrgð á mælingum sviðsins á vef Íslandsstofu
- Umsjón með gagnaöflun og textavinnu á öllu útgefnu markaðsefni sviðsins
- Umsjón með samskiptum við sendiráð Íslands og viðskiptafulltrúa
- Tengiliður Íslandsstofu í Evrópuverkefninu Enterprise Europe Network
- Tengiliður með aðgengi að gagnabönkum og svörun fyrirspurna
- Umsjón með námskeiðum og vinnustofum

Kröfur um menntun og hæfni
- Háskólapróf og reynsla sem nýtist í starfinu
- Góð tungumálakunnátta – gott vald á skrifuðu máli, bæði á íslensku og ensku
- Reynsla af verkefnastjórnun, markaðssetningu og alþjóðasamskiptum
- Sjálfstæði, frumkvæði, samskiptahæfni, jákvæðni og hugmyndaauðgi
- Reynsla af og hæfni til að halda kynningar og námskeið

Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir
kristin@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar 2015.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

SLÁTURHÚSIÐ HELLU

KS

Markaðs- og sölustjóri

Sláturhúsið Hellu hf. og Kaupfélag Skagfirðinga svf. óska eftir að ráða markaðs- og sölustjóra fyrir Suðurland með aðsetur á Hellu.

Markmið starfs:

Efla afurðaviðskipti við sunnlenska bændur fyrir Sláturhúsið Hellu hf. Auka þjónustu og vöruframboð rekstrarvara fyrir landbúnað. Byggja upp þekkingargrunn og viðskiptasögu við bændur.

Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar):
- Þekking og brennandi áhugi á landbúnaði
- Mikil reynsla af sölustjórnun og sölumennsku
- Samstarfs- og samskiptahæfni
- Frumkvæði, þjónustulund, skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- A.m.k. stúdentspróf, iðnmenntun eða sambærileg menntun
- Menntun á sviði búfræði, verkefnastjórnunar, markaðsfræði, dýralækninga eða ráðunautastarfs er kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgð:
- Byggja upp viðskiptasamband við sunnlenska bændur með reglulegum heimsóknum
- Gera samninga við birgja sem bjóða vörur til bænda
- Móta markaðs-, kynningar- og auglýsingamál fyrir starfsemina
- Þróa og innleiða viðskiptamannakerfi sem hentar
- Taka þátt í stefnumótun sölustarfs KS samstæðunnar í þjónustu við bændur
- Árangur af starfinu sé mælanlegur og framsettur mánaðarlega í tölum og myndum
- Kynna sér og viðhalda þekkingu á afurðum hefðbundins búskapar og helstu rekstrarvara sem hann notar

Upplýsingar veita:

Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sigurjón Þórðarson
sigurjon@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 5. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir hæfni í starfið og ástæðu umsóknar.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Vertu með í frábærum hóp

ILVA er glæsileg húsgagna- og gjafavöruverslun sem orðin er þekkt meðal landsmanna fyrir gæði, verðlagningu og þjónustu. Við erum stolt af starfsfólki okkar og viljum að starfsfólkið sé stolt af okkur.

Helgarstarf

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingum til afgreiðslu- og þjónustustarfa um helgar. Leggjum áherslu á snyrtimennsku, reglusemi og metnað fyrir að skila árangri í starfi. Vinnutími laugardaga 10:00-18:00, sunnudaga 12:00-18:00. Upplýsingar veitir Jóna í síma 842-4931

Þjónustufulltrúi - fullt starf

Við leitum að þjónustuliprum einstaklingi til starfa á þjónustuborði. Vinnutími er frá 11:00 - 18:30 alla virka daga og aðra hvora helgi ef þess er óskað. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund, skipulagshæfileika og góða alhliða tölvukunnáttu. Þarf að geta unnið undir álagi. Þekking á Navision er kostur. Starfslýsing: Þjónustustörf, afgreiðsla á kassa, símsvörun, o.fl. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Upplýsingar veitir Jóna í síma 842-4931

Við bjóðum glæsilegt vinnuumhverfi og góða starfsþjálfun.
Áhugasamir geta sótt um á www.ILVA.is

ATVINNA

FORSTÖÐUMAÐUR ÍBÚÐAKJARNA

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða forstöðumann íbúðakjarna á heimilum fatlaðs fólks sem nýtur sólarhringsþjónustu.

Ábyrgð:
Forstöðumaður
- ber ábyrgð á að íbúum sé veitt sú þjónusta og stuðningur sem þeir þarfnast í daglegu lífi.
- stendur vörð um réttindi íbúa ásamt því að að efla möguleika þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu.
- ber ábyrgð á daglegum rekstri íbúðakjarnans.
- annast starfsmannahald með öllu sem því tilheyrir.
- er í samstarfi við aðra þjónustuaðila eftir því sem við á.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði þroskaþjálfafræða, sálfræði, félagsvísinda eða menntasviði.
- Þekking og reynsla í málefnum fatlaðs fólks.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Upplýsingar veitir Sigríður Daníelsdóttir í síma 421 6700 eða á netfanginu sigridur.danielsdottir@reykjanesbaer.is

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

ÍSLENSKA SÍA.IS ICE 72125 12/14

SÉRFRÆÐINGUR / RELIABILITY ENGINEER

Laust er til umsóknar starf sérfræðings / Reliability Engineer í verkfræðideild Icelandair.

STARFSSVIÐ:

- Eftirlit og mat á tæknilegu uppgjöri viðhaldsskoðana flugflota Icelandair
- Rýni og mat viðhaldsgagna
- Umsjón með útgáfu upplýsinga um áreiðanleika flugflotans
- Samskipti og samvinna með fulltrúum Samgöngustofu
- Samskipti við framleiðendur flugvéla og íhluta
- Leggja til og meta árangur breytinga á viðhaldskerfi
- Kostnaðarmat varðandi hugsanlegar breytingar á viðhaldskerfi
- Verkefnastjórnun
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:

- Próf í verkfræði eða tæknifræði eða sambærileg menntun
- Góð færni í öflun og greiningu gagna
- Góð tölfræðikunnátta
- Mjög góð enskukunnátta bæði í rituðu og töluðu máli er skilyrði
- Þekking og reynsla af viðhaldi flugvéla er kostur
- Mjög góð tölvukunnátta
- Mjög góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði, sem og hæfileiki til hópvinnu

Nánari upplýsingar veita:
Unnar M. Sumarliðason | unnar@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

+ **Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 5. janúar 2015. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**

ICELANDAIR

Þjóðminjasafn Íslands er háskólastofnun og höfuðsafn á sviði menningarminja og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningarminjum og sögu íslensku þjóðarinnar. Þjóðminjasafn Íslands starfar m.a. á grundvelli laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011, safnalaga nr. 141/2011 og laga um menningarminjar nr. 80/2012.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS
National Museum of Iceland

Þjóðminjasafn Íslands auglýsir lausa til umsóknar

Rannsóknarstöðu í nafni dr. Kristjáns Eldjárns

Við Þjóðminjasafn Íslands er sérstök rannsóknarstaða tengd nafni dr. Kristjáns Eldjárns, fyrrum þjóðminjavarðar og forseta Íslands, sbr. 3. gr. a. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.

Í reglugerð nr. 896/2006 segir: „Staðan er ætluð fræðimönnum, er sinna rannsóknum á sviði íslenskrar menningarsögu sem fellur undir starfssvið Þjóðminjasafns Íslands.“ Rannsóknaverkefnum sem unnið er að í rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns er ætlað að efla rannsóknastarfsemi Þjóðminjasafns Íslands. Við ráðningu í stöðuna er m.a. tekið mið af rannsóknastefnu Þjóðminjasafnsins og stöðu þess sem háskólastofnunar. Til greina kemur að tengja sjálfstæða rannsókn við stór rannsóknaverkefni sem þegar er unnið eða hefur verið unnið að innan safnsins.

Staðan er auglýst til eins árs. Fræðimaður skal senda inn umsókn, þar sem verkefnið er vandlega skilgreint og hvernig það verði til að efla menningarsögulegar rannsóknir. Verkefnið skal skilgreint sem eins árs verkefni. Umsókn skal fylgja greinargerð um menntun og reynslu af fræðistörfum.

Verkefni, eins og það er afmarkað, lýkur með formlegum verklokum að ráðningartíma liðnum. Stefnt skal að því að niðurstöður rannsókna verði birtar á viðurkenndum fræðilegum vettvangi eftir verklok en auk þess skulu þær kynntar með fyrirlestri, sýningu eða öðrum hætti innan Þjóðminjasafns Íslands. Rannsóknarniðurstöður skulu jafnframt varðveittar í Þjóðminjasafni Íslands.

Fræðimaður sem gegnir rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns hefur aðstöðu hjá og starfar innan rannsókna- og varðveislusviðs Þjóðminjasafnsins. Fræðimaður skal leggja sitt af mörkum til að efla rannsóknarstarf safnsins og taka þátt í að veita nýjum straumum inn í fræðilega umræðu.

Í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 896/2006 ákvarðar Þjóðminjavörður um launakjör fræðimannsins, innan marka kjarasamninga og fjárheimilda.

Umsókn með verkefnislýsingu og ferilskrá sendist Þjóðminjasafni Íslands, Suðurgötu 43, 101 Reykjavík, eða á póstfangið starfsumsokn@thjodminjasafn.is, í síðasta lagi 29. janúar 2015. Upplýsingar eru veittar í síma 530 2200, eða í tölvupósti hjá Önnu Lísu Rúnarsdóttur, settum þjóðminjaverði (anna.lisa@thjodminjasafn.is).

VERKEFNASTJÓRI HJÁ ÖBÍ

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) leitar að öflugum verkefnastjóra í fullt starf.

Um er að ræða tímabundna ráðningu í sex mánuði með möguleika á framlengingu.

ÖBÍ leitar að aðila sem hefur brennandi áhuga á mannréttinda- og samfélagsmálum og getur tekist á við og haft eftirfylgni með fjölbreyttum verkefnum. Verkefnastjóri mun starfa á skrifstofu samtakanna sem er í nýju og fallegu húsnæði í Sigtúni 42.

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð tungumálakunnátta – íslenska, enska og eitt Norðurlandamál.
- Haldbær reynsla af árangursríkri verkefnastjórnun.
- Mikil samskiptafærni, ritfærni, sveigjanleiki og lausnamiðuð hugsun.
- Mjög góð tölvufærni og reynsla af notkun á Excel.
- Drifkraftur, frumkvæði, skilvirkni og sjálfstæð vinnubrögð.

Nánari upplýsingar um starfið veita Hildur Erla Björgvinsdóttir, hildur@radum.is og Sigrún Erna Sævarsdóttir, sigrun@radum.is í síma 519 6770.

Umsóknarfrestur er til og með 10. janúar nk.

Gert er ráð fyrir að verkefnastjóri hefji störf 1. febrúar 2015.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum, www.radum.is. Með umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá.

Hlutverk ÖBÍ er að vinna að samfélagslegu réttlæti, bættum lífsgæðum og kjörum óháð líkamlegu eða andlegu atgervi einstaklinga. ÖBÍ er stefnumótandi í réttindamálum fatlaðra og er málsvari og frumkvöðull í málefnum þeirra. Hlutverk ÖBÍ er jafnframt að vera þekkingarmiðstöð um málefni fatlaðra og ráðgjafi og stoð aðildafélaga bandalagsins sem eru 37 talsins. Nánari upplýsingar um bandalagið má finna á www.obi.is.

ráðum atvinnustofa

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

Matreiðslumaður

Landsnet leitar að matreiðslumanni eða starfsmanni með mikla reynslu úr atvinnueldhúsi til starfa í mötuneyti Landsnets hf. Viðkomandi heyrir undir yfirmann mötuneytis. Áhersla er lögð á að mötuneytið bjóði starfsfólki upp á fjölbreyttan og hollan mat sem eldaður er frá grunni á staðnum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Matseld og framreiðsla matar í mötuneyti
- Aðstoð við matseðlagerð
- Frágangur og uppvask í samvinnu við teymi mötuneytis
- Vinnur markvisst að auknum gæðum þeirrar þjónustu sem mötuneytið veitir starfsmönnum
- Vinnur að stefnu fyrirtækisins í mötuneytismálum
- Umsjón með rekstri mötuneytis í fjarveru yfirmanns
- Gætir að hagkvæmni í rekstri mötuneytis

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í matreiðslu
- Reynsla af vinnu í atvinnueldhúsi er skilyrði
- Hugmyndaauðgi og framsækni í matargerð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kostnaðarvitund
- Snyrtimennska í fyrirrúmi
- Áhugi á hollustu og næringu
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2015. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimsíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet er ábyrgt og framsækið þjónustufyrirtæki með öfluga liðsheild, sterka samfélagsvitund og í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði. Landsnet leggur áherslu á að vera eftirsóknarverður vinnustaður.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | Fax 563 9309 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is

Capacent Ráðningar

Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á **www.capacent.is**

capacent

DRÍFANDI OG SKAPANDI
MARKAÐSSTJÓRI ÓSKAST

Markaðsstjóri hefur forystu um stefnumótun í markaðsmálum bankans, annast daglegan rekstur markaðsdeildar og áætlanagerð, stýrir verkefnum og sinnir samskiptum við svið og deildir bankans, auglýsingastofu og aðra hagsmunaaðila.

Markaðsdeild framfylgir markaðsstefnu bankans og sér um að markaðssetja bankann og þjónustu hans. Deildin annast einnig viðburðastjórnun, verkefni tengd samfélagslegri ábyrgð, innri markaðssetningu og önnur tengd verkefni. Markaðsdeild er hluti af þróunar- og markaðssviði Arion banka.

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsmálum í meðalstóru eða stóru fyrirtæki
- Leiðtogahæfni, stjórnunarreynsla og framúrskarandi samskiptafærni
- Sköpunargáfa og hugmyndaauðgi
- Þekking á stafrænni markaðssetningu
- Reynsla af uppbyggingu vörumerkja
- Hæfni til stefnumótunar og framkvæmdar stefnu
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jónas Hvannberg starfsmannastjóri í síma 444 6376, netfang jonas.hvannberg@arionbanki.is

Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans, arionbanki.is. Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2015.

Fullum trúnaði er heitið og umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Arion banki

SUNDÞJÁLFARI

Sunddeild Stjörnunnar leitar að einstaklingi í hlutastarf við þjálfun æfingahópa við yngra starf deildarinnar.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Friðbjörn yfirþjálfari í netfanginu sund@stjarnan.is.

Sunddeild Stjörnunnar er eitt af fyrirmyndarfélögum ÍSÍ.

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa við Sjúkrahúsið Vog

Vaktavinna - starfshlutfall samkomulag

Upplýsingar veitir
Þóra Björnsdóttir
Hjúkrunarforstjóri Vogs
Sími 8247615
thora@saa.is

ATVINNA
KENNSLURÁÐGJAFI

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar auglýsir starf kennsluráðgjafa, laust til umsóknar.

Starfssvið:
- Kennsluráðgjafi starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, aðalnámskrá og framtíðarstefnu Reykjanesbæjar í menntamálum. Starfið felst m.a. í að greina námsvanda nemenda, aðstoða við skipulag kennslu, ráðgjöf við foreldra, kennara og starfsfólk skóla.

Menntun og hæfni:
- Grunnskólakennari með framhaldsmenntun í sérkennslufræðum og / eða öðru því sem nýtist í starfi.
- Reynsla af kennslu.
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð.
- Góð hæfni í samskiptum.
- Góð tölvukunnátta.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Gyða M. Arnmundsdóttir deildarstjóri sérfræðiþjónustu s. 4216700 eða 8956050, gyda.m.arnmundsdottir@reykjanesbaer.is

Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2014

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar
- **Leikskólakennari á Kópastein**
- **Leikskólakennari á Læk**

Grunnskólar
- **Starfsfólk í dægradvöl í Vatnsendaskóla**
- **Íþróttakennari við Vatnsendaskóla**
- **Forfallakennari í 2. bekk í Kársnesskóla**
- **Þroskaþjálfi í Hörðuvallaskóla**

Velferðarsvið
- **Starfsmenn í frekari liðveislu**

Nánari upplýsingar og fleiri störf er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Vakin er athygli á að öll laus störf hjá bænum eru auglýst **www.kopavogur.is**

Kópavogsbær
kopavogur.is

STAFRÆNIR STARFSMENN ÓSKAST

Reykjavik Excursions-Kynnisferðir leitar að öflugum liðsmönnum til að takast á við krefjandi verkefni á sviði stafrænnar markaðssetningar og vefumsjónar.

Vefstjóri

Starfssvið:

- Dagleg umsjón, efnisinnsetning og almennar uppfærslur á vefsvæðum og snjallsímaforritum.
- Rekstur á víðamikilli vefsölu til viðskiptavina og endursöluaðila (B2C & B2B).
- Áframhaldandi þróun og uppbygging innri og ytri vefsvæða og snjallra lausna.
- Aðlögun og vinnsla myndefnis fyrir vef.
- Önnur tilfallandi verkefni innan upplýsingatæknideildar.

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Minnst tveggja ára starfsreynsla af vefstjórn og vefþróunarverkefnum er skilyrði.
- Góð þekking og reynsla af vefhönnun.
- Reynsla og þekking á vefumsjónarkerfum.
- Reynsla og þekking á Google Analytics, HTML og CSS.
- Þekking á myndvinnsluforritum.
- Reynsla og þekking á verkefnastjórnun og innleiðingum.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Markaðsfulltrúi - stafræn markaðssetning

Starfssvið:

- Stafræn markaðssetning og markaðsherferðir á netinu.
- Textagerð og efnisinnsetning fyrir vef og samfélagsmiðla.
- Notendaviðmót og virkni á stafrænum miðlum.
- Aðkoma að stefnumótun og áætlanagerð fyrir samfélagsmiðla.
- Vöktun, mælingar og skýrslugerð.
- Önnur tilfallandi verkefni innan markaðsdeildar.

Hæfniskröfur:

- Starfsreynsla af markaðsmálum.
- Þekking og reynsla á stafrænni markaðssetningu, efnismarkaðssetningu og markaðsherferðum.
- Þekking og reynsla á samfélagsmiðlum, leitarvélavélabestun (SEO/SMO) og Google Analytics.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, drifkraftur og skipulagshæfni.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Mjög góð enskukunnátta.

REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR

Reykjavik Excursions-Kynnisferðir er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 200 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda ferðamenn um Ísland. Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

Vefir fyrirtækisins *www.re.is* og *www.redcar.is* voru tilnefndir til íslensku vefverðlaunanna 2013 sem bestu sölu- og kynningarvefir fyrirtækja. Lögð er áhersla á virka þátttöku á samfélagsmiðlum.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Jóhanna Hreiðarsdóttir, mannauðsstjóri í síma 580 5400 eða *johanna@re.is.*
Umsóknir óskast sendar á netfangið *job@re.is* ásamt ferilskrá, kynningarbréfi og mynd.
Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um. **Umsóknarfrestur er til 4. janúar 2015.**

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

Umferðarmiðstöðin BSÍ
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

www.hagvangur.is

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Ritari	IRR, kærunefnd útlendingamála	Reykjavík	201412/972
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201412/971
Verkefnastjóri	Háskóli Íslands, Kennslumiðstöð	Reykjavík	201412/970
Húsvörður	Framhaldsskólinn á Laugum	Laugar	201412/969
Löglærður fulltrúi	Sýslumaðurinn á Suðurlandi	Höfn	201412/968
Sérfræðingur í jarðefnafræði	Háskóli Íslands, Jarðvísindastofnun	Reykjavík	201412/967
Sálfræðingur	Landspítali, geðsvið	Reykjavík	201412/966
Aðstoðarmaður umsjónarmanns	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201412/965
Yfirlæknir	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201412/964
Sérfræðingur í barnalækningum	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201412/963
Starfsmaður sérfræðiteymis	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201412/962
Skrifstofu- og fjármálastjóri	Kvikmyndamiðstöð Íslands	Reykjavík	201412/961

Stjörnumálun
- fagmennska í fyrirrúmi

Málarar

Vegna fjölda verkefna sem framundan eru óskar Stjörnumálun ehf eftir málurum í vinnu. Framtíðarstörf eru í boði.
ATH: Aðeins kemur til greina að ráða menn með reynslu í málaraiðn.

Umsóknir skulu berast á **ivar@stjornumalun.is,** einnig er hægt að hringja i 869-5302
www.stjornumalun.is

FORVAL

Eldvörp ehf., fasteignafélag Bláa Lónsins, óskar eftir verktökum til að taka þátt í lokuðu útboði vegna fyrirhugaðrar stækkunar á núverandi mannvirkjum Bláa Lónsins.

Verk þetta felst í uppsteypu og frágangi mannvirkis að innan sem utan. Heildarstærð hússins er um 8.400 m² sem skiptist í hótel 4.900 m² og heilsulind 3.500 m².

Við undirbúning á mannvirkinu hefur verkkaupi lagt áherslu á metnaðarfulla hönnun og lausnir á mannvirki í háum gæðaflokki. Verk þetta krefst því framúrskarandi framkvæmdakunnáttu, metnaðar og færni þeirra sem vinna verkið og einungis reyndir verktakar koma til greina.

Gert er ráð fyrir að verkið hefjist í byrjun apríl 2015 og því ljúki 15. janúar 2017.

Forvalsgögn verða afhent áhugasömum bjóðendum hjá Verkfræðistofunni EFLU, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Skila skal umbeðnum upplýsingum á sama stað eigi síðar en föstudaginn 9. janúar 2015 fyrir kl. 16:00.

BLUE LAGOON
ICELAND

Lemon
#LEMONICELAND

VILTU VERÐA
Lemon
djúsari?

Við óskum eftir fersku starfsfólki á aldrinum 18-35 ára sem vill vinna á hressasta heilsubar landsins, í fullt starf eða hlutastarf.

Við viljum fólk sem er tilbúið til að taka þátt í Lemon ævintýrinu með okkur.

Sendu okkur póst á **brostu@lemon.is**

ATVINNA

FORSTÖÐUMAÐUR ÍBÚÐAKJARNA

Fjölskyldu- og félagssvið Reykjanesbæjar óskar eftir að ráða forstöðumann íbúðakjarna á heimilum fatlaðs fólks sem nýtur sólarhringsþjónustu.

Ábyrgð:
Forstöðumaður
- ber ábyrgð á að íbúum sé veitt sú þjónusta og stuðningur sem þeir þarfnast í daglegu lífi.
- stendur vörð um réttindi íbúa ásamt því að að efla möguleika þeirra til virkrar þátttöku í samfélaginu.
- ber ábyrgð á daglegum rekstri íbúðakjarnans.
- annast starfsmannahald með öllu sem því tilheyrir.
- er í samstarfi við aðra þjónustuaðila eftir því sem við á.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði þroskaþjálfafræða, sálfræði, félagsvísinda eða menntasviði.
- Þekking og reynsla í málefnum fatlaðs fólks.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til 4. janúar.

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef Reykjanesbæjar www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf

Upplýsingar veitir Sigríður Daníelsdóttir í síma 421 6700 eða á netfanginu sigridur.danielsdottir@reykjanesbaer.is

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

RÁÐGJÖF
Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

RÁÐNINGAR
Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

RANNSÓKNIR
KEFLAVÍK	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	SAUÐÁRKRÓKI	SIGLUFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK-EGILSSTÖÐUM	ÞAN-NESKAUPSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI	VESTMANNAEYJUM
SÍMI 421 1535	SÍMI 456 4751	SÍMI 455 4500	SÍMI 467 1559	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160	SÍMI 481 3333

SÚKKULAÐI-PANNACOTTA Einfalt að gera, að sögn kokksins í eldhúsinu.

ÍSINN Ragnar Freyr segir líka mega bera fram frómas eða ris à l´amande í bollunum.

Fegurð einfaldleikans í eftirréttum

Eitt af því sem huga þarf að í tíma er eftirrétturinn á aðfangadagskvöld. Sumir halda í hefðir, einn þeirra er **Ragnar Freyr Ingvarsson**, einnig þekktur sem læknirinn í eldhúsinu. Hann lumar líka á hugmyndum fyrir þá sem vilja prófa eitthvað nýtt.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Ragnar Freyr Ingvarsson, læknir og matargúruú, kveðst íhaldssamasti maður allra tíma á aðfangadagskvöld. „Þá er bara graflax og ristað brauð í forrétt, svínahamborgarhryggur í aðalrétt og perur Helenu fögru í eftirrétt. Allt eins og amma og afi höfðu það," segir hann. „Á jóladag reyni ég hins vegar að bretta upp ermar og hafa eitthvað nýstárlegra." Ragnar Freyr býr í Lundi í Svíþjóð og þangað fær hann foreldra sína og bróður til sín yfir jólin.

Ragnar Freyr er nýbúinn að gefa út bókina Veislan endalausa og tekur því vel að deila tveimur uppskriftum að eftirréttum úr henni. Að sjálfsögðu hefur hann prófað þá. „Ég át allt sem er í bókinni og þessa tvo rétti hef ég gert nokkrum sinnum, þeir eru pottþéttir," lofar hann. Hlær dátt þegar hann er spurður hvernig hann líti út. „Ég er fimm kíló-

KOKKURINN Í ELDHÚSINU Á aðfangadag víkur Ragnar Freyr ekki frá því hefðbundna en á jóladag brettir hann upp ermar. MYNDIR/ÚR BÓKINNI VEISLAN ENDALAUSA

um of þungur. Maður sem borðar jafn mikið og ég getur ekki sloppið refsilaust en ég reyni að lyfta lóðum og spila skvass til að vega upp á móti átinu."

Í annarri uppskriftinni eru súkkulaðibollar sem hann kveðst hafa leyft krökkunum að hjálpa til með. „Þetta er skemmtileg leið til að bera fram eftirrétt í og lyftir honum á hærra plan. Ég mæli líka með súkkulaði-pannacotta," segir hann. „Það er alveg fagurt hversu einfalt það er."

Súkkulaði-pannacotta með hindberja-coulis og ferskum berjum

Fyrir sex til átta

Fyrir pannacotta
200 g súkkulaði
5 dl rjómi
3 dl nýmjólk
1 vanillustöng
150 g sykur
5 matarlímsblöð

Fyrir 350 ml af coulis
250 g frosin hindber
175 g sykur
200 ml vatn

1. Bræðið súkkulaðið í potti.
2. Hellið rjóma, mjólk og sykri saman við og blandið vel.
3. Skerið vanillustöngina niður eftir miðjunni og skafið fræin út með hníf. Setjið út í súkkulaðimjólkina ásamt sjálfri vanillustönginni og hitið að suðu.
4. Leggið matarlímsblöðin í kalt vatn og látið liggja þar þangað til suðan er komin upp í súkkulaðimjólkinni.
5. Færið þá pottinn af hitanum og látið kólna í nokkrar mínútur.
6. Takið gelatínblöðin upp úr vatninu og kreistið vatnið úr þeim áður en þeim er svo blandað saman við súkkulaðimjólkina.
7. Hellið súkkulaðimjólkinni í heppileg form.

Hindberja-coulis

1. Setjið ber, sykur og vatn saman í pott og hleypið rétt upp suðunni.
2. Lækkið hitann og látið krauma létt þar til sósan hefur soðið niður um þriðjung.
3. Hellið sósunni í gegnum sigti og kælið.

Súkkulaðibollar með ís og heimalagaðri jarðarberjasósu

Fyrir fjóra til sex nautnaseggi

200 g gott súkkulaði
Vanilluís
4-6 blöðrur
250 g jarðarber
75 g sykur
1/4 bolli vatn

1. Bræðið súkkulaðið við lágan hita.
2. Blásið upp blöðrurnar í þá stærð sem þið kjósið.

BOLLAR GERÐIR MEÐ BLÖÐRUM Nauðsynlegt er að dýfa blöðrunum tvívegis í súkkulaðið og láta það storkna á milli.

3. Dýfið blöðrunum í súkkulaðið til hálfs og tyllið þeim síðan á bökunarplötu þannig að myndist flatur botn. Látið þær storkna og dýfið aftur í súkkulaðið til að gera bollann sterkari. Geymið í ísskáp í tvær til þrjár klukkustundir.
4. Hlutið jarðarberin í fjórðunga, setjið í pott ásamt vatni og sykri, hleypið upp suðunni og látið malla þangað til vatnið er soðið alveg niður. Leyfið sósunni að kólna eða berið hana fram volga.
5. Sprengið blöðrurnar og losið þær frá súkkulaðinu.
6. Setjið skálarnar á disk, nóg af ís í þær og svo eins mikið af jarðarberjasósu og hugurinn girnist!

Karamella ómissandi

Hver sem jóladesertinn verður hjá **Þórunni Lárusdóttur** leikkonu verður karamella í boði.

Ég er aldrei með það sama í jólamatinn – við hjónin erum bæði nokkuð tilraunaglöð og algerir gourmetnautnaseggir! Það eru samt nokkrir fastir punktar í tilverunni á jólunum. Til dæmis eitt sem alltaf er í boði með eftirréttinum, bæði á aðfangadagskvöld og jóladag. Það er karamella sem ég geri og hún er svo góð að ég þarf að passa að hún klárist ekki fyrir matinn!

Við höfum í gegnum tíðina haft karamelluna með heimalöguðum ís, ris à l´amande, súkkulaðiköku og fleiru.

Karamella

2 1/2 dl rjómi
1 1/2 msk. sykur
3 msk. síróp
Smjörklípa
Vanilludropar

LEIKKONAN Þórunn er enn að velta fyrir sér eftirréttinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Rjómi, sykur og síróp er soðið í hálftíma. Bæta svo smjörklípunni og vanillunni við.

Tekur slaginn við tengdamömmu

Þorbjörn Sigurðsson, verkfræðingur og tónlistarmaður, er vanur að fá gómsætan ís hjá tengdó á aðfangadagskvöld. Nú býður hann henni heim.

„Ég hef farið til tengdó á aðfangadagskvöld seinni árin. Hún ber alltaf fram mjög góðan heimagerðan ís en ég er að gæla við að gera ris à l´amande fyrir þessi jól," segir Þorbjörn Sigurðsson verkfræðingur og gítar- og hljómborðsleikari með Mugison, Pétri Ben, Ensími og fjölmörgum fleirum. Hann kveðst eiga eftir að taka slaginn við tengdamömmu. „Tengdó kemur til okkar núna og er búin að bjóðast til að koma með ís."

Svo það er óvíst hvernig slagurinn endar? „Já, eða að þær mæðgurnar viti að það verði slagur. Ég á eftir að taka þá umræðu. En ég hef gert ris à l´amande áður svo ég treysti mér í það. Fann bara uppskrift á netinu og útkoman varð verulega djúsí. Kannski höfum við bara bæði ris à l´amande og ís, er ekki bæði betra?"

TÓNLISTARMAÐURINN „Kannski höfum við bara bæði ris à l'amande og ís," segir Þorbjörn.

EGF

Einstök **jólagjöf**

Húðvörur frá EGF í jólapakkann

Dekraðu **við húðina**

EGF LÚXUS-GJAFATASKA
EGF Húðdropar™ (15ml)
EGF Dagkrem fyrir venjulega húð (7ml)
EGF Húðnæring (7ml)

Silkimjúkt & **nærandi**

EGF GJAFATASKA
EGF Dagkrem fyrir venjulega húð (30ml)
EGF Húðdropar™ (3ml)

Fæst í helstu snyrtivöruverslunum og apótekum um land allt

Íslensk nýsköpun, hugvit og framleiðsla

Fylgstu með okkur á facebook.com/egfhudvorur
og á www.egf.is

ÞÍN EIGIN ÞJÓÐSAGA VINSÆL!

Barnabókin Þín eigin þjóðsaga eftir Ævar Þór Benediktsson er vinsælasta barnabók landsins og situr í fjórða sæti yfir vinsælustu bækur í öllum flokkum.

FÆRT TIL **BÓKAR**

Iðandi skáld

Upplestrarkvöld verður í Iðu Zimsen í kvöld frá klukkan 20 til 22. Þar kemur iða skálda saman og les fyrir okkur úr nýútkomnum bókum, bæði frumsömdum og þýddum. Meðal höfunda sem lesa upp eru **Oddný Eir** og Ófeigur Sigurðsson.

Best þýdda bókin

Samtök þýðenda í Frakklandi völdu um síðustu helgi bókina Konuna við þúsund gráður eftir **Hallgrím Helgason** best þýddu bók ársins. Þetta er fyrsta verk þýðandans, Jean-Christophe Salaun, sem er 28 ára gamall Frakki.

Slegist um Öræfin hans Ófeigs

Óvæntasti smellur jólabókaflóðsins er sennilega skáldsaga **Ófeigs Sigurðssonar**, Öræfi. Ekki nóg með að hún sé tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fagurbókmennta og hafi á dögunum verið valin besta íslenska skáldsagan af starfsfólki bókaverslana víða um land, heldur hafa kaupendur bóka nánast slegist um bókina og nú er svo komið að þriðja prentun er á hinum frægu þrotum hjá Forlaginu. Búið er að starta fjórðu prentun sem væntanleg er í verslanir eftir helgina og hafa Öræfi þá verið prentuð í 10.000 eintökum. Ekki slæmt það.

ÁRNI ÓSKARSSON „Þetta er draumatexti fyrir þýðanda að spreyta sig á.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hugarheimur Humberts Humbert er jafn yfirgengilegur og þessi texti er alveg jafn lifandi í dag og hann var árið 1955.

Lolita enn jafn áhrifamikil

Lolita eftir Vladimir Nabokov, ein umdeildasta bók allra tíma, er komin út í íslenskri þýðingu **Árna Óskarssonar.** Efnið er eldfimt, söguhetjan Humbert Humbert er gagntekinn af barnungri stúlku, er sem sagt barnaníðingur sem segir söguna út frá eigin viðmiðunum. Árni segir söguna jafnsjokkerandi í dag og fyrir sextíu árum og textann lokka lesandann inn í siðleysi.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Þetta er það fræg bók og rómuð að ég furða mig dálítið á því að enginn skuli hafa þýtt hana á íslensku fyrr,“ segir Árni Óskarsson þýðandi sem réðst í það stórvirki að eigin frumkvæði að þýða Lolitu eftir Vladimir Nabokov fyrir einu ári. Bókin kom fyrst út árið 1955 og hefur verið uppspretta heilmikilla umræðna allar götur síðan enda efnið afar eldfimt. „Maður hefði fyrirfram búist við því að þýðing þessarar bókar hefði forgang fram yfir margt annað,“ segir Árni.

Og var ekkert hræðilega erfitt að þýða hana? „Þetta var fyrst og fremst óskaplega gaman. Auðvitað mikil vinna, en gríðarlega skemmtilegt.“

Hefur Lolita verið í uppáhaldi hjá þér lengi? „Ég veit ekki hvað ég á að segja um það. Maður las þetta náttúrulega fyrst mjög ungur og skildi kannski bókina ekki nógu vel þá. Uppgötvaði svo þegar maður fór að lesa hana síðar að ansi margt hafði farið fram hjá manni. Nabokov er höfundur sem lesandinn þarf dálítinn tíma til að átta sig á og læra að meta og eftir því sem ég las fleira eftir hann varð snilld hans ljósari.“

Dreginn á tálar

Verðskuldar Lolita það fjaðrafok sem hefur verið í kringum hana í tæp sextíu ár? Er þetta hræðileg bók? „Vissulega fjallar hún um hræðilega hluti og þetta er mikill skálkur sem verið er að lýsa, en um leið er hún afskaplega fyndin og lesandinn er dálítið dreginn á tálar, lokkaður inn í siðleysi. Sögumaðurinn meira að segja gerir dálítið grín að lesandanum, kallar hann bróður sinn og lýsir honum á einum stað mjög hlægilega, þannig að þótt efnið sé í sjálfu sér alvarlegt og þetta sé öðrum þræði tragískt verk þá er gríðarlega mikill húmor í því líka.“

Margir lesendur hafa kvartað yfir því að persóna Humberts Humbert sé svo vel gerð að þeir hafi staðið sig að því að finna til samstöðu með manni sem haldinn er barnagirnd. „Já, það er galdur textans. Það er svo fallegur texti sem kemur frá honum að hann vefur lesandanum um fingur sér, en lesandinn hrekkur þó öðru hvoru við og fer að spyrja sig hvar hann sé staddur. Alltaf annað slagið glittir í fórnarlambið og raunir hennar. Hún heitir líka Dolores sem undirstrikar sársauka hennar og eftir því sem líður á bókina kynnist lesandinn betur kvöl hennar og illum örlögum.“

Það er kannski skiljanlegt að þetta efni hafi fælt fólk frá fyrir sextíu árum en er þetta sjokkerandi efni fyrir nútímalesanda? „Já, þetta er sjokkerandi og eldfimt efni. Ég held að áhrifamáttur þessarar bókar sé alveg jafn mikill í dag. Hugarheimur Humberts Humbert er jafn yfirgengilegur og þessi texti er alveg jafn lifandi í dag og hann var árið 1955.“

Draumatexti

Svo við snúum okkur aftur að þýðingunni, þú talar um að í textanum sé ekki allt sem sýnist, var ekkert erfitt að koma því til skila í þýðingu? „Jú, það er náttúrulega alltaf erfitt að koma öllu til skila, þarna er til dæmis mikið um orðaleiki sem eru illþýðanlegir og mikið af tilvísunum innan textans og vísunum í önnur bókmenntaverk. En það er ákaflega gaman að glíma við svona vel stílaðan texta og reyna að skila honum óbrengluðum.“

Árni hefur starfað sem þýðandi síðan 1996 og þýtt mörg öndvegisrit. Er Lolita mesta ögrun sem hann hefur tekist á við? „Já. Allt hitt var eiginlega bara undirbúningur fyrir þetta verkefni. Þetta er draumatexti fyrir þýðanda að spreyta sig á. Ég er mjög ánægður með hvað þessi þýðing hefur fengið góðar viðtökur. Það er greinilegt að hún fellur í góðan jarðveg og þá er tilganginum náð.“

➜ Textabrot úr Lolitu

Þarna í anddyrinu sat hún, innilukt í þykkbólstruðum blóðrauðum hægindastól, niðursokkin í æsilegt kvikmyndablað. Einhver náungi á mínum aldri í tvídjakkafötum (hótelið hafði um nóttina fengið á sig tilgerðarlegt yfirbragð óðalsseturs) góndi á Lolitu mína með útkulnaðan vindil og þvælt dagblað fyrir framan sig. Hún var í hinum einkennandi hvítu sokkum sínum og tvílitu reimuðu skóm og skærlita bómullarkjólnum með ferkantaða hálsmálinu; flekkur af daufu lampaskini laðaði fram gylltan hýjunginn á heitum brúnum útlimum hennar. Þarna sat hún, með fótleggina kæruleysislega krosslagða hátt uppi, renndi fölleitum augum yfir línurnar og deplaði þeim öðru hverju. Eiginkona Bills hafði tilbeðið hann úr fjarlægð löngu áður en þau kynntust – raunar hafði hún verið launhrifin af þessum fræga unga leikara þegar hann fékk sér rjómaís á kaffistofu Schwabs. Ekkert hefði getað verið barnalegra en stutt og uppbrett nef hennar, freknótt andlitið eða purpurarauði bletturinn á berum hálsinum þar sem ævintýravampíra hafði gert sér glaðan dag, eða ósjálfráð hreyfing tungunnar þegar hún kannaði vott af rósrauðu útbroti kringum þykkar varirnar; ekkert gat verið skaðlausara en að lesa um Jill, atorkumikið smástirni sem bjó til sín eigin föt og nam alvöru bókmenntir; ekkert gat verið saklausara en skiptingin í þessu gljábrúna hári með þessum silkiglampa á gagnauganu; ekkert gat verið einfeldningslegra ... En þvílíkri sárgrætilegri öfund hefði þessi lostafulli náungi, hver sem hann var – vel á minnst, hann minnti svolítið á svissneska frænda minn Gustave, einnig mikinn aðdáanda le découvert – fundið fyrir ef hann hefði vitað að hver taug í mér var ennþá smurð og ómaði af snertingunni við líkama hennar – líkama ódauðlegs púka í dulargervi meybarns.

Hátíðar-steikur

100% FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT - SÉRVALIÐ FYRIR ÞIG

ÍSLANDS NAUT
Stolt kjötmeistarans

ÍSLANDS LAMB
Stolt kjötmeistarans

ÍSLANDS GRÍS
Stolt kjötmeistarans

Gerðu vel við þig og þína um hátíðarnar, veldu meyrt og ljúffengt gæðakjöt til að gera hátíðina ógleymanlega...

TILBÚIN BERNAISESÓSA

Fæst í:

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

BÓNUS

8 UPPÁHALDS ÖPPIN

Björn Berg Gunnarsson
deildarstjóri fræðslu- og viðskiptaþróunar VÍB

FLIPBOARD
Ég les helst erlendar fréttir í þessu frábæra forriti. Byrja alla daga á að renna í gegnum samantekt viðskiptafrétta úr hinum ýmsu áttum.

LEGGJA.IS
App sem auðveldar mér lífið og minnkar vesen. Engar fleiri sektir!

ÍSLANDSBANKAAPPIÐ
Nú eru verðbréfafyrirlit komin inn í appið og vonandi styttist í að við getum átt þar viðskipti. Er alveg hættur að nota heimabanka.

ÜBER
Über mun vonandi taka við af leigubílum hér á Íslandi, eins og það hefur gert í borgum á borð við San Francisco. Hef appið klárt þegar þar að kemur.

WHITE NOICE BABY
Draumur nýbakaðra foreldra. Hljóðin úr appinu hafa mjög róandi áhrif á organdi börn. Hef ekki prófað það á fullorðna.

PLEX
Með Plex get ég horft á efni úr tölvunni minni í símanum, á spjaldtölvunni og í sjónvörpunum á heimilinu. Verður spennandi að sjá hvort það rati á Google glass.

SPOTIFY
Eina áskriftin mín fyrir utan internet og RÚV. Nota heima, í bílnum og í vinnunni.

SOUNDHOUND
Forrit sem svarar spurningunum „hvað heitir þetta lag aftur?“ og „hver á aftur þetta lag?“. Hef ratað á fjölda góðra diska og hljómsveita með notkun forritsins.

AFREK GTA V er líklega besti leikur síðustu kynslóðar leikjatölva og sá vinsælasti.

Kynslóðabilið brúað

GTA V ★★★★★

XBOX ONE **SPENNA**

GTA V var líklega besti leikur síðustu kynslóðar leikjatölva og sá vinsælasti. Uppfærð útgáfa af leiknum fyrir Xbox One og PS4 er einfaldlega flottari, betri í alla staði. Þetta er þrekvirki framleiðandans Rockstar sem virðist ekki geta tekið rangar ákvarðanir.

Söguheimurinn er stórborgin Los Santos, einskonar skuggaútgáfa Los Angeles, þar sem spilarinn leiðir söguhetjurnar þrjár í gegnum hrottalega undirheima þar sem markmiðið er að tryggja sér næsta stóra rán.

Grafíkin hefur nánast verið uppfærð frá grunni og munurinn á gömlu og nýju útgáfunni er gríðarlegur. Aukaefnið frá fyrri kynslóð fylgir með leiknum og spilarar sem snúa aftur fá sitthvað fyrir sinn snúð.

Útgáfan leyfir spilurum einnig að takast á við handahófskenndan og blóðugan heim Los Santos í 1. persónu. Þetta er stórkostleg upplifun en vinnur á köflum gegn því sem GTA V snýst um. Sjónarhornið er takmarkandi og persónurnar verða ekki jafn áberandi. Þetta er minniháttar vandamál.

Netspilunin hefur einnig verið tekin í gegn og virkar afar vel. Bólar ekkert á Heist-fídusnum reyndar.

Í heild sinni er GTA V fyrir nýju kynslóðina glæsilegt afrek. Eitthvað sem verður líklega aldrei endurtekið. - khn

2014 ÁRIÐ Í VÍSINDUM

Afrek vísindamanna voru fjölbreytt á árinu. Á ýmsum sviðum tóku þeir höndum saman, á öðrum tókust þeir á. 2014 var ár framfara en við sáum vísindamenn einnig gera það sem þeir gera svo vel, að horfast í augu við óvæntar breytur og vonbrigði. Hér er það helsta í vísindum á árinu.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



ÁRIÐ 2014 Í VÍSINDUM Geimfar lenti á halastjörnu í nóvember sem var flóknasta geimævintýri mannkyns. Nú er vitað að flókin lífræn efni er að finna á halastjörnum ásamt vatni í föstu formi.

10 ÓRÍON

NASA skaut nýju farartæki út í geim, í fyrsta skipti í 33 ár. Tilraunaflug Óríon er neistinn sem mun vekja geimferðaáætlun Bandaríkjanna úr dvala. Óríón náði 5.790 km hæð og fór tvívegis umhverfis jörðina. Hylkið braut sér leið í gegnum lofthjúpinn á 32 þúsund km/klst. og allt fór vel. Óríon er lykillinn að mönnuðum ferðum til Mars.

9 LOFTSLAGSBREYTINGAR

Milliríkjanefnd SÞ um loftslagsbreytingar batt endahnút á yfirlit sitt yfir stöðu loftslagsbreytinga. Niðurstaðan: Við berum sökina og vandamálið er að versna. Samningur Bandaríkjanna og Kína um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda er umhverfisfrétt ársins þar sem löndin skuldbinda sig til draga úr losun um tugi prósenta á næstu 30 árum.

8 VATN Á ENCELADUS

Vísindamenn tilkynntu að vatn í vökvaformi væri að finna undir íshellunni á tunglinu Enceladus sem er á braut um Satúrnus. Með uppgötvun yfir eitt þúsund fjarreikistjarna í hundraða ljósára fjarlægð verða líkurnar á að líf leynist víðar sífellt betri. Uppgötvunin á Enceladus gæti þýtt að við þyrftum ekki að ferðast órafjarlægðir til að finna nágranna okkar, mögulega eru þeir í bakgarði okkar.

7 HOLUHRAUN

Eldgosið í Holuhrauni er einstakt á heimsvísu. Svo mikið af hrauni hefur ekki komið upp í 230 ár og gosið er í raun það stærsta sem sést hefur síðan á 18. öld. Eldfjallafræðingar segja að eldvirknin við eldfjallið sé óþekkt í vísindasögunni og það mun taka næstu ár að vinna úr þeim gögnum sem vísindamenn hafa safnað.

6 GEIMKÚREKAR Í VANDRÆÐUM

Einkaaðilar í geimgeiranum áttu erfitt ár. Mannlaus eldflaug Orbital Sciences sprakk í tætlur stuttu eftir flugtak og í október lést flugmaður Virgin Galactic þegar tilraunaferja fyrirtækisins hrapaði í flugi yfir Mojave-eyðimörkinni. Þetta er fyrirsjáanlegur fórnarkostnaður geimkönnunar. Vonandi verða fjárfestar skilningsríkari en eldflaugafræðin.

5 DREADNOUGHTUS

Vísindamenn í Argentínu fundu steingerðar leifar risaeðlu sem er talin vera stærsta landdýr jarðar. Risaeðlan var nefnd Dreadnoughtus. Hún var 65 tonn (12 afríkufílar) og 26 metrar að lengd. Dreadnoughtus var uppi fyrir 77 milljónum ára, át gras og óttaðist ekkert.

4 METAN OG VATN Á MARS

Könnunarfarið Curiosity sem nú rúntar um á Mars fann ævafornt vatn í berglögum rauðu plánetunnar ásamt metani og flóknum lífrænum sameindum. Þar með hefur verið staðfest að Mars hefur að geyma þrjár forsendur lífs: orkugjafa, vatn og lífræn efni. Áfram Curiosity!

3 ÓÐAÞENSLA, EÐA HVAÐ?

Þetta átti að vera merkilegasta uppgötvun vísindasögunnar. Vísindamenn að störfum á Suðurpólnum tilkynntu kaldir að þyngdarbylgjur sem mynduðust örfáum sekúndum eftir Miklahvell hefðu loks fundist. Óðaþensluskeiðið var staðreynd — þangað til að vísindamenn fóru að rýna í gögnin. Eitthvað vantaði og við höfum ekki enn fengið botn í málið. Hin vísindalega aðferð að verki.

2 EBÓLA

Ónæmiskerfi mannsins hefur ekki rað við ebólu. Faraldurinn hefur kostað tæplega 7 þúsund manns lífið. Veirufræðingar hafa lagt allt kapp á þróa bóluefni. Við höfum svipt hulunni af stórkostlegum líffræðilegum eiginleikum veirunnar. Núna getum við loks boðið smituðum upp á sérsniðna meðferð, hingað til höfum við í raun ekki getað boðið upp á annað en sýklalyfjakokteil.

1 STEFNUMÓT ALDARINNAR

Í nóvember rann stóra stundin upp þegar könnunarfarið Philae lenti á yfirborði halastjörnunnar 67P eftir 6,4 milljarða km ferðalag. Verkefnið er flóknasta geimævintýri mannkyns en farinu var skotið á loft fyrir áratug. Philae, sem nú sefur værum blundi á 67P, náði að senda gögn til jarðar. Núna vitum við að flókin lífræn efni er að finna á halastjörnum ásamt vatni. Hver veit nema halastjörnur hafi sáð fræjum lífs hér á jörðinni.

OPIÐ 10-19 TIL JÓLA

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA FRÁ 10-19

SENDUM FRÍTT ALLAR VÖRUR TIL JÓLA

ENGIN VÖRUGJÖLD
FELLUM NIÐUR VÖRUGJÖLD Á ÖLLUM TÖRUM TIL ÁRAMÓTA

SNJALLAR JÓLAGJAFIR
ENGIN VÖRUGJÖLD OG EKKERT VESEN:)

VIÐ FELLUM NIÐUR ÖLL VÖRUGJÖLD
ENGIN VÖRUGJÖLD
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HÁTÖLURUM
TIL ÁRAMÓTA - MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

NÝTT USB GLINGUR

Stórsniðugt USB glingur frá Satzuma í miklu úrvali á frábæru verði. Algjör snilld:)

FRÁ 990

EITTHVAÐ FYRIR ALLA!

ENZO 400

Ótrúlegt 2.1 kerfi frá SonicGear, stílhrein og glæsileg hönnun, frábær hljómur og þéttur bassi.

7.992

VERÐ ÁÐUR 9.990

ALLT AÐ 50 ÞÚSUND LÆGRA VERÐ Á APPLE

iPad Air 2
9.7" RETINA
WiFi 16GB

iPad Air 2

18% þynnri og mun léttari með 40% öflugri örgjörva, UHD Retina skjá og Touch ID fingrafaraskanna.

79.900

ALGENGT VERÐ 89.900

8BLS
NÝR BÆKLINGUR
STÚTFULLUR
AF SPENNANDI
JÓLAGRÆJUM

SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP

Birt með fyrirvara um breytingar, innláttarvillur og myndabrengl

OPNUNARTÍMAR

Alla daga til jóla
10:00 - 19:00
Aðfangadag
Lokað

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

JÓLABÚÐIN ÞÍN

KAI PURE KOMACHI 2

Hágæða hnífalína frá KAI í Japan. KAI hefur framleitt hnífa í yfir 100 ár. Pure Komachi 2 hnífarnir eru með litaðri „non-stick" húð.

VERÐ FRÁ 2.995 TIL 4.495

30%

BRAUN RAFMAGNS-TANNBURSTI

VERÐ ÁÐUR... 6.995
JÓLATILBOÐ .. 4.995

SMOOTHIE GLAS MEÐ RÖRI

VERÐ... 2.495

iRobot

Roomba 630
Með iAdapt gervigreind. Einn sýndarveggur fylgir svo hægt er að afmarka svæði.

VERÐ.....69.995

Roomba 775
Með iAdapt gervigreind og tímastilli. Sýndarveggur og Halo sýndarveggur. Dirt Detect Series 2. Fallskynjari.

VERÐ.....99.995

PHILIPS RAKVÉL MEÐ HLEÐSLU

VERÐ..... 9.995

20%

WEBER KJÖTHITAMÆLIR STAFRÆNN

Þráðlaus

VERÐ ÁÐUR... 11.995
JÓLATILBOÐ 9.495

EPLASKRÆLARI



20%

VERÐ ÁÐUR.....4.995
JÓLATILBOÐ 3.995

MORTEL MARMARA

VERÐ ÁÐUR... 4.495
JÓLATILBOÐ .. 3.995

PRESSUKANNA

8 BOLLA KRÓM

VERÐ ÁÐUR... 5.995
JÓLATILBOÐ .. 4.995

KJÚKLINGA**STANDUR**

WEBER

VERÐ... 6.995

AVIKEN **VÖFFLUJÁRN** 1000W

Topp módel

TILBOÐ ... 9.995

33%

BABYLISS **HÁRBLÁSARI** 2300W

VEGLEGUR KAUPAUKI

VERÐ ÁÐUR... 14.995
JÓLATILBOÐ 9.995

Babyliss Curl Secret **Krullujárn**

VEGLEGUR KAUPAUKI

VERÐ... 19.995

HAMBORGARAPRESSA

EINNIG FYRIR FYLLTA HAMBORGARA

VERÐ ÁÐUR... 2.495
JÓLATILBOÐ .. 1.995

SEVERIN **KAFFIVÉL** 1400W

Sýður vatnið

VERÐ.... 16.995

EXIDO **BLANDARI** 700W

20%

ÖFLUGUR MYLUR KLAKA

VERÐ ÁÐUR... 9.995
JÓLATILBOÐ .. 7.995

MANDÓLÍN

SNEIÐIR, SKRÆLAR OG RÍFUR

VERÐ... 7.495

REMINGTON **SLÉTTUJÁRN**
SILK - 5 ára ábyrgð!

VERÐ ÁÐUR... 13.995
JÓLATILBOÐ .. 11.995

BABYLISS **EASY CURL** KEILUJÁRN

VERÐ ÁÐUR... 7.995
JÓLATILBOÐ .. 5.995

EMSA **KAFFIKANNA** SAMBA

VERÐ ÁÐUR... 6.495
JÓLATILBOÐ .. 4.955

FYRIR AXLIR OG HÁLS

MEDISANA **HITATEPPI**

VERÐ... 8.995

MELISSA SAFAPRESSA 400W

TILBOÐ ... 7.995

20%

GUFUSLÉTTIR
ALGJÖR SNILLD

ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM

VERÐ ÁÐUR9.995
JÓLATILBOÐ7.995

MEDISANA **BLÓÐÞRÝSTINGSMÆLIR**

FYRIR UPPHANDLEGG

VERÐ... 6.995

GRUNWERG **HNÍFAPARASETT**

VERÐ... 9.995

KitchenAid HRÆRIVÉL + BÖKUNARSETT KitchenAid

LITUÐ
Fjöldi lita

Settið inniheldur 5 vönduð og viðloðunarfrí KitchenAid bökunarform.

FULLT VERÐ 107.980
(Hrærivél 87.990 + bökunarsett 19.990)
TILBOÐSVERÐ 87.990

FULLT VERÐ 104.980
(Hrærivél 84.990 + bökunarsett 19.990)
TILBOÐSVERÐ 84.990

HVÍT

PHILIPS TÖFRASPROTI 550W

VERÐ... 9.995

SEVERIN POPPVÉL

LOFTVÉL
ENGIN OLÍA

VERÐ ÁÐUR... 5.995
JÓLATILBOÐ .. 4.995

SCHOU LEIRPOTTUR TERRACOTTA - 6 MANNA

VERÐ..... 9.995

35% GRUNWERG ESPRESSO KANNA

VERÐ... 4.495

ÍSLENSKA PÖNNNUKÖKUPANNAN



VERÐ... 9.995

byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR
JÓLASVEINAR

VERÐ... 1.870

ARIETE ESPRESSOVÉL NOVECENTO

20%

VERÐ ÁÐUR.....49.995
JÓLATILBOÐ 39.995

EVA SOLO KARAFLA

Margir litir!

VERÐ... 7.995

Rosenthal

ROSENTHAL VÖRUR Í MIKLU ÚRVALI

DeLonghi

Dolce Gusto

YFIR 30 GERÐIR AF TE, KAFFI OG KAKÓ!

VERÐ ÁÐUR ...17.995
JÓLATILBOÐ 14.995

Nescafé Dolce Gusto GREAT COFFEE YOUR WAY

KYNNINGAR ALLA DAGA TIL JÓLA

VERÐ ÁÐUR ... 32.995
JÓLATILBOÐ 26.995

YONANAS ÍSGERÐARVÉL

Góð fyrir frysta ávexti

VERÐ ÁÐUR...12.995
JÓLATILBOÐ 9.995

SCHOU GRÆN METIS SKERI

SPIROMAT

VERÐ... 6.995

WILFA BLANDARI

1200W TRYLLITÆKI!

VERÐ.. 18.995

RUSSELL HOBBS
HÆGSUÐUPOTTUR

VERÐ.... 10.995

20% TRISTAR GASBRENNARI CREME BRULÉ

Skálar fylgja

VERÐ ÁÐUR.....5.995
JÓLATILBOÐ 4.795

EVA SOLO HITAKANNA

VERÐ.....9.995

KENWOOD MAT VINNSLU VÉL

750W

VERÐ. 12.995

40% TRISTAR VÖFFLUJÁRN

EKTA BELGÍSKAR

VERÐ ÁÐUR....9.995
JÓLATILBOÐ ...5.995

GEORGE FOREMAN HEILSUGRILLIN

Ný lína með losanlegum plötum



Russell Hobbs

COMPACT
38sm² grillflötur
FULLT VERÐ 13.995
TILBOÐ 11.995

FAMILY
51sm² grillflötur
FULLT VERÐ 16.995
TILBOÐ 13.995

ENTERTAINMENT
64sm² grillflötur
FULLT VERÐ 18.995
TILBOÐ 15.995

BAR ÞAÐ TIL UM ÞESSAR MUNDIR?

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson getur aldrei staðist það að lesa jólaguðspjallið með gagnrýnu hugarfari en viðurkennir fúslega að mórallinn sé góður.

Segiði svo að trúmál geti ekki orðið misklíðarefni hér á voru kalda landi. Nú hafa sprottið upp deilur um þann nýlega sið að grunnskólarnir skuli standa fyrir hópferðum með nemendur til kirkju á aðventunni þar sem prestar kynna börnunum jólaboðskap kirkjunnar og jólaguðspjallið sjálft. Og finnst sumum þetta fallegur siður enda sé engin leið að neita því að kærleiksboðskapur Jesú Krists sé bæði fagur og hollur. Aðrir telja hér um trúarinnrætingu að ræða sem ekki sé hlutverk grunnskóla að standa í. Og ennfremur að þessar ferðir skapi alveg óþarft sundurlyndi millum þeirra foreldra og barna sem aðhyllast íslensku þjóðkirkjuna og hinna sem gera það ekki. Ekki ætla ég að blanda mér í þær deilur hér en get ekki stillt mig um að líta á nokkrar þær sögulegu flækjur sem fylgja jólaguðspjalli kirkjunnar og túlkun þess. Frásagnir guðspjallanna um fæðingu og frumbernsku Jesú eru nefnilega mjög merkilegt rannsóknarefni hvað snertir viðhorf fólks til sögunnar og sögulegs sannleika. Og þá sérstaklega hvernig sá sannleikur (eins og við þekkjum hann bestan) rímar við þær þjóðsögur og goðsagnir sem oft hafa í reynd komið í stað sannleikans í vitund fólks Þótt allir viti betur.

Frásagnir af óbreyttu alþýðufólki

Guðspjöll Nýja testamentisins eru fjögur, eins og allir vita. Þau eru merkileg og býsna einstæð rit, burtséð frá því hverju maður trúir um Jesú frá Nasaret og vist hans á jörð, þvíumlíkar frásagnir af óbreyttu alþýðufólki eru ekki á hverju strái frá fornöld. Fræðimenn eru sammála um að Markúsarguðspjall sé þeirra elst, líklega skrifað laust fyrir árið 70. Markús fjallar ekkert um fæðingu eða bernsku Jesú. Það er hins vegar gert í guðspjöllum Matteusar og Lúkasar sem voru sennilega skrifuð einhvern tíma á árabilinu 80-100. Jóhannesarguðspjall er almennt talið yngst þótt höfundur þess kunni reyndar að hafa stuðst að einhverju leyti við töluvert eldri heimildir. En engar heimildir hefur Jóhannes þó fundið um fæðingu Jesú.

Engin Hagstofa eða bókasöfn

Lítum þá á Matteus og Lúkas. Frásagnir beggja af fæðingu Jesú fjalla um atburði sem gerðust að minnsta kosti áttatíu árum áður en guðspjallamennirnir settust að skriftum, kannski nærri öld áður. Það er langur tími og segir sig sjálft að margt getur skolast til og þá sér í lagi aftur í fornöld þegar engin dagblöð og engin Hagstofa voru til og skráning bæði atburða og staðreynda frá fyrri tímum var mjög á reiki og tilviljanakennd. Matteus og Lúkas hafa því ekki getað flett upp á bókasafninu hvenær Jesú fæddist eða hvað var þá á seyði í Palestínu, heldur hafa þeir þurft að reiða sig á sögur sem þeir hafa heyrt og gengið hafa staflaust í þeim söfnuðum frumkirkjunnar sem þeir tilheyrðu. Og þær sögur hafa mótast og breyst svo að þær eru í raun gerólíkar og ekkert er sameiginlegt með jólaguðspjöllum Matteusar og Lúkasar nema að báðir segja Jesú hafa fæðst í Betlehem og foreldrar hans heitið Jósef og María.

Lúkas rekur það jólaguðspjall sem allir þekkja og lesið er í öllum kirkjum landsins á aðfangadagskvöld. Þar er að finna uppbókað gistihúsið, götuna góðu og fjárhirða í haga og himneska herskara, og ættu allir að kannast við þá sögu. En Lúkas lýkur svo frásögn sinni á að Jósef og María fara með Jesú litla til Jerúsalem þar sem hann er helgaður drottni í musterinu, en því næst fara þau aftur heim til Nasaret, þar sem fjölskyldan var búsett.

Í JÖTUNNI Margt mælir eindregið á móti því að Jesú hafi fæðst í Betlehem og fóru Matteus og Lúkas hálfgerðar Fjallabaksleiðir til að geta látið það ganga upp.

Önnur útgáfa

Jólaguðspjall Matteusar er hins vegar allt öðruvísi. Af henni verður ekki betur séð en Jósef og María séu einfaldlega búsett í Betlehem þegar þangað komu askvaðandi vitringar þrír að leita að „hinum nýfædda konungi Gyðinga“. Stjarna ein á himnum hefur þá vísað þeim veginn þangað. Vitringarnir ganga inn í húsið þar sem María og Jósef búa. Það er sérstaklega tekið fram hjá Matteusi að um hús hafi verið að ræða, svo samkvæmt því passar ekki að vitringarnir hafi komið á fund hins nýfædda barns í fjárhúsi líkt og helgimyndir sýna margar. En þeir gefa barninu gull, reykelsi og myrru og halda síðan á brott. Áður höfðu þeir varað Maríu og Jósef við því að Heródes, þáverandi konungur Gyðinga, léti nú drepa öll nýfædd sveinbörn til að freista þess að koma fyrir kattarnef þeim kornunga konungi sem hann hefði grun um að væri í heiminn kominn. María og Jósef flýja því til Egiftalands undan morðæði Heródesar en snúa aftur til Palestínu þegar þau frétta lát hans og settust þá fyrst að í Nasaret.

Jólaguðspjallið þjóðsaga

Nú er það svo að fræðimenn eru almennt sammála um að ekki sé að marka þessar jólafrásagnir þeirra Lúkasar og Matteusar. Og þá á ég ekki við einhverja trúlausa skrattakolla sem sæta færis að spæla sannkristið fólk, og heldur ekki fræðaþuli sem aðhyllast önnur trúarbrögð. Alls ekki. Jafnvel vel trúaðir kristnir fræðimenn eru á þessari skoðun og öll þau fræði eru til dæmis kennd í guðfræðideild Háskóla Íslands, íslenskir prestar ganga því ekki að því gruflandi að jólaguðspjallið sé næstum áreiðanlega eintóm þjóðsaga, þótt þeir freistist stundum til að segja jólasögur guðspjallanna eins og um óvéfengjanlegar staðreyndir væri að ræða.

Kappsmál að Jesú væri konungur

Það er margt sem mælir eindregið á móti því að Jesú hafi fæðst í Betlehem. Í öllum guðspjöllunum er Jesú ævinlega tengdur Galíleu og þótt Palestína sé ekki mjög víðáttumikið svæði, þá voru Galílea og Júdea (þar sem Betlehem er að finna) býsna aðskilin svæði í þá daga. En guðspjallamönnunum tveimur var í mun að tengja Jesú við Betlehem, vegna þess að í Gamla testamentinu kom fram að þaðan væri Davíð konungur ættaður, sá sem mestur hafði verið Gyðinga, og í Gamla testamentinu mátti líka finna spádóm um að frá Betlehem myndi að lokum koma nýr konungur. Í þeim spádómi er að vísu greinilega átt við herskáan herkonung, en ekki kærleiksríkan friðflytjanda, en hinir frumkristnu söfnuðir settu það ekki fyrir sig. Þeim var kappsmál að sýna Gyðingum (og öðrum) fram á að hinn krossfesti Jesú hefði í raun verið konungur og löguðu þess vegna ýmsa spádóma Gamla testamentisins að honum, þar á meðal spádóminn um fæðingu hans í Betlehem.

Fráleitur þvælingur á konunni

Og það verður að viðurkennast að bæði Matteus og Lúkas fara hálfgerðar Fjallabaksleiðir til að geta látið Jesú fæðast í Betlehem. Ekki eru til dæmis heimildir um almennt manntal bæði í Galíleu og Júdeu um það leyti sem Lúkas vill vera láta, og jafnvel þó svo að slíkt manntal hefði verið haldið, þá hefði Jósef aldrei verið skikkaður til að fara frá heimaborg sinni Nasaret til að láta skrásetja sig í Betlehem, þó hann hefði verið ættaður þaðan (sem í sjálfu sér er ekki endilega líklegt). Manntöl sem Rómverjar létu gera snerust um að finna út fjölda skattgreiðenda á hverjum stað, og Rómverjum stóð auðvitað hjartanlega á sama um forfeðratal skattgreiðenda sinna. Fráleitast af öllu er auðvitað að María hefði þurft að þvælast með Jósef alla leið frá Nasaret til Betlehem, tala nú ekki um úr því hún var komin á steypirinn, konur voru ekki skattgreiðendur í Rómaveldi og það hefði ekki verið nokkur ástæða fyrir Jósef að leggja erfitt ferðalag á kornunga eiginkonu sína í þessu ástandi. Og ljóst má vera að frásögn Lúkasar af fæðingu Jesú í jötu er einfaldlega tilraun til að láta annan spádóm Gamla testamentisins stemma við meistarann mikla.

> **Jafnvel þó svo að slíkt manntal hefði verið haldið, þá hefði Jósef aldrei verið skikkaður til að fara frá heimaborg sinni Nasaret til að láta skrásetja sig í Betlehem, þó hann hefði verið ættaður þaðan … Manntöl sem Rómverjar létu gera snerust um að finna út fjölda skattgreiðenda á hverjum stað, og Rómverjum stóð auðvitað hjartanlega á sama um forfeðratal skattgreiðenda sinna.**

Á að segja sanna sögu?

Jólaguðspjall Matteusar er ekki miklu sennilegra, vitringarnir eru náttúrlega augljós þjóðsaga, og þótt Heródes hafi verið fantur, þá lét hann aldrei drepa smásveina af ótta við að einhver þeirra kynni að verða kóngur með tímanum. Og sagan um flótta Jósefs og Maríu til Egiftalands og seinna endurkomu þeirra til Palestínu er tilraun til að láta ævi Jesú ríma við ætthöfðingja fyrr á tíð, Jósef Jakobsson og sjálfan Móse.

Frásagnir guðspjallanna eru endalaus uppspretta merkilegra hugleiðinga og hér hefur aðeins verið tæpt á fáeinum merkilegum hlutum í sambandi við jólafrásagnir þeirra. Auðvitað er fyrst og fremst litið á þær nútildags sem táknsögur: Hið saklausa, fátæka barn sem á endanum reynist höfðinginn mesti. Þetta er fallegt og uppbyggilegt, og svona sögum hafa menn alltaf verið veikir fyrir. En hin flókna spurning um samspil sögu og sannleika er hins vegar þessi: Á að segja söguna eins og hún sé sönn, jafnvel þótt áheyrendur séu lítil börn?

HUMAR

HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR	HUMAR
Stærð 30/40	Stærð 24/30	Stærð 18/24	Stærð 15/18	Stærð 12/15	Stærð 9/12	Stærð 7/9
2.600 kr.kg	4.900 kr.kg	5.900 kr.kg	6.900 kr.kg	7.500 kr.kg	7.900 kr.kg	8.900 kr.kg

HUMARSÚPA FISKIKÓNGSINS

SKELFLETTUR HUMAR

EKTA ÞORLÁKSMESSU

SKATA 990 kr.kg

Allir landsmenn velkomnir.
Sendum hvert á land sem er.

Pantanir sendist á
heildsala@fiskikongurinn.is

Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755

Gleðileg jól

OPIÐ

Laugardag	9-18
Sunnudagur	11-18
Mánudagur	7-20
Þriðjudagur	7-20

Konráð og félagar á ferð og flugi 127

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

Konráð, Lísaloppa og Róbert eru rétt að ljúka við að skreyta jólatréð og húsið. „Þetta er nú aldeilis ofskreytt tré," sagði Róbert. „Ég hef nú vanalega látið mér nægja smá grenigrein. Maður finnur ekkert í öllu þessu skrauti, hvar er til dæmis leikfangabangsinn?"

Það er rétt hjá Róberti, hér er erfitt að finna margt.

Svo virðist vera óboðinn gestur í jólatrénu, mús. Getur þú fundið hana?

Getur þú fundið leikfangabangsann? Eða brosandi stjörnu og fjögur snjókorn? Og hvað heldur þú að séu margar rauðar jólakúlur á jólatrénu? Og hversu margar jólabjöllur eru í húsinu?

Beðið eftir jólunum

Langa vitleysa er spil fyrir tvo.

Eitt spil er dregið úr stokknum, það er tromp. Því er stungið aftur í bunkann sem skipt er jafnt í tvo bunka sem spilarar hafa fyrir framan sig, á hvolfi. Sá sem ekki gaf byrjar og leggur efsta spilið úr bunkanum sínum á mitt borðið, upp í loft. Hinn leggur sitt efsta spil ofan á það. Þannig gengur þetta þar til tromp kemur upp. Sá sem ekki átti trompið setur þá út fimm spil ef trompið var ás, fjögur ef það var kóngur, þrjú ef það var drottning, tvö ef það var gosi og eitt ef það var lægra spil. Sá sem lagði út trompið tekur þá öll spilin í kastbunkanum og stingur þeim á grúfu undir eigin bunka. Sá vinnur sem nær öllum spilunum til sín.

EVA ALICE Evu langar að verða mjög margt, myndlistarkona, kennari, fornleifafræðingur, læknir og margt fleira.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Set litla húsið hans Jesú út í gluggakistu

Eva Alice Devaney, sjö ára, er búin að föndra jólakort, fara á jólaball og baka heilmikið af piparkökum með afa, ömmu og gervifrænku sinni.

Fyrst er það fullt nafn og aldur
Eva Alice Devaney, sjö ára.

Í hvaða skóla ertu og hvað er mest gaman að gera þar?
„Vesturbæjarskóla, mér finnst skemmtilegt í matreiðslu, sundi og íþróttum."

Ertu í einhverjum íþróttum?
„Ég er í Myndlistaskóla Reykjavíkur, þar er ég að teikna, mála og búa til styttur úr leir. Eftir áramót ætla ég að fara í Mjölni að læra jiu jitsu með bróður mínum og vinkonu minni."

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í frístundum? „Mér finnst skemmtilegast að leika við vinkonur mínar og bræður mína en líka að föndra heima hjá mér."

Ertu búin að gera eitthvað skemmtilegt á aðventunni?
„Við erum búin að setja upp jólatré með skrauti, ég er líka búin að föndra jólakort, fara á jólaball og baka heilmikið af piparkökum með afa, ömmu og gervifrænku minni, henni Nínu."

Hvað er uppáhaldsjólaskrautið þitt? „Við setjum upp litla húsið hans Jesú í gluggakistuna, við erum búin að eiga það síðan ég var eins árs. Í húsinu liggur Jesú litli í vöggu, þar er María mey mamma hans og pabbi hans Jósef og lítil lömb. Það er hey utan á húsinu eins og var í gamla daga."

Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn? „Það er held ég Stúfur, ég vorkenni honum agalega mikið. Hann er svo lítill en hinir stórir."

Setur þú skóinn út í glugga?
„Já, ég geri það. Ég læt þá vita að mér þykir vænt um þá. Ég gef þeim mat. Síðast gaf ég smákökur og mjólk. Um morguninn er bara pínulítið eftir af mjólk í glasinu og smákakan horfin."

Hvað langar þig í í jólagjöf?
„Mig langar í Simpson-Lego og ég held ég ætli að safna því. Mig langar líka í minn eigin síma og flautu, súkkulaði og páfagauk."

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór? „Ég ætla að verða mjög margt, kannski myndlistarkona, kennari, fornleifafræðingur, læknir, arkitekt, vísindamaður, búðarkona og margt fleira. Mamma hefur sagt mér að það þarf ekki bara að gera eitthvað eitt."

Kanntu brandara? „Einu sinni var kona sem átti hund sem hét Nýjasta tíska. Einn daginn hljóp hundurinn út og hún hljóp á eftir honum allsber og kallaði á eftir honum: Nýjasta tíska! Nýjasta tíska! Næst þegar konan fór út í búð voru allir allsberir."

Áttu systkini? „Ég á eina litla systur og þrjá bræður. Þau eru öll mjög skemmtileg og það er gott að eiga systkini, maður hefur alltaf einhvern til að leika sér við."

ÞÚ FÆRÐ GÓÐAR JÓLAGJAFIR

Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA, AKUREYRI OG SELFOSSI

ALLT FYRIR SPORTIÐ!

25% AFSLÁTTUR AF **BRETTA- OG SKÍÐAPÖKKUM**
Skíði, skór, bindingar

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboðin gilda til 24. des. 2014.
Vörurnar fást allar í Intersport Bíldshöfða, minna úrval á Selfossi og Akureyri.

11.990

NIKE MAGISTA FG/ MERCURIAL VICTORY FG
Barnatakkaskór.
Stærðir: 28-38,5.
Fást aðeins á Bíldshöfða.

1.790

HUMMEL CLASSIC FOOTBALL SOCKS
Fótboltasokkar. Margir litir.
Stærðir: 6-8-10-12-14-16.

3.990

SPALDING MINIKARFA
Minikarfa með bolta

VÖÐLUR OG VÖÐLUSKÓR
39.990
Fullt verð: 52.980

17.990

KINETIC VÖÐLUSKÓR
Stærðir: 40-47.
Fást aðeins á Bíldshöfða.

34.990

KINETIC G2 ÖNDUNAR-VÖÐLUR
Aðeins á Bíldshöfða.

Verð frá:
5.990

BYRON FLUGUHJÓL
Aðeins á Bíldshöfða.

KINETIC VÖÐLUJAKKI
24.990
Fullt verð: 29.990

KINETIC VÖÐLUJAKKI
Góður vöðlujakki í veiðina.
Aðeins á Bíldshöfða.

3.990

KINETIC TASKA
Vöðlutaska.
Aðeins á Bíldshöfða.

Fullorðins-skíðahjálmar
VERÐ FRÁ:
10.990

Barna-skíðahjálmar
VERÐ FRÁ:
5.990

Fullorðins-skíðagleraugu
VERÐ FRÁ:
4.990

Barna-skíðagleraugu
VERÐ FRÁ:
2.690

FULLORÐINS BRETTAPAKKI
VERÐ FRÁ:
59.978
FULLT VERÐ: 79.970



BARNA BRETTAPAKKI
VERÐ FRÁ:
50.978
FULLT VERÐ: 67.970

BRETTAPAKKI FULLORÐINS
Pale Cuba Libre, snjóbretti. 39.990.
Pale soft L4Y Fifteen brettaskór. 24.990.
Pale Rage MP 180 bindingar. 14.990.

BRETTAPAKKI BARNA
Pale Monkey, snjóbretti. 29.990.
Pale L4Y Thirteen brettaskór. 24.990.
Rage MP junior bindingar. 12.990.

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 22. LAU. 10 - 22.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / **OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 22. LAU. 11 - 22. SUN. 13 - 22.**
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 22. LAU. 10 - 22.

OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA TIL JÓLA

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®

BROT AF OKKAR BESTA

20% afsláttur

Hnattlíkan 26 cm, Elite með ljósi
Tilboðsverð: 7.199.-
Verð áður: 8.999.-

20% afsláttur

Landakort lítið PINWORLD
Tilboðsverð: 4.799.-
Verð áður: 5.999.-

Bakki - Rotary Tray
Tilboðsverð: 6.900-
Verð áður: 9.900.-

Frozen Lúdó
Verð: 3.899.-

Þráðlaus hátalari með hljóðnema.
Tilboðsverð: 8.499-
Verð áður: 9.999.-

20% afsláttur

IT ferðataska 56 cm, 4 hjól
Tilboðsverð: 15.199.-
Verð: 18.999.-

Minnisleikur - Prinsessu / Sjóræningja
Verð áður: 1.999.-

30% afsláttur

Fjarstýrður vörubíll
Tilboðsverð: 4.549.-
Verð áður: 6.499.-

Fjarstýrð grafa
Tilboðsverð: 4.549.-
Verð áður: 6.499.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

Heyrnartól - Maxell Play
Tilboðsverð: 6.799-
Verð áður: 7.990.-

Lína Langsokkur - CD
Verð: 2.999.-

Skálmöld - Með vættum - CD
Verð: 2.999.-

John Green safnið
Verð: 6.999.-

The Maze runner safnið
Verð: 5.999.-

Þín eigin þjóðsaga
Tilboðsverð: 3.299-
Verð áður: 4.399.-

Skálmöld
Tilboðsverð: 4.999-
Verð áður: 6.499.-



Afdalabarn
Verð: 2.999.-

Amma biður að heilsa
Verð: 3.499.-

íslenskar þjóðsögur
Verð: 6.999.-

Hafnfirðingabrandarinn
Tilboðsverð: 3.299-
Verð áður: 4.399.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
TRS, Selfossi - Eyrarvegi 37
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda 20. desember, til og með 21. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

JÓLAKROSSGÁTA



LÁRÉTT

1. Hverjar eru líkurnar á að hin framliðnu séu sem nár? (12)
10. Hef ekki pláss fyrir kirtilinn (6)
13. Kraftmikil ræða um virkjanir og vindmyllur (7)
14. Svolítil framleiðsla á svolitlu jólakruðeríi (14)
15. Ljóðræn kýr með síl (6)
16. Uppglenntur galdrastafur (7)
17. Hólmi hilmis, skerjaherrans (12)
19. Handbendi móður sinnar, hennar Grýlu (6)
20. Til helminga á móti súraldinsafa, smá klaki, og þá er kominn gimlet, eins og Marlowe drekkur (3)
21. Hér blasir við ránfuglaspíra (9)
22. Kjánakambur verður að hermdargjöf (10)
26. Saga um háhýsi er bylting (6)
27. Grípa skal snák sem fyrst, áður en gerir vitlaust veður (8)
31. Hljóðfæri heilla Lappa og Lukku (13)
32. Innbyrða aðskilnaðarsinna (3)
33. Flutti fugl þrátt fyrir mikið væl (6)
36. Heyri ekkert fyrir hlunnabraki og djöfulgangi (9)
38. Er trjákvoða fréttnæm? (9)
39. Takið þið vel á móti sérfróðum syni? (7)
40. Hvað er sker upprisunnar að gera í jólagátu? (9)
41. Geir fær flog er þetta sport ber á góma (9)
42. Sum finna heimilisfrið í þessum blómum (9)
43. Finn raka í vatni segir sá er öllum ofbýður (7)
45. Meðvitundin um ásýnd tryggir lýsandi texta (9)
46. Er kirkjuturninn kynlegt fyrirbæri? (9)
47. Nói gamli notaði tæpitungu (6)
48. Námunda lágan úr ruglinu (5)
51. Tarnaleiðsla klæðskiptinganna (9)
54. Af hrakningum og örlögum (8)
60. Sé klaufa bera víuna í rigninginn (10)
61. Grunnsævið er bara byrjunin (8)
64. Og fleira er umfram eðlilegt hrós og þar með háð (5)
65. Mikil og algeng skemmtun (5)
66. Bifvélavirkjans besta tól er bolta leysir/gleði mikil, galsafull/glamur, vesen, ólag, bull (6)
67. Fletti móhellunum af nýræktinni (12)
70. Ljómi hins forna guðs mun ljóma áfram (6)
71. Sálmur boðar fyrirmyndarástand (8)
72. Tvöfaldur hnoðri tvisvar látinn (9)
74. Hnáta lokkar það sem jafnaldrar hennar í flokknum hafa á höfði sér (8)
75. Suð í Afríkuríki (4)
76. Jólamaturinn er auðvitað hjörtu og lifur (8)
77. Gengur á með súld og sudda, en ég háma þó í mig matinn (7)

LÓÐRÉTT

1. Kynna sér gjörla hvernig tína skal af sér óveru (7)
2. Slit sleða sveigir liðina (7)
3. Þetta tókst en ég óttast að eðlur séu á ferð (7)
4. Skapa sker og verð þar heimilisfastur (7)
5. Kenni brengluðum taktinum um hinn góða sið (7)
6. Einþykkur um óttubil, hvar er hvíla hans? (9)
7. Svakajaki splæsir eftirrétti (8)
8. Gef öllum drekum mínum fyrirmæli (10)
9. Skömm mín stafar af löngum fiskum og litlum kóðum (8)
10. Umbuna skal langlífum með greiðslu hungurlúsar (9)
11. Hreinsa verkfæri og tæki þótt léleg séu (9)
12. Þetta bæli kemur að vestan, úr því skal ausið (9)
18. Auka aga á fleyjum jaxla í kjölfar yfirtöku mótmælenda (13)
23. Af flækingi með skuddaskratta (11)
24. Nýt krafts úr fóðrunum og vænti hjálpar við glaðninga (11)
25. Endalaust slór alla daga (11)
27. Fyrst er vanvit stafsett, annað er ekki fyrirséð (10)
28. Allah er guð austrænna manna (10)
29. Ónákvæmt tímabil seyðisins (8)
30. Sterka tegundin setur jólin í búðargluggann (11)
33. Hef hug á hornþráðum og bjórbrúskum (10)
34. Segir ófriðinn úti, en stirfnin er enn til staðar (8)
35. Æ vinur minn góður, hví ertu hornreka? (8)
37. Mun nokkur eggja yfirgefin? (7)
38. Hnýttir skóþurrku úr hampi (9)
44. Þú hefur drepið hug minn, það er ljúft (8)
49. Bregst við bænum í gjánum (9)
50. Véluðu tuginn í ruglið (6)
52. Fanga stórfiskinn með vígalegum bróður hans (9)
53. Rætur nagar rætinn ormur (9)
55. Slá og spor sem sýna að hann flækist (5)
56. Skynjaði þunga hruns og snjókomu (9)
57. Grípum fóður með öðrum vistum (9)
58. Ég hef mætt kóngi og krefst fleiri óformlegra funda (8)
59. Þessi partí eru nú í samræmi við skipanirnar að ofan (8)
62. Jólagjöfin kemur um leið og hyskið að utan (7)
63. Finn dulda tegund með huliðsblæ (7)
68. Sukk orsakar iðulega innistæðulaust traust (5)
69. Móðir afmælisbarnsins læknar meiðsl Skagamanna (5)
73. Hrakti þráð (3)

LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist viðeigandi skáld. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. desember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „ 20. desember“.

FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Lífríki Íslands eftir Snorra Baldursson frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Linda Leifsdóttir, Reykjavík.**

Lausnarorð síðustu viku var

VÉLBYSSUKAUP

H	R	A	Đ	B	A	N	K	A		S		H			L		O		A
R		F		A				L		A	X	L	A	B	Ö	N	D	I	N
E	F	T	I	R	H	E	R	M	A	N		J			G		D		D
P		U		N		I		Y		D	R	Ó	M	A	S	Ý	K	I	N
P	A	R	T	A	R	N	I	R		L		M			P		L		A
A		Ú		R		S		K	L	Ó	K	A	S	T	A		O		U
F	O	R	R	É	T	T		V		U		G			K	Æ	F	I	Đ
L		K		T		Æ	Đ	A	B	E	R	A	R		A		A		I
U	M	R	Ó	T	I	Đ		R		G		N		O		F	R	Ó	N
T		E				A			Ó	G	A	G	N	S	Æ	R		H	
N	E	I	N	D	U	N	U	M			F			T		E	G	L	A
I		S		Ý			L		H	E	L	E	N	A		Đ		J	
N	Æ	T	U	R	S	A	L	T	A	Đ	I			B	L	Ý	L	Ó	Đ
G		I		A			A		F	A	T	T	A	R		S		Đ	
	S	N	Ö	G	G	A	R		R		A			Á	T	A	L	I	N
Á		G		I			B	R	A	U	Đ	F	Æ	Đ	A		I		E
F	E	I	L	N	Ó	T	A		V		S		T		P		T		F
Á			Ú		R	Ú	L	L	A	N		V	I	N	S	T	R	I	N
T	O	P	P	K	A	R	L		T				N		Á		Ó		I
T			A		Đ		I	N	N	T	Ö	K	U	P	R	Ó	F	I	Đ

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

Seljalandsfoss photo by brian griffin for Embracing Nature.
EMBRACING FAITH®
BÆNAHJÓLIÐ
Valshringur
670 925
EMBRACING FAITH
VOGUE.IT
RE-EVOLUTION PIECE
Sölustaðir
Gullsmiðja Hjálmars Torfasonar – Laugavegur 71, sími 552 1550
Gullsmiðir Sigtryggur og Pétur – Brekkugata 5 – Akureyri – sími 462 3524
Dýrfinna Skart – Stillholt 16-18 – Akranes – sími 464 3460
Hilton Reykjavík Nordica – sími 444 5000
Saga Shop
www.BRYNJA.COM

Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar og systur,

LAUFEYJAR GUÐMUNDSDÓTTUR
frá Hofstöðum.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dvalarheimilis aldraða og sjúkrahússins í Stykkishólmi fyrir einstaka alúð og hlýju við umönnun hennar. Guð blessi ykkur öll.

Valgerður Gunnarsdóttur
Kolbrún Gunnarsdóttir
Guðmundur Á. Gunnarsson
Jónína Þorbjörg Gunnarsdóttir
Kristín Guðmundsóttir
og fjölskyldur þeirra.

Jón V. Ásgeirsson
Jón Guðmundsson
Erla Þórðardóttir

Útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

GUÐRÚNAR SIGURÐARDÓTTUR
Fossvogsbrún 6, Kópavogi,

sem lést mánudaginn 8. desember fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 22. desember kl. 13.

Sigrún Alda Michaelsdóttir
Bragi Michaelsson
Snorri Guðlaugur Tómasson
Margrét Sigríður Halldórsdóttir
og aðrir aðstandendur.

Guðjón Ágústsson
Auður Ingólfsdóttir
Jóna Björg Jónsdóttir

Ástkær faðir okkar, afi og unnusti,

PÁLL ÞÓRARINSSON
Hraunbæ 34, Reykjavík,

var bráðkvaddur á heimili sínu 12. desember sl. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju mánudaginn 22. desember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á reikn. Bræðranna: 0113-26-060595, kt. 060595-2599.

Hanna Lára,
Ingi Hrafn, Þórarinn Árni, Jón Guðmann Pálsbörn
Ásta Sveinbjörnsdóttir

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA
Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi • Símar 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
STOFNUÐ 1996



Sverrir Einarsson · Kristín Ingólfsdóttir · Hinrik Valsson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242
STOFNUÐ 1996

Davíð Ósvaldsson
útfararstjóri

Óli Pétur Friðþjófsson
útfararstjóri

ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
551 3485 • www.udo.is

FIÐLULEIKARINN „Ég er bæði að kenna og spila og geri það eins lengi og ég get. En auðvitað er gaman að halda upp á svona tímamót," segir Guðný. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Ég er búin að kalla saman alla helstu fiðluleikara þjóðarinnar til að vera með mér, nokkrir þeirra eru vinnandi eða í námi erlendis og koma til landsins í fyrramálið. Fyrsta algera samæfingin verður því klukkutíma fyrir tónleikana.**

Kalla saman alla helstu fiðluleikara þjóðarinnar

Veglegir tónleikar verða í Seltjarnarneskirkju á morgun, til heiðurs Guðnýju Guðmundsdóttur, fyrrverandi konsertmeistara, sem fagnar fjörutíu ára kennsluafmæli. Ókeypis er inn.

„Allir núverandi nemendur mínir eru með atriði á þessum tónleikum. Þeir á aldrinum fjórtán ára til tvítugs og eru í alls konar hlutverkum. Við ætlum að hafa þetta fjörlegt og afslappað," segir Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari í léttum tón. Hún virðist ekkert stressuð þótt mikið standi til á morgun í tilefni af 40 ára kennsluafmæli hennar, stórtónleikar í Seltjarnarneskirkju með 30 listamönnum, henni þar á meðal. „Ég er búin að kalla saman alla helstu fiðluleikara þjóðarinnar til að vera með mér, nokkrir þeirra eru vinnandi eða í námi erlendis og koma til landsins í fyrramálið. Fyrsta algera samæfingin verður því klukkutíma fyrir tónleikana."

Guðný kveðst engan veginn ná utan um allan þann fjölda sem sótt hafi fiðlutíma hjá henni. Það sé útilokað. „En það koma fram dúó og tríó og aðeins stærri hópar og svo spilar stærsti hópurinn saman í lokin. Við erum tuttugu og fjögur í honum," segir hún og kveðst hlakka til.

Verkin á tónleikunum ná aftur til tíma barokksins og á dagskránni er meðal annars sónata fyrir tvær fiðlur eftir Prokofiev sem nemendur Guðnýjar, sá elsti og yngsti, spila. Einnig segir Guðný verða frumflutt eitt nýtt verk eftir fimmtán ára nemanda hennar. „Væntanlega! Ég hef reyndar ekki séð verkið enn þá en það er nú ekki kominn sunnudagur," segir hún hlæjandi. „Þetta er bara spennandi og skemmtilegt."

Hápunkt tónleikanna segir Guðný verða flutning á hinu stórbrotna verki Ciaccone, sem Johann Sebastian Bach skrifaði fyrir einleiksfiðlu en einn af fyrrverandi nemendum hennar, Bjarni Frímann Bjarnason, hefur útsett fyrir margar fiðlur og víólur. „Bjarni Frímann gerir ýmislegt fleira, enda fjölhæfur piltur. Hann kemur fram í víóluverki og spilar líka eitthvað á píanó," lýsir hún.

Það er ekki bara fjörutíu ára kennsluafmæli hjá Guðnýju heldur vill líka svo til að bærinn hennar er fjörutíu ára og sóknin einnig. „Seltjarnarnes er minn heimabær núna þótt ég sé upphaflega úr Kópavoginum. Því er algerlega við hæfi að halda tónleikana í Seltjarnarneskirkju," segir hún.

Þótt Guðný eigi 40 ár að baki í tónlistarkennslunni er hún hvergi nærri hætt. „Ég er bæði að kenna og spila og geri það eins lengi og ég get. En auðvitað er gaman að halda upp á svona tímamót," segir hún. Og þegar myndatakan er skipulögð: „Ég er að kenna heima, vinnustofan er bak við hús og ljósmyndarinn getur örugglega runnið á hljóðið."

Tónleikarnir hefjast klukkan 16 á morgun í Seltjarnarneskirkju, aðgangur er frír og allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

gun@frettabladid.is

MEÐ NÚVERANDI NEMENDUM Pétur Björnsson, Hjalti Nordal Gunnarsson, Sólveig Vaka Eyþórsdóttir, Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir, Pétur Úlfarsson, Júnía Lín Hua Jónsdóttir, Hekla Finnsdóttir, Guðný og Herdís Mjöll Guðmundsdóttir.

Nám og störf Guðnýjar

Guðný hóf fiðlunám 6 ára gömul, fyrst hjá Ernu Másdóttur við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Tveimur árum síðar varð Björn Ólafsson, þáverandi konsertmeistari, kennari hennar og var það allt þar til hún hóf nám við Eastman-tónlistarháskólann í Rochester í New York. Þaðan útskrifaðist hún með bakkalárgráðu og fékk sérstaka viðurkenningu fyrir einleik. Síðan nam hún eitt ár við Royal College of Music í London.

Guðný lauk mastersgráðu við Juilliard-skólann í New York nokkrum dögum áður en hún vann prufuspil fyrir 1. konsertmeistarastöðuna hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1974, þeirri stöðu gegndi hún til októberloka árið 2010. Kennsla hefur verið stór þáttur í starfi Guðnýjar frá árinu 1974, bæði við tónlistarskóla og í einkatímum.

ER KOMINN JÓLASKÓR?

SIX-5887 16.995 kr.

SIX-5300 17.995 kr.

SIX-5945 21.995 kr.

SIX-13279 24.995 kr.

SIX-6517 19.995 kr.

SIX-6516 19.995 kr.

SIX-4642 19.995 kr.

SIX-6516 19.995 kr.

SIX-5924 22.995 kr.

SIXMIX®

skór.is
KRINGLAN ▪ SMÁRALIND

KitchenAid Classic 45

Gamla góða útlitið

KitchenAid

JÓLAVERÐ **59.989**

FULLT VERÐ 69.989

Bluetooth hátalalari

Hátalari með 2w magnara og innbyggðum hljóðnema.

PHILIPS

Philips BT100B

JÓLAVERÐ **8.989**

Þráðlausir DECT símar með baklýstum 1,6" LCD skjá

50 nafna símaskrá. Birtir 10 númer og endurval í síðustu 10. 3 tól.

PHILIPS

Philips D1503B

JÓLAVERÐ **6.989**

FULLT VERÐ 12.989

Bluetooth hátalalari

Hátalari með 2x5w magnara og innbyggðum hljóðnema.

JBL

JBL Flip

JÓLAVERÐ **15.989**

FULLT VERÐ 19.989

Bluetooth hátalalari



Hátalari með 2x7w magnara sem gefur ótrúlega flottan hljóm.

JBL

JBL Spark

JÓLAVERÐ **14.989**

FULLT VERÐ 24.989

2000W hárblásari með Cool Shot

TONI&GUY

TON-TGDR5362

JÓLAVERÐ **4.989**

Slettujárn með keramík plötum

VIDAL SASSOON

VidalSassoon VSST2957

JÓLAVERÐ **2.989**

Þráðlaus fjölnotaprentari

Prentar, skannar og ljósritar. Notar stór hylki sem eru hagkvæmari í notkun.

EPSON

EPS-XP322

JÓLAVERÐ **14.989**

Öflug matvinnsluvél

500w mótor. 2 lítra skál. 2 hraðar og púls. Stál hnífur.

Ariete

ARI-1784

JÓLAVERÐ **7.989**

FULLT VERÐ 9.989

Kraftmikill blandari

500w með venjulegri könnu og Mix&Go könnu.

SEVERIN

SEV-SM3737

JÓLAVERÐ **7.989**

12" pizzaofn - Non-Stick botn

PRINCESS

Princess 115000

JÓLAVERÐ **9.989**

Hitamælir fyrir inni- og útihita

techno line

TEC-WS9765IT

JÓLAVERÐ **4.989**

Vöfflujárn, samlokugrill og grill

Bakar belgískar vöfflur!

3 Non-stick plötur

PRINCESS

PRI-112433

JÓLAVERÐ **5.989**

Öll stærri heimilistæki

með 20-25% afslætti til jóla!

Óskalisti Max

47" Smart LED 3D sjónvarp

Frábært snjallsjónvarp úr 7000 línunni frá Philips. DualCore örgjörvi, Digital Natural Motion, PixelPreciseHD myndvinnsla, 800Hz Perfect Motion Rate, Ambilight baklýsing og fleira.

PHILIPS

Philips 47PFS7189

JÓLAVERÐ 209.989

FULLT VERÐ 299.989

Einfalt og gott 32" sjónvarp

32" sjónvarp með 1366x768p upplausn og Progressive Scan. Stafrænn DVB-T+C móttakari. USB, 3 x HDMI, CI kortarauf, RCA tengi o.fl.

UNITED

UNITED LED32X162

JÓLAVERÐ 47.989

FULLT VERÐ 59.989

40" LED sjónvarp

Einfalt en gott sjónvarp með háskerpu 1920x1080p upplausn og 100Hz perfect motion rate. 2 HDMI og USB tengi.

PHILIPS

Philips 40PFT4319

JÓLAVERÐ 79.989

FULLT VERÐ 99.989

Háskerpa og SSD diskur

Glæsileg silfruð Core i3 fartölva með kristaltærum 15,6" FullHD skjá. 8GB vinnsluminni og 128GB Solid state diskur - SSD.

TOSHIBA

TOS-L50B1T2

JÓLAVERÐ 99.989

FULLT VERÐ 109.989

Fjögurra kjarna fartölva

Fjögurra kjarna örgjörvi. AMD Radeon skjákort, 500GB harður diskur, USB 3.0 og HDMI tengi.

acer

ACE-NXM81ED105

JÓLAVERÐ 59.989

Spjaldtölva með 8" snertiskjá

Spjaldtölva með 8" LCD snertiskjá. Tilvalin sem leikjatölva. 8GB minni sem má stækka í 40GB. Myndavél að framan og aftan, HDMI og USB tengi.

nextbook

NEX-NX008HD8G

JÓLAVERÐ 14.989

FULLT VERÐ 19.989

Delonghi Circulo kaffivél

DēLonghi

YFIR 30 TEGUNDIR AF KAFFI

SÆTUR KAUPAUKI

Macintosh dós fylgir meðan birgðir endast.

JÓLAVERÐ 26.989

FULLT VERÐ 32.989

NESCAFÉ Dolce Gusto GREAT COFFEE

max.is

MAX RAFTÆKI

Opið alla daga til kl. 21:00

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

MERKISATBURÐIR

1930 Landspítalinn tekur til starfa.

1971 Samtökin Læknar án landamæra eru stofnuð af tveimur samtökum franskra lækna sem hafa unnið í Austur-Pakistan og Bíafra.

1974 Tvö snjóflóð falla á Neskaupstað með þeim afleiðingum að tólf manns farast.

1975 Kröflueldar hefjast. Hraungos er á stuttri sprungu við Leirhnjúk.

1983 Alþingi samþykkir frumvarp um kvótakerfi á fiskveiðar og gengur það í gildi 1. janúar 1984.

1989 Bandaríkin ráðast inn í Panama.

2005 Benjamin Netanyahu nær aftur völdum í verkamannaflokki Ísraels eftir brotthvarf Ariels Sharons.

ÞETTA GERÐIST: 20. DESEMBER 1930

Ríkisútvarpið var formlega stofnað

Ríkisútvarpið var stofnað 20. desember 1930. Í upphafi leigði það húsnæði hjá Versluninni Edinborg í Hafnarstræti, en haustið 1931 flytur það í Landssímahúsið við Austurvöll.

Fyrsti útvarpsstjóri var Jónas Þorbergsson og fyrsti fréttamaður Ásgeir Magnússon. Ári síðar tók séra Sigurður Einarsson til starfa þar og sá um erlendu fréttirnar.

Afnotagjald útvarpsins var 30 krónur á ári í upphafi og hélst það til 1943.

Algengustu útvarpstækin voru tveggja lampa Phillips og þriggja lampa Telefunken og kostuðu þau um 200 krónur sem var nálægt mánaðarlaunum verkamanns í Reykjavík. Það var því ekki á færi allra að kaupa þau. Enda var aðeins eitt tæki skráð á hverja 28 íbúa í lok fyrsta starfsárs Ríkisútvarpsins, eða 3.880 tæki.

Mikill áhugi var samt á útvarpinu og hópaðist fólk á kvöldin heim til þeirra sem áttu tæki og hlustuðu þar. Útvarpstækjum fjölgaði fljótt eftir því sem árunum leið og árið 1938 voru tækin orðin 15.543 eða eitt á hverja sjö íbúa.

Ég stefni á að vera hátt uppi á afmælinu

Stefán Hjörleifsson tónlistarmaður framkvæmdastjóri er fimmtugur í dag og ætlar að hefja sig til flugs upp úr bókaflóðinu og verja verja hátíðunum í Ölpunum.

Er það rétt, Stefán sem stendur í okkar bókum að þú sért fimmtugur?

„Já, einhvern pata hef ég haft af því."

Leggst það vel í þig?

„Já, mjög vel. Ég er svo sprækur. Það er líka mikið eftir."

Þannig hefst afmælisviðtal við Stefán Hjörleifsson hljóðfæraleikara í hinni sívinsælu hljómsveit Nýdönsk og framkvæmdastjóri fyrirtækisins ebækur.is. sem er rafbókasala.

„Ég rek fyrirtæki sem heitir Skynjun og við gefum bæði út hljóðbækur og seljum rafbækur á ebækur.is. Það er svaka törn núna."

Þannig að jólabókaflóðið nær til þín.

„Já, mér tókst að koma mér í það þessi síðustu ár. Ég finn mér alltaf eitthvað."

Starfarðu minna í tónlistinni núna en undanfarin ár?

„Já, ég hef minnkað það töluvert. Ég spila náttúrlega bara með Nýdönsk, það er það eina sem ég geri í mússík og hef gert síðustu árin. En við erum nýbúin að gefa út plötu og hún gengur alveg súpervel. Við erum í jólaplötuflóðinu líka. Héldum tvenna tónleika í Eldborginni í haust, það voru í raun útgáfutónleikar og platan kom út sama dag, svo gáfum við út vynilplötu svo við erum alveg með eins og unga fólkið þó við séum miðaldra."

Ætlarðu að halda upp á afmælið?

„Já, ég stefni á að vera hátt uppi á afmælinu, eins hátt og ég kemst. Ætla að fljúga suður í Alpana með konu og tveimur dætrum, nítján og tuttugu og eins."

Ertu skíðamaður?

„Nei, ég telst nú seint til skíðamanns en ég hef voða gaman að skíða. Læt samt bröttustu brekkurnar alveg eiga sig."

Þið verðið þá þar suður frá um hátíðarnar?

„Já, við ætlum að láta okkur hverfa og halda jólin með óhefðbundnum hætti að þessu sinni í tilefni þessara tímamóta."

gun@frettabladid.is

FRAMKVÆMDASTJÓRINN „Við ætlum að láta okkur hverfa og halda jólin með óhefðbundnum hætti að þessu sinni í tilefni þessara tímamóta." FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

---

†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og vinarhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður, ömmu, tengdamóður, dóttur og systur,

ÁSDÍSAR ÁSGEIRSDÓTTUR
Fagrahjalla 19, Vopnafirði,

sem lést á Landspítalanum þann 7. september 2014 síðastliðinn.

Kristján Magnússon
Svandís Hlín Viðarsdóttir Kjerúlf
Elmar Þór Viðarsson
Ásgeir Hjálmar Sigurðsson
Sigurjón Helgi Ásgeirsson
Thora Buhl
Sigurður Andrés Ásgeirsson
barnabörn og systkinabörn.
Linda Björk Stefánsdóttir
Selma Kristinsdóttir
Helena Leifsdóttir
Peter Buhl
Hjaltey Rúnarsdóttir

---

†

Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför ástkærs föður, tengdaföður, afa og langafa,

GEIRS GUÐMUNDSSONAR
fv. launafulltrúa hjá Reykjavíkurborg,
áður til heimilis að Laugarásvegi 51,

sem lést á Sóltúni 23. nóvember síðastliðinn. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns.

Margrét Geirsdóttir
Árni Jón Geirsson
Guðrún Geirsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.
Gestur Jónsson
Sigríður Þ. Valtýsdóttir
Jón Friðrik Jóhannsson

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

GUÐMUNDAR ÁRNA SIGFÚSSONAR
húsasmíðameistara,
Sléttuvegi 19,
áður Heiðargerði 34.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjartadeildar Landspítalans 14EG fyrir frábæra umönnun og væntumþykju. Drottinn blessi ykkur og styrki.

Gleðileg jól
Margrét Guðvaldsdóttir
Ólafur S. Guðmundsson
Sigfús Árni Guðmundsson
Valdimar G. Guðmundsson
Birgir Guðmundsson
Elísa N. Puangpila
Eva Geirsdóttir
Valgerður Marinósdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
afa- og langafabörn.

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns, föður, tengdaföður, afa, sonar og bróður,

INGÓLFS SVEINSSONAR

sem lést á heimili sínu þann 23. október síðastliðinn.
Sérstakar þakkir til Karitas – hjúkrunar- og ráðgjafaþjónusta.

Anna Björg Pálsdóttir
Gyða Ingólfsdóttir
Agnar Páll Ingólfsson
Sigurbjörn Ingi Ingólfsson
Gyða Ingólfsdóttir
og barnabörn.
Benedikt Stefánsson
Hildur Baldvinsdóttir

---

†

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

SIGURÐUR J. GUÐJÓNSSON

lést á heimili sínu í Hraunbæ, 28. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Björgvin Sigurðsson
Alda Sigurðardóttir
Sigríður Rúna Sigurðardóttir
og barnabörn.
Lilja Leifsdóttir
Ómar Kaldal Ágústsson

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN MAGNÚSDÓTTIR

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 18. desember. Útför hennar fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 30. desember kl. 15.00.

Ragnar Bragason
Magnús Jón Bragason
Ómar Geir Bragason
Kristín Ólafsdóttir
Hildur Mary Thorarensen
Jónína Vilborg Sigmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

NÝTT

FYRIR GLEÐILEG JÓL

ALLIR FYLLTU MOLARNIR SAMAN Í KASSA

Það elska allir Nóa Konfekt en sumir elska Fylltu molana meira en aðra mola. Nú fá þeir konfektkassa sem eru fullir af gómsætum Fylltum molum... og engu öðru.

GOTT AÐ GEFA, HIMNESKT AÐ ÞIGGJA

NÓA Konfekt

ÁRNASYNIR

| KL. 20:10

Michael Bublé's Christmas In New York

Upptaka frá stórkostlegum jólatónleikum Michael Bublé í Radio City Music Hall. Hér flytur hann öll fallegustu jólalögin ásamt góðum gestum.

Fjölbreytt mánudagskvöld

| KL. 19:45

Mike And Molley

Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.

| KL. 20:55

Peaky Blinders

Vandaðir þættir sem gerast í Birmingham á Englandi árið 1919 og fjalla um harðsvírað glæpagengi sem ræður ríkjum.

| KL. 21:55

Rush

Dr. William Rush er spilltasti læknirinn í Los Angeles og hann er til í að gera ýmislegt fyrir ríka og fræga fólkið ef nógu vel er greitt fyrir.

| KL. 22:00

From Paris With Love

Hörkuspennandi mynd um tvo menn sem freista þess að koma í veg fyrir yfirvofandi hryðjuverkaárás í París.

| KL. 21:00

The Glades

Fjórða þáttaröðin af spennandi sakamálaþáttum sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth í Flórída.

| KL. 21:05

Matarást með Rikku

Friðrika Hjördís Geirsdóttir sækir heim þjóðþekkta Íslendinga sem eru alkunnir sælkerar.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

SUDOKU

LÉTT

5			3	9		8		6
	8			1			9	4
	1		7		8			
		7	2				5	3
	2		6	4				
	4				7			2
7		8					3	9
	9			3				
		6			1			

MIÐLUNGS

		4	8		5	1		
5			6	2		8		4
1			3				6	
						9	8	
3								2
		9	2	6				5
	7			3				
8				7		6		
	2		5				7	1

ÞUNG

			8	1		2		
		8		3	5			
3		5		6			9	
		1			8		5	
		7				9		
5						1		
					9	4		
	7						1	3
	1		7	5		6	8	

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

6	9	5	7	1	3	8	2	4
2	1	7	8	5	4	3	6	9
4	8	3	9	2	6	5	7	1
5	4	6	3	9	1	2	8	7
9	7	2	4	8	5	6	1	3
8	3	1	6	7	2	4	9	5
7	2	4	1	3	8	9	5	6
1	6	8	5	4	9	7	3	2
3	5	9	2	6	7	1	4	8

7	4	5	8	6	1	3	9	2
1	2	6	9	3	5	8	4	7
8	3	9	7	2	4	1	5	6
9	5	8	1	7	3	2	6	4
2	7	3	4	8	6	5	1	9
6	1	4	2	5	9	7	3	8
3	6	7	5	9	2	4	8	1
4	9	2	3	1	8	6	7	5
5	8	1	6	4	7	9	2	3

8	6	9	4	7	1	3	2	5
7	3	2	6	5	9	1	8	4
4	5	1	8	2	3	6	7	9
3	7	6	5	1	8	4	9	2
1	2	8	3	9	4	7	5	6
5	9	4	7	6	2	8	1	3
2	4	3	9	8	7	5	6	1
6	1	7	2	3	5	9	4	8
9	8	5	1	4	6	2	3	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli

GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

SPAKMÆLI DAGSINS

„Frá markaðssjónarmiði, ef jólin hefðu ekki verið til, þá hefði verið nauðsynlegt að finna þau upp."

Katharine Whitehorn

KROSSGÁTA

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT

2. æsa, **6.** einnig, **8.** dorma, **9.** hluti kynfæra, **11.** tveir eins, **12.** beikon, **14.** þátttakandi, **16.** strit, **17.** góð, **18.** magi, **20.** númer, **21.** sál.

LÓÐRÉTT

1. íþrótt, **3.** í röð, **4.** andlegt þróttleysi, **5.** ái, **7.** matarlím, **10.** þokki, **13.** arr, **15.** sjá eftir, **16.** upphrópun, **19.** til dæmis.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. örva, **6.** og, **8.** sef, **9.** leg, **11.** ii, **12.** flesk, **14.** aðili, **16.** at, **17.** guð, **18.** hít, **20.** nr, **21.** andi.

LÓÐRÉTT: 1. golf, **3.** rs, **4.** veikiun, **5.** ari, **7.** gelatín, **10.** geð, **13.** sig, **15.** iðra, **16.** aha, **19.** td.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Nils Grandelius (2581), Taflfélagi Vestmannaeyja, hafi hvítt gegn Marcin Dziuba (2560), Víkinga-klúbbnum, á Íslandsmóti skákfélaga.

Svartur á leik

16. **Ba6!** (tryggir hvítum mun betri stöðu) **16...Dc8** (Skást. 16...Bxa6 17. Rxc6 og e7-peðið fellur) **17. Bxb7 Dxb7 18. Df3 Ra5 19. d5!** og stöðu-yfirburðir hvíts dugðu til sigurs tíu leikjum síðar.

www.skak.is: Eitt skemmtilegasta mót ársins í dag í Ráðhúsinu – Jólapakkamót Hugins.

markhönnun ehf

SPENNANDI BÓKAJÓL



DNA
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
3.969 KR

HALLGERÐUR
GUÐNI ÁGÚSTSSON
3.899 KR

SVEITASÆLA
INGA ELSA BERGÞÓRSDÓTTIR
OG GÍSLI EGILL HRAFNSSON
4.969 KR

NÁTTBLINDA
RAGNAR JÓNSSON
4.549 KR



DRAUMARÁÐNINGAR FRÁ A-Ö
SÍMON JÓN JÓHANNSSON
3.894 KR

GÆÐAKONUR
STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
4.224 KR



ÓKYRRÐ
JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON
3.964 KR

LUIS SUAREZ - LÍF MITT
LUIS SUAREZ
3.905 KR



Í KÖLDU STRÍÐI
STYRMIR GUNNARSSON
3.989 KR

TRÖLLASTRÁKURINN EIGNAST VINI
SIRRÝ
2.719 KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda 20 - 21. des. 2014

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

MENNING

Fagna útgáfu bókar í lokahófi Bismút

Sýningu Daníels Björnssonar, Bismút, er að ljúka í Kling & Bang. Í lokahófinu verður fagnað útgáfu bókar sem Ingibjörg Sigurjónsdóttir byggir á viðtölum við listamanninn í tilefni sýningarinnar.

Lokahóf sýningar Daníels Björnssonar, Bismút, verður haldið í dag klukkan 15 í Kling & Bang galleríi. Einnig verður fagnað útgáfu á ritinu Hugleiðingar um verk Daníels Björnssonar og annað, sem byggt er á viðtölum sem Ingibjörg Sigurjónsdóttir tók við Daníel í tilefni sýningarinnar.

Sýning Daníels hefur staðið yfir síðan 8. nóvember. Daníel teiknar upp sýningarrýmið með lituðu ljósi og stillir þar upp nýjum skúlptúrum úr brunni sínum. Verkin snerta á umbreytingum, enda dregur sýningin nafn sitt af frumefninu bismút sem er þungur, brothættur, hvítkristallaður málmur sem umbreytist við hitun í tilkomumikinn kristal í öllum regnbogans litum. Verk Daníels draga fram hið stöðuga ferli sem núningur tímans við efni, anda og aðstæður er, að því er fram kemur í tilkynningu frá galleríinu.

Sýningin stendur til 21. desember. Opið er í Kling & Bang fimmtudaga til sunnudaga frá klukkan 14 til 18 og er aðgangur ókeypis.

➜ Daníel teiknar upp sýningarrýmið með lituðu ljósi og stillir þar upp nýjum skúlptúrum úr brunni sínum.



BISMÚT Sýningu Daníels Björnssonar lýkur í Kling & Bang á morgun.
MYND/ KLING & BANG

FJÖRUTÍU ÁRA FERILL Guðrún Helgadóttir, höfundur sögunnar Sitji guðs englar, fagnar fjörutíu ára rithöfundarferli í ár.

Englar í útvarpinu

Leikgerð Illuga Jökulssonar á sögu Guðrúnar Helgadóttur, Sitji guðs englar, flutt í Útvarpsleikhúsinu.

Fjölskylduleikritið Sitji guðs englar verður flutt í Útvarpsleikhúsinu yfir jólahátíðina. Leikritið byggir á sögu hins ástsæla rithöfundar Guðrúnar Helgadóttur og er í sex þáttum. Það verður flutt sex daga í röð, einn þáttur á dag, frá aðfangadegi til og með mánudeginum 29. desember, klukkan 15 alla dagana.

Leikgerðin er eftir Illuga Jökulsson og leikstjóri er Hallmar Sigurðsson. Tónlist er eftir Stefán S. Stefánsson og um hljóðvinnslu sá Grétar Ævarsson. Fjölmargir leikarar taka þátt í flutningnum, bæði fullorðnir og börn, en í aðalhlutverkum eru Rúrik Haraldsson, Þóra Friðriksdóttir, Edda Heiðrún Backman, Valdimar Örn Flygenring og Brynhildur Guðjónsdóttir. Upptakan er frá árinu 1999.

Endurflutningur verksins er meðal annars í tilefni af því að Guðrún Helgadóttir fagnar á þessu ári 40 ára rithöfundarafmæli sínu.

Í Sitji guðs englar kynnast hlustendur stórmerkilegri fjölskyldu í Firðinum en þó mest hinni alvörugefnu Heiðu.

Úti í heimi geisar stríð, amerískir hermenn þramma um bæinn og mannlífið tekur öðrum breytingum. Í heimi barnanna eiga sér líka stað miklar sviptingar, gáskafull gleðin ræður ríkjum en sorgin nær að varpa skugga sínum á leik þeirra.

Undir glaðveru yfirborði sögunnar er veruleiki stríðsáranna sem börnin skynja á allt annan hátt en fullorðnir.

Flytur á sögusviðið

Brynja Sif Skúladóttir, höfundur bókanna um Nikký sem að hluta gerast í Zürich, er að flytja til Sviss og segist hlakka til að sjá landið með augum Nikkýjar.

Nikký er 12 ára ákveðin stelpa með einstaka hæfileika," segir Brynja Sif Skúladóttir, höfundur bókarinnar Nikký og baráttan um bergmálstréð sem er framhald sögunnar Nikký og slóð hvítu fjaðranna sem kom út í fyrra. „Hún býr hjá mömmu sinni í Reykjavík þegar sagan hefst en amma hennar Mandana og föðurfjölskylda hennar búa í sirkus við Zürich-vatn og eiga ættir sínar að rekja til Rúmeníu. Hún fær að eyða sumrinu hjá ömmu sinni í Zürich þar sem hún ætlar að læra betur að beita óvenjulegum hæfileikum sem hún er gædd en hún getur náð sambandi við trén og skilur tungumál þeirra. Nikký hefur haldið þessum hæfileika leyndum á Íslandi en í föðurætt hennar hefur þessi hæfileiki erfst mann fram af manni og þykir fullkomlega eðlilegur þar."

Nikký og baráttan um bergmálstréð hefst þegar Nikký er á leiðinni ein til Zürich til þess að kynnast fjölskyldunni betur og eyða sumrinu í sirkusnum. Hún er auðvitað rétt lögð af stað þegar dularfullir atburðir fara að gerast. Við sögu koma galdrar og álög sem ógna sirkusnum og margt spennandi gerist, sem ekki er ástæða til að fara nánar út í hér til að spilla ekki fyrir lesendum.

Býrð þú í Sviss, eða hvers vegna ákvaðstu að hafa sögusviðið þar? „Fyrir tíu árum bjuggum við í Þýskalandi, rétt við landamæri Sviss, og næsta stóra borg var Zürich sem bara heillaði mig algjörlega," segir Brynja Sif. „Hins vegar er það skemmtileg tilviljun að núna í febrúar erum við að flytja til Zürich á nýjan leik þar sem maðurinn minn er að taka við yfirlæknisstöðu á borgarspítalanum. Hann segir reyndar að þetta hljóti að hafa verið skrifað í stjörnurnar fyrst ég var búin að skrifa tvær bækur sem gerast þar í borginni," segir Brynja Sif og hlær. „Okkur þykir óskaplega vænt um Zürich þannig að þetta er mjög spennandi og gaman að fara inn á sögusvið Nikkýjar og sjá landið og borgina með hennar augum."

BRYNJA SIF „Okkur þykir óskaplega vænt um Zürich þannig að þetta er mjög spennandi."
MYND ÚR EINKASAFNI

Þannig að það er nokkuð ljóst að hún mun halda áfram að vera í Sviss í næstu bók? „Það kemur í ljós," segir Brynja Sif dularfull. „Ég er aðeins byrjuð á þriðju bókinni og í henni ferðast sirkusinn reyndar til Íslands, en aðaleinkenni Nikkýjar eru hennar einstöku hæfileikar og auðvitað að hún er frá tveimur löndum og hefur þá sýn sem fólk hefur þegar það hefur kynnst einhverju öðru en heimahögunum."

fridrikab@frettabladid.is

JÓLASTEMNING Boðið verður upp á kakó og smákökur.

Sögustund fyrir alla fjölskylduna

Boðið verður upp á notalega sögustund fyrir yngstu börnin og fjölskyldur þeirra í aðalsafni Borgarbókasafnsins í dag klukkan 14. Katrín Ósk Jóhannsdóttir rithöfundur mun lesa úr bókum sínum Karólína og eggið og Karólína og týndu skórnir. Boðið verður upp á heitt kakó og smákökur.

Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.

Gleðileg jól
júniform
Opið
til 22 í dag og
alla daga til jóla
KLAPPARSTÍGUR
– № 40 –
ÖXNEY
– 101 –
REYKJAVÍK
Klapparstígur 40 • 101 Rvk • 571 4010

Hymnodia og Sigurður Flosason í Akureyrarkirkju

Jólatónleikar Kammerkórsins Hymnodiu verða í Akureyrarkirkju á mánudagskvöldið. Sérstakur gestur er Sigurður Flosason saxófónleikari.

Hinir árlegu jólatónleikar Hymnodiu og Sigurðar Flosasonar verða haldnir í Akureyrarkirkju mánudaginn 22. desember klukkan 21. Í ár spilar saxófónleikarinn Sigurður Flosason með Hymnodiu. Hann mun spila á ýmis blásturshljóðfæri sem og slagverkshljóðfæri. Stjórnandi Hymnodiu, Eyþór Ingi Jónsson, mun spila á harmóníumorgel. Á tónleikunum verða eingöngu flutt íslensk jólalög, bæði gömul og ný, vel þekkt og óþekkt.

Í tilkynningu kemur fram að jólatónleikar Kammerkórsins Hymnodiu hafi ávallt verið gríðarlega vel sóttir og að á þeim sé sköpuð kyrrlát stemning, slökkt á raflýsingu kirkjunnar, ekkert talað og engar þagnir milli laga. Tónleikarnir myndi því klukkustundar langa heild, þar sem tónleikagestir geti látið þreytu líða úr sér og notið kyrrðar og samveru rétt fyrir jólin.

HYMNODIA Tónleikar kammerkórsins eru fastur liður í jólaundirbúningi á Akureyri. MYND/DANÍEL STARRASON

➜ Eingöngu verða flutt íslensk jólalög, bæði gömul og ný, vel þekkt og óþekkt.

PÓRA KARÍTAS ÁRNADÓTTIR

JÓHANN G. JÓHANNSSON

Valin til þátttöku í Northern Lights

Þóra Karítas Árnadóttir og Jóhann G. Jóhannsson voru valin til að taka þátt í Northern Lights-verkefninu á kvikmyndahátíðinni í Berlín 2015.

Leikararnir Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Karítas Árnadóttur hafa verið valin til að taka þátt í Northern Lights-verkefninu á kvikmyndahátíðinni í Berlín 2015. Northern Lights-verkefnið miðar að því að kynna norræna leikara fyrir alþjóðlegum leikstjórum og framleiðendum á kvikmyndahátíðinni í Berlín. 25 leikarar frá Norðurlöndunum voru valdir í ár til að taka þátt í verkefninu en umsóknir voru 160 talsins.

Berlinale er ein fremsta kvikmyndahátíð í heimi og leggur sérstaka áherslu á þátt leikara í kvikmyndaiðnaðnum. Northern Lights var sett á fót vegna vaxandi áhuga á norrænu sjónvarpsefni og auknum ráðningum á norrænum leikurum í alþjóðleg kvikmyndaverkefni.

➜ Northern Lights var sett á fót vegna vaxandi áhuga á norrænu sjónvarpsefni.

Tilgangur Northern Lights-verkefnisins er að brúa bilið á milli leikara, kvikmyndaframleiðenda og leikstjóra. Stefnt er að því að Northern Lights verkefnið verði árlegt og að þar fái norrænir leikarar stuðning og tækifæri til að kynnast kollegum sínum annars staðar frá.

Verkefnið er skipulagt af norsku leikaramiðstöðinni og TMStudio í samstarfi við Norsku leikarasamtökin undir handleiðslu Norsku kvikmyndamiðstöðvarinnar og er Félag íslenskra leikara einn af samstarfsaðilum skipuleggjenda.

Salan magnast í takt við fjölda vindstiga

Veðurfræði Eyfellings rýkur út í rokinu. Vel heppnað veðurtrix hjá markaðsdeildinni, segir útgáfustjórinn Guðrún Vilmundardóttir stolt af sínu fólki.

„Orðin vindur, stormur, rok eða hvassviðri, ofviðri og fárviðri eru stighækkandi. Öll eiga þau samheiti í orðinu kári, og í því mætum við enn hinu lífi gædda afli, sem bjó í veðrinu.“ Svo segir í Veðurfræði Eyfellings, sem Bjartur gefur út. Þetta er endurútgáfa, með viðauka og nýrri orðaskrá, af bók Þórðar Tómassonar, sem flestir tengja nú við Minjasafnið í Skógum, frá árinu 1979.

„Gamla bókin var löngu uppseld, en hún átti sér marga eldheita aðdáendur sem voru fljótir að tryggja sér eintök af nýju útgáfunni,“ segir Guðrún Vilmundardóttir, útgáfustjóri Bjarts. „En það hefur vakið athygli lagerstjóra Bjarts að pantanir á bókinni virðast vera algerlega í takt við vindstigin – því fleiri metrar á sekúndu því fleiri panta veðurbókina – og hefur hún því eins og gefur að skilja fokið út síðustu daga og lítur mjög vel út með þessa síðustu helgi fyrir jól, stærstu söluhelgi ársins. Þykir markaðsdeild Bjarts hafa sýnt óvenju góða og áður óþekkta takta í kynningu á veðurbókinni og í tilefni af því bauð ég markaðsdeildinni út að borða í hádeginu, til að fagna þessu vel heppnaða veðurtrixi,“ segir Guðrún og brosir hringinn.

Aðrar fréttir úr herbúðum Bjarts eru að bandaríska forlagið Restless Books, sem hefur höfuðstöðvar í Brooklyn, hefur tryggt sér útgáfuréttinn á Jarðnæði, eftir Oddnýju Eiri Ævarsdóttur. „Forleggjarinn hefur fylgst með Oddnýju um hríð, átt fundi með réttindastofu Bjarts og Miðstöð íslenskra bókmennta á síðustu bókamessum í Frankfurt og London, fengið lesara til að lesa fyrir sig og skrifa rapport um bækur hennar, en þær hafa enn ekki komið út í erlendum þýðingum,“ útskýrir Guðrún. „Það verður meiriháttar stökkpallur fyrir Oddnýju að koma út í enskri þýðingu – en langflestir útgefendur heimsins lesa jú ensku – og spennandi að vinna með forlagi sem stórblaðið Guardian hefur sagt um að sé frumkvöðull í að kynna bókmenntir heimsins fyrir enskumælandi lesendum.“

GUÐRÚN VILMUNDARDÓTTIR „Því fleiri metrar á sekúndu því fleiri panta veðurbókina.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fridrikab@frettabladid.is

SILFUR Sjónum var beint að mismunandi aðferðum við silfursmíð.

Síðasta leiðsögn um Silfrið

Leiðsögn um sýninguna Silfur Íslands í Þjóðminjasafninu verður í allra síðasta sinn á morgun klukkan 14. Sýningunni lýkur um áramót en það er Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sýningarstjóri sem veitir leiðsögnina. Við gerð sýningarinnar var leitast við að beina sjónum að mismunandi aðferðum við silfursmíð en um leið setja búningasilfur, borðbúnað, silfurskildi og kaleika fram á nýstárlegan hátt.

50 ára
afmælistilboð

Merrild á 50 ára afmæli!

Í tilefni af því er frábært afmælistilboð á 400g Merrild afmælispakka í öllum helstu verslunum. Gríptu þér Merrild á meðan afmælistilboðið endist.

ENNEMM / SIA • NM86456

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1698 kr. 900g.

498 kr. 300g

After eight 300g

Nóa konfekt-
Allir bestu
fylltu molarnir

1798 kr. 630g.

GÓU-BÓNUS KONFEKT

1798 kr. 1 kg.

2998 kr. 940g kassi

Nóa GJAFAKASSINN 940g

NÝ UPPSKERA

279 kr. kg.

Sítrónur frá Spáni

259 kr. kg.

Íslenskt **ferskt rauðkál**

59 kr. kg.

Hollenskar ferskar **rauðrófur**

Vistvæn egg
frá Stjörnueggjum
12 egg í bakka:
10% afsláttur við kassa:
816g **611 kr.** *áður 679 kr.*
696g **521 kr.** *áður 579 kr.*

JÓLAVÍNBERIN KOMIN NÝ UPPSKERA FRÁ SUÐUR-AFRÍKU

1079 kr. kg.

VERÐTILBOÐIN Í ÞESSARI AUGL.
Gilda til **24.des. 2014**

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

1098 kr. kg.

Ferskur veislufugl
með fyllingu

BREYTILEGUR OPNUNARTÍMI Í DESEMBER

20.des.	Laugardagur	10-20
21.des.	Sunnudagur	10-20
22.des.	Mánudagur	10-22
23.des.	Þriðjudagur	10-22
24.des.	Miðvikudagur	10-14

CRISPY DUCK: Beinlaus forelduð/steikt önd og 24 pönnukökur og sósa. Asíuveisla fyrir þrjá til fjóra

1959 kr. kg.

Fjalla úrb.
Hangiframpartur

Úrbeinað hangilæri **Nr. 2-3** að mati dómnefndar **DV**

2498 kr. kg.

Fjalla **Hangilæri úrbeinað**

Úrbeinað hangilæri **Nr.1** að mati dómnefndar **DV**

3098 kr. kg.

KEA Hangilæri úrbeinað

Ali Hamborgarhryggurinn **Vinsælasti hamborgarhryggurinn í Bónus**
Nú á betra verði

1798 kr. kg.

Ali Hamborgarhryggur úrbeinaður

1598 kr. kg.

Ali Hamborgarhryggur

1198 kr. kg.

Bónus **Hamborgarhryggur**

2595 kr. kg.

Kjarnafæði **Kofareykt úrbeinað hangilæri**

1959 kr. kg.

Kjarnafæði **Kofareyktur úrbeinaður hangiframpartur**

AÐEINS 1165 KR.KG

2798 kr. 2.4 kg.

Frosin heil
Pekingönd 2.4 kg.

Íslenskt grísakjöt af nýslátruðu

1298 kr. kg.

Bónus ferskt úrb.
Grísahnakkafilet

1698 kr. kg.

Bónus ferskar
Grísalundir

1298 kr. kg.

Bónus ferskur úrb.
Grísahryggur

998 kr kg

Bónus ferskt úrbeinað
Grísalæri

598 kr kg

Bónus ferskur
Grísabógur

VALITOR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VERÐTILBOÐIN Í ÞESSARI AUGL.
Gilda til **24.des.** 2014

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

LAUGARDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

20. DESEMBER 2014

Tónleikar

16.00 Garðar Thór Cortes, Margrét Eir og Benedikt Gylfason drengjasópran syngja inn jólin á einstökum hátíðartónleikum í Grafarvogskirkju. Stórhljómsveit undir stjórn Viktors Orra Árnasonar úr Hjaltalín ásamt stúlknakór og karlakór. 5.990 krónur inn.

17.00 Pálmi Gunnarsson og Ragnheiður Gröndal halda jólatónleika í Hörpu. Miðar frá 5.990 krónum. Endurtekið klukkan níu.

17.00 Regína Ósk heldur jólatónleika í Árbæjarkirkju. 2.500 krónur inn.

19.30 Johnny and the Rest troða upp í Tjarnarbíói, 1.500 krónur inn.

20.00 Jólatónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu í Háteigskirkju. 2.900 krónur inn.

20.00 FM Belfast treður upp á Húrra.

20.00 Elmar Gilbertsson og Söngsveitin Fílharmónía syngja inn jólin í Háteigskirkju. Á tónleikunum hljóma jafnt íslensk sem erlend jóla- og hátíðarlög. Þeirra á meðal Ave Maria eftir Sigvalda Kaldalóns og Panis angelicus eftir César Frank. Sophie Schoonjans leikur á hörpu og stjórnandi er Magnús Ragnarsson. Miðasala á midi.is og við inngangin.

20.00 Eivør Pálsdóttir verður gestur Kórs Langholtskirkju á Jólasöngvum í ár. Kór Langholtskirkju og Gradualekór Langholtskirkju syngja undir stjórn Jóns Stefánssonar en auk Eivarar Pálsdóttur koma fram Ólöf Kolbrún Harðardóttir og einsöngvari á táknmáli, Kolbrún Völkudóttir. Einnig koma fram einsöngvarar úr báðum kórunum. Endurtekið á sunnudagskvöld.

20.30 Brim heldur tónleika á Kexi Hosteli þar sem dj. flugvél & geimskip hitar upp.

21.00 Vetrarsólstöðupartíið Winter Solstice í Gamla bíói sem á að hita upp fyrir Secret Solstice-tónleikahátíðina í sumar. Infinity Ink, **Steed Lord**, Gluteus Maximus, Sexy Lazer og FKNHNDSM spila.

21.00 Jólakvartett Kristjönu Stefáns verður með sína árlegu jóladjasstónleika í Tryggvaskála á Selfossi. Tónleikar hefjast klukkan 21.00 og kostar aðeins 2.000 kr. inn.

21.00 Tvíeykið Lazyblood, þau Valdimar Jóhannsson og Erna Ómarsdóttir, koma fram í Mengi í fyrsta sinn með tónleika og sýningu eins og þeim er einum lagið.

BÓKAKYNNING

Óðinsauga

Rambað á Reginfjall
Í þorpi í Sæludal, friðsælli vin í mörkinni, búa Hlemmarnir, iðnir við kálrækt og múlkúabúskap, en áhugalausir um umheiminn. Uns einn góðan veðurdag þegar tveir Hlemmastrákar, Bjartur og Þórgnýr, álpast að heiman knúnir forvitni og komast að því að margt ævintýrið býr hér í heimi…

Agnarögn
Agnarögn er forvitin og dreymandi lítil ögn sem dáist að lífinu úr grasstráinu sínu. En hennar heitasta ósk er að skoða heiminn og upplifa ævintýri. Hún fær ósk sína uppfyllta og fer í ferðalag sem er fullt af skemmtilegum og óvæntum atburðum.

Í kjölfar jarla og konunga
Þorgrímur Gestsson ferðaðist um fornsagnaslóðir Orkneyja og Hjaltlands með Orkneyinga sögu í farteskinu og fléttar saman með athyglisverðum hætti sögu, sem skrifuð var á Íslandi á 13. öld, og ferðasögu sína.
Hann lýsir heimsóknum sínum á forna sögustaði eyjanna og kynnum af sögufróðu fólki.

Búkollukvæði
Þjóðsagan um Búkollu er Íslendingum vel kunn. Sigrún Erla segir söguna í bundnu máli og sameinar þar góðan kveðskap og sígilda þjóðsögu. Úr verður skemmtileg afþreying.

Fimmta Davíðsbók
Davíð Hjálmar Haraldsson er meðal þekktustu vísnaskálda landsins og er þetta fimmta ljóðabók höfundar. Ekki síst er Davíð Hjálmar kunnur fyrir gamansamar vísur af ýmsu tagi eða það sem kalla má skemmtiljóð. Fimmta Davíðsbók er einmitt af þeirri gerð; þetta eru vísur um málefni líðandi stundar og hér er jafnan reynt að sjá skemmtilegar hliðar á hverju máli.

Sagan um Glókollu
Þetta er falleg saga um kindina Glókollu og ævintýri afa við að ná henni heim áður en verstu vetrarhörkurnar ganga í garð. Bókin dregur upp raunsæja mynd af lífi fólks í íslenskri sveit.

Nammigrísinn
Nonni lendir í óvæntu ævintýri þar sem galdrakarl, tannpínupúki og töfrum gætt nammitré koma við sögu. Hann fær illt í magann og tannpínu af sælgætisáti en fyrir vikið lærir hann að borða hollan og góðan mat.

Kanínan sem fékk ALDREI nóg
Hér er á ferð gamansöm en jafnframt beinskeytt gagnrýni á græðgi; ásókn í að eignast alltaf meira og meira og gefa sér aldrei tíma til að njóta ávaxta lífsins. Lesandinn lærir að sá er sæll er sínu ann og allt er gott í hófi. Bók fyrir börn og fullorðna á öllum aldri.

Þrautabók Karólínu
Í bókinni hjálpa krakkar Karólínu að leysa ýmsar þrautir. Litrík og skemmtileg bók fyrir krakka á aldrinum 2-8 ára. Tvær þroskabækur um hana Karólínu hafa þegar komið út.

Sjáið fleiri bækur frá Óðinsauga á www.facebook.com/odinsauga

SUNNUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

21. DESEMBER 2014

Tónleikar

16.00 Einn virtasti fiðluleikari landsins, Guðný Guðmundsdóttir, fagnar 40 ára kennsluafmæli í Seltjarnarneskirkju en hún fær flesta af núverandi og fyrrverandi nemendum sínum til liðs við sig á virtúósatónleikum.

17.00 Aðventutónleikar í Fríkirkjunni. Þar mun Guja Sandholt koma fram ásamt Hákoni Bjarnasyni pianista, Hrafnhildi Árnadóttur sópran, Þóru Margréti Sveinsdóttur víóluleikara og Melkorku Ólafsdóttur flautuleikara. Auk þess ætla tveir meðlimir úr sönghópnum Olgu að syngja í tveimur lögum.

18.00 Andkristnihátíð á Gauknum. Þar munu hljómsveitirnar **Svartidauði**, Sinmara, Misþyrming, Abominor og Mannvirki koma fram og særa fram djöfla og aðra illa ára með sínum drungalegu tónum.

20.30 Jazzkvöld KEX Hostels þar sem tríó gítarleikarans Björns Thoroddsen kemur fram. Jón Rafnsson á kontrabassa og Sigfús Óttarsson á trommur en þeir munu flytja jóladjass af lífs og sálar kröftum.

21.00 Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í Garðakirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.500 og kr. 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt er inn fyrir börn.

Opið hús

11.00 Jólaþorp Hafnarfjarðar opið. Jólaball Fríkirkjunnar í Hafnarfirði klukkan 11. Magnús Leifur kemur fram hálf tvö, síðan koma fram Ástjarnarkirkjukór og Gospelkór Ástjarnarkirkju klukkan tvö. Klukkan 3 koma fram nemendur Margrétar Eirar og síðan taka við Margrét sjálf og Páll Rósinkrans. Klukkan fjögur leikur Sveinn Sigurjónsson á nikkuna og hálf fimm spilar Jólasveitin. Jólasveinar á svæðinu frá tvö til fjögur.

21.00 Camerarctica heldur sína árlegu kertaljósatónleika í Hafnarfjarðarkirkju. Aðgangseyrir er kr. 2.500 og kr. 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara. Frítt er inn fyrir börn.

23.00 Magnús R. Einarsson, Ásgeir Óskarsson og Tómas M. Tómasson halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

Síðustu forvöð

13.00 Opið í Tveimur hröfnum listgalleríi og síðan verður lokað yfir jólin. Verk til sýnis & sölu eftir Hallgrím Helga, Húbert Nóa, Jón Óskar, Óla G., Ragnar Þórisson, Steinunni Þórarins, Guðbjörgu Lind, Huldu Hákon, Söru Oskarsson, Nínu Tryggvadóttur ásamt Kristjáni Davíðssyni.

15.00 Lokahóf sýningar Daníels Björnssonar, Bismút, í Kling & Bang galleríi. Einnig verður fagnað útgáfu á ritinu Hugleiðingar um verk Daníels Björnssonar og annað, sem byggt er á viðtölum sem Ingibjörg Sigurjónsdóttir tók við Daníel í tilefni sýningarinnar.

Opið hús

12.00 Jólaþorp Hafnarfjarðar opnað. Kór Öldutúnsskóla syngur klukkan hálf tvö og Gaflarakórinn klukkan tvo. Jólasveinar verða á rölti til fjögur, klukkan hálf þrjú syngur Stefán Hilmarsson, frá þrjú til fjögur er útijólaball og svo spilar Kvartett 105 klukkan fjögur.

18.00 Opið hús í Aðventkirkjunni í Reykjavík á Ingólfsstræti 19. Sýningin Hvíld, söngur, heitt að drekka og smákökur í safnaðarheimilinu.

Tónlist

22.00 vRONG þeytir skífum á Brooklyn Bar.

23.00 Curver Thoroddsen, dj. flugvél & geimskip, DJ. Myth and Lazybones, **Fufanu** og it is magic þeyta skífum á Paloma.

Bækur

14.00 Notaleg sögustund fyrir yngstu börnin og fjölskyldur þeirra í Borgarbókasafninu. Katrín Ósk Jóhannsdóttir rithöfundur mun lesa úr bókum sínum Karólína og eggið og Karólína og týndu skórnir. Boðið verður upp á heitt kakó og smákökur.

Myndlist

14.00 Duldýrabazar opnar í Bíói Paradís. Hægt er að kíkja á málverkin eða næla sér í bækur og prentmyndir.

14.00 Fyrsta árs nemar í myndlist sýna ýmis verk frá haustönn í Kaffistofunni á Hverfisgötu.

16.00 Teiknimessa í Týsgalleríi. Verk á pappír til sýnis og sölu eftir Baldur Geir Bragason, Björk Guðnadóttur, Davíð Örn Halldórsson, Guðnýju Guðmundsdóttur, Harald Jónsson, Kristínu Eiríksdóttur og Steingrím Eyfjörð. Fleiri bætast við.

Markaðir

11.00 POPUP VERZLUN heldur nú upp á hátíðarnar með veigamiklum jólahönnunarmarkaði í Porti Hafnarhússins um helgina. Mismunandi blanda hönnuða verður um helgina og því úr mörgu að velja í jólapakkann í ár. Reykjavík Fashion Festival mun kynna hátíðina sína sérstaklega, Reykjavík Roasters setur upp kaffihús, Blómanáttúra mun vera með blómaskreytingar, jólavættir og góðir tónar verða einnig á staðnum.

14.00 Götumatarmarkaður KRÁS í Fógetagarðinum. Básar verða settir upp þar sem veitingamenn selja gestum götumatarútgáfur af þeim mat sem þeir eru þekktir fyrir á stöðunum.

14.00 Ferðaleikhúsið Light Nights er með stóran flóamarkað að Baldursgötu 37, á jarðhæð, gengið inn Lokastígs megin. Fatnaður á alla fjölskylduna, skór, leikföng, skrautmunir, skartgripir, verkfæri, myndir, antíkmunir, frábærar jólagjafir og fleira.

Kvikmyndir

20.00 Jólasýning Svartra sunnudaga í Bíói Paradís. Edward Scissorhands og **The Nightmare Before Christmas** í þrívídd.

Bókmenntir

16.00 Komið er að síðasta aðventuupplestri vetrarins á Gljúfrasteini. Þeir höfundar sem koma fram að þessu sinni eru þau Hjörtur Marteinsson, Oddný Eir Ævarsdóttir, Soffía Bjarnadóttir, **Þórarinn Eldjárn** og Þórdís Gísladóttir. Ókeypis inn.

Tónlist

17.00 Andrea Jónsdóttir leikur og kynnir jólalög úr ýmsum áttum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da.

Leiðsögn

14.00 Leiðsögn um sýninguna Silfur Íslands í Þjóðminjasafninu í allra síðasta sinn. Sýningunni lýkur um áramót en það er Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir sýningarstjóri sem veitir leiðsögnina. Við gerð sýningarinnar var leitast við að beina sjónum að hinum mismunandi aðferðum við silfursmíði en um leið að setja búningasilfur, borðbúnað, silfurskildi og kaleika fram á nýstárlegan hátt.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is

Því að hjá þér er uppspretta lífsins, í þínu ljósi sjáum vér ljós.

LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

20%
afsláttur af Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmíi, öllum pakkningastærðum og bragðtegundum 2 mg og 4 mg

Nicorette nikótínlyf hjálpa þér að halda reykbindindi með því að koma í stað nikótínsins sem fæst úr reykingum og draga þannig úr líkamlegum fráhvarfseinkennum

Tilboðið gildir til 31.jan

Nicorette lyfjatyggigúmmí 2 og 4 mg (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmis. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmiið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfiklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmiið getur átt til að festast við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmiið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

Lágmúla, Laugavegi, Nýbýlavegi, Smáralind, Smáratorgi, Borgarnesi, Grundarfirði, Stykkishólmi, Búðardal, Patreksfirði, Ísafirði, Blönduósi, Hvammstanga, Skagaströnd, Sauðárkróki, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Höfn, Laugarási, Selfossi, Grindavík, Keflavík

LÍFIÐ

TÍST VIKUNNAR JÓLIN, VEÐRIÐ OG KIRKJUDRAMA

Þorsteinn Guðmunds
@ThorsteinnGud
Á meðan fullorðna fólkið rífst um skóla og trúmál syngja skólabörnin: Take Me to Church.

Björn Bragi
@bjornbragi
Pið þarna sem viljið ekki að skólabörn fari í kirkju segið mér HVER Á ÞÁ AÐ SÆRA ÚR ÞEIM DJÖFULINN???

Hildur Ragnarsdóttir
@hilrag
Labbaði á vörubílsspegil og er með kúlu á enninu. Maskarinn allur farinn & hárið blautt aftur. Ég hata þetta veður. Kv ein köld og buguð

Steiney Skúladóttir
@steiney_skula
Oh ég vildi að ég væri á leiðinni til útlanda að versla jólagjafir á yfirdrætti

Halldór Halldórsson
@DNADORI
Mikið er ég fegin að við sem samfélag höfum tekið barnaþrælkun í sátt með því að innleiða fyrirbærið – JÓLAÞEYSUR.

Augnablik stjarnanna 2014

Nú þegar árið 2014 er senn á enda runnið er tilvalið að rifja upp eftirminnilegustu augnablikin og fréttirnar af erlendu stjörnunum. Þau komu víða að, allt frá jafnréttisbaráttu til handtöku og frá mismælum til sjálfsmyndatöku á Óskarsverðlaunahátíðinni.

ÉG ER EKKI FRÆGUR Leikarinn Shia LaBeouf tók flipp í febrúar þegar hann mætti með hauspoka á Berlin film festival. Á pokann hafði hann skrifað „I'm not famous anymore" eða ég er ekki frægur lengur.

SJÁLFSMYND ÁRSINS Sennilega ein frægasta sjálfsmynd allra tíma, sem tekin var á Óskarnum. Ellen Degeneres, Jared Leto, Brad Pitt, Channing Tatum, Meryl Streep, Kevin Spacey, Bradley Cooper, Lupita Nyong'o, Angelina Jolie og Julia Roberts. Já, toppið þetta!

HE FOR SHE Leikkonan Emma Watson flutti eftirminnilega ræðu á fundi Sameinuðu þjóðanna þann 20. september þar sem hún kynnti herferðina sína He For She, þar sem hún hvatti karlmenn til að taka þátt í jafnréttisbaráttu.

MISMÆLI ÁRSINS Leikarinn John Travolta átti sennilega eftirminnilegustu mismæli ársins, þegar hann kynnti söngkonuna Idina Menzel, sem syngur eitt vinsælasta lag ársins, Let it go úr Frozen, sem Adele Dazeem á Óskarnum.

ÉG ER HÉR ÞVÍ ÉG ER SAMKYNHNEIGÐ Leikkonan Ellen Paige flutti áhrifaríka ræðu 14. febrúar á mannréttindaráðstefnu í Las Vegas, þar sem hún kom opinberlega út úr skápnum.

NEKTARMYNDIRNAR Jennifer Lawrence var ein af stjörnunum sem urðu fyrir barðinu á tölvuþrjótum sem brutust inn í síma og tölvur, stálu þar nektarmyndum og láku á netið í lok ágúst.

UMTALAÐASTI HATTUR ÁRSINS Pharrell Williams vakti þó nokkra athygli á Grammy-verðlaunahátíðinni 26. janúar þegar hann mætti með þennan hatt frá Vivienne Westwood. Margir hneykslaðust á hattinum, en hann er endurgerð af hatti Westwood frá árinu 1982.

BROSA! Poppprinsinn Justin Bieber komst aldeilis í kast við lögin þetta árið. Hann var fyrst handtekinn í janúar fyrir grun um akstur undir áhrifum fíkniefna, Hann var svo handtekinn seinna á árinu fyrir að kasta eggjum í hús nágranna síns og almennar óspektir.

HAPPY DAYS Í lok maí lak myndband sem sýnir þá Louis Tomlinson og Zayn Malik úr One Direction reykja jónu í bíl í Perú. Aðdáendur þeirra voru ekki hrifnir af þessu uppátæki félaganna, en líklegt þykir að myndbandinu hafi verið lekið viljandi til að breyta ímynd strákasveitarinnar.

SPORTS DIRECT.COM

ÚTSALA

-60% **-40%** **-20%**

OPNUNARTÍMAR:

10-23 ALLA DAGA - AÐFANGADAGUR 10-14
JÓLADAGUR OG ANNAR Í JÓLUM - LOKAÐ

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas

facebook WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

Hætt við aðra kvikmynd

Grínmyndin The Interview er ekki eina myndin sem féll í glatkistu Hollywood vegna hótana Norður-Kóreumanna því einnig er búið að hætta við ónefndan spennutrylli með leikaranum Steve Carell í aðalhlutverki. Myndin, sem Gore Verbinski átti að leikstýra, gerðist í Norður-Kóreu og var lýst sem „vænisjúkum spennutrylli“.

Samkvæmt frétt Deadline hefur útgáfufyrirtækið Fox neitað að dreifa myndinni en tökur áttu að hefjast í mars.

Teiknimessa opnuð í Týsgalleríi í dag

Verk á pappír verða í hávegum höfð á teiknimessunni sem stendur yfir til jóla. Messan tókst vel í fyrra.

„Þetta eru önnur jólin, við vorum líka með teiknimessuna í fyrra og ætlum að endurtaka hana í ár,“ segir Helga Óskarsdóttir, en hún ásamt Helenu Hansdóttur Aspelund stofnaði Týsgallerí í fyrra.

„Við erum að sýna teikningar og önnur verk á pappír, „collage“ og vatnslitamyndir,“ segir Helga en fjöldi listamanna í samstarfi við galleríið tekur þátt í Teiknimessunni.

Myndirnar á sýningunni verða einnig til sölu. „Fólk hefur tækifæri til að nálgast myndir eftir flotta listamenn,“ segir Helga.

Teiknimessan tókst vel í fyrra að sögn Helgu. „Við erum svolítið að stíla inn á þessa jólatraffík, fólk er kannski ekki að fara að rogast með risa málverk í gegnum bæinn. Þetta er meðfærilegt, upprúllað eða í umslagi.“ En Helga segir að áhugi sé á góðri myndlist og fólk sækist í auknum mæli eftir að gefa listaverk í gjafir en Týsgallerí hefur einnig hafið sölu á gjafabréfum.

„Það var rosalega skemmtileg stemming í fyrra og við ákváðum að endurtaka leikinn,“ segir Helga og bætir við: „Á opnuninni verða léttar veitingar og fólk getur komið hérna inn í hlýjuna og skoðað myndlist.“

> **Það var rosalega skemmtileg stemming í fyrra og við ákváðum að endurtaka leikinn.**

Opnun Teiknimessunnar verður í dag klukkan fjögur í Týsgallerí á Týsgötu 3. -glö

TEIKNIMESSA Helga segir fólk í auknum mæli sækjast eftir því að gefa listaverk í gjafir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ADHD Hljómsveitin ADHD hefur gefið út plötuna ADHD 5. MYND/SPESSI

ADHD kann sitt fag

TÓNLIST
★★★★★

ADHD 5
ADHD
KONGÓ

Íslenska djasssenan virðist stundum vera eins og smekkfullur Kaffibarinn á sunnudagsmorgni. Allir hafa verið með öllum, samt spólgraðir og tilbúnir í að prófa eitthvað nýtt.

Þetta er alls ekki galli, í það minnsta þegar kemur að djassinum, einfaldlega því senan er uppfull af hæfileikafólki sem gerir hana vel yfir meðallagi góða – hvort sem miðað er við höfðatölu eða ekki. Vonandi varir slíkt ástand um ókomin ár, þótt ómögulegt starfsumhverfi tónlistarkennara gæti haft þar eitthvað að segja… en förum ekki í það, hér og nú. ADHD er eitt af þessum böndum. Eins og verið sé að spila yatzy er hæfileikafólki hent í glas sem er hrist og úr verður frábær hljómsveit!

Að öllu gamni slepptu er hér í alvörunni einvala lið á ferð og án nokkurs vafa eitthvað meira en tilviljunin ein sem varð til þess að hljómsveitin varð til. Hana skipa Magnús Trygvason Elíassen, sem flestir kannast líklega við úr Moses Hightower, bræðurnir Óskar og Ómar Guðjónssynir, sem hafa líklega leikið með öllum málsmetandi hljómsveitum á Íslandi á einhverjum tímapunkti, og loks Davíð Þór Jónsson, jú, sem sömuleiðis hefur komið víða við – leikið með Mugison, Memfismafíunni, Gus Gus… þetta tæki allan daginn. Þessir gaurar kunna sitt fag, látum það duga.

ADHD 5 er nýjasti afrakstur þessa samstarfs, fimmta platan eins og nafnið gefur til kynna. Hún hefur nú þegar vakið mikla athygli, valin á Kraumslista og tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna. Og það skiljanlega. Platan rennur ljúflega í gegn og tekur hlustandann á ferðalag, allt frá fyrstu tónum í Sveðjunni, sem einkennist af hægum, öruggum takti og tilraunakenndum gítarleik og yndislega viðkvæmum melódíum saxófóns og píanós. Virðing er borin fyrir öllum hljóðfærum, það fá allir að njóta sín. Greina má tilraunamennsku á öðrum stöðum sem verður þó, mjög ánægjulega, aldrei tilgerðarleg. Og það er einnig gleðiefni að platan er alls ekki „óverpródúseruð“ sem hefur ef til vill verið helsti hængur djassins á Íslandi. Þetta er hárfín lína milli nákvæmni og óreiðu… já, þessir gaurar kunna sitt fag. Bravó!

Björn Teitsson

NIÐURSTAÐA: Frábær gripur sem er skyldueign allra djassgeggjara. Einvala lið hljóðfæraleikara tiplar á hárfínni línu milli nákvæmni og óreiðu á meistaralegan hátt.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

Mike
Þægilegur og flottur tungusófi.
Nokkrir litir til á lager.

Demetra svefnsófi
Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.

Henson Design
Margir litir í boði. Margar tegundir af rúmgöflum.
Fáanleg sem rafmagnsrúm.

Ezzy
Nettur og góður hvíldarstóll
með háu baki og stillanlegum hnakkapúða.

Diva
Vinsæll hvíldarsófi.
Til með og án tungu.
Margir litir í boði.

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD

Döðlur.
Jólatilboð
Boðskort fyrir tvo í Bláa Lónið
Fram að jólum gefum við boðskort fyrir tvo í Bláa Lónið með húðvörupakkanum Einstakur Ljómi. Gjafaaskjan inniheldur þörungakrem, kornahreinsi og þörungamaska sem endurnæra húðina og færa henni aukinn ljóma.
Þetta tilboð fæst í eftirtöldum verslunum okkar:
Verslanir Blue Lagoon - Laugavegi 15 - Grindavík - Flugstöð,
Hreyfing & Blue Lagoon Spa, Sérvöruverslanir Hagkaups,
Lyfja - Smáralind - Smáratorgi - Lágmúla, Lyf og Heilsa Kringlunni,
Duty Free komuverslun - Leifsstöð
www.bluelagoon.is
Fegurðin kemur að innan

1 Prins Póló
Sorrí
40 stig



3 Samaris
Silkidrangar
23 stig

5-6 Sólstafir
Ótta
12 stig

7-8 M-Band
Haust
10 stig

9 Kiasmos
Kiasmos
9 stig

2 Grísalappalísa
Rökrétt framhald
27 stig

4 Börn
Börn
13 stig

5-6 Amabadama
Heyrðu mig nú!
12 stig

7-8 Pink Street Boys
Trash From The Boys
10 stig

10-15 Oyama
Coolboy
8 stig

Prins Póló með bestu íslensku plötuna 2014

Íslenskar Plötur 2014

Eins og síðustu ár leitaði Fréttablaðið til valinna sérfræðinga til þess að komast að því hverjar eru bestu plötur ársins 2014.

Sautján manns skiluðu inn listum yfir bestu íslensku plöturnar, gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Hægt er að skoða listana nánar hér á næstu blaðsíðu.

Plata ársins, Sorrí með Prins Póló, vann með nokkrum yfirburðum, auk þess sem plöturnar í næstu tveimur sætum voru langt fyrir ofan þær sem á eftir komu. Virtust því sérfræðingarnir vera ansi samstíga um hverjar þrjár bestu plötur ársins voru.

Efstu þrír flytjendurnir á árslistanum, Prins Póló, Grísalappalísa og Samaris, hafa allir áður gefið út plötur. Þannig var síðasta plata Grísalappalísu í þriðja sæti á listanum í fyrra og hækkar hljómsveitin því um eitt sæti á milli ára.

Athygli vekur að fyrsta plata síðpönksveitarinnar Börn kemst í fjórða sæti listans og í fimmta sætinu, ásamt Sólstöfum, er reggíhljómsveitin Amabadama sem er einnig að gefa út sína fyrstu plötu.

Auk þess að gefa út Sorrí samdi Prins Póló tónlistina við kvikmyndina París norðursins, þar sem titillagið sló rækilega í gegn. Þar fyrir utan gaf hljómsveit hans, Skakkamanage, út sína þriðju plötu snemma árs. Sannarlega stórt og afkastamikið ár að baki hjá prinsinum Svavari Pétri Eysteinssyni.

PRINS PÓLÓ

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GRÍSALAPPALÍSA

SAMARIS

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BESTU ÍSLENSKU PLÖTUR ÁRSINS 2014

1. **Prins Póló** - Sorrí	**40 stig**
2. **Grísalappalísa** - Rökrétt framhald	**27 stig**
3. **Samaris** - Silkidrangar	**23 stig**
4. **Börn** - Börn	**13 stig**
5. - 6. **Sólstafir** - Ótta	**12 stig**
5. - 6. **Amabadama** - Heyrðu mig nú!	**12 stig**
7. - 8. **M-Band** - Haust	**10 stig**
7. - 8. **Pink Street Boys** - Trash From The Boys	**10 stig**
9. **Kiasmos** - Kiasmos	**9 stig**
10. - 15 **Oyama** - Coolboy	**8 stig**
10. - 15. **Dimma** - Vélráð	**8 stig**
10. - 15. **Teitur Magnússon** - 27	**8 stig**
10. - 15. **Valdimar** - Batnar útsýnið	**8 stig**
10. - 15. **GusGus** - Mexico	**8 stig**

LITRÍKAR ENDURMINNINGAR

LOKABÓKIN



Táningabók er síðasti hluti endurminningaþríleiks Sigurðar Pálssonar. Fyrri bækurnar tvær, *Minnisbók* og *Bernskubók*, hlutu báðar mikið lof gagnrýnenda auk þess sem *Minnisbók* fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin.

★★★★★

„Sigurður Pálsson er sennilega skemmtilegasti maður á Íslandi og Táningabók er frábær bók. Það er dagsatt.“
ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTATÍMINN

★★★★

„Einstaklega skemmtileg og falleg lýsing á táningsárunum.“
ÁSDÍS SIGMUNDSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Mikill fengur ... Alveg frábær bók ...“
EGILL HELGASON / KILJAN

„... einstaklega skemmtileg, fyndin og falleg ...“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„Dásamlegur tími ... þetta er púslið sem vantaði. Ofsalega skemmtileg ...“
FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / KILJAN

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

SVONA GÁFU ÁLITSGJAFARNIR STIG

ÓMAR ÚLFUR EYPÓRSSON
X-IÐ 9797

1. **Dimma** - *Vélráð*
2. **Grísalappalísa** - *Rökrétt framhald*
3. **Sólstafir** - *Ótta*
4. **Amabadama** - *Heyrðu mig nú!*
5. **Ragga Gröndal** - *Svefnljóð*

ARNAR EGGERT THORODDSEN
MORGUNBLAÐIÐ

1. **Anna Þorvaldsdóttir** – *Aerial*
2. **Börn** - *Börn*
3. **M-band** - *Haust*
4. **Sinmara** - *Aphotic Womb*
5. **Prins Póló** - *Sorrí*

SUNNA BEN
FJÖLLISTAKONA

1. **Rökkurró** - *Innra*
2. **Kælan mikla** - *Glimmer og aska*
3. **Börn** - *Börn*
4. **Amabadama** - *Heyrðu mig nú!*
5. **GusGus** - *Mexico*

KAMILLA INGIBERGSDÓTTIR

1. **Samaris** - *Silkidrangar*
2. **Grísalappalísa** - *Rökrétt framhald*
3. **Kiasmos** - *Kiasmos*
4. **Prins Póló** - *Sorrí*
5. **Valdimar** - *Batnar útsýnið*

EVA EINARSDÓTTIR
VARABORGARFULLTRÚI

1. **Prins Póló** - *Sorrí*
2. **Samaris** - *Silkidrangar*
3. **Kiasmos** - *Kiasmos*
4. **Ólöf Arnalds** - *Palme*
5. **Futuregrapher** - *Skynvera*

KJARTAN GUÐMUNDSSON
RÚV

1. **Amabadama** – *Heyrðu mig nú!*
2. **Low Roar** – *O*
3. **Grísalappalísa** – *Rökrétt framhald*
4. **Teitur Magnússon** – *27*
5. **Ragnheiður Gröndal** – *Svefnljóð*

ÓSK GUNNARSDÓTTIR
FM 957

1. Prins Póló - *Sorrí*
2. Samaris - *Silkidrangar*
3. Oyama - *Coolboy*
4. Valdimar - *Batnar útsýnið*
5. Ylja - *Commotion*

BJÖRN TEITSSON
TÓNLISTARGAGNRÝNANDI

1. **Grísalappalísa** – *Rökrétt framhald*
2. **Prins Póló** – *Sorrí*
3. **Samaris** – *Silkidrangar*
4. **Singapore Sling** – *The Tower of Foronicity*
5. **Oyama** – *Coolboy*

PÓRÐUR HELGI PÓRÐARSON
RÚV

1. **Valdimar** - *Batnar útsýnið*
2. **Gus Gus** - *Mexico*
3. **Kiasmos** - *Kiasmos*
4. **Amaba Dama** - *Heyrðu mig nú!*
5. **Una Stef** - *Songbook*

ÓLI DÓRI
X-IÐ 977

1. M-Band - *Haust*
2. Pink Street Boys - *Trash From The Boys*
3. Óbó - *Innhverf*
4. Grísalappalísa - *Rökrétt framhald*
5. Oyama - *Coolboy*

HÖSKULDUR DAÐI MAGNÚSSON
FRÉTTATÍMINN

1. **Prins Póló** – *Sorrí*
2. **Sindri Eldon** - *Bitter & Resentful*
3. **Stafrænn Hákon** - *Kælir varðhund*
4. **Mono Town** - *In The Eye Of The Storm*
5. **Oyama** - *Coolboy*

TRAUSTI JÚLÍUSSON

1. Grísalappalísa – *Rökrétt framhald*
2. Kippi Kanínus – *Temperaments*
3. Ólöf Arnalds – *Palme*
4. M-Band – *Haust*
5. Pink Street Boys – *Trash From The Boys*

FROSTI LOGASON
X-IÐ 977

1. **Sólstafir** - *Ótta*
2. **Prins Póló** – *Sorrí*
3. **Sindri Eldon** – *Bitter & Resentful*
4. **Teitur Magnússon** – *27*
5. **Börn** – *Börn*

FREYR BJARNASON
FRÉTTABLAÐIÐ

1. **Prins Póló** - *Sorrí*
2. **Sólstafir** - *Ótta*
3. **Mono Town** - *In the Eye of the Storm*
4. **Samaris** - *Silkidrangar*
5. **Vélráð** - *Dimma*

LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR
VISIR.IS

1. **Samaris** - *Silkidrangar*
2. **Prins Póló** - *Sorrí*
3. **Gus Gus** - *Mexico*
4. **Dimma** - *Vélráð*
5. **Amabadama** - *Heyrðu mig nú!*

MARÍA LILJA PRASTARDÓTTIR
DV

1. **Börn** - *Börn*
2. **Teitur Magnússon** - *27*
3. **Þórir Georg** - *Ræfill*
4. **Pink Street Boys** - *Trash From The Boys*
5. **Russian Girls** - *Old stories 2*

DR GUNNI
TÓNLISTARMAÐUR

1. **Prins Póló** - *Sorrí*
2. **Grísalappalísa** - *Rökrétt framhald*
3. **Pink Street Boys** - *Trash From The Boys*
4. **Oyama** - *Coolboy*
5. **Nýdönsk** - *Diskó Berlín*

RISA JÓLA SKÓSPRENGJA

50-90% AFSLÁTTUR

Í FULLUM GANGI TIL 24.DES

Spariskór
Stærðir: 25-36
Verð áður: 4.995 kr
Verð nú: 2.497 kr

Herraskór
Stærðir: 40-46
Verð áður: 10.995 kr
Verð nú: 5.497 kr

Hælaskór
Stærðir: 36-41
Verð áður: 8.995 kr
Verð nú: 4.497 kr

Herraskór
Stærðir: 40-46
Verð áður: 10.995 kr
Verð nú: 5.497 kr

Herraskór
Stærðir: 40-46
Verð áður: 9.995 kr
Verð nú: 4.997kr

Hælaskór
Stærðir: 36-41
Verð áður: 8.995 kr
Verð nú: 4.497 kr

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Smáratorgi, Kópavogi
Opið alla daga frá 11-18
Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 12-18

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18
Laugardaga: 11-16
Sunnudaga: 13-17

VÆNTANLEGAR KVIKMYNDIR ÁRIÐ 2015

Á meðal stórmynda sem frumsýndar verða á komandi ári eru Star Wars: The Force Awakens í leikstjórn J.J. Abrams og The Martian í leikstjórn Ridleys Scott með Matt Damon í aðalhlutverki. Ron Howard sendir frá sér tvær myndir, Inferno og In the Heart of the Sky.

Margar stórmyndir verða sýndar árið 2015. Líklega ríkir mest eftirvænting eftir Star Wars: The Force Awakens í leikstjórn J.J. Abrams. Á meðal annarra athyglisverðra mynda eru Taken 3 í leikstjórn Oliviers Megaton, Mad Max: Fury Road í leikstjórn George Miller, Mission: Impossible 5 í leikstjórn Christophers McQuarrie og Jurassic World sem Colin Trevorrow leikstýrir.

Sjöunda Fast and the Furious-myndin verður sömuleiðis frumsýnd á næsta ári í leikstjórn James Wan. Álíka miklum látum má búast við í framhaldsmyndinni London Has Fallen í leikstjórn Babak Najafi.

1 STAR WARS THE FORCE AWAKENS

Leikstjóri J. J. Abrams.
Aðalhlutverk Harrison Ford, Mark Hamill, Carrie Fisher og Peter Mayhew.

Sjöunda myndin í hinni ógurlega vinsælu Star Wars-seríu gerist um þrjátíu árum eftir atburðina í Return of the Jedi.

Framleiðandi Walt Disney Studios Motion Pictures.
Frumsýnd í N-Ameríku 18. desember.

2 THE MARTIAN

Leikstjóri Ridley Scott.
Aðalhlutverk Matt Damon, Jessica Chastain og Kate Mara.

Geimfarinn hjá NASA, Mark Watney (Damon), verður strandaglópur á rauðu plánetunni þegar áhöfnin í Ares 3-leiðangrinum neyðist til að yfirgefa lendingarstað sinn. Hann verður að lifa af þangað til Ares 4-leiðangurinn snýr aftur til Mars fjórum árum síðar.

Framleiðandi Twentieth Century Fox Film.
Frumsýnd í N-Ameríku 25. nóvember.

3 TERMINATOR GENISYS

Leikstjóri Alan Taylor.
Aðalhlutverk Arnold Schwarzenegger, Emilia Clarke, Jason Clarke og Jai Courtney.

Gerist árið 2029. Byltingarleiðtoginn John Connor (Jason Clarke) heldur áfram í stríði sínu gegn vélunum. Connor sendir Kyle Reese (Courtney) aftur í tímann til að bjarga lífi móður sinnar og tryggja eigin tilveru.

Framleiðandi Paramount Pictures.
Frumsýnd í N-Ameríku 1. júlí.

4 TAKEN 3

Leikstjóri Olivier Megaton.
Aðalhlutverk: Liam Neeson, Maggie Grace, Famke Janssen og Forest Whitaker.

Fyrrverandi CIA-maðurinn Bryan Mills (Neeson) er sakaður um að hafa myrt fyrrverandi eiginkonu sína Lenore (Janssen). Borinn röngum sökum, reynir að hann að nota hæfileika sína til að finna morðingjana og vernda dóttur sína.

Framleiðandi 20th Century Fox.
Frumsýnd í N-Ameríku 9. janúar.

5 MAD MAX: FURY ROAD

Leikstjóri George Miller.
Aðalhlutverk: Tom Hardy, Charlize Theron, Nicholas Hoult og Hugh Keays-Byrne.

Myndin gerist eftir ragnarök í eyðimörk þar sem mannkynið er orðið brjálað og berst hatrammlega innbyrðis um lífsins nauðsynjar. Max (Hardy) hittir Furiosu (Theron), konu sem á leið yfir eyðimörkina í leit að æskuslóðum sínum.

Framleiðandi Warner Bros.
Frumsýnd í N-Ameríku 15. maí.

6 INFERNO

Leikstjóri Ron Howard.
Aðalhlutverk Tom Hanks og Felicity Jones.

Dulmálsfræðingurinn frá Harvard Robert Langdon (Hanks) vaknar upp á sjúkrahúsi í Flórens og man ekkert eftir síðustu dögum og ekki heldur hvernig hann komst til Ítalíu. Fljótlega lendir hann á flótta undan dularfullum morðingjum. Með honum í för er læknirinn Sienna Brooks (Jones). Þau reyna á sama tíma að leysa ráðgátu rithöfundarins Dante Alighieri úr bók hans The Divine Comedy.

Framleiðandi Columbia Pictures.
Frumsýnd í N-Ameríku 18. desember.

7 PIXELS

Leikstjóri Chris Columbus.
Aðalhlutverk Kevin James, Josh Gad og Peter Dinklage.

Þegar geimverur mistúlka sígilda tölvuleiki frá 9. áratugnum og telja þá stríðsyfirlýsingu gegn sér, ákveða þær að ráðast á New York-borg. Hópur tölvunörda aðstoðar stjórnvöld við að glíma við geimverurnar.

Framleiðandi Columbia Pictures.
Frumsýnd í N-Ameríku 24. júlí.

8 IN THE HEART OF THE SEA

Leikstjóri Ron Howard.
Aðalhlutverk: Chris Hemsworth, Cillian Murphy og Tom Hollander.

Byggð á atburðunum árið 1820 þegar hvalveiðiskipið Essex lenti í hremmingum vegna risastórs hvals, sem varð til þess að skipið komst ekki í land í 90 daga. Atburðirnir veittu skáldinu Herman Melville innblástur við gerð bókar hans Moby Dick sem kom út 1851.

Framleiðandi Warner Bros.
Frumsýnd í N-Ameríku 11. mars.

9 MISSION: IMPOSSIBLE 5

Leikstjóri Christopher McQuarrie.
Aðalhlutverk Tom Cruise, Jeremy Renner og Simon Pegg.

Fimmta myndin í Mission: Impossible-seríunni með Tom Cruise enn á ný í hlutverki njósnarans Ethans Hunt.

Framleiðandi Paramount Pictures.
Frumsýnd í N-Ameríku 25. desember.

10 JURASSIC WORLD

Leikstjóri Colin Trevorrow.
Aðalhlutverk Chris Pratt, Bryce Dallas Howard og Vincent D'Onofrio.

22 árum eftir atburðina í Jurassic Park er kominn risaeðluskemmtigarður á eyjuna Isla Nublar sem nefnist Jurassic World. Vísindamenn garðsins búa til erfðabreyttar risaeðlur til að fjölga gestum. Sú tilraun á eftir að mistakast herfilega.

Framleiðandi Universal Pictures.
Frumsýnd í N-Ameríku 12. júní.

11 FURIOUS 7

Leikstjóri James Wan.
Aðalhlutverk Vin Diesel, Jason Statham, Paul Walker, Dwayne Johnson og Michelle Rodriguez.

Deckard Shaw (Statham) leitar hefnda gegn Dominic Toretto (Diesel) og fylgdarliði hans vegna dauða bróður hans.

Framleiðandi Universal Pictures.
Frumsýnd í N-Ameríku 3. apríl.

12 LONDON HAS FALLEN

Leikstjóri Babak Najafi.
Aðalhlutverk Gerard Butler, Aaron Eckhart og Morgan Freeman.

Í jarðarför forsætisráðherra Bretlands kemst leyniþjónustumaðurinn Mike Banning (Butler) að því að drepa eigi alla heimsleiðtogana sem sækja jarðarförina.

Framleiðandi Focus Features.
Frumsýnd í N-Ameríku 2. október.

markhönnun ehf

SPENNANDI BÓKAJÓL

Í KRAFTI SANNFÆRINGAR
JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON
4.199 KR



LOOM-ÆÐIÐ
ÝMSIR HÖFUNDAR
2.219 KR

FJÖRFRÆÐIBÓK SVEPPA
SVERRIR ÞÓR SVERRISSON
2.399 KR



ROTTUBORGARI
DAVID WALLIANS
2.399 KR

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

Tilboðin gilda 20 - 21. des. 2014

www.netto.is
Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Höfn · Grindavík
Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss · Akureyri

KRONAN

– fyrst og fremst ódýr!

Mest seldi hryggurinn í Krónunni

1259 kr. kg

Verð áður ~~1348~~ kr. kg

Krónu hamborgarhryggur

ÍSLENSKT

Jólalæri Krónunnar hálfúrbeinað

1699 kr. kg

Hátíðarlambalæri a la orange án mjaðmabeins

ÍSLENSKT

Vinsælasta hangikjötið ár eftir ár

2998 kr. kg

Sambands hangilæri, úrbeinað

ÍSLENSKT

23% afsláttur Pörusteik

999 kr. kg

Verð áður ~~1298~~ kr. kg

Grísahryggur með pöru

ÍSLENSKT

20% afsláttur Fullmeyrnað

3999 kr. kg

Verð áður ~~4998~~ kr. kg

Nýsjálensk ungnautalund

Frönsk gæði á aðfangadag

20% afsláttur

3199 kr. kg

Verð áður ~~3998~~ kr. kg

Franskar andabringur, berberi

Jólaöndin 2014

3598 kr. stk.

Julius önd, 2,6 kg

Rjúpa

998 kr. stk.

Skosk rjúpa, hamflett

1499 kr. kg

Holda kalkúnn, frosinn

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

Opið lengur

Í stærri verslunum Krónunnar:

Akranesi, Bíldshöfða, Granda, Lindum, Mosfellsbæ og Selfossi

Aðrar verslanir opnar á venjulegum afgreiðslutíma

Laugardag til mánudags er opið frá kl.

10-22

Einnig opið á mánudag í Vestmannaeyjum 10-22

FERSKT MEÐ FLUGI ALLA DAGA TIL JÓLA!

JÓLAGRÆNMETIÐ - JÓLABERIN - JÓLAKRYDDIÐ

NÝ UPPSKERA

Hafðu meðlætið með jólamatnum brakandi ferskt

Þorláksmessa
Allar verslanir
10-23
Nema Vestmannaeyjum og Reyðarfirði 10-22

Aðfangadagur
Allar verslanir
9-13

Sjá nánar á www.kronan.is

Jól alla daga

BAKPANKAR
Hildar Sverrisdóttur

Ég er afskaplega lítið jólabarn og tengi ekki mikið við allt þetta stúss. Mér finnst það þó fallegt ásýndar og tek svo sem þátt með því að kaupa mína pakka, baka nokkrar sortir í huganum, hengja upp kúlur og gleyma að skrifa jólakortin. En það sem mér finnst uppáhalds jólalegast er samkenndin í kringum jól. Maður fær alltaf eitthvað smá í augað við að sjá að undir stóra jólatrénu í Kringlunni sé urmull pakka merktra til stráks 7 ára og stelpu 4 ára, af því að sumar fjölskyldur ná ekki að halda jól eins og við kysum flest. Fréttirnar fyllast af frásögnum af fólki að hjálpa öðru fólki.

ÉG er reyndar löngu orðin vön því að vera frekar misheppnaður sendiherra góðgerða um jól. Mér tekst þokkalega áfallalaust að setja pakka undir stóra tréð en allt frá móðgandi vanilluhringjum til heimboða sem engum var þægð í hafa flestar meintar velgjörðir mínar misheppnast á einn hátt eða annan.

Þær verða samt jólaminningar eins og aðrar og eina þeirra þykir mér sérstaklega vænt um og hugsa oft til.

EITT árið stefndi sem sagt í að ég yrði ein í Reykjavík á aðfangadagskvöld og ég hugsaði með mér að eflaust væri skynsamlegra að reyna að vera einhvers staðar til einhverrar aðstoðar. Ég hringdi á tvo staði sem buðu upp á jólamat handa þeim sem geta erfiðlega haldið sín jól sjálfir og bauð fram aðstoð mína en fékk á báðum stöðum mjög kurteislega höfnun. Það var útskýrt pent fyrir mér að það væri þétt setinn bekkurinn af fólki sem vildi hjálpa um jól, en hins vegar kæmi hjálp sér virkilega vel marga aðra daga ársins.

ÉG dauðskammaðist mín því að auðvitað gat ég sagt mér sjálf að eins fallegt og það er að um jól sé biðröðin í góðverkin jafnlöng og í bókabúðunum, þá eiga þau kannski til að gleymast hina dagana. Sem misheppnaður góðgerðaerindreki jólanna minni ég mig því bara á að það er líka hellings þörf og pláss fyrir samkenndina á öðrum tímum ársins.

Martin neyddur til að semja lag

Söngvarinn segir að Angelina Jolie hafi neytt hann til að semja fyrir Unbroken.

Chris Martin, söngvari hljómsveitarinnar Coldplay, segir í gríni að Brad Pitt og Angelina Jolie hafi rænt honum og neytt hann til að semja lag fyrir mynd hennar, Unbroken.

„Ég fékk skilaboð sem á stóð: „Hittumst á þessum leynda stað. Það verður bundið fyrir augu þín og sjö fyrrverandi sjóliðar sækja þig.“ Þannig að þeir rændu mér, lömdu mig í hausinn og settu piparúða í augun á mér. Þegar ég vaknaði var ég inni á skrifstofu og Brad Pitt var að gera armbeygjur á meðan Angelina Jolie sat þarna með kórónuna sína,“ sagði söngvarinn léttur.

„Þarna var líka náungi sem hélt hníf að hálsinum á mér og hún [Jolie] sagði: „Semdu fyrir mig lag, annars.“ Og Brad Pitt sagði: „Já, það sem hún sagði“,“ bætti Martin við. Jolie leikstýrði myndinni, sem gerist í síðari heimsstyrjöldinni, en Coen-bræður sömdu handritið. Hún verður frumsýnd á jóladag vestanhafs.

CHRIS MARTIN Samdi lag fyrir nýjustu mynd Jolie, Unbroken. NORDICPHOTOS/GETTY

SAMBÍÓIN

JÓLAGRÍNMYNDIN Í ÁR
JASON BATEMAN, JASON SUDEIKIS, CHARLIE DAY OG JENNIFER ANISTON
★★★★ VILLAGE VOICE
HORRIBLE BOSSES 2 — mix 12

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR FROZEN — BIG HERO 6
★★★★½ HOLLYWOOD REPORTER
Jólamyndin 2014 L

★★★★★ NEW YORK POST ★★★★★ EMPIRE ★★★★★ TIME OUT LONDON ★★★★½ T.V. SÉR & HEYRT
INTERSTELLAR 12

★★★★ EMPIRE
EXODUS GODS AND KINGS 16

★★★★ EMPIRE ★★★★ ROLLING STONE
BEGIN AGAIN 7
DUMB AND DUMBER TO 7
THIS IS WHERE I LEAVE YOU 12

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

HORRIBLE BOSSES 2	KL. 5:40 - 8 - 10:20
HORRIBLE BOSSES 2 VIP	KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 2D	KL. 1 - 3:20 - 5:40
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 3D	KL. 2 - 4:20 - 6:40
BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D	KL. 1 - 3:20 - 8 - 10:20
BEGIN AGAIN	KL. 8 - 10:20
THIS IS WHERE I LEAVE YOU	KL. 10:20
DUMB AND DUMBER TO	KL. 3:20 - 5:40 - 8
INTERSTELLAR	KL. 9
ALGJÖR SVEPPI	KL. 1 - 3:20 - 5:40
TÖFRAHÚSIÐ ÍSL.TAL	KL. 1:20

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

HORRIBLE BOSSES 2	KL. 8 - 9 - 10:20 - 11:15
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 2D	KL. 2 - 4:20 - 6:40
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40
BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D	KL. 5:40 - 8 - 10:20
ALGJÖR SVEPPI	KL. 1 - 3:20

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

HORRIBLE BOSSES 2	KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 2D	KL. 1 - 3:20 - 5:40
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 3D	KL. 2:30
BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D	KL. 8
EXODUS: GODS AND KINGS	KL. 3D: 8 2D: 5 - 10:20
ALGJÖR SVEPPI	KL. 1 - 3:30
INTERSTELLAR	KL. 6:30 - 10

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

HORRIBLE BOSSES 2	KL. 8 - 10:20
NIGHT AT THE MUSEUM 3	KL. 5:50 - 8
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 3D	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50
EXODUS: GODS AND KINGS	KL. 10:10
MÖRGÆSIRNAR ÍSL.TAL 3D	KL. 1:30 - 3:40

SAMBÍÓIN AKUREYRI

HORRIBLE BOSSES 2	KL. 8 - 10:20
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 2D	KL. 2
BIG HERO 6 ÍSL.TAL 3D	KL. 1 - 3:20 - 5:40
BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D	KL. 8 - 10:20
ALGJÖR SVEPPI	KL. 4:20

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR. 750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ALLA HELGINA!
JÓLAMYND FJÖLSKYLDUNNAR
NIGHT AT THE MUSEUM SECRET OF THE TOMB L
André Rieu — LAUGARDAGINN 20. DESEMBER KL. 4 Í HÁSKÓLABÍÓ

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ALLA HELGINA!
JÓLAMYNDIN Í ÁR ★★★★ EMPIRE — EXODUS GODS AND KINGS 16
BIG HERO 6 L
MÖRGÆSIRNAR L

SMÁRABÍÓ 5%

NIGHT AT THE MUSEUM 3	KL. 1 – 3.15 – 5.30 – 8 – 10.15	L
NIGHT AT MUSEUM 3 LÚXUS	KL. 2	L
EXODUS 2D	KL. 8 – 11	16
EXODUS 2D LÚXUS	KL. 4.30 – 8 – 11	16
BIG HERO 6 2D	KL. 1 – 3.15 – 5.30	L
BIG HERO 6 3D	KL. 1 – 3.15 – 5.30	L
MOCKINGJAY – PART 1	KL. 8 – 10.45	12
MÖRGÆSIR ÍSL.TAL 2D	KL. 1 – 3.15	L
DUMB AND DUMBER TO	KL. 5.30 – 8 – 10.30	7

HÁSKÓLABÍÓ 5%

ANDRÉ RIEU Á TÓNLEIKUM Í MAASTRICHT	KL. 4 *	L
NIGHT AT THE MUSEUM 3	KL. 3 – 5.30 – 8 – 10.15	L
MOCKINGJAY – PART 1	KL. 8 – 10.40	12
EXODUS 2D	KL. 5.45 – 9	16
DUMB AND DUMBER TO	KL. 3 – 5.30 **	7
MÖRGÆSIR ÍSL.TAL 2D	KL. 3 – 5.30	L
MÖRGÆSIR 3D	KL. 3 **	16
NIGHTCRAWLER	KL. 8 – 10.30	

* BARA LAUGARDAGUR ** BARA SUNNUDAGUR

FJÖLSKYLDUPAKKINN
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-12 ÁRA
Barnafjölskyldur fá alla miða á barnaverði
Miðasala á: eMiði

LAUGARÁSBÍÓ midi.is Miðasala og nánari upplýsingar — Coca-Cola
NIGHT AT THE MUSEUM SECRET OF THE TOMB L
EXODUS GODS AND KINGS 16 — POWERSÝNING KL. 10:00
BIG HERO 6 L
MOCKINGJAY 12
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
MÖRGÆSIRNAR L
NIGHTCRAWLER 16

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
NIGHT AT THE MUSEUM 3	2, 4:30, 5:50, 8	L
EXODUS	7, 10(P)	16
BIG HERO 6 2D	2, 4:30	L
MÖRGÆSIRNAR 2D	1:50, 3:50	L
HUNGER GAMES	7, 10	12
NIGHTCRAWLER	10:10	16

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

BIG HERO 6 — SAMbíó.is — TÖFRAHÚSIÐ — HORRIBLE BOSSES 2
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓANNA, KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MIÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-12 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ ALLA HELGINA!
NIGHT AT THE MUSEUM — BIG HERO 6 — MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASKAR
DAGSKRÁ OG MIÐASALA ER Á EMIÐI.IS
HÁSKÓLABÍÓ SMÁRABÍÓ

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SÝND KL. 2 — NIGHT AT THE MUSEUM SECRET OF THE TOMB
SÝND KL. 2 — BIG HERO 6 SÝND Í 2D ÍSL TAL
SÝND KL. 1:50 — MÖRGÆSIRNAR SÝND Í 2D ÍSL TAL
LAUGARÁSBÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

TURIST

BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Turist Eng sub	15.15, 22.30	París norðursins Eng sub	18.00
Believe	16.00	Whiplash	18.00
Andri og Edda	16.00	20,000 days on earth	20.00
Turist	17.45	White God	22.00
Mommy	17.30, 20.00, 22.15		

LÍNA LANGSOKKUR

GEISLADISKURINN ER KOMINN ÚT!

Útgáfufagnaður í Eymundsson á Skólavörðustíg
sunnudaginn 21. desember kl: 16

Lína Langsokkur mætir á svæðið, tekur lagið og áritar diska.

UPPSELT ÚT JANÚAR!

NÝJAR AUKASÝNINGAR Í FEBRÚAR KOMNAR Í SÖLU

Lau 20/12 Kl. 13 UPPSELT	Sun 28/12 Kl. 13 UPPSELT	Lau 17/1 Kl. 13 UPPSELT	Sun 1/2 Kl. 13 Aukasýn.
Sun 21/12 Kl. 13 UPPSELT	Lau 3/1 Kl. 13 UPPSELT	Sun 18/1 Kl. 13 UPPSELT	Lau 7/2 Kl. 13 Aukasýn.
Fös 26/12 Kl. 13 UPPSELT	Sun 4/1 Kl. 13 UPPSELT	Lau 24/1 Kl. 13 UPPSELT	Sun 8/2 Kl. 13 Aukasýn.
Fös 26/12 Kl. 16 UPPSELT	Lau 10/1 Kl. 13 UPPSELT	Sun 25/1 Kl. 13 UPPSELT	
Lau 27/12 Kl. 13 UPPSELT	Sun 11/1 Kl. 13 UPPSELT	Lau 31/1 Kl. 13 UPPSELT	

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS

Borgarleikhúsið

Íslensku stelpurnar í riðli með besta liði heims

Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta mætir Bandaríkjunum í riðlakeppni Algarve-bikarsins sem fer fram 2. til 12. mars á næsta ári en okkar stelpur unnu brons á mótinu í ár. Bandaríkin eru efst á heimslista FIFA en að auki eru í íslenska riðlinum Noregur og Sviss, sem vann yfirburðasigur í riðli Íslands í undankeppni HM 2015. Íslensku stelpurnar unnu Svíþjóð í leiknum um 3. sætið í Algarve-bikarnum 2014 sem er næstbesti árangur liðsins á mótinu frá upphafi.
Ísland er í B-riðlinum en Í A-riðlinum eru Svíþjóð, Þýskaland, Kína og Brasilía. Algarve-bikarinn hefur aldrei verið sterkari því „veikasti“ riðillinn er nú skipaður mjög sterkum þjóðum. Portúgal hefur vanalega verið með mun veikari liðum í C-riðlinum en að þessu sinni keppa þær portúgölsku við Danmörku, Frakkland og Japan, allt þjóðir á topp sextán.

Þórir og norsku stelpurnar spila um gullið

HANDBOLTI Norska kvennalandsliðið er komið í sinn fjórða úrslitaleik á stórmóti undir stjórn íslenska þjálfarans Þóris Hergeirssonar en það varð ljóst eftir að norsku stelpurnar unnu öruggan fjögurra marka sigur á Svíþjóð, 29-25, í undanúrslitaleik liðanna í gærkvöldi.

Noregur mætir Spáni í úrslitaleiknum á sunnudaginn en Svíþjóð spilar um bronsið á móti fráfarandi Evrópumeisturum Svarfjallalands.

Þórir hefur verið aðalþjálfari liðsins frá árinu 2009 en liðið hefur unnið þrjú gullverðlaun síðan hann tók við. Norska liðið náði „aðeins“ fimmta sæti á HM í fyrra en Þórir er búinn að byggja upp nýtt frábært lið.

Þetta er jafnframt sjöunda Evrópumótið í röð þar sem norska liðið spilar til úrslita en Þórir Hergeirsson hefur komið að öllum þessum gullleikjum, fyrst sem aðstoðarþjálfari á fjórum EM og svo sem aðalþjálfari frá og með EM 2010.

Norska liðið komst í 3-0 og 9-3 í leiknum í gær en Svíar minnkuðu muninn í 13-11 fyrir hálfleik og svo nokkrum sinnum í eitt mark í fyrri hluta seinni hálfleiksins. Þær norsku sigu hinsvegar fram úr á lokakafla leiksins, náðu mest sex marka forskoti og unnu að lokum öruggan sigur. -óój

NÝTT GULLLIÐ? Þórir Hergeirsson getur gert norsku stelpurnar að Evrópumeisturum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ERFITT Lárus Helgi Ólafsson situr svekktur eftir einn af fjórtán tapleikjum HK í Olís-deildinni í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Ekki að fara á taugum

HK er á botni Olís-deildar karla, en liðið er aðeins búið að vinna tvo leiki af 16 í deildinni. Í heildina er liðið aðeins búið að vinna tvo deildarleiki af 24 á árinu.

HANDBOLTI „Það vill enginn vera í neðsta sæti – við ætluðum okkur auðvitað meira,“ segir Arnþór Þorsteinsson, framkvæmdastjóri handknattleiksdeildar HK, í samtali við Fréttablaðið, en HK-ingar fara inn í vetrarfríið í botnsæti deildarinnar, átta stigum frá öruggu sæti þegar ellefu leikir eru eftir.

HK-ingar eru ekki óvanir því að vera í botnsæti Olís-deildarinnar, en þar hefur liðið verið allt árið, jafnt á síðasta tímabili sem og nú. Árangur þess er með eindæmum lélegur, en það er aðeins búið að vinna tvo deildarleiki af 24 á árinu og innbyrða sjö stig af 74.

„Markmiðið er og var að enda á meðal átta efstu liðanna og komast í úrslitakeppnina. Það er enn þá nóg eftir af deildinni,“ segir Arnþór.

Enginn krísufundur

HK tapaði síðustu tíu leikjum sínum í Olís-deildinni á síðasta tímabili sem fram fóru á almanaksárinu 2014 og enduðu langneðstir á tímabilinu. Þar sem fjölgað var í deildinni sluppu þeir með skrekkinn og fengu tækifæri til að halda áfram í deild þeirra bestu.

Þeir voru stórhuga í sumar; réðu Bjarka Sigurðsson sem þjálfara og fengu til sín ágæta leikmenn á borð við Guðna Má Kristinsson, Þorgrím Smára Ólafsson og Lárus Helga Ólafsson. Það hefur þó ekki dugað til.

„Það er enginn að fara á taugum hjá HK. Það er enginn krísufundur í gangi eða neitt svoleiðis. En auðvitað vildum við meira og og við viljum meina að það búi meira í liðinu. Við munum vinna vel í ýmsum málum í fríinu,“ segir Arnþór, en á að bæta við leikmönnum áður en deildin hefst aftur eftir HM í Katar?

„Það er lítið hægt að segja um það. Auðvitað skoðum við það ef eitthvað kemur upp, en það er ekkert á teikniborðinu að fara að hrúga inn leikmönnum. Við eigum leikmenn eins og Óðin Þór Ríkharðsson inni sem stóð sig gríðarlega vel áður en hann meiddist og svo kemur Atli Karl vonandi til baka úr náminu eftir áramót.“

> **HK-hjartað slær enn. Maður þarf að fara í gegnum bæði sæta og súra tíma.**
>
> *Arnþór Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Hkd. HK*

Bjarki Sigurðsson hefur ekki náð mikið betri árangri en Samúel Ívar Árnason og Ágúst Þór Jóhannsson gerðu með HK-liðið á síðasta tímabili, en hann er öruggur í starfi um sinn. „Hans staða hefur ekkert verið rædd og það er enginn stjórnarfundur á döfinni fyrir áramót,“ segir Arnþór.

Auðvitað ekki gaman

Arnþór viðurkennir að það sé erfitt að horfa upp á liðið tapa hverjum leiknum á fætur öðrum, en segir engan bilbug á sér eða HK-ingum að finna.

„Auðvitað er þetta ekkert gaman til lengdar. Það þarf engan rosalegan stærðfræðing til þess að sjá það. Hjartað er samt alveg nógu stórt til að ráða við þetta. HK-hjartað slær enn. Maður hefur gengið í gegnum rosalega góða tíma með liðinu. Maður þarf að fara í gegnum bæði sæta og súra tíma,“ segir hann.

Arnþór telur HK-liðið nógu gott til að halda sér uppi fái það Atla Karl til baka og verði liðið tiltölulega meiðslafrítt á nýju ári.

„Ég tel það, já. Ég vil meina að við séum með gott handboltalið. Við unnum Aftureldingu og höfum átt flotta leiki gegn toppliðunum. Það eru miklir hæfileikar í liðinu en það er eitthvað andlegt að trufla menn sem við þurfum að vinna í.“ tomas@365.is

DEILDARLEIKIR HK ÁRIÐ 2014

SÍÐUSTU 10 LEIKIRNIR 2013/2014

ÍBV - HK	25-17	-8
Valur - HK	48-18	-30
HK - Haukar	16-22	-6
HK -ÍR	21-32	-11
Samúel rekinn og Ágúst tekur við		
Valur - HK	31-24	-7
HK - Haukar	22-31	-9
ÍBV - HK	36-27	-11
HK - Fram	23-29	-6
FH - HK	35-28	-7
Akureyri - HK	31-23	-8
Árangur: 0-0-10		

10 töp með að meðaltali 10,3 marka mun

FYRSTU 16 LEIKIRNIR 2014/2015

HK - Akureyri	21-25	-4
Stjarnan - HK	27-26	-1
HK - Valur	22-27	-5
HK - Fram	31-22	+9
FH - HK	36-28	-8
ÍBV - HK	34-22	-12
HK - ÍR	28-30	-2
UMFA - HK	22-25	+3
HK - Haukar	20-31	-11
Akureyri - HK	23-18	-5
HK - Stjarnan	27-28	-1
Valur - HK	37-25	-12
HK - ÍBV	24-30	-6
Fram - HK	27-21	-6
HK - FH	22-25	-3
ÍR - HK	34-27	-7
Árangur: 2-0-14		

14 töp með að meðaltali 6 marka mun

JÓLATRÉ Á ÓTRÚLEGU VERÐI!

Danskur normannspinur – stór og falleg jólatré

EITT TRÉ Á MANN!

4980 kr. stk.

DANSKUR NORMANNSÞINUR
160–220 cm

EITT VERÐ FYRIR ALLAR STÆRÐIR.
Þú greiðir inni í Iceland, Engihjalla og velur svo draumatréð fyrir utan verslunina gegn framvísun kvittunar.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

PIPAR\TBWA • SÍA • 144471

VELLIRNIR Í KATAR MUNU EIGA SÉR FÁAR HLIÐSTÆÐUR Í HEIMINUM

LUSAIL-VÖLLURINN AÐALVÖLLURINN Á HM 2022 VERÐUR EINSTAKUR AÐ ÖLLU LEYTI



LUSAIL-VÖLLURINN Hér verður opnunar- og úrslitaleikurinn spilaður.

GLÆSILEGT Innan á Lusail-vellinum. Hér verður ekki heitara en 28 gráður.

EKKERT AÐ ÞESSU Lusail-völlurinn lítur vel út að utan sem innan.

DÝRASTA ÍÞRÓTTAMÓT SÖGUNNAR

Katarar ætla að eyða stjarnfræðilegum upphæðum í að byggja flottustu og tæknilegustu knattspyrnuleikvanga heims fyrir HM 2022. Mótið er líka umdeilt. Áfengi verður í boði í takmörkuðu magni og ekki er enn ljóst hvort samkynhneigðir fái að mæta.

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is

FÓTBOLTI Þrátt fyrir stanslausar áhyggjur af hita og svita bæði áhorfenda og leikmanna á HM í Katar árið 2022 eru heimamenn pollrólegir. Þeir efast ekki um að þeir geti efnt öll sín loforð.

Þeir ætla að bjóða til mikillar sýningar og sýna heiminum að þeir kunni að skemmta sér. Á sínum forsendum samt. Knattspyrnuunnendur munu ekki geta hoppað um rallölvaðir á baðfötum. Svo er enn óljóst hversu velkomið samkynhneigt fólk verður.

Katarar ætla að bjóða heiminum upp á flottustu og nýtískulegustu knattspyrnuleikvanga heims. Katar á nóg af peningum og verður hvergi til sparað.

Einstakir vellir

Það verða byggðir átta til tólf vellir. Það á eftir að ákveða endanlega tölu. Opnunarleikurinn sem og úrslitaleikurinn mun þó fara fram á Lusail-vellinum sem verður magnaður.

„Án þess að vera of áberandi með peningana okkar þá verða þessir vellir einstakir í sögu arkitektúrs. Það er svo langt í mótið að ekki er útilokað að áhorfendur geti séð endursýningu á atvikum á spjaldtölvu fyrir framan sætið sitt. Tæknin breytist hratt og við viljum ekki byggja eitthvað strax sem verður svo úrelt þegar mótið byrjar," segir Tamim el-Abed, verkefnastjóri mótsins, en sjá má hluta af þeim völlum, sem á að byggja, hér á síðunni.

Aldrei heitara en 28 gráður

Hitinn er aðalumræðuefnið í kringum mótið en ekki verður hægt að spila knattspyrnu í hitanum. Katarar lofuðu að byggja velli þar sem hægt væri að stýra hitanum. Þeir ætla að standa við það.

„Leikvangarnir verða kældir, skemmtisvæði fyrir áhorfendur verða líka kæld og biðröðin á völlinn síðustu 1.500 metrana verður einnig með kælingu," segir el-Abed.

Hitinn á völlunum á að vera í kringum 26 gráður og mun aldrei fara upp fyrir 28 gráður. Orkan í þessar loftræstingar verður fengin úr sólarveri.

Áfengi á ákveðnum svæðum

